Eimreið

Þjóðræknisfélags
Íslendinga

II. ÁR.

WINNIPEG · MANITOBA

1920.

Þ-J-E-R

ættuð að gæta þess vandlega, þegar þér þurfið að leita tannlæknis, að fara til góðs tannlæknis. Margur álítur að á sama standi til hvers farið sé, ef hann sé nógu ódýr. En það er mikill munur tannlækna. Sumir geta gert það, sem gera þarf, yður mjög sársaukalítið, og þó gert verkið varanlegt; aðrir fara að eins og járnsmiðir með hamri og töng, er verk þeirra svíkur innan lítils tíma. Það borgaði sig betur fyrir yður að borga þvílíkum læknum pening fyrir að láta tennur yðar vera.

Ef þér þurfið að láta gera eitthvað að tönnum, er þér viljið láta fara vel, þá farið til

Dr. Glasgow's

New Method Dental Parlor.

Corn. PORTAGE & DONALD ST., WINNIPEG

Sérfræðingar í öllu er að tannlækninkum lýtur, og X-geisla lækningum.

TÍMARIT

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGS ÍSLENDINGA.

II. ÁR, 1920.

TILGANGUR FÉLAGSINS ER:

1. Að stuðla að því af fremsta megni, að Íslendingar megi verða sem beztir borgarar í hérlendu þjóðlífi.

2. Að styðja og styrkja íslenzka tungu og bókvísi í Vesturheimi.

3. Að efla samúð og samvinnu milli Íslendinga austan hafs og vestan.

Þetta er sá félagsskapur meðal Íslendinga í Vesturheimi, er aðallega byggir á þjóðernislegum grundvelli, á svipaðan hátt og hin ýmsu þjóðernisfélög hér í álfu, svo sem "The United Scottish", "Sons of England" o. fl.

Hver einasti Íslendingur í þessu landi ætti að standa í félaginu. Ársgjald fyrir fullorðna er $2.00, unglinga innan 18 ára 25 cent.

Markmið félagsins er að vinna að framförum og samheldni meðal Íslendinga hér í álfu, og að hjálpa til þess að unglingum gefist kostur á að læra íslenzku, eftir því sem ástæður foreldranna kunna að leyfa.

Allar upplýsingar um félagið veitir "Félagstjórnin" og má skrifa til hennar. Inngangseyrir og ársgjöld sendist til "Fjármálaritara", en áskriftargjald að Tímaritinu til "Skjalavarðar".

Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi.

P. O. Box 923, Winnipeg, Man.

McLaughlin

BIFREIÐAR



Smíðaður í Canada

"MASTER SIX" og LIGHT SIX"

af allri gjörð og lögun eru til sýnis hjá öllum umboðsmönnum vorum í Vestur-Canada og á aðal sýningarstofu vorri að

204—212 PRINCESS STREET, WINNIPEG, MAN.

McLaughlin Motor Car Co., Ltd.

Linkol :: Eldiviður :: Harðkol

D. E. ADAMS COAL COMPANY LIMITED

WINNIPEG MANITOBA

Talsími: N. 6394

Eitthvert Elzta Eldiviðarsöluhús í bænum. — Alþekt fyrir Hrein Viðskifti Meðal Allra Íslendinga.

FARIÐ TIL

Chevrier's, The Blue Store,

Eftir fatnaði, húfum og höttum handa karlmönnum og drengjum. Einnig loð-skinnafatnaði handa konum og körlum
Beint á móti gamla pósthúsinu.

452 Main Street -:- Winnipeg.

Stofnsett 1872.

VINUR HUSFREYJUNNAR

SELLERS ELDHÚSSKÁPUR



SELLERS MASTERCRAFT

No. 1—Oil Hand-rubbed Finish. Costs us $9,750 extra, annually.

No. 2—Automatic Lowering Flour Bin Costs us $52,000 extra, annually.

No. 3—Automatic Base Shelf Extender. Costs us $9,000 extra, annually.

No. 4—Dovetail Construction. As used in all high grade furniture. Costs us $7,500 extra, annually.

No. 5—Dust-proof Base Top underneath the Porceliron Work Table. Costs us $14,250 extra, annually.

No. 6—Glass Knobs. Cost us $2,250 extra, annually.

No. 7—Ant-proof Casters. Cost us $10.000 extra, annually.

Eldhússkápur þessi er nýjasta uppfynding á skápasmíði, og er margt við hann, er ekki finst á öðrum skápum.

$10.00 NIÐURBORGUN!

Og þér fáið skápinn sendan heim. Afgang verðsins megið þér greiða með mánaðarlegum afborgunum. — Vextir verða yður engir settir né útgjöld önnur. — Viðskiftafólk út um sveitir nýtur sömu vilkaupa. —

Einkaumboð og útsölu fyrir Winnipeg-bæ hefir

J. A. BANFIELD

"The Reliable Home Furnisher"

Talsími: N. 6667 **492 Main Street, Winnipeg.**

The Mitchel Hay Co. Ltd.

Hyggnir bændur senda hey sitt til útsölu til **Mitchell Hay Company, Ltd.**, af eftirfylgjandi ástæðum:

1. Vér erum í ríkisábyrgð sem heysölufélag.
2. Vér borgum hæsta verð fyrir hey.
3. Vér flokkum hey nákvæmlega eftir gæðum og ábyrgjumst rétta vigt.

Leitið upplýsinga um innkaupsverð hjá oss áður en þér sendið hey til annara. Til þess að vera vissir um hrein viðskifti, þá sendið heyið til vor.

MEMBERS OF THE NATIONAL HAY ASSOCIATION INC.

The Mitchel Hay Co. Ltd.
(í ríkisábyrgð).

156 GRAIN EXCHANGE — — Símar: A 5355 og A 5356

The West End Market.

Talsími: B. Sherb. 494 **680 Sargent Avenue**

WINNIPEG

Verzla með: Fisk, Matvöru af ýmsu tagi, Garð-ávexti, allskonar Svína-, Sauða-, Nauta- og Fuglakjöt.
Verzlunin stendur rétt á alfaravegi,
Aðal-strætinu í Vesturbænum.
Gott kaup og gott verð.

JAKOB F. KRISTJÁNSSON og STEINDÓR JAKOBSSON
(Eigendur.)

Stofnsettur 1864 — Elzti banki í Vesturlandinu

The Merchants Bank of Canada.

Löggiltur höfuðstóll	**$ 10,000,000**
Uppborgaður höfuðstóll	**8,400,000**
Viðlagssjóður og óskiftur ágóði	**8,998,934**
Innlegg	**163,000,000**
Eignir (1920) rúmlega	**197,000,000**

AÐALSKRIFSTOFA ST. JAMES ST. MONTREAL

Sir H. Montagu Allen C. V. O. — Forseti
D. C. Macarow — Bankastjóri
Geo. Munro — Umsjónarmaður í Vesturlandinu

Öll algeng bankastörf afgreidd.

Víxilbréf borganleg í Evrópu, Kína, Japan og hvar sem er í útlöndum.
Peninga-ávísanir borganlegar um allan heim, til nota fyrir ferðamenn.
Banka-ávísanir borganlegar við hvaða bankastofnun sem er í brezka ríkinu og Bandaríkjunum.

SPARISJÓÐSDEILD

Vextir borgaðir af öllum sparisjóðsreikningum er nema $1.00 eða meira.
Hólf í öryggisskápum bankans leigð gegn sanngjörnu verði.

8 útbú í Winnipeg.

Aðal-skrifstofan á horni Main og Lombard, Winnipeg.
W. J. Finucan yfirbankastjóri.

Bannerman Ave.	1386 Main St.
Morley Ave.	Horni Morley og Osborne St.
Portage Ave. West	1164 Portage og Goulding St.
Corydon Ave.	Corydon og Lilac St.
West Kildonan	1772 Main og Kilbride St.
Portage Ave.	424 Portage og Vaughan
Selkirk and Arlington	Selkirk og Arlington St.

Þér getið reitt yður á, að vorar málvörur

eru varanlegar og fallegar.

RIPOLIN ENAMEL

Viðurkent meðal málara og veggskreytara eitt hið allra bezta enamel, sem búið er til. Er sérstaklega heppilegt fyrir baðherbergi, eldhús og sjúkrahús; lætur ekki á sjá, þótt það sé þvegið úr sóttvarnarmeðölum, úr heitu eða köldu vatni. Ripolin er þriðjungi drýgra en allar aðrar tegundir af enamel og er ábyrgst jafnt utan húss og innan.



JAMIESON'S FLOOR VARNISH

Engin fernisolía verður fyrir öðrum eins ágangi og sú er á gólf er höfð. Jamieson's ekta gólffernis er brúkuð á gólf í sumum stærstu skólum, spítölum og opinberum byggingum í þessu landi og reynist hvarvetna ágætlega; er seig, hörð og endingargóð, — járnsterk.

LANGMUIR'S FLAT WHITE

er veggmál, sem yður mun falla vel í geð, hvort sem er á múr, cement eða plastur-veggi, við eða málm. Þetta mál er algerlega gljálaust, silkimjúkt, og má þvo það úr sápuvatni.

Þegar þér þurfið að þrifa til hjá yður, þá brúkið:
RIPOLIN, fyrir innviðina.
JAMIESON'S FLOOR VARNISH á gólfin og
LANGMUIR'S FLAT WHITE á loft og veggi.

The Western Paint Co., Ltd.

121 CHARLOTTE STREET,
WINNIPEG — — MANITOBA

Ánœgðir með verð og varning

SORPRENNU HÓLKAR
KALK, af öllum tegundum.
MÚRSTEINAR
MULIÐ GRJÓT
STEINLÍM (Cement)
PLASTER PARIS
BRANTFORD ROOFING
MORTAR COLORS
FLUE LINING
HARDWALL PLASTER
FIRE BRICK
FIRE CLAY
WALL CAPING
WOOD FIBRE PLASTER
PLASTER BOARD
DRAIN TILE, o. fl.

UM VERÐLAG Á VÖRUM ÞESSUM SKAL UPPLÝSINGA LEITA TIL

THOS. JACKSON & SONS

Er verzla með allskonar efni til húsabygginga, stórra og smárra.

370 COLONY STREET - WINNIPEG, MAN.

Talsími: B- Sherb. 62

THE VULCAN IRON WORKS LIMITED.

FYRSTA JÁRNBRÆÐSLU-VERKSMIÐJA
(Stofnuð 1874) **í VESTUR-CANADA.**



Búa til "Return Tubular Boilers", Stál-reykháfa, Stálþrór, Spangajárn, Járnsmíðjuáhöld öll, Afleiðslu-vélar, Brúa-járn og Bygginga-járn og stál, o. s. frv.

WINNIPEG — MANITOBA

það er þjóðræknisskylda allra

Að Spara

Gjörið upp huga yðar með hvað mikið þér getið lagt fyrir á hverjum borgunardegi. Og eftir að þér hafið gert upp hugann með það, takið þá upphæð frá og leggið hana inn í bankann.

Byrjið viðskiftareikning á næsta borgunardegi.

Sparisjóðsdeild er við hvert útbú bankans.

Peningaávísanir til Norðurálfu.

Vér höfum ráð á að selja peningavíxla til eftirfarandi ríkja í Norðurálfunni, með betri kjörum en flestir aðrir, hvort senda skal peninga með síma eða bréfi:

Íslands.	Belgíu.	Danmerkur.
Brezku eyjanna.	Frakklands.	Serbíu.
Svíþjóðar.	Rúmeníu.	Ítalíu.
Noregs.	Grikklands.	Svisslands.

The Royal Bank of Canada.

Uppborgaður höfuðstóll og viðlagssjóður .... $ 38,000,000

Skuldlausar eignir bankans 590,000,000

THE EMPIRE
Sash & Door Co., Ltd.

Þar getið þér fengið allan

Borðvið

Eftir þörfum.

"PORTLAND CEMENT"
VEGGJAFÓÐUR
(Building Paper)
"BEAVER BOARD"
ÞAK-PAPPÍR
NAGLA
JÁRNVÖRU

Alt er að húsabygg-
ingum lýtur.

Talsími: A. 6356.

Skrifstofa og afgreiðsla: Henry Ave. East.

WINNIPEG, MANITOBA

"Allir gjörðir ánægðir".

Til Bænda.

Seljið og sendið oss rjómann yðar.

Vér erum svo settir að vér getum boðið yður og borgað hæsta verð fyrir rjóma. Vér rekum aðeins eina smjörgerðarstofnun, og hún er í höfuðborg Manitoba fylkis, en þar eru verzlunarskilyrðin bezt. Vér leggjum alla stund á að búa til gott smjör.

Sendið rjómann yðar til vor, svo þér fáið sem mest fyrir hann.

Manitoba Creamery Company, Ltd.

846 Sherbrooke St.,
Winnipeg — Manitoba

Wevel Cafe

G. Christianson, eigandi

Selur: Máltíðir á öllum tímum dags, Vindla og allskonar Tóbak, Svaladrykki, Íslenzkt kaffi, Sætindi, Brauð o. fl.

Talsími: **B. Sherb. 3197**

672 Sargent Ave., Winnipeg

BJARNASON & ERLENDSSON

ARBORG, MAN.

Hafa aðal umboðssölu á hinum vönduðu en ódýru "Chevrolet" Bifreiðum. Ennfremur selja þeir hina sterku "Rumely Oil Pull" dráttarvélar og öll akuryrkjuverkfæri, sem bændur almennt þarfnast.

Jóhannson & Co.

(Pioneer Store)

Elzta og alkunnasta verzlunarbúðin í Elfrosbæ. Selur allar tegundir **klæðnaðar** og allskonar Fataefni, Skó, Matvöru o. s. frv.

Kaupir allar búsafurðir bezta verði.

ELFROS SASK.

Matreiðið alt við

Rafmagn



HREINT, KALT OG SPARNADARSAMT

Johnson's Electric Cooko, Ltd.

Búa til rafmagns eldavélar og rafmagns hitunarvélar af öllum tegundum í Winnipeg.

Þessar eldavélar eru þær ódýrustu og beztu á markaðnum.

Vér seljum bæði fyrir pen inga út í hönd og með mánaðar afborgunum eftir því sem um semur.

Komið og skoðið þessa og aðra rafmagnshluti í búð vorri, að547 Logan Ave.,

Talsími N 7135



M. M. Jónasson
Ráðsmaður.

I. Ingjaldsson
rit.-féhirðir.

J. Sigurðsson
forseti.

Arborg Farmer's Co-operative

Association Limited.

ÁRBORG — SÍMI No. 2. — MANITOBA.

Almenn verzlunarbúð, og póstafgreiðslustaður bæjarins.

Fyrsta og eina sameignarverzlun íslenzkra bænda í Manitoba.

Löggilt árið 1919 með $15,000.00 höfuðstól, samkvæmt afgreiddum lögum um sameignarfélög (Co-operative Assoc. Act)

Selur Matvöru, Járnvöru, Skófatnað, Klæðnað, efni til Húsa, Bygginga o. s. frv.
Allar búsafurðir keyptar af bændum og borgaðar hæsta verði.

Eldiviður keyptur og borgaður bezta verði og seldur og sendur í vagnhleðslum (car-loads) hvert á land sem er.

Hluthafar taka arð við lok hvers fjárhagsárs að jöfnum hlutföllum við verzlunarviðskifti þeirra á árinu.

Verzlunin óskar eftir viðskiftum og samvinnu allra héraðsbúa.

Hans Einarsson

(Hardware and Harness)

Selur allskonar Járn og Blikkvöru, Hitunarvélar, Ofna, Stór o. s. frv.

Selur og býr til aktygi af allri gerð, með vægu verði.

Reynið hann sem verzlunarmann. Hann selur alt með sanngjörnu verði. Látið hann sitja fyrir viðskiftum yðar.

GARDAR, No. Dak.

S. M. Breiðfjörð

Verzlunarmaður.

Selur allskonar nauðsynjar til fæðis og klæða. Þetta er elzta verzlanin í bænum. Vöru verð ávalt sanngjarnt og vel fyrir allar landsafurðir gefið. Verzlunin er svo alþekt að eigi þarf fleira um hana að segja. Þegar þér þarfnist einhvers, þá gleymið ekki verzlun Breiðfjörð's.

GARDAR, No. Dak.

Elis Thorvaldson

Verzlunin
MOUNTAIN, No. Dak.

Selur allskonar **klæðnað, dúka** og **fataefni,** handa körlum konum, og börnum.
Selur allar tegundir af **Skófatnaði.**
Selur allskonar Matvöru og **Munaðarvöru**
Selur allskonar **Járn** og **Blikkvöru.**
Kaupir alla bændavöru **hæsta verði.**
Elzta, stærsta og bezt þekta verzlunarbúðin meðal Íslendinga í Dakota.

THE MOUNTAIN
CO-OPERATIVE CO.

Verzlunarstj. H. H. Reykjalín

Verzlun þessi er algerlega bændaeign.
Allur ágóði hennar gengur aftur til bænda.
Fyrsta bændafélagsverzlun Íslendinga í Ameríku.
Selur allar nauðsynjavörur við mjög sanngjörnu verði, svo sem **fatnað** og **fataefni, skó, matvöru, tóbak, blikk** og **járnvöru o. fl.**
Kaupir allar landsafurðir hæsta verði.

MOUNTAIN, N. D.

KOL!

Lethbridge Imperial Lump - - - $15.00
Pembina Peerless Lump - - - $15.00
Drumheller Monarch Lump - - - $15.00

Uppáhalds-kol Winnipegbæjar.

City Coal Company, Ltd.

Confederation Life Building (á neðsta gólfi).
Talsímar: A 2683 og N 7233

STÓRSALA:

Coal Sellers, Ltd.

904 Union Trust Building, Winnipeg
Talsímar: A 5810 og A 5819

Kilgour Rimer Company

Stórsölu Skóbúðin alkunna. **87 Princess St., Winnipeg, Man.**



D. D. Wood & Sons

Limited

Innkaupa og **útsölufélag** á öllu efni aðlútandi Húsabyggingum.

Selja kol í smá- og stórkaupum.

Talsímar: N 7641—7642—7308.

Skrifstofa og afgreiðslustöðvar: Ross Ave. og Arlington St.

STOFNSETT 1882 — LÖGGILT 1914.

Daniel Wood
forseti og ráðsm.

Victor A. Wood
vara-forseti

D. J. Howard Wood
féhirðir

Lionel E. Wood
skrifari.

WOOD'S BRICK COMPANY

LIMITED

Búa til SANDSTONE BRICK

Afgreiða allar pantanir, smáar og stórar.

Tigulsteinar vorir eru af þrem litum:

HVÍTIR — RAUÐIR — DUMBRAUÐIR

Svo vér nefnum nokkur stórhýsi í Winnipeg, sem klædd eru utan með tigulsteinum vorum, til dæmis orkustöðvar Almenna spítalans, Sir William Whyte, alþýðuskólinn, Grain Exchange-annex, Presbytera kirkjan á Home St., Meþódistakirkjan í St. James, Ukrainian verkamannahúsið o. fl.

Skrifstofa og verkstæði: Ross og Arlington St. Sími: N 7641

HALLDÓR SIGURÐSSON

BYGGINGAMEISTARI

Tekur að sér að koma upp allskonar byggingum, stórum eða smáum, eftir samningi. Verkið fljótt og vel af hendi leyst og svo sanngjarnlega sem unt er eftir ástæðum. : : : : : : : :

Símar: Skrifst. N6225, heima A7996. 808 Great West Perm. Bldg.
WINNIPEG, MAN.

Sannað af reynslunni að vera best.

PURITY FLOUR

Meira brauð og betra brauð

Notið það við alla bökun yðar.

ÍSLENDINGAR!

Í gegnum allar byltingar síðari ára höfum vér eigi rótast. Verzlun vor er gömul, hefir orð á sér fyrir að vera áreiðanleg í viðskiftum, starfsmenn vorir verkinu vaxnir. Vér verzlum með allskonar fasteignir. Hús og lóðir í Winnipeg, bújarðir í Manitoba, Saskatchewan og Alberta, seljum eldsábyrgðir, útvegum peningalán, önnumst um leigu á húsum og bújörðum. — Íslendingur er meðeigandi í félaginu. Öll viðskifti má gera á íslenzku, með bréfum eða síma. Vér ábyrgjumst að gera alla ánægða. — Skrifstofutímar frá kl. 9 f. h. til 6 e. h.

DOUGHIE, JACK & LYONS

606-609—611-613 Somerset Bldg.
SímiA 7559, Winnipeg, Man.
Heimasímar: St. John 2864 (Doughie); A 1552 (Lyons); A 8934 (Paulson)

Bergmann & Hallgrímsson

verzla með allskonar **Matvöru Fatnaðarefni, Klæðnað, Skó** og alla **Innanstokksmuni.**

Hið bezta í hverri vöruteg-und, hvort heldur er til fæð-is, klæða eða húsbúnaðar.

WYNYARD SASK.

Brown-Clarke

Umboðsfélagið

Útvegar eldsábyrgð, bifreiða-ábyrgð, tryggingarveð o. s. frv.

Sameiginlegar innstæður fé-laga þeirra er vér höfum með höndum, eru yfir fimtán milj-ónir.

Vér getum sparað yður all-mikla peninga með því, að annast eldsábyrgðir yðar.

407 Lindsay Bldg.

Talsími: A 8389

Mrs. Ovida Swainson

696 Sargent Ave., Winnipeg.

Úrvalsbirgðir af Kvenhöttum. Hún er eina íslenzka konan, er rekur slíka verzlun í Vestur-Canada. Óskar eftir viðskift-um Íslendinga.

Talsími B Sherb. 1407.

Aðal-talsími: A 6055 Kvöldsímar: Sherb. 3247 og N 8567

HEY! HEY!

Bændur! Hví ekki að skifta við íslenzkt félag, sem gæta mun yðar hagsmuna í öllu. Vér höfum haft víðtækari reynslu við að selja heilar vagnhleðslur af heyi, en nokkurt annað heysölufélag, og það er yður í hag, að komast í samband við oss, þegar þér ætlið yður að selja. Vér leggjum sérstaka stund á heyverzlun í stórsölu. Upplýsingar oss viðkomandi veitir Merchant bankinn í Winnipeg. — Oss væri ánægja í því, ef þér vilduð leita upplýsinga hjá oss á skrifstofu vorri viðkomandi markaðsverði á heyi. Verðið fer eftir birgðum og þörfum, er því hyggilegt jafnan að spyrjast fyrir um það. Vér erum eigi að seilast eftir heykaupum þetta dægrið, heldur vonumst vér eftir viðskiftum yðar næstkomandi ár og árið þar á eftir. Fljótsagt, vér erum í fastaverzlun, eigi hér í dag en horfnir á morgun. **Reynið hvað vér getum.**

The Northern Hay Company

Wholesale Hay and Feed Merchants

Skrifstofa: 171 Grain Exchange, Wpg. Aukask.st. Árborg, Man.

Union Transfer Co., Limited

Skrifstofa: 382 Maryland Street. — — — WINNIPEG.

Talsími: B Sherb. 1690—1691

BEZTU FLUTNINGATÆKI — ALLIR GERÐIR ÁNÆGÐIR

Flytur farangur, Húsmuni, Pianos o. s. frv.

Vér ábyrgjumst, að það skuli borga sig fyrir yður, að skifta við oss.

KAUPUM og SELJUM:

HEY
KARTÖFLUR
GARÐÁVEXTI
KOL
ELDIVIÐ
GIRÐINGASTAURA o. fl.

í heilum vagnhleðslum.

Vér óskum bréfaviðskifta.

Sendið eftir vöruskrá vorri
Sendið landsafurðir til vor.

Vestern Fuel & Produce Company Limited.

311 McINTYRE BLOCK — WINNIPEG

Meðmæli:

Bradstreets
Can. Bank of Commerce.

WALKER

LEIKHÚSID

EDMUND H. BENSON, Leikhússtjóri

Talsímar:

Útsölustofa: A 8683

Aðal-skrifstofa: A 7019

Undir umsjón og ráðum

The TRANS-CANADA THEATRES Ltd.

Sýnir eingöngu hina frægustu og beztu sjónleiki.

Inngangsverð ætíð sanngjarnt.

HEILDSALA.

Allar Ljúffengustu Skandínaviskar Matvörutegundir

NORSKT **FLATBRAUÐ, OSTUR, ANSJÓSUR** og **REYKTUR LAX,** Í HEILU LÍKI, EINS OG HEIMA Á ÍSLANDI. OG ÓTAL AÐRAR FISKITEGUNDIR.

Biðjið kaupmann yðar um skandínaviskan hátíðamat frá

Port Nelson Fish Co., Limited.

Heildsölukaupmenn

936 SHERBROOKE STREET WINNIPEG, MAN.

Union Bank of Canada

AÐAL-SKRIFSTOFA: WINNIPEG

HÖFUÐSTÓLL: $8,000,000 VIÐLAGSSJÓÐUR: $6,000,000

ALLAR EIGNIR YFIR: $174,000,000

Öll hugsanleg þægindi við að afgreiða öll banka viðskifti, hverrar tegundar sem eru, á hinum 390 útbúum Bankans víðsvegar um landið. Bankastjórar vorir veita yður með ánægju allar upplýsingar eður ráðleggingar, fjármálum viðkomandi.

ÍSLAND:

Peningaávísanir til Íslands seldar, sendar bréflega eða með ritsíma á **Landsbanka Íslands í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði.**

"ELZTA BANKASTOFNUN Í VESTUR-CANADA"

KOL! - KOL!

HÖRÐ OG LIN

Vér höfum óþrjótandi birgðir af öllum þeim beztu kolategundum, sem til eru á markaðnum, og höfum einnig þau langbeztu flutningstæki. Vér látum eigi viðskiftavini vora bíða dögum saman eftir afgreiðslu, heldur afgreiðum pantanir allar tafarlaust.

Stærsta kolaverzlun í borginni.

EMPIRE COAL COMPANY

LIMITED

603 Electric Railway Chambers **Tals.: N 6357 og 6358**

Merki um Gæði.

Þetta merki er um gæði og gagn.

Singer Saumavélar til sölu í öllum borgum landsins.

Í Singer Saumavéla búðum

Fáið þér saumamaskínur til kaups eða leigu.

Singer Mótora

Fyrir allar tegundir saumavéla.

Nálar, Olíu og Stykki

Fyrir allar tegundir saumavéla.

FÖLDUN og BRYDDING (Picot)

Vönduð og vel gerð eftir samningum.

"LORAIN"
Hitagjafinn

umbreytir allri aferð við matreiðsluna.

Einfalt áhald, en getur skapað 44 mismunandi hitastig. — Það gerir sjálft alla matreiðslu fyrir yður. "LORAIN" er fest á raftrygða bökunar ofna, sem smíðaðir eru sérstaklega fyrir Winnipeg-eldaskála. Eldið við GAS. — Sjáið hvernig það er gert í sýningarskála vorum. — **Electric Railway Chambers á Notre Dame Avenue.**

Winnipeg Electric Railway Company,

A. W. McLimont, ráðsmaður.

The Selkirk Land & Investment Co. Ltd.

Head Office

SELKIRK, MAN.

Verzla með fasteignir, útvega peningalán, taka að sér eftirlit með eignum, umboðsverzlun, útvega elds-, lífs- og slysa-ábyrgð.

F. A. GEMMEL, ráðsm.

Box 127 — — Talsími 41

HJALMAR GISLASON

ÍSLENZK BÓKAVERZLUN

506 Newton Ave.

ELMWOOD, WINNIPEG

Tals.: St. John 724

The Lundar Trading Co.

Limited.

GENERAL MERCHANTS

LUNDAR & ERIKSDALE

Í verzlun vorri eru:

GÓÐAR VÖRUR.

SANNGJARNT VERÐ.

FLJÓT AFGREIÐSLA



HITUNARÁHÖLD og KOLAKAUP

eru mál, sem vel þarf að ráða fram úr, því það getur þýtt mikinn peningasparnað og líka veitt mörg þægindi, er eigi verða til verðs metin. — Úrlausn þeirra hafið þér þar sem eru

"SPENCER Self Feeding Boilers"

er reynst hafa almenningi allra eldfæra bezt, hvað hirðingu og kolasparnað snertir.

Nú er tíminn til þess að leggja niður þessi gömlu og ónýtu eldfæri, en setja í þeirra stað **"SPENCER SELF-FEED HEATER"**, svo þér séuð lausir við að kaupa aðeins dýrasta eldiviðinn.

Þeir, sem notað hafa **"SPENCER'S"** á þessu ári, hafa sparað þúsundir dollara, en haft nægan hita í húsum sínum, hvernig sem veður hefir verið. Engin ekla hefir verið á hinum smærri og ódýrari kolum, er eigi verður brent nema í **"SPENCER"** eldfærum.

"SPENCER BOILER" er sá bezti fyrir allar tegundir Vestan-linkola, og þeim verður eigi vel brent í öðrum eldfærum, svo hitans njóti. Skýrslur getum vér sýnt þess efnis, að þeir eru 100 prósent notabetri á linkol en hin vanalegu eldfæri.

Leyfið oss að sýna yður hina sérstöku yfirburði **"SPENCER SELF-FEED BOILER"**. Á þeim er 24 stunda kolageymir (húsfreyjan þarf því ekki að standa í kolamokstri), og skáhallar ristir, svo kolin falla altaf með jöfnum skamti í eldinn, og eigi meira en þarf til þess að hitinn haldist jafn.

Eldfæri þessi eru hin ábyggilegustu, hvort hitað er með gufu, vatni eða lofti. Þau eru búin til í Canada, á þeim stærðum er hæfa öllum tegundum húsa.

The Spencer Heater Co. of Canada, Ltd.

MONTREAL WINNIPEG TORONTO

185 PORTAGE AVENUE EAST.

THE STANDARD BANK OF CANADA.

STOFNSETTUR 1873.

Eignir rúmar $90,000,000.00.

Banki þessi, með ríkisleyfi sambandsstjórnarinnar í Canada, hefir heimild til að taka á móti peningainnlögum.

SPARISJÓÐSDEILD BANKANS

greiðir vexti af innstæðufé alt frá einum dollar og upp.

Skrifstofa í Winnipeg: **Main og Lombard St.**
Útbú á **Portage Avenue** (móti Eaton).
Útbú að **Eriksdale** og **Ashern, Man.**

Campbell & Schadek

BRAKÚNAR

311 McINTYRE BLOCK.

Vér verzlum sérstaklega með fasteignir í British Columbia, unnin og óunnin lönd. Ef þér eigið plógland eða bæjarlóðir hér eystra, sem þér vilduð skifta fyrir landeignir í British Columbia, þá væri oss ánægja að segja yður, hvaða skifti vér gætum útvegað yður.

CAMPBELL & SCHADEK

VANCOUVER, B. C. — — WINNIPEG, MAN.

Talsímar N6607 og N6608

A. S. BARDAL

Utfararstjóri.



Winnipeg ✦ Manitoba.

Holland Creameries,
Limited.

WINNIPEG

Útbú við **MANITOU, VIRDEN, SOMERSET, GILBERT PLAINS**

Stærsta Rjómaverzlun í fylkinu.

Búa til HOLLAND-SMJÖR

og hinn fræga **HOLLAND ÍS-RJÓMA**

Vér seljum mjólk og rjóma aðeins í stórsölu.

Ef þér eruð í vafa um, hvert þér eigið að senda rjómann, þá leitið til vor. Vér skulum með ánægju senda yður farm-miðana til að festa á vörusendinguna.

Gæði og greið viðskifti, er verzlunarregla vor.

Vér vildum gjarna njóta viðskifta yðvarra.

Eftir upplýsingum skrifið yfir-ráðsmanni vorum:

J. Van Winkelen.

Í ÖLLU HINU AUÐUGA VESTUR-LANDI

er engin stofnun, sem tekið hefir aðdáunarverðari þroska, en The Great West Life Assurance Company. Síðan 1892, að félagið var stofnað, hefir umsetning þess aukist jafnt og þétt, þar til að tryggingarupphæð þess í desember árið 1920 nam

$256,850,251

Eftirfarandi skýrsla sýnir hvernig félagið hefir þroskast — og sannar hið viðurkenda gildi The Great West lífsábyrgðar.

Lífsábyrgðir í gildi í lok 31. des. ár hvert:

1892	$	862,200
1893		2,268,000
1894		4,239,050
1895	$	4,934,850
1896		5,778,704
1897		6,912,982
1898	$	8,152,989
1899		10,263,259
1900		11,845,569
1901		13,415,599
1902	$	15,289,547
1903		18,023,639
1904		20,611,399
1905		24,216,882
1906		27,925,460
1907	$	35,258,887
1908		39,865,786
1909		45,990,686
1910		56,925,127
1911	$	67,969,432
1912		83,978,739
1913		97,048,714
1914		108,221,932
1015	$	119,466,067
1916		133,016,448
1917		152,643,165
1918		170,863,673
1919		212,560,276
1920		256,850,251

Lág iðgjöld, hár arður til skírteinishafa, ásamt óbifanlegri tryggingu, er höfuðorsökin að hinum frábæra viðgangi félagsins. — Hin vel þekta líftryggingar-tegund vor — The 20 Payment Life Plan — tryggir að fullu alla upphæð lífsábyrgðarinnar í 20 ár.

Skrifið og takið fram aldur yðar.

The Great-West Life Assurance Co.

HEAD OFFICE: WINNIPEG.

TÍMARIT

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGS ÍSLENDINGA

II. ÁRGANGUR

WINNIPEG, MAN.

GEFIÐ ÚT AF ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGI ÍSLENDINGA

1920

Prentað undir umsjón Gísla Jónssonar
hjá
THE VIKING PRESS, Limited.
og
THE FARMERS' ADVOCATE, Ltd.

Landafundir og Sjóferðir í Norðurhöfum.

Eftir **Halldór Hermannsson.**

I. Gunnbjarnarsker.

Þegar er að ræða um fund hins nýja heims eða Ameríku, kemur til greina sögnin um Gunnbjarnarsker. Hvar þau hafi legið verður ekki beinlínis séð af sögunum, nema það að þau hafi verið fyrir vestan eða útnorðan Ísland. Menn hafa víst lengi ætlað, eins og sjá má af riti Ívars Bárðarsonar, að þau hafi verið í miðju Grænlandshafi, miðja vega milli Íslands og Grænlands. Við vitum nú, að þar eru engar eyjar, og það eru ekki heldur nein líkindi til, að þar hafi verið neinar eyjar svo sögur fari af, sem síðar kynnu að hafa sokkið eða horfið. Skerjanna mun því að leita einhversstaðar meðfram austurströnd Grænlands, og samkvæmt því ætti Gunnbjörn að hafa verið sá fyrsti, sem fann land í hinum nýja heimi.

Það hefir víst verið um miðja landnámsöldina, að Gunnbjörn Úlfsson fann þessi sker, sem síðan voru nefnd eftir honum. Landnáma getur þessa fundar, en segir ekkert nákvæmar frá því að því er Gunnbjörn snertir. Þó mætti ráða það af orðalagi hennar, að hann hafi séð meira en skerin ein, því að í sambandi við ferð Eiríks rauða stendur, að Eiríkur hafi ætlað að leita lands þess, sem Gunnbjörn sá, er hann rak vestur um Ísland, þá er hann fann Gunnbjarnarsker. Eftir því ætti Gunnbjörn að hafa lent við einhverjar eyjar nálægt austurströnd Grænlands, séð landið þar bakvið, en ekki farið þar í land eða skygnst frekar um það. Þetta mun hafa verið snemma á landnámsöldinni eða um hana miðja, því að ekkert mun að byggja á frásögn Björns á Skarðsá í Grænlandsannálum um, að Gunnbjörn hafi leitað Íslands næst á eftir Garðari og áður en nokkur hafði sezt þar að. Sjálfur fluttist hann aldrei til Íslands alfarið, en Grímkell bróðir hans nam land á Snæfellsnesi, og Gunnsteinn og Halldór, synir hans, námu land við Ísafjarðardjúp.

Það mun hafa liðið nálega heil öld áður Gunnbjarnarskerja var aftur leitað; það hefir víst verið 978, að þeir Snæbjörn galti og Hrólfur rauðsenzki sigldu vestur í landaleit. Hvort þeir hafi fundið skerin, segir sagan ekkert um, en þeir fundu land og voru þar um veturinn; lagði skála þeirra í fönn og ekki tók snjórinn að bráðna fyr en á Góu. Ósamlyndi var milli þeirra, sem leiddi til víga; fóru þeir svo sumarið eftir til Hálogalands og seinna til Íslands. Nokkrum árum seinna (982) fór Eiríkur rauði að leita þess lands og fann þá Grænland. Það getur víst enginn efi leikið á því, að þeir Snæbjörn hafi haft vetrarsetu á austurströnd Grænlands, en hvort það hafi verið nálægt Gunnbjarnarskerjum, er auðvitað óvíst.

Næst er Gunnbjarnarskerja getið í sambandi við hrakninga Björns Jórsalafara til Grænlands. Á hann samkvæmt sögunni, að hafa komið á heimleiðinni (1387) við í Gunnbjarnarskerjum eða Gunnbjarnareyjum, eins og ein heimildin nefnir þau; fann hann þar bygð svo stóra, að þeir töldu 18 bæi, en þorðu eigi að kanna. Sagt er, að hann hafi farið í land og hafi bóndi einn tekið honum vel, en svo vildi til, að þar var stúlka, sem í vísu varaði Björn við húsráðanda, brá hann þá við og sigldi hið skjótasta á burt. En þó auðvitað geti verið, að Björn hafi lent á austurströndinni, er þó þessi frásögn svo þjóðsöguleg, að ekkert er að henda reiður á hana. Í vísunni er húsráðandi nefndur Gunnbjörn.

Af öðrum seinni tíða sögum er sú merkust, er ræðir um Látra-Klemens, sem Björn á Skarðsá segir frá, og sagt er að sé frá enda 16. aldar. Klemens bjó á Látrum í Aðalvík; hann komst í málaflækur og sótti því í enskt skip til að sleppa úr klóm óvina sinna. Kvaðst hann þannig hafa komizt til Gunnbjarnareyja; af sæ voru þær ekki annað að sjá en sker og eyðihólmar, en við nánari athugun fundust þar grasgæði og nægð veiðiskapar, svo að þeir fyltu tvo báta, annan með þorski og hinn með geirfugli. Fleiri manna getur og Björn, sem hafi séð eyjarnar álengdar, og ennfremur að þær sjáist í beztu sjóarsýn frá Rít, sem liggur að norðan við mynni Ísafjarðardjúps á skaganum milli þess og Aðalvíkur. En eitthvað mun það orðum aukið, því eigi mun mögulegt að sjá þar landa á milli. Hins vegar má kanske ráða það af skýjabólstrum, hvar land liggi og fjöll.

Eins og sagan um Látra-Klemens bendir á, var það í mæli meðal Íslendinga, að ensk skip einatt færu til Gunnbjarnarskerja. Eins kunna og Hollendingar að hafa sótt þangað. Jón Guðmundsson lærði segir um skerin, að þau séu sex eyjar allstórar útnorður af Ísafjarðardjúpi; þar hafi hollenzkur maður nýlega komið og séð tvær kirkjur. Líklega er þetta afturganga af sögunni um Björn Jórsalafara og eitthvað blandað saman við sagnir, sem menn höfðu af íslenzku bygðunum á vesturströnd Grænlands. Það getur þó vel verið, að þeir, sem hafi komið nálægt eyjum við austurströndina, hafi séð eitthvað til Eskimóa, því að þeir bjuggu þá um þær slóðir. En þegar farið er að telja bæi og kirkjur í sambandi við það, þá er auðsætt að það eru sagnir en ekki sannindi.

Í íslenzkum annálum er þess getið, að árið 1189 hafi Ásmundur kastanrassi við 13. mann komið til Breiðafjarðar frá Grænlandi úr Krosseyjum á því skipi, er seymt var trésaumi einum og bundið sinum; einnig hafi hann verið í Finnsbúðum. Þetta síðasta staðarnafn á að vera dregið af Finni Ketilssyni, systursyni Ólafs helga; er sagt, að hann hafi druknað þar með félögum sínum og krossmark verið reist yfir þeim. Síðan hafi Ólafur konungur sent Lík-Loðinn eftir líki konungsfrænda og hafi hann flutt það til Noregs. Þessa er getið í Tosta þætti tréfóts, sem nú mun glataður að mestu, en Björn á Skarðsá þekti þáttinn og skrifaði upp úr honum. En svo lítur út fyrir, að þátturinn hafi verið skröksaga ein og því að engu nýtur sem söglueg heimild. Hins vegar er

ljóst af annálum, að nöfnin Finnsbúðir og Krosseyjar hafi verið notuð að fornu um einhverja staði að líkindum á austurströnd Grænlands. Ívar Bárðarson nefnir Finnsbúðir og ástæðuna fyrir nafninu, en ekki segir hann neitt um Lík-Loðinn. Auk Krosseyja getur Ívar líka um Krossey, sem liggi fyrir austan Finnsbúðir og heyri undir Garðakirkju, því að þar sé ágætt til bjarnveiða. Samkvæmt seinni tíma sögnum eiga Krosseyjar að draga nafn af því, að fjórar stærstu þeirra myndi krossmark. Þær liggi vestur af mynni Breiðafjarðar, séu klettóttar og fullar af fugli, svo að Englendingar hafi tekið þar fugladún, er flaut þar á sundunum og fylt marga sekki. Sagt er og að Eggert Hannesson hafi viljað fara þangað vestur, er hann bjó á Rauðasandi, og taka eyjarnar til eignar eða afnota, en ekki hefir neitt orðið af því.

Í íslenzkum annálum er þess og getið, að fyrir vestan Ísland hafi fundist nýtt land 1285 og voru það Aðalbrandur og Þorvaldur Helgasynir, er fundu það og nefndu Nýjaland; í öðrum handritum er það kallað, að Dúneyjar hafi fundist. Eiríkur konungur Hákonarson sendi mann til Íslands til þess að fá menn til að rannsaka þetta land, en úr ferðinni varð ekkert. Eins og Gustav Storm hefir sýnt fram á, er hér víst einungis að ræða um austurströnd Grænlands, eða eyjar meðfram henni[1]). Líklega hefir sendimaður konungs orðið þess áskynja, er hann kom til Íslands og því ekkert orðið úr ferðinni. Kemur nafnið Dúneyjar vel heima við söguna um Englendinga, er þegar var getið.

Hvað sem nú satt er í öllum þessum sögnum, hvort það er meira eða minna, þá þarf enginn efi að leika á því, að frá elztu tímum hefir við og við verið farið milli Íslands og austurstrandarinnar á Grænlandi, og þar mun eyja þessara vera að leita. Hins vegar er ekki auðvelt að ákveða nákvæmlega, hvar þær liggi, eða hvort þessi ýmsu nöfn eigi við einn og sama eyjaklasa eða fleiri. Til þess að leysa úr þeirri spurningu eru þeir auðvitað færastir, sem komið hafa til austurstrandarinnar á Grænlandi, enda hafa þeir og orðið til þess.

Danski sjóliðsforinginn W. A. Graah, sem kannaði suðurhluta austurstrandarinnar árin 1828—31, gat þess til fyrstur manna, að Gunnbjarnarsker væru einhverjar þeirra eyja, sem lægju fyrir sunnan Kap Dan eða suður af þeim hluta strandarinnar, sem síðar hefir verið kallað Angmagsalik-bygðin. Hölluðust menn þá almennt að þeirri skoðun og flestir, sem um málið hafa skrifað síðan, hafa komist að líkri niðurstöðu. Nýlega hefir öldungur núlifandi Grænlandsfara, kommandör Gustav Holm, tekið þetta mál til ítarlegrar meðferðar í grein, sem birtist í **Meddelelser om Grönland**, 16. bindi (1918)[2]), og athugar hann þar nákvæmlega allar sagnirnar um skerin og sérstaklega um stefnu til þeirra frá Íslandi. Margar sagnirnar benda til þess, að skerin liggi í útnorður af Ísafjarðardjúpi. Það telur höfundur mjög ósennilegt, jafnvel ómögulegt, því að þá yrðu þau að vera þar á aust-

1) Sjá grein hans 'Om det i 1285 fra Island fundne "Nye Land",' í **Hist. Tidsskr.** 2. R. VI. B. 1887, bls. 263—264.

2) "Gunnbjörn-Skær og Korsöer", bls. 289—308.

urströndinni, sem ísinn er mestur og því ófært að lenda skipum. Stefnan vestur af Breiðafirði er miklu líklegri; þar liggur sem sé beint í vestri Angmagsalik-bygðin. Fjarlægðin þaðan til Látrabjargs er um 280 mílur sjáfar, til Snæfellsness yfir 300 mílur; og það telur höfundur rétt, sem gamlar siglingareglur segja, að jafnskjótt og Snæfellsnesjökull hverfi í sjó, þá sjáist Grænlandsjöklar, en hins vegar sést auðvitað ekki frá einu landinu til annars, til þess er fjarlægðin of mikil. Þessa leið hafi því skip jafnaðarlega farið að fornu; þegar sjómenn sáu Grænlandsjökla, beygðu þeir til suðvesturs og fylgdu ströndinni álengdar uns þeir sáu sér fært að beygja fyrir suðurodda Grænlands inn í Baffinsflóann. Seinna hafi lega hafíssins valdið því, að breyta varð stefnu og fara sunnar, eins og ráða megi af riti Ívars Bárðarsonar. En nú hagar svo til við Angmagsalik, að þar er tiltölulega auðvelt að koma skipum að landi, sérstaklega í ágúst og september. Þetta kemur til af því, að við neðansjáfar-hrygginn milli Íslands og Grænlands rekst pólstraumurinn á Irminger-strauminn og sveigir eina kvísl hans til vesturs og kemur hún að austurströndinni nálægt Angmagsalik og beygir svo til suðurs neðansjáfar meðfram ströndinni. Þessi straumkvísl bræðir allmikið af ísnum og líka mun nokkuð af stórísnum rekast á hrygginn og stranda þar um hríð og halda íshellunni fyrir norðan þangað til neðrihluti jakanna hefir bráðnað svo, að þeir losna aftur af hryggnum. Við þetta verður sjórinn þar fyrir sunnan fær skipum um vissan tíma árs, og það er augljóst af íslenzkum siglingareglum og munnmælum, að menn hafa veitt þessu athygli og fært sér það í nyt. Því mun eðlilegt að leita þeirra staða hér, sem Íslendingar hafi þekt á austurströndinni, auk þess sem það kemur bezt heim við flestar heimildirnar. Holm getur þess því til, að Gunnbjarnarsker muni vera eyjarnar austantil við Sermilligak-fjörðinn og nú eru nefndar Leifsey og Eiríks rauða ey o. fl. Það er um 66° 50' n. br. og 36° 20' vestl. lengd. En um Krosseyjar hafa skoðanirnar verið meira skiftar. Þær hafa margir talið liggja miklu sunnar, jafnvel alt suður við Kap Farvel. Holm hyggur samt, að þeirra muni líka að leita á þessum slóðum nálægt Angmagsalik. Þær muni líklega vera eyjarnar, sem liggja dálítið vestar en skerin, og stóra eyjan þar vestur af geti verið Krossey sú, er Ívar Bárðarson nefnir. Nú heitir sú eyja Angmagsalikey og á henni liggur verzlunar- og trúboðsstöðin við fjörðinn Tasiusak; er þar góð höfn. Hér heldur höfundurinn, að Finnsbúðir muni hafa legið. Það verður ekki betur séð en að þessi lausn gátunnar sé í góðu samræmi við heimildirnar og því munu menn víst alment geta aðhylst tilgátur Holms. Um fulla sönnun getur ekki verið að ræða, þar sem gögn til algerðrar vissu eru ekki til.

Eftir þessu ættu Evrópumenn að hafa fyrst stígið fæti á land í nýja heiminum við Angmagsalik.

II. Diðrik Pining og Ameríkuferð um 1470.

Það var einatt róstusamt á Íslandi á 15. öldinni og framan af 16. öldinni og ullu þeim óeirðum Englendingar og

Hamborgarar, er veittu landsmönnum yfirgang, rupluðu og rændu og drápu einatt marga þeirra. Þessir útlendingar börðust og tíðum hverjir við aðra inni á höfnum. Landsmenn voru ekki við því búnir, að hrinda þessum óeirðarmönnum af sér eða stilla til friðar með þeim, þeir höfðu lítil tæki til varnar og voru oft foringalausir. Þegar mest gekk á, sendu Danakonungar þá hirðstjóra til Íslands, sem kunnu lagið á slíkum óeirðarseggjum. Meðal þessara hirðstjóra má nefna þá Diðrik Píning og Sören Nordby.

Diðrik Píning kemur fyrst við sögu Íslands árið 1478. Þá er hann á Alþingi sem hirðstjóri ásamt Þorleifi Björnssyni[1]), en er þó í skjölum frá sama ári talinn höfuðsmaður og hirðstjóri yfir Íslandi, án nokkurrar takmörkunar[2]. Árið eftir er hann nefndur hirðstjóri fyrir sunnan og austan[3]) og enn er hann á Alþingi 1480[4]). En það ár hefir hann þó farið utan, því að næsta sumar skipar Gauti erkibiskup og norska ríkisráðið Þorleif Björnsson hirðstjóra yfir Íslandi og Vestmannaeyjum um þrjú ár og á hann að heimta þar alla skatta og skyldur, sem fallið hafa síðan Diðrik Píning fór af Íslandi[5]). Þessi skipun stendur auðvitað í sambandi við konungsskiftin. Kristján I. hafði dáið í maí 1481, og þá hóf norska ríkisráðið undir forustu Gauta erkibiskups mótspyrnu gegn Dönum og vildi fá Svía í flokk með sér, en Svíar færðust undan, og tóku Hans til konungs. Píning hefir þó farið með hirðstjórn næstu ár á Íslandi, því hann veitti Magnúsi Þorkelssyni Vaðlaþing með bréfi dagsettu í Grundarfirði 31. júlí 1482 og er þar í nefndur hirðstjóri yfir öllu Íslandi[6]), og svo er hann einnig nefndur í bréfi útgefnu í Hafnarfirði árið eftir (20. júlí 1483)[7]. Hins vegar lítur þó út fyrir, að Þorleifur hafi líka verið hirðstjóri yfir öllu landinu, því að svo er hann nefndur í dóm, sem hann útnefndi á Berufirði í janúar 1483[8]), og í júlí s. á. telur Hans konungur hann "vorn embættismann á Íslandi", í verndarbréfi handa Ólafi Rögnvaldssyni biskupi[9]), og hefir konungur þannig viðurkent að nokkru skipun ríkisráðsins. En Þorleifur hefir ekki farið á konungsfund og sýnt Hans tilhlýðilega virðingu, jafnvel eftir að Norðmenn höfðu tekið hann til konungs og krýnt hann. Fyrir því skipar konungur með bréfi útgefnu í Flensborg í nóvember 1483 Píning hirðstjóra yfir öllu Íslandi[10]), en líklega hefir hann þó ekki farið eftir þá útnefningu til Íslands á næstu árum, enda hafði hann þá í önnur horn að líta. Hann slóst þá ásamt vini sínum Pothorst í víkingu með Jakob, bróðursyni Kristjáns I. Jakob dó sumarið 1484, en Píning og félagi hans hafa samt haldið áfram ránskap, því samkvæmt bréfi frá þýzkum kaupmönnum í Lundúnum (dags. í marz 1486) er þess getið að þeir hafi unnið mikið tjón enskum skipum[11]). Um

1) **Dipl. Isl.** VI. bls. 140—141.
2) **Dipl. Isl.** VI. bls. 150—151, sbr. VII. bls. 9—10.
3) **Dipl. Isl.** VI. bls. 211.
4) **Dipl. Isl.** VI. bls. 273—274. Um haustið er hann auðsjáanlega kominn til Danmerkur, sjá VII bls. 11—12.
5) **Dipl. Isl.** VI. bls. 398. Þorleifur hefir um þær mundir verið í Noregi, sbr. bls. 402.
6) **Dipl. Isl.** VI. bls. 447—448.
7) **Dipl. Isl.** VI. bls. 495—496.
8) **Dipl. Isl.** VI. bls. 470.
9) **Dipl. Isl.** VI. bls. 497.
10) **Dipl. Isl.** VI. bls. 506—507.
11) **Dipl. Isl.** XI. bls. 40—42.

þær mundir mun hann og hafa sótt lengra suður eftir, því að þess er getið, að hann hafi tekið spönsk og portúgölsk skip í Spánarsjó, og eitthvað hefir hann áreitt Hollendinga að mun, því að þegar Hans konungur gerði frið við þá 1490, er það sérstaklega tekið fram að sá friður nái ekki til Pínings. Árið 1487 er hann foringi fyrir einni deild í flota Dana á herferðinni til Gotlands.

Þessi ár hefir Pining víst ekki komið til Íslands, en líklega haft Heinrek Mæding þar sem umboðsmann sinn. Hans er getið sem fógeta Pínings í vitnisburði Guðna Jónssonar og þriggja annara manna, gefnum í Flatey 17. ágúst árið 1484, um harðleikni og yfirgang Pínings og hans manna við útlenda kaupmenn og jafnvel við innlenda menn[12]). Árið 1488 er Heinrekur Mæding talinn umboðsmaður Pínings á Íslandi [13]), en úr því vandast málið. Diðrik Pínings er getið sem hirðstjóra yfir öllu Íslandi á alþingi í júlí árið 1489 við samþyktina milli hans og Magnúsar Eyólfssonar Skálholtsbiskups um tíundargjald o. fl.[14]). En í sama mánuði er Diðriks Pínings getið meðal þeirra norsku aðalsmanna, sem hyltu Kristján II. í Kaupmannahöfn[15]). Árið 1490 lætur Diðrik Píning ganga í júlí á alþingi hinn nafnkunna Pínings-dóm um siglingar og verzlun[16]), en 30. ágúst er Diðrik Pínings getið við dómgerð í Björgvin og við skiftagerð í september[17]). Það getur því varla verið sami maður, sem hér er um að ræða á Íslandi og í Danmörku og Noregi. Þykir mér líklegast, að sá sem fór með hirðstjórn á Íslandi þessi árin, hafi verið Diðrik Píning yngri, frændi gamla mannsins, sá sem veitir Heinreki Mæding Kjósarsýslu 27. sept. 1490[18]). Kallar hann sig í því bréfi "hirðstjóra og höfuðsmann yfir alt Ísland", en að öllum líkindum hefir hann eingöngu verið umboðsmaður frænda síns, sem hann nefnir í bréfinu. Þessum ungling hefir Íslendingum ekki geðjast að, en þó látið sér hann nokkurnveginn lynda svo lengi sem gamli maðurinn lifði. En jafnskjótt og þeir frétta lát hans, biðja 25 menn á alþingi 1. júlí 1491, undir forustu Finnboga lögmanns Jónssonar, Hans konung um að gera Einar Björnsson að hirðstjóra. Kveðast þeir allir hafa frétt af útlenzkum mönnum, enskum og þýzkum, að Diðrik Píning sé dauður utanlands, og segjast trúa fréttinni. En Diðrik Píning hinn yngri, sem sé þar í landi og hafi umboð frænda síns, segja þeir, hafi enga borgun eða peninga að bæta fyrir sig, ef hann geri mönnum ei rétt[19]). Af þessu virðist mér helzt mega ráða, að Diðrik Píning gamli hafi aldrei komið til Íslands eftir að hann fór þaðan 1483, en þó haldið hirðstjórninni þar að nafninu. Hvort það hafi verið hann, sem veitt var Varðhúslén í Noregi árið 1490, skal eg ekki segja með vissu, en það getur vel hafa verið. Hitt virðist áreiðanlegt, að gamli Píning hefir dáið 1490 eða snemma á árinu 1491, því að konungur varð við beiðni landsmanna og skipaði nýjan hirðstjóra. Hvað

12) **Dipl. Isl.** VII. bls. 12—13.
13) **Dipl. Isl.** VI. bls. 631—632, 645—646.
14) **Dipl. Isl.** VI. bls. 661—675.
15) Sbr. **Hist. Tidsskr.** (norskt) 2. R. III. Bd. bls. 241 (**Dipl. Norv.** II. bls. 704.).
16) **Dipl. Isl.** VI. bls. 702—705.
17) Sbr. **Hist. Tidsskr.** bls. 241 (**Dipl. Norv.** V. bls. 686; VIII. bls. 436).
18) **Dipl. Isl.** VI. bls. 717—718.
19) **Dipl. Isl.** VI. bls. 753—755.

orðið hefir um yngri Píning, verður ekki sagt neitt með vissu, nema hann sé sá maður með því nafni, er getið er sem borgmeistara í Hildesheim 1522. Gæti það vel verið, því að það er varla efi á því, að þeir frændur hafa verið þýzkir, nafnið bendir á það og Pothorst, nafn félaga gamla mannsins, er líka áreiðanlega þýzkt[20]).

Diðrik Píning kom til Íslands á óeirðartíma, en líklega hefir honum þó þótt þar of kyrlátt og því ekki haldist þar við, en dregist þangað, sem meira var um að vera. Sjálfsagt hafa Íslendingar fengið að kenna á víkingseðli hans, en hafa þó kunnað að meta dugnað hans, því svo segir Jón Gizursson, að hann hafi verið gagnsamur maður í mörgu og leiðrétt margt það illa fór, og færir því til stuðnings Píningsdóm [21]); af því framanskráða virðist þó efasamt, hvort gamli maðurinn hafi átt nokkurn þátt í honum, nema þá óbeinlínis.

En nú skal víkja að sjóferðum Diðrik Pínings hins eldra og þá aðallega að einni þeirri. Í hinni stóru sögu Norðurlanda eftir Olaus Magnus hinn sænska, sem kom fyrst út í Róm 1555, er þess getið, að á fjallinu Hvítserk, sem liggur í hafinu miðja vega milli Grænlands og Íslands, hafi hafst við árið 1494 tveir alræmdir víkingar, Píning og Pothorst, ásamt félögum þeirra, því að þeir hafi verið útilokaðir úr mannlegu félagi af konungum Norðurlanda og gerðir útlægir vegna ránskapar og annara grimdarverka, er þeir hafi framið á sjómönnum fjær og nær. Á tindi fjallsins hafi þeir gert stóran kompás, með hringjum og línum úr blýi og átti það að vera þeim til leiðbeiningar við ræningjaferðir þeirra á sjó. Í bókinni er mynd sem sýnir fjallið með kompásinum. Á sérstaka kortinu af Íslandi eftir Olaus Magnus, sem kom út í París 1548, er Hvítserkur líka sýndur með kompásinum og þess getið, að þeir Píning hafi gert hann sjómönnum til verndar. Það er nú ekki sérlega trúlegt að þessir víkingar hafi hafst þarna við lengi, því að þeim hefir víst orðið fátt þar til fanga. Eins og sjá má af því framanskráða um dauða Pínings getur þetta ártal, sem Olaus Magnus gefur, engan stað átt, og frásögn hans veikist líka við annað skjal, sem nýlega hefir fundist. Það er bréf frá Carsten Grip, borgmeistara í Kiel, til Kristjáns III. Danakonungs, dagsett 3. marz 1551[22]). Hann sendir konunginum tvö heimskort, og getur þess jafnframt að það ár hafi komið út í París kort af Íslandi og af kynjum þeim, sem þar megi sjá og heyra; þar sé frá því skýrt, að Ísland sé helmingi stærra en Sikiley, og að tveir skipparar Píning og Pothorst, sem sendir voru af afa konungsins, Kristjáni I., eftir beiðni konungsins í Portúgal með nokkrum skipum, til þess að rannsaka ný lönd og eyjar þar norðurfrá, hafi reist stórt sjómerki á klettinum Hvítserk, milli Grænlands og Snæfellsjökuls, og gert það vegna grænlenzkra sjóræningja, sem á litlum, kjallausum bátum ráðist á skip og bori gat á þau að neðan og sökkvi þeim þannig. Þessi ástæða fyrir sjómerkinu er heldur ekki sérlega

20) Sjá annars um Diðrik Píning eldra tvær greinar eftir Ludvig Daae í norsku **Hist. Tidsskr.** 2. R. III. Bd. bls. 234—245, og 3. R. IV. Bd. bls. 195—197.

21) **Safn til sögu Ísl.** I. bls. 660.

22) Gefið út af Louis Bobé í **Danske Magazin** 5. R. VI. Bd. 1909, bls. 309—311.

trúleg, en það er ekki mikilvægt atriði í þessu sambandi. Hitt er hins vegar aðgæzluvert, að ferð þeirra Pínings og Pothorst vestur eftir getur samkvæmt þessu ekki hafa átt sér stað seinna en um 1480 eða meðan Kristján I. var á lífi, og kemur sú dagsetning betur heim við sögu Pínings, eins og við þekkjum hana. En ef þetta um ástæðuna fyrir sjómerkinu sem og það, að ferðin hafi verið gerð af hvötum Portúgalskonungs, hefir verulega staðið á Parísarkortinu, þá getur ekki þar verið átt við kort Olaus Magnus frá 1548, því að það er ekki á því eintaki, sem nú þekkist af því. Það getur auðvitað verið, að til hafi verið Íslandskort prentað í París 1551, sem nú sé glatað með öllu, en það liggi þó til grundvallar fyrir frásögn borgmeistarans.

Nú er þess getið ennfremur í þrem útlendum heimildum, að Johannes Scolvus nokkur hafi komist til Labrador árið 1476 og verið þá í þjónustu Danakonungs. Ekkert er frekar kunnugt um þenna mann, ein heimildin kallar hann Pólverja, en það er óefað bygt á misskilningi eða mislestri; höfundurinn, sem kallar hann svo, hefir að líkindum misskilið skammstöfunina á "pilots" (lóðs, hafnsögumaður, svo er Scolvus nefndur annarsstaðar) sem "Polonius" (Pólverji). Gustav Storm skrifaði fyrir mörgum árum grein um þenna mann og kom fram með þá sennilegu tilgátu, að Johannes Scolvus hafi einmitt verið í ferð með þeim Píning og Pothorst; þeir hafi verið foringjar fararinnar, en Scolvus leiðsögumaður[23]). Hafa flestir fallist á þá skoðun, en hins vegar er ekki hægt að vita neitt með vissu um þjóðerni og hið rétta nafn þessa sæfara. Það má þó ætla, að hann hafi verið Norðmaður og þess hefir verið getið til, að nafn hans hafi verið Jón Skolv, Skolvsson eða Skolp.

En það, sem manni hlýtur að virðast merkilegast við frásögn Grips, er, að ferðin hafi verið farin samkvæmt beiðni konungsins í Portúgal. Um þær mundir var þar konungur Alfons V., sem ríkti frá 1438 til 1481, bróðursonur Hinriks sæfara. En hvaða ástæðu gat Portúgalskonungur haft til þess að biðja Danakonung að senda út leiðangur norður og vestur í höf? Það virðist ekki auðvelt að finna neina. En nú hefir dr. Sofus Larsen, háskólabókavörður í Kaupmannahöfn, nýlega ritað grein um þetta mál í **Aarböger for nordisk Oldkyndighed og Historie** (1919)[24], og leitast við að finna skýringu á því. Þessi grein hans er svo merkileg, að mér þykir ástæða til að geta efnis hennar á íslenzku, þótt eg verði að fara fljótt yfir sögu og drepa einungis á það helzta. Hún sýnir sem sé, ef tilgáta höfundarins er rétt, að þeir Píning og Pothorst hafi komist að meginlandi Ameríku hér um bil tuttugu árum áður en Kolumbus fór fyrstu ferð sína vestur um haf.

Portúgalar voru í stöðugum landleitum á 15. öld, og stjórnaði þeim lengst af Hinrik sæfari (Dom Henrique el Navegador, f. 1395, d. 1460), sonur Jóhanns I. konungs í Portúgal.

23) Gustav Storm, "Söfareren Johannes Scolvus og hans Reise til Labrador eller Grönland", í norsku **Hist. Tidsskr.** 2. R. V. Bd. 1886, bls. 390 ff.

24) "Danmark og Portugal i det 15de Aarhundrede", bls. 236—312.

Hann varði lífi sínu aðallega til tvenns: að berjast móti Márum og að leita landa. Hann bjó í Sagres, litlum bæ á suðvesturströnd Portúgals, og þaðan sigldu skip þau, er hann sendi eða gerði út. Aðal-tilgangur hans var að finna sjóleiðina til Indlands, og sparaði hann hvorki fyrirhöfn né fé til þess að ná því takmarki. En það var rígur milli þjóðanna þá og sjaldnast fengu útlendingar að vera með í þessum ferðum, enda var oft farið leynt með uppgötvanirnar, svo að aðrar þjóðir nytu ekki þeirra. Það er því næsta merkilegt að finna, að fyrir einum leiðangrinum, sem árið 1448 var gerður út til Senegambíu, var danskur maður, sem í portúgölskum heimildum er nefndur Vallarte, og er það nafn auðvitað afbökun. Hann fórst í þeirri ferð, en dr. Larsen telur líklegt, að hann hafi ekki komið af eigin hvötum til Portúgal, heldur hafi Hinrik farið fram á það við Danakonung, að hann sendi honum einhvern af þegnum sínum, er kynnast skyldi landkönnunum. Hafi því Vallarte verið sendur til Portúgal af konunginum. Þetta er því líklegra, sem til er bréf, er bendir á það, að Portúgalskonungur hafi sózt eftir vináttu og samvinnu Danakonungs. Bréfið er frá Alfons V. til Kristjáns I. og er frá 1461. Það var sent með Láland, dönskum "persevant"[25]), sem verið hafði með Portúgölum á herferð gegn Márum, og sjálfsagt hefir verið sendur til Portúgal af Kristjáni að hvötum Alfons. En hver gat verið ástæðan til þessa samdráttar konunganna? Varla hefir Kristján eða Danir sózt eftir neinu í Portúgal eða á Afríkuströndum, enda munu Portúgalar naumast hafa viljað hvetja þá til nokkurrar samkepni þar. Upptök samdráttarins voru því að öllum líkindum hjá Portúgalskonungi, þó að í fyrsta bragði ástæðan til hans liggi ekki í augum uppi, því að varla gat konungur sá girnst nokkuð norður í höfum. Hér mun nú samt liggja fiskur undir steini. Hinrik sæfari mun einhvernveginn hafa fengið þá hugmynd, að komast mætti sjóleiðis til Kína og Indlands frá Norðurlöndum, og því sózt eftir vináttu Danakonungs til þess að fá hann til að gera tilraunir í þá átt að finna þá leið.

Það er ekki hægt að segja með neinni vissu, hvernig prinzinn hafi fengið þetta í höfuðið, en tilgáta dr. Larsens um það er ekki ósennileg. Á seinni hluta miðaldanna var engin ferðabók eða landalýsing kunnari en sú, sem kend er við Mandeville. Hún var skrifuð á frönsku á seinni hluta 14. aldar og nefndi höfundurinn sig Jehan de Mandeville, og gaf bókin í skyn, að hann hefði séð mestalt af heiminum og lýsti því hér, einkum Austurlöndum. Nú vita menn að hún er soðin saman úr allskonar ritum og sögusögnum og er eitt með mestu lygiritum, sem nokkurntíma hefir skráð verið, og höfundurinn var reyndar franskur læknir í Liége, er hét Jean de Bourgogne og andaðist 1372. En þetta rit snertir oss hér að því leyti, að efni og frásögn þess var alment trúað á þessum tíma, sem hér greinir um, og hefir Hinrik sæfari verið jafn trúaður á það og samtíðarmenn hans. Á einum stað í ritinu er sagt frá því, að maður nokkur hafi rekist af stormi frá Noregi, farið heiminn í kring og kom-

25) Persevant var aðstoðarmaður kallara.

ið aftur til Englands. Af þessu mátti því ætla, að hægt væri að komast til Austurlanda sjóleiðis þar norðurfrá. Auðvitað gæti Hinrik prinz hafa heyrt einhverjar fleiri reifarasögur af Norðurlöndum, sem hafi alið þessa hugmynd hjá honum; hann átti sem sé skyldmenni norður frá, þar sem Filippa, drottning Eiríks af Pommern, og hann voru systkinaböm. En líklega hefir vonin um að finna þessa sjóleið verið ástæðan til þess, að Hinrik og frændi hans Alfons konungur leituðu vinfengis Kristjáns I., og árangur orðið sá, að konungur sendi þá Píning og Pothorst í rannsóknarferð norður í höf um 1470. Í ferðinni hefir verið Scolvus og tveir Portúgalar, eins og síðar mun sagt. Það er annars merkilegt, eins og dr. Larsen bendir á, að þótt Olaus Magnus ekki geti Portúgalsmanna neitt í sambandi við þá Pothorst og Píning, nefnir hann þó í öðru sambandi ferð Portúgalsmanna til Grænlands, þar sem hann talar um storma við austurströnd Grænlands (2. bók, 10. kap.), að á þeim hafi Portúgalsmenn fengið að kenna, er þeir komu þangað í leit eftir nýjum löndum.

Dr. Larsen rannsakar því næst helztu rit, sem komu út á fyrri hluta 16. aldar og gefa nokkra lýsingu af Grænlandi og Íslandi, einkum þó sögu og kort Olaus Magnus, og kemst hann að þeirri niðurstöðu, að Olaus Magnus muni hafa haft til afnota einhverja heimild, sem nú sé glötuð, og að hún að öllum líkindum hafi átt rót sína að rekja til þessa leiðangurs þeirra Píningsog Portúgalsmanna; hún hafi þó ekki verið norrænt rit, heldur líklega komið frá þeim síðartöldu. Það yrði of langt að rekja það mál hér til hlýtar, en rannsókn þessi og samanburður eru nákvæm og skilmerkileg, og í öllum aðalatriðunum vel trúleg.

Í portúgölskum ritum má og finna stuðning þessarar skýringar á leiðangrinum. Eftir skjölum og eldri sagnaritum skýrir höfundurinn Antonio Cordeyro frá því í riti sínu **Historia Insulana** (prentað í Lissabon 1707), að þegar landstjóraembættið yfir Terceyra (einni af Azoreyjunum) hafi verið laust eftir lát Jacome de Bruge, hafi lent við eyjarnar tveir aðalsmenn, sem komu frá Harðfiskalandi (Terro do bacalho), en þeir höfðu farið þangað í erindum Portúgalskonungs til að finna það land. Annar þessara manna hét Joao Vaz Cortereale, hinn Alvaro Martins Homem. Eftir að hafa kynt sér eyjuna, féll þeim hún svo vel í geð, að þeir fóru aftur til Portúgals og sóttu um að fá hana til stjórnar sem laun fyrir afrek sín. Hinrik sæfari var þá látinn, en þeir fengu samt máli sínu framgengt, svo að eyjunni var skift milli þeirra. Skjölin um veitinguna eru ekta, og eru þau frá því snemma á árinu 1474. Ef nú þessir menn hafa verið með í ferð Pínings og Pothorsts, þá hefir ferðin átt sér stað 1472 eða 1473, fyrra ártalið nær sanni, því að aðalsmennirnir hafa þá komið heim til Portúgals 1473, og kemur árfærsla þeirrar ferðar mjög nálægt ferð Scolvus, sem sagt er að hafi verið gerð 1476, og mun hægt að skýra þann áramun; meðal annars getur það vel verið, að ferð Scolvus sé færð til ársins 1476, vegna þess að heimildin, sem höfundarnir, er um hana geta, hafa notað, hafi verið dagsett 1476, því að það er ekki ólíklegt, að þeir Cortereale og Homem hafi

varið nokkrum tíma eftir heimkomuna til þess að semja frásögn sína eða gefa hana út. Þó hafa þeir víst ekki farið hátt með uppgötvanir sínar eða árangurinn af ferðinni, því að ekki er óhugsandi, að þeir hafi haft það bak við eyrað, að þeir eða niðjar þeirra kynnu að sækja síðarmeir á þessar slóðir og ef til vill hafa eitthvað gagn af því. Annars er oft frásagnanna um þessar ferðir að leita í bréfum eða skýrslum sendiherra annara ríkja til stjórna sinna eða ættingja heima; svo var það t. d. um ferðir Cortereale hins yngra, að ítalskir sendiherrar í Lissabon skrifuðu um þær heim og eru þeirra bréf aðalheimildirnar, sem nú eru til um þær ferðir. Það getur verið, að nokkuð líkt hafi átt sér stað um þessa ferð, þó að nú séu þau gögn týnd.

Það sem Portúgalar sáu í þessari ferð hefir varla verið þannig, að það hafi ýtt undir þá að gera fleiri tilraunir í þessa átt, en það er ekki ósennilegt, að þegar um lok 15. aldarinnar fregnir bárust til Lissabon af ferðum Cabotanna, að við það hafi vaknað hjá Cortereale-ættinni metnaður að færa sér í nyt þá reynslu, sem þeir höfðu fengið í ferðinni með þeim Píning. Í maí 1500 veitti Manuel mikli Portúgalskonungur Gaspar Cortereale, syni þess áðurnefnda, víðtæk réttindi til eyja og meginlands, sem hann áður hafi varið mikilli fyrirhöfn og kostnaði til að finna. Mér finst orðalagið ekki alveg ljóst, en dr. Larsen leggur áherzlu á það, að það bendi til þess að hér sé ekki að ræða um nýjan landafund heldur endurfund. Og má vel vera að svo sé. En nú er það ekki kunnugt, að Gaspar hafi áður verið í landaleitum þar vestra. Kann því vera rétt til getið hjá dr. Larsen, að þetta eigi við það er fundið hefir verið í ferð þeirra Pínings. Gaspar Cortereale fór í leiðangur vestur það sumar og fann þar land, sem hann nefndi "Terra Verde" (Grænland), en ekki var það Grænland Íslendinga, heldur eitthvert land suður af Labrador. Þó er talið að hann hafi í þeirri ferð siglt norður með austurströnd Labradors og séð suðurodda Grænlands, sem hann hélt að væri oddi Asíu; varð hann að hverfa þar frá vegna ísa. Árið eftir fór hann enn vestur um haf með tvö skip, en mun þá hafa leitað miklu sunnar; úr þeirri för kom hann aldrei aftur, þótt hitt skipið kæmist með heilu og höldnu til Lissabon.

Hvar þeir Píning hafi komið að landi eða hve langt þeir hafi komist, er auðvitað ómögulegt að segja með vissu. Í sögunum um ferð þeirra, og ef við tökum með það, sem sagt er um Scolvus og Joao Vaz Cortereale, koma fyrir einungis þrjú nöfn: Hvítserkur (Píning og Pothorst) Labrador (Scolvus), Terra do bacalhao eða Harðfiskaland (Cortereale). Tvö síðustu nöfnin eru auðvitað yngri en ferð þeirra, en menn hafa eftir á sett þau í samband við ferðina, þegar þau nöfn urðu kunn. Sumir hafa reyndar haldið, að Harðfiskaland gæti átt við Ísland, en svo er víst ekki; það er á eldri tímum notað eingöngu um Newfoundland og þar í kring (Akadíu). Hvort sem þeir hafa komist svo langt, er varasamt að fullyrða nokkuð um. En til Grænlands hafa þeir komist, að minsta kosti til Hvítserks og lent þar og haft einhver kynni af Eskimóum. Heldur dr. Larsen helzt, að með Hvít-

serk í þessu sambandi sé átt við Kalerajuek á austurströnd Grænlands, enda þótt gamla nafnið Hvítserkur kunni að hafa verið annað. Hvað hins vegar sjómerkið eða kompásinn snerti, þá er ekki gott að vita, hvað það hafi átt að þýða. Varla getur það hafa verið til leiðbeiningar sæförum og sízt getur það hafa verið viðvörun gegn árásum Eskimóa á skip sjómanna, er þangað kynnu að koma. En nú vill svo til, að samskonar merkis er getið á 16. öld á Norðkap á Noregi, einmitt innan Varðhúsléns, sem sagt er, að Píning hafi fengið 1490. Hvort það merki stafaði frá honum, er ekki alveg víst, en samt er þetta skrítið samfall; úr því verður þó ekki ráðið.

Ef nú þessi tilgáta dr. Larsens er rétt, þá hefir ferð þeirra Pínings verið sú fyrsta, sem gerð var til þess að leita norðvestur-leiðarinnar til Asíu, og ef það er rétt, að þeir hafi komist til Labrador, þá er hér að ræða um hinn annan fund meginlands Ameríku.

III. Svalbarð.

Í íslenzku hefir einstöku sinnum verið notað á síðustu tímum nafnið Svalbarð fyrir Spitzbergen. Heyrt hefi eg og, að nú, síðan Norðmenn hafa fengið viðurkend yfirráð yfir því landi, hafi einhver stungið upp á því, að þeir skyldu taka upp nafnið Svalbarð fyrir Spitzbergen. Hvernig þeirri uppástungu hefir verið tekið eða hvort nokkur líkindi séu til, að breytt verði um nafn á landinu, veit eg ekki; það væri næsta hjákátlegt að gera það, því að hitt nafnið hefir verið svo lengi notað, enda er það alls ekki sannað, að Svalbarð hafi verið Spitzbergen. Skal eg hér í stuttu máli gera grein fyrir, hvað um það stendur í eldri ritum.

Samkvæmt íslenzkum annálum var Svalbarð eða Svalbarði fundið árið 1194, en þeir gefa engar frekari upplýsingar um það. Nafnið kemur og fyrir í kaflanum um siglingastefnur í Landnámu, og segir þar, að frá Langanesi á norðanverðu Íslandi sé fjögurra dægra haf norður til Svalbarða í Hafsbotn. Stefnurnar í þessum kafla eru ekki í samræmi við stefnur vorra tíma; þannig stendur, að siglt sé frá Reykjanesi til Jolduhlaups á Írlandi í suður, en það er í suðaustur; eins frá Stað í Noregi til Horns á Austfjörðum í vestur, en er í norðvestur; en þess ber að gæta, að fornmenn töldu norðrið liggja nokkuð til austurs og getur það víst valdið ruglingi. En fjarlægðirnar, eins og þær eru gefnar í kaflanum, eru í ósamræmi innbyrðis. Það er sagt, að það sé sjö dægra sigling frá Stað til Horns, fjögra frá Snæfellsnesi til Hvarfs á Grænlandi, og fimm frá Reykjanesi til Írlands. Í sjómílum eru þessar fjarlægðir 548 frá Noregi til Íslands, 612 frá Snæfellsnesi til Hvarfs (Kap Egede), 712 frá Íslandi til Írlands. Enda þótt leiðin frá Íslandi til Noregs sé styttri en frá Íslandi til Írlands og frá Íslandi til Grænlands, tekur þó ferðin lengri tíma. Það getur auðvitað leikið efi á því, hvað dægur þýði í þessu sambandi, hvort það sé 12 (eða 24) stundir, eða vegalengd samsvarandi 120 sjómílum (dægursigling). Ef við nú gerum ráð fyrir, að það þýði hér tímalengd, sem mun almennast, yrðu um 80 sjómílur í dægursigling frá Noregi til Íslands, 153 frá Íslandi til Grænlands og 144 milli Íslands og Írlands. Af þessu er auð-

velt að sjá, að samkvæmt þessum mælingum er hæpið að komast að nokkurri réttri niðurstöðu um það, hve langt Svalbarð liggi frá Íslandi að mílnatölu. Sé lína dregin í norður beint frá Langanesi snertir hún Grænland á austurströndinni langt fyrir norðan Scoresby-sund, en þar mundi að öllum jafnaði ómögulegt að lenda vegna ísa. Ef lína er hins vegar dregin frá Langanesi í norðaustur, yrði fyrst fyrir eyjan Jan Mayen í 288 sjómílna fjarlægð og því næst Spitzbergen 840 mílur í burtu frá Íslandi; dægursigling yrði þar 72 mílur til Jan Mayen og 210 til Spitzbergen, eftir því hvort þessara tveggja væri Svalbarð; en ef dægur þýddi viss vegalengd, eins og áður er vikið að, væri tvö og hálft dægur til Jan Mayen en sjö til Spitzbergen, og hvorugt kæmi vel heim við orð Landnámu[1]).

Svalbarðs-nafnið kemur annars ekki fyrir í öðrum sögulega áreiðanlegum ritum Íslendinga, en í skröksögum er þess getið, eins og t. d. í Samsonar sögu fagra, þar sem sagt er, að Svalbarð heiti land það er tengi saman Jötunheima og Grænlands-óbygðir. Í hinu latneska riti **Historia Norvegiæ**, sem skráð var í Noregi, er kafli, sem gæti átt við Svalbarðsfundinn. Þar segir, að fyrir austan norðurhluta Noregs búi ýmsar heiðnar þjóðir, Kirjálar og Kvænir, Hornfinnar og Bjarmaþjóðir tvær. Hvaða þjóðir búi handan við þessar kveðst höfundurinn ekki vita fyrir víst; þó sé það í mæli, að nokkrir sjómenn hafi ætlað að fara frá Íslandi til Noregs, en verið hraktir af stormi til þessara norðlægu landa, og hafi að lokum komið að landi, er liggur milli Grænlendinga og Bjarma; þar hafi þeir hitt risavaxið fólk og Meyjaland, þar sem konur verði barnshafandi, ef þær bragða vatn. Grænland sé aðskilið frá því landi af ísþöktum skerjum. Aðrar kynjasögur eru þar og frá þeim slóðum. En þrátt fyrir alt það rugl, er þó sögnin um hrakninginn trúleg og gæti vel átt við fund Svalbarðs, sem getið er í annálunum, ef ekki væri sá hængur á, að það er erfitt að segja, hvenær þetta rit hefir verið samið. Sumir halda, að það hafi verið skrifað litlu fyrir 1190, aðrir um 1220, og enn aðrir eftir 1264. Eg gæti bezt trúað, að það væri skrifað á öðrum tugi 13. aldar og þá gæti hrakningurinn átt við Svalbarðsfundinn.

Þá er að vita, hvort nafnið Hafsbotnar gæti gefið nokkra leiðbeiningu. Það bendir auðvitað til þess, að fornmenn hafi þá (um 1200) hugsað sér, að hafið fyrir norðan Ísland væri eiginlega feikna stór flói takmarkaður að vestan af Grænlandi og að austan af Skandínavíu. Þessa hugmynd hafa þeir líklega dregið af landafundum austur af Noregi. Snemma voru farnar ferðir norður um Noreg og þar austur með ströndinni alt til Hvítahafsins (Gandvíkur), og ef þeir hafa ekki farið lengra, þá hafa þeir samt séð, að landið hélt þar áfram til norðausturs. Sumir telja líklegt, að Norðmenn hafi jafnvel fundið Novaja Semlja. Og þegar þeir nú þektu Grænlands-óbygðir að vestan, hafa þeir ályktað, að þau lönd næðu saman einhversstaðar norðurfrá, og ef til vill hefir Svalbarðsfundurinn styrkt þá enn betur í þeirri trú. Þetta komst

1) Sbr. Fridtiof Nansen, **In Northern Mists**, II. bls. 170.

inn á kort miðaldanna, og þar er jafnan, frá því snemma á 15. öld, land, sem tengir norðurhluta skandinavíska skagans við Grænland. Þannig hefir þá myndast hugmyndin um Hafsbotn.

Leiti menn nú í norðurhöfum, að landi, sem gæti svarað til Svalbarðs, þá er eiginlega ekki völ á mörgu. Nafnið bendir auðsjáanlega á strönd meginlands en ekki eyju. Fyrir því getur Jan Mayen varla komið til greina; hafi fornmenn fundið hana, hefðu þeir sjálfsagt komist að raun um, að hún var eyja. Þeir Finnur Magnússon og Rafn hugðu, að átt væri við einhvern stað á austurströnd Grænlands[2]), og héldu menn víst við þá skoðun um hríð. En það er svo hæpið, að skip hafi getað komist að austurströndinni svo langt norðurfrá, að það er næsta ólíklegt, að þar hafi Svalbarð legið. Gustav Storm varð því einna fyrstur manna til að geta þess til, að Svalbarð væri Spitzbergen[3]). Og það er engan veginn ómögulegt. Að vísu er all-langt frá Íslandi þangað, en í miklu suðvestan roki hefði þó skip auðveldlega getað rekið svo langt norður eftir. Hafa flestir því í seinni tíð hallast að þessari skoðun, meðal annara dr. Friðþjófur Nansen, í hinni merku bók sinni um lönd og sjóferðir á Norðurlöndum á miðöldunum. En sannað verður þetta ekki, því virðist ekki rétt að breyta um nafnið.

2) Sbr. **Grönlands historiske Mindesmærker**, 1845, 3. bindi.

3) Sjá grein hans "Ginnungagap í Mythologien og Geografien", í **Arkiv för nordisk filologi** VI. 1890, bls. 340 ff.

Þrjú smákvæði.

Eftir **Guttorm J. Guttormsson.**

Dansinn.

Í danssal undir rafljóss og demants geislastaf,
Í dans þeir gengu strengjahljómi vaktir.
Svo hart þeir stigu dans, að þeim hurfu klæðin af,
Og hispurslaust þeir dönsuðu' allir naktir.

Svo léku þeir og dönsuðu út um allan heim,
Á öllum strætum, torgum, gatnamótum,

Svo hart þeir stigu dansinn, að höfuðin fuku af þeim,
Og heila sinn þeir tróðu undir fótum.

Og þar var enginn fótur, sem byrði sinni brást
Né það sér vægðar dansins löngu nætur,
En líkamirnir minkuðu' og lítið af þeim sást
Og loksins ekkert, nema stórir fætur.

Veiðin.

Eg hafði gæfunnar hindarför
Um hálfan mannsaldur rakið,
Með brýndan hníf og með odd og ör,
Um eyðiland skógi þakið, —
Þá var það eitt sinn, að eg heyrði hvin
Og hrís undir fótum brotið.
Eg heyrði gæfunnar hlaupadyn,
Hún hafði mig séð og þotið.

Eg rakti för hennar áfram enn
Um auðnina skógi þöktu.
Og þar kom eg að, sem aðrir menn
Á undan mér förin röktu.
Eg hugði' að ná í hold og bein
Sem hinir á undan farnir,
En svo varð eg loks sem lostinn stein,—
Hvað lá fyrir framan mig? Garnir.

Úr jarðnesku.

Að vekja aðdáun hinna háu
Með hálfri vísu, er unt þeim smáu.
En engum er fært í alheims ríki,
Að yrkja svo þeim heimsku líki.

Verðhækkun.

Eftir **Kjartan prófast Helgason**

Fátt er það, sem nú heyrist oftar minst á í daglegu tali, en ýms vandræði og misfellur á mannfélagsástandinu. Og það sem almenningur finnur mest til — af því að það er hendi næst — er verðhækkunin. Alt er að verða svo rándýrt, að varla er kaupandi. Þetta kveður við úr öllum áttum, að allir hlutir hafi hækkað í verði.

En er nú þetta satt? Hefir **alt** hækkað í verði?

Víst er um það, að **margt** er nú verðmeira en áður var. Vinnan orðin óvenjulega dýr. Flest handarvik verður að borga tvöföldu verði. Og sama er um matinn, fötin og aðrar nauðsynjar. Og skepnurnar bændanna; þá eru þær ekki gefnar. En hvað er um okkur sjálfa. Höfum við sjálfir hækkað í verði? Er fólkið að verða meira virði en áður hefir verið? Þetta þykir ef til vill undarleg spurning, og ekki auðvelt að svara, hvers virði **maðurinn sjálfur** sé. Við getum metið vinnuna hans til fjár, og við getum ef til vill reiknað út, hve mikið kosti að ala einhvern mann upp. En með því er ekki svarað, hvers virði hann sé.

Í fornöld var það ákveðið með lögum á Íslandi, hve mikla sekt skyldi gjalda fyrir mannsvíg. Maðurinn var metinn til verðs. En það verð fór eftir því, í hvaða stöðu maðurinn var, hvort hann var þræll eða frjáls maður. "Hundrað silfurs" voru full manngjöld á söguöldinni. En fyrir stórhöfðingja var stundum goldið meira. Höskuldur Hvítanessgoði var bættur þrennum manngjöldum, áður en sæzt yrði á víg hans, segir Njála. Hann var óvenju dýr maður. Og þó var það engin sönnun þess, hvers virði maðurinn var heldur öllu fremur hins, hve mikið þeir áttu undir sér, sem til eftirmáls voru eftir hann. En það fundu menn þá eins og nú, að í rauninni var ógerlegt að meta mannslífið til fjár. Og þess vegna þótti flestum lítilmannlegt að þiggja fébætur fyrir vandamenn sína er vegnir voru.

Þegar Hafliði Másson, höfðinginn húnvetnski á Sturlungaöldinni, varð fyrir áverka á Alþingi og misti einn fingur, þá var sæzt á það mál með því að honum voru greidd 80 hundruð í sárabætur. Enda varð þá einhverjum að orði þetta, sem síðan er haft að máltæki: "Dýr mundi Hafliði allur, ef svo skyldi hver limur".

Það kemur oft fyrir enn í dag, að meta verður skaðabætur fyrir áverka. Menn geta orðið fyrir vagni eða vél og mist við það hönd eða fót, eða fingur. Og þá kemur til kasta dómarans, að dæma skaðabætur fyrir. Hætt er við, að þótt við missum þannig einhvern lim, þá verði hann ekki metinn eins dýrt og fingurinn hans Hafliða Mássonar. En þó býst eg við, að þær skaðabætur yrðu nú metnar talsvert hærra, en fyrir mörgum árum. Svo að í því tilliti má kanske segja, að við höfum hækkað í verði, að það kosti nú meira að limlesta mann, en áður. Að

því leyti hefir líklega hver einasti maður hækkað í verði. Og það er að vísu ánægjulegt. En hitt væri enn ánægjulegra, ef við fyndum það með sjálfum okkur, að við værum að hækka í verði þannig, að manngildi okkar væri að aukast; ef ekki aðeins vinnan, sem við leysum af hendi, væri að verða meira virði, heldur og orðin, sem við tölum og hugsanirnar, sem við hugsum; og ef við værum smátt og smátt að verða meira virði fyrir mannfélagið.

Það er sjálfsagt hverjum vinnandi manni ánægja að vita vinnu sína nú í tvöföldu verði við það, sem áður var. En ánægjulegra væri, ef við gætum sagt um okkur, að orð okkar og loforð hefðu helmingi meira gildi en áður. því að þá væri sannarlega manngildi okkar meira.

Einu sinni var lestamaður austan úr sveitum staddur í Reykjavík, sem oftar; og hann var beðinn að koma við hjá manni í bænum til þess að taka bréf austur um leið og hann færi. Ferðamaðurinn játaði því. En honum varð tafsamt að búa sig af stað og varð síðbúinn. Og í vastrinu gleymdi hann bréfinu; mundi ekki eftir því fyr en hann var kominn góðan spöl upp úr bænum. Honum þótti ilt að hafa brugðist loforði sínu, og bað samferðamenn sína að taka af sér lestina meðan hann skryppi til baka eftir bréfinu. En þeim þótti það óþarfi og neituðu að bæta á sig lestinni hans. Hann varð því að halda áfram. Þegar þeir komu á áfangastað um kvöldið, flýtti hann sér að ganga frá farangri sínum og hestum og reið síðan ofan í bæinn aftur og vitjaði bréfsins. Þetta sýnist nú lítilræði. Og maðurinn vissi það ekki, hvort bréfið var neitt áríðandi. En **honum** var áríðandi að standa við orð sín. Hann virti sjálfur orð sín og loforð hátt. Já-ið, sem hann hafði kveðið við því að bera bréfið, var honum dýrt. Honum hefði fundist hann lækka í verði, ef það hefði reynst markleysa. Þegar hann lagði upp úr áfangastaðnum morguninn eftir, hefir hann að sjálfsögðu verið þreyttari og syfjaðri fyrir tiltæki sitt um nóttina. En manngildi hans var meira fyrir bragðið. Hann komst hjá þeirri niðurlægingu, sem í því er fólgin, að vita sig hafa lækkað í verði.

Eg minnist á þetta af því að mig langar til, að allir hugsi út í, hvað sannarlegt manngildi er, hugsi út í, hve dýrmætt er að vita manngildi sitt vera að vaxa, og hve ógurleg niðurlæging það væri, að vita sjálfan sig vera að falla í verði. Mér þætti dýrtíðin mikils verð, ef hún gæti mint menn á það, að meta dýrt orð sín og loforð, sannfæringu og samvizku. Í hvert sinn sem við heyrum talað um verðhækkun, ætti það að vera okkur hvöt til að keppa eftir auknu manngildi sjálfra okkar. Þegar einhver hlutur er seldur háu verði, þá hljótum við að krefjast þess, að hann **sé** einhvers virði, sé a. m. k. ósvikinn. Þegar vinna okkar er vel borguð, verðum við að gera þá kröfu til sjálfra okkar, að vinnan sé vel af hendi leyst. Það væri aumt, ef drengskapurinn einn væri lágt metinn, þegar alt annað hækkar í verði.

Ein af þeim lífsreglum, sem okkur hafa verið gefnar, er sú, að varast óþarfa eiða í daglegu tali. Flestir slíkir eiðar eru ljótur ósiður. Þó hefi eg heyrt getið um einn eið, sem mér finst til um. Eg hefi heyrt, að hann sé tíðkaður hjá Madyörum í Ungverja-

landi. Ef þeir eru rengdir um eitthvað eða tortrygðir, svo að þeir þykjast þurfa að hreinsa sig af því, eða fullyrða eitthvað sterklega, þá "sveia" þeir sér ekki "upp á það", eða bjóða hönd sína til staðfestu, heldur segja þeir aðeins: "Eg er Madyari". Það er þeirra hversdagslegi eiður, eða staðfesting orða sinna. Eg þekki lítið til þessarar þjóðar; veit ekki hve mikið gildi þessi eiður hefir. Það fer auðvitað eftir því, hvert manngildi þeirra er. En mér finst þetta fallegt orðtak. Sú hugsun liggur í því, að það sé ósæmilegt Madyara að segja ósatt eða að efna ekki orð sín. Það væri þjóðarsmán. En að svívirða þjóðerni sitt, það sé svo lúalegt, að slíkt sé engum manni ætlandi. — Gaman væri að eiga slíkan þjóðarmetnað. Gaman væri að þurfa ekki annað en að segja: "Eg er Íslendingur," til þess að enginn tryði manni til að gera sig sekan í ódrengskap, ósannindum, falsi eða flátskap. Það ætti að vera okkur á við dýran eið, að gera þessa yfirlýsingu: "Eg er Íslendingur".

Á öllum tímum hafa verið til menn, sem ekki meta dýrt sóma sinn né samvizku, óáreiðanlegir, svikulir, óráðvandir. Hvort minna er um þess konar ódygðir nú en áður, er ekki gott að fullyrða. Við heyrum enn getið um menn, sem selja sjálfa sig fyrir einhvern ávinning, selja sannfæringu sína, vinna sér til fjár með svikum eða ósannsögli. Eg býst við, að á þessum verðhækkunartímum láti menn ekki kaupa sig fyrir **eins lítið** og stundum áður. Enginn Júdas fengist nú fyrir 30 silfurpeninga til að vinna óðáðaverk. Júdasar þessara tíma láta sjálfsagt ekki bjóða sér minna en 3 þúsund eða 30 þúsund. Í þeim skilningi má því segja, að samvizkan sé dýrari en áður hafi hækkað í verði. En svo er þó ekki í raun og veru. Frá siðferðislegu sjónarmiði er það alveg sama, hvort maðurinn lætur sig falan fyrir 30 eða 30,000. Hann er jafn auðvirðilegur, hvort sem hann selur samvizku sína fyrir mikið eða lítið. Manngildi hans er jafn lítið, ef hann metur sóma sinn til fjár, hvort sem fjárhæðin er há eða lág.

Þegar við lesum Íslendingasögurnar gömlu, þá finnum við þar margt hroðalegt, grimd og hatur. En sjaldan er þar talað um regluleg níðingsverk. Yfirgangur og fégirnd var ekki óalgengt, en ódrengskapur fátíðari. Þó að forfeður okkar mettu mikils auð og völd, þá var þó drengskapurinn hærra metinn venjulega. Jafnvel á Sturlungatíð, hinni voðalegu spillingaröld, eimir talsvert eftir af þessari dygð.

Þegar þeir Gissur jarl og Þórður kakali börðust um völdin á Íslandi höfðu hvor um sig farið herskildi um heila landsfjórðunga og unnið mörg hryðjuverk, — þá urðu þeir loksins að leggja öll mál sín í konungsdóm. Hákon gamli Noregskonungur átti að dæma á milli þeirra, og þeir komu báðir á hans fund til þess að standa fyrir máli sínu. Þórður kakali var fyr látinn tala. Hann hélt langa ræðu, rakti sögu málsins og skýrði frá allri viðureign þeirra Gissurs. Síðan var Gissuri boðið til andsvara. En hann lýsir því yfir að mótstöðumaður sinn hafi skýrt hárrétt frá öllum málavöxtum. Gissur hafði enga athugasemd að gera við ræðu Þórðar; fann ekki, að hann hefði í nokkru hallað á sig, eða vikið frá sannleikanum.

Þetta mundi þykja einnkennileg málsfærsla nú á tímum. Og eg veit ekki, hvort lögmenn og málafærslumenn gætu lært slíkan málaflutning af nokkrum öðrum en Íslendingunum fornu. En þetta þykir ef til vill ekki þess vert að læra það, þykir ekki fyrirmynd. Það væri sjálfsagt ekki bezt atvinna, að flytja mál á þenna hátt.

En íhugunarvert er þetta dæmi. Einkum finst mér það merkilegt fyrir þá sök, að þar voru það ribbaldar og yfirgangsseggir, sem áttust við. En jafnvel hjá þeim var sannfæringin svo rík um það, hve ósæmilegt væri að halla réttu máli; það væri vesalmenska að vera ekki réttorður.

Mig langar til að ryfja upp með ykkur söguna af Ingjaldi í Hergilsey, sem sagt er frá í Gísla sögu Súrssonar. Oft hefir áður verið á hana minst. En það er aldrei of oft gert. Hún má ekki gleymast.

Gísli Súrsson hafði verið dæmdur sekur. Hann átti hvergi griðland. Enginn mátti veita honum bjargir. Og óvinir hans sóttu fast eftir lífi hans. Þá var það að Gísli flýði út í Hergilsey í Breiðafirði. Það er lítil ey, langt frá landi og langt frá öðrum bygðum eyjum. Þar gat Gísli leynst lengi, því að fáir komu þar; engir áttu þar leið um. Ingjaldur bóndi, er þar bjó, var fátækur maður og landseti Barkar digra. En Börkur var höfðingi og garpur mikill. Hann átti einna mestar sakir við Gísla. Gísli hafði vegið bróður hans.

Loksins kvisaðist það, hvar Gísli væri niðurkominn. Börkur gerir þá út skip með mörgum mönnum og siglir út í Hergilsey. Ingjaldur sá til ferða hans og þekti skipið. Með kænskubragði gat hann komið Gísla undan, en sjálfur tók hann á móti Berki, landsdrottni sínum, og ætlaði að verjast honum meðan hann gæti, til þess að tefja fyrir honum, meðan Gísli væri að komast sem lengst undan. Sagan segir frá samtali þeirra Barkar og Ingjalds þegar þeir fundust. Börkur krafðist þess að Ingjaldur seldi fram Gísla Súrsson, eða segði sér til hans. "Og ert þú mannhundur mikill," segir hann, "er þú hefir leynt bróðurbana mínum ok ert þó landseti minn; værir þú ills verður frá mér og maklegt að þú værir drepinn." Ingjaldur svaraði: "Eg hefi vond klæði, og hryggir mig ekki þótt eg slíti þeim ekki ger. Og fyr mun eg láta lífið en eg geri ekki Gísla alt það gott, sem eg má, og firri hann vandræðum."*)

Þetta svar gerði Börk ráðalausan. Alt vald hans var þarna komið í strand. Honum fanst hann eiga allskosta við þenna fátæka landseta sinn. Og Ingjaldur játar það líka, að hann geti tekið líf sitt og segist vera fús til að verða af með það. En hitt megnaði enginn máttur, að fá hann til að bregðast Gísla og vinna með því níðingsverk. Börkur átti ráð á lífi Ingjalds og vandamanna hans og öllum eignum hans, en yfir sannfæringu hans og samvizku hafði hann ekkert að segja. Þar var Ingjaldur algerlega óháður.

Það er gaman að horfa á þessa tvo menn, sem standa þarna andspænis hvor öðrum, höfðingjann ríka með mikinn liðsafla við hlið sér, og fátæklinginn í tötrum sínum einan síns liðs og stuðningslausan. En hvor var meira virði? Hvor var sterkari? — Börkur hefir sjálfsagt fundið talsvert

*) Tilvitnunin er gerð eftir minni.

til sín, það lýsir sér í orðum hans. En það finnum við öll, að hærra hefir Ingjaldur mátt meta manngildi sitt eftir þenna fund, heldur en hinn. Annar hækkaði í verði, hinn lækkaði.

Ef eg mætti vona, að dýrtíð sú og óöld, sem nú stendur yfir, hefði slíka verðhækkun í för með sér, — verðhækkun mannssálarinnar, — þá væri gaman að lifa, því að sú verðhækkun yrði þyngri á metunum en alt annað. Sögulesturinn á Íslandi hefir átt drjúgan þátt í því, að auka manngildi Íslendinga. Af líkum dæmum og þessu, sem eg nefndi, úr Gísla sögu Súrssonar, eru sögurnar okkar fullar. Þar er brugðið upp fyrir okkur hverri myndinni annari fegurri af sannri göfugmensku.

En nú bregður upp fyrir hugskotssjónum mínum annari mynd, gagnólíkri; mynd, sem eg sjálfur hefi séð.

Í ungdæmi mínu voru til flakkarar á Íslandi, ýmiskonar auðnuleysingjar, og stundum býsna einkennilegir. Einn af þeim, sem eg þekki, var alveg einstakur í sinni röð. Hann hét Jón Repp, eða er kunnastur undir því nafni. Hann hét reyndar Jón Jónsson. Hann var sveitungi minn, ættaður úr því bygðarlagi á Suðurlandi, sem í daglegu tali er kallað Hrepparnir. Jóni þessum þótti nafn sitt og föðurnafn heldur tilkomulítið og vildi hvorugt láta heyrast. Hann tók sér því ættarnafnið Repp, eftir sveitinni sinni. En honum var líka lítið um skírnarnafnið, vildi því ekki láta ávarpa sig Jón Repp, heldur aðeins: herra Repp. Hann var af góðu fólki kominn, myndarlegu bændafólki, en tók sig út úr frændliði sínu, þóttist of góður til að vinna venjulega sveitavinnu, og lagðist í flakk. Mest þótti honum varið í að umgangast ýmsa "heldri" menn í Reykjavík, sem drógu hann sundur í háði og æstu upp í honum hégómaskapinn, til þess að geta hlegið að honum. Þeir léðu honum eða gáfu honum uppgjafaföt af sér, sem einhverntíma höfðu verið fínustu spariföt. Og karlinn var ekki lítið upp með sér, þegar hann kom í þeim fötum heim í sveitina sína aftur. Þá vildi hann láta taka sér svo sem hann væri einhver velgerðamaður þjóðarinnar, eða stórhöfðingi, bjóða sér til stofu, og sitja marga daga í góðum fagnaði á helztu bæjunum. Eg man, hvað unglingum og gárungum var dillað, er þeir sáu hvernig Jóni Repp tókst að leika stórhöfðingjana í lafafrakkanum og með tilgerðarnafnið. Það var svo skoplegt að varla var unt að verjast hlátri. Allir fundu, hve þetta var lítilmannlegt, að keppa svo fast eftir því að sýnast annar en hann var, og heimskulegt að ímynda sér, að **nafnið** og **fötin** gætu vilt nokkrum manni sýn.

Íslenzkan er löngum orðheppin. Hún á smellið orð um slíka menn. Þeir eru kallaðir uppskafningar. Mér dettur altaf Jón Repp í hug, þegar eg heyri það orð nefnt.

Uppskafningar eru alstaðar til. Og þið verðið að fyrirgefa mér, þó eg segi ykkur, að eg hefi heyrt það nafn nefnt í sambandi við suma Vestur-Íslendinga. Eg hefi heyrt getið um menn, sem ekki eru alveg ólíkir Jóni Repp, menn, sem vilja helzt ekki kannast við ætterni sitt, vilja dylja þjóðerni sitt. Þeir breyta nöfnum sínum, ekki einungis föðurnafni, heldur einnig skírnarnafni, á einhvern þann veg, að

erfitt sé að heyra af hvaða rót það sé runnið, og reyna með öllu móti að skafa af sér þjóðareinkennin.

En eg get undireins huggað ykkur með því, að fáir slíkir uppskafningar hafa orðið á vegi mínum í vetur.

Þegar eg var lítill, hló eg að uppskafningshættinum, hafði þá ekki vit á að vorkenna hann. Nú mundi eg ekki hlæja að honum. Það er ein af hinum mörgu velgerðum guðs og manna við mig í vetur, að mér hefir verið hlíft við þeirri sorg, að kynnast íslenzku fólki, sem fyrirverður sig fyrir þjóðerni sitt. Eg segi ekki þar með, að það fólk sé ekki til, en eg vona að það sé fágætt.

Eg er þá ósjálfrátt farinn að tala um þjóðerni, frá því að tala um manngildi. Einhvernveginn minnir það tvent hvort á annað. Og finst ykkur ekki eins og mér, að fátt sýni fremur rýrðar-manngildi en það, að vilja ekki láta sjá hver hann er. Þau fötin sæma bezt, er sjálfur á. Þá eru lélegustu tötrar betri en flíkur að láni. Lánsfötin fara oftast illa og gera mann skoplegan, jafnvel þó að þau séu úr glæsilegu efni og með nýtízkusniði.

Okkur finst til um Madyarann, sem eg mintist á áðan. Honum verður það fyrst fyrir að **segja til þjóðernis síns**, þegar hann vill hafa mikið við.

Svo hugsa eg mér Íslendinga framtíðarinnar, hvar sem þeir eru niðurkomnir í víðri veröld. Eg sé í anda daglaunamann hér í borginni við vinnu sína, að einum eða tveimur mannsöldrum liðnum. Eg sé einhverja slást upp á hann með brígslyrðum; hann hafi t. d. brugðist þeim við síðustu kosningar; hann hafi sjálfsagt látið múta sér til þess. Maðurinn lítur upp. Eg sé drættina í andlitinu og glampann í bláu augunum, og eg kannast við hann þegar hann réttir úr sér og segir sér til varnar ekkert annað en þessi þrjú orð: **Eg er Íslendingur.** Og tign norræna andans ljómar af enni hans og augum.

Eg sagðist ekki hafa hitt marga landa hér vestra, sem skammast sín fyrir ætt sína og uppruna. Hitt er aftur á móti algengt, að þeir hafa enga trú á því, að geta varðveitt ættarmótið, og telja íslenzkuna og íslenzka þjóðernið dauðadæmt hér vestra. Ykkur mun flestum vera kunnugt um skoðanir mínar í því máli. Eg hefi ekki dregið dulur á þær í vetur. Eg hefi ekki séð nein dauðamerki önnur en þetta trúleysi, sem eg nefndi. Að öðru leyti finst mér andinn vera líkur og heima. Sami íslenzki andinn. Og hann mun lifa, því trúi eg. Eg trúi því, að íslenzkt þjóðerni lifi hér vestan hafs og verði til blessunar, fyrst og fremst ykkur sjálfum, til að viðhalda manngildi ykkar og auka það — til þess að þið hækkið í verði. Í öðru lagi til heilla þessu landi og þessari þjóð, sem þið nú heyrið til — því að hún þarf á **mönnum** að halda, en ekki uppskafningum. Og í þriðja lagi til blessunar og ánægju okkur heimalningunum á Íslandi; við tímum ekki að sjá af ykkur eða týna börnunum ykkar úr okkar fámenna hóp.

Þess vegna endurtek eg þá ósk, að íslenzki norræni andinn megi lifa hér í Vesturheimi. Og eg bæti því við: **Hann mun lifa!** Eg vildi að eg gæti hrópað það svo hátt, að hvert mannsbarn af íslenzku bergi brotið mætti heyra. Hann lifir! Það er síðasta orð mitt í þetta sinn.

Vordraumur.

Eftir **Þorskabít.**

Lofts þá breyting boðar vorsins anda,
bendir þráin heim til Íslandsstranda.
Ungdóms átthaganna
útilegumanna,
sem að búi hinumegin hranna.

Hvernig annars ættu þeir að gleyma
unun þeirri, er vorið birtir heima?
Alt, sem hugvíl hrekur,
hjartans rósemd vekur,
lífs þar drottinn dag hvern endurtekur.

Eg í hugans dvala læt mig dreyma
dalinn, þar sem fyr eg átti heima;
vors á kyrru kveldi,
klæddan gróðurfeldi,
logandi í aftanroðans eldi.

En hvað sé eg? Undramynda-smíði
alt í kring, með fegurð, list og prýði.
Langt, sem augað eygir
útsýnið er teygir,
birtast lífsins litir dásamlegir.

Fagurt er í frjóa dalsins skauti.
Fjöllin búin dýru sumarskrauti.
Silfurlindar líða
létt um barminn hlíða.
Grænir borðar beggja megin prýða.

Hamrabeltin brúnir jafnar mynda.
Bakvið lengra sést á hvassa tinda.
Upp í heiði hæsta,
— himnaríki næsta —
skín á mjallar skildi tignarglæsta.

Bergvatns-ár um eyrar sléttar streyma,
en í hylnum gyltir fiskar sveima.
Sjást í botni' á sandi
sílin óteljandi,
eins og séu' að synda á þurru landi.

Sumarfugla söngur fagurt ómar.
Samanstiltir berast undra hljómar
langt um loftsins ranna.
Lögin dýpstu spanna
sterkir tónar strengja hljóðfæranna.

Sauðfé hátt í hlíðum dreifist grænum.
Hóandi fer smalinn upp frá bænum.
Hópast hjörð um brekkur.
Hleypur á eftir Flekkur.
Undir neðsta stallinum er stekkur.

Lömbin ung þar leika sér um grundir.
— Lambæskan á sínar skemti-stundir. —
Gaman er að eiga
ánægjuna', og mega
sætar veigar sakleysisins teyga.

Væri' eg horfinn heim með barnslegt geðið,
hlegið gæti' eg, sungið þá og kveðið.
Faðmað, kyst og klappað.
Kátt sem barnið vappað,
hoppað, dansað, stokkið, velst og stappað.

Man eg enn þá mína ærsladaga.
Mín því fyrst þar byrjar æfisaga.
Alt er ljósaleikur,
lífs á meðan kveikur
brennur stilt og bagar enginn reykur.

Man eg vel á vetrarkvöldum öllum,
vinnu sína' er fólkið tók á pöllum.
Sérhver þá var seztur,
sögu og rímna lestur
flestum þótti fagnaðs-auki mestur.

Man eg ótal margt úr þessum sögum.
— Minni' er næmt og skýrt frá bernsku-dögum.—
Samt var sumt, er blekti.
Sumt þó eins og vekti
ímyndunarafl, sem fyr ei þekti.

Man eg kappa marga' og hrausta drengi.
Man eg risa, tröll og flagðamengi.
Man eg marga kellu
magna galdrabrellu.
Hettu, Skjaldvör, Hökk og Andramellu.

Man eg einnig mér hvað þótti gaman,
mensk þá hetja glímuþrótt með raman
skelti niður skessu.
Skemtun hafði' af þessu
betri en langri bæna'- og sálmamessu.

Ennþá man eg alt svo glögt er skeði
árin þau, er ríkti saklaus gleði.
Man eg alt, sem mætti.
Man eg alt sem grætti.
Man eg alt, sem meinin bætti' og kætti.

Man eg sumars morgundýrðarljóma.
Man eg alt, sem vakti gleðihljóma.
Alt, sem æskan dáði.
Alt, sem vonin spáði.
Alt, sem hjartað innilega þráði.

Man eg alt, sem ung mín sálin lærði.
Alt, sem blíðar tilfinningar nærði.
Bænamál og bögur.
Barnagullin fögur.
Ástarinnar æfintýrasögur.

Ættjörð mín! Þú mér ert kær sem áður.
Minninganna' ei slitinn verður þráður.
Alt að þakka' eg á þér.
Alt mitt bezta' er frá þér.
Alt er bjart, þá hugurinn er hjá þér.

Örlög grimm mig frá þér hröktu fyrrum.
Fanst þeim of gott mér að vera kyrrum.
Hugann fengu' ei fangað,
fer því löngum þangað,
sem hann altaf síðan hefir langað.

Gaman væri' að vera einu sinni
vors í blíðu heima' á ættjörðinni.
Hlíða' á svanahljóma.
Horfa' á kvöldin ljóma.
Finna ilminn angansætra blóma.

Kanske' eg fái, dauðans eftir dvala,
dularheims á vængjum þránni svala.
Líta laufga bala.
Leiktjöld æskusala.
— Guða-málverk móðurjarðar-dala.

Eiríkur Magnússon.

Eftir **Guðm. Árnason.**

—o—

Að flestra dómi mun það vel við eiga, að ársrit þjóðræknisfélags vors Vestur-Íslendinga flytji æfisögur sem flestra merkra Íslendinga, er dvalið hafa langvistum í öðrum löndum. Fyrst og fremst hafa þeir menn oft verið ættlandi sínu til hins mesta gagns og sóma, og í öðru lagi stendur það oss Vestur-Íslendingum næst að minnast þeirra,



Eiríkur Magnússon.

því að í vissum skilningi stöndum vér allir í þeirra sporum. Hvort sem vér afrekum mikið eða lítið, sem í minnum verður haft í framtíðinni, hlýtur það að einhverju leyti að tileinkast íslenzku þjóðinni. Sá sannleikur er deginum ljósari, að þjóðerni vort á mikinn þátt í hvað vér erum og verðum. Ágætismenn íslenzku þjóðarinnar, sem erlendis hafa lifað, hafa verið taldir Íslendingar og hafa verið íslenzkri þjóð til sæmdar. Það sem á við þá í þessu efni á eins við oss, þótt vér fæstir getum staðið þeim jafnfætis. Þeir eru oss fyrirmyndir og sönnun þess hvað Íslendingurinn í útlöndum getur unnið til gagns fyrir heimaþjóð sína og ættland.

Sá maður, sem hér um ræðir, átti óefað sæti meðal allra fremstu sona Íslands, sem erlendis hafa dvalið. Minningu hans verður haldið á lofti sem fræðimanns, er vann mikið og þarft verk í þágu íslenzkra bókmenta, og einnig sem Íslandsvinar. Þótt hann dveldi marga ártugi í öðru landi, var hann ávalt jafn einlægur og tryggur vinur föðurlands síns til dauðadags. Öllum þeim sem kyntust honum persónulega, mun ljúft að minnast hans, ekki sízt vegna þess, hversu hiklaust og drengilega föðurlandsást hans kom í ljós í hvert skifti og umræður hnigu að Íslandi og málefnum íslenzku þjóðarinnar.

Ef segja ætti æfisögu Eiríks Magnússonar ítarlega, yrði það langt mál. En bæði er það, að mig brestur kunnugleika til þess og svo mun rúm takmarkað í ársritinu; læt eg því nægja, að drepa á helztu æfiatriðin, en vildi hafa mannlýsinguna, eftir því sem hann kom mér fyrir sjónir við stutta viðkynningu, þeim mun fyllri.

Eiríkur Magnússon var fæddur á Berufjarðarströnd í Suður-Múlasýslu 1. febrúar 1833. Foreldar hans voru Magnús Bergsson prestur og Vilborg Eiríksdóttir. Hann ólst upp að Stöð í Stöðvarfirði, þar sem faðir hans var prestur, frá því hann var tveggja ára þar til hann var sextán ára. Fór hann þá í latínuskólann í Reykjavík og útskrifaðist úr honum 1856 með bezta vitnisburði. Eftir það var hann eitt ár kennari á Ísafirði. Árið 1857 giftist hann Sigríði Einarsdóttur Sæmundsen frá Brekkubæ í Reykjavík og sama ár byrjaði hann nám á prestaskólanum. Tveimur árum síðar útskrifaðist hann þaðan og gerðist sama ár skrifari hjá Vilhjálmi Finsen er var land- og bæjarfógeti í Reykjavík. Gengdi hann þeirri stöðu til 1862. Þá fór hann til Englands, til að aðstoða við útgáfu biblíunnar, er gefin var út á íslenzku af brezka og erlenda biblíufélaginu um þær mundir. Bjó hann í Lundúnumu af og til næstu níu ár, en ferðaðist þó mikið á þeim árum; dvaldi árlangt á Frakklandi, um tíma á Þýzkalandi og ferðaðist um ýms önnur lönd. 1871 var honum veitt bókavarðarstaða við háskólabókasafnið í Cambridge á Englandi. Bókavarðarembættinu gegndi hann til ársins 1909 er hann sagði því af sér. Auk bókavarðarembættisins hafði hann oftast nær á hendi kenslu í Íslenzku og öðrum Norðurlandamálum. Eftir að hann lagði það niður bjó hann í rambridge til dauðadags, 24. jan, 1913.

Upprunalega mun það ekki hafa verið tilgangur Eiríks og konu hans að ílendast á Englandi, þótt svo færi. En happ má það kalla fyrir íslenzku þjóðina, að hann komst þar í stöðu, sem veitti honum möguleika að iðka það starf, sem hann var bezt fallinn til: vísindalegar rannsóknir á sviði bókmentanna. Hann vann afarmikið að því að útbreiða þekkingu á íslenzkum bókmentum meðal fræðimanna í hinum enskumælandi heimi og lagði sig mjög niður við rannsóknir í þeirri grein. Gegnir það furðu, hversu miklu hann fékk afkastað í því efni, þótt hann væri stöðugt bundinn við skylduverk sitt í bókasafninu. Og ekki hefði honum hentað að vanrækja það, því aðalumsjónarmaður safnsins var því mótfallinn að Eiríki væri veitt staðan og hélt fram öðrum manni á móti honum. Eiríki var falin á hendur öll umsjón á norrænudeild bókasafnsins. Kom hann fljótt góðu skipulagi á hana, en áður hafði hún verið mjög vanrækt, og auðgaði hana stórum af bókum á Norðurlandamálum. Ritstörf hans voru aukaverk, en staðan var vel til þess fallin, að hann gæti gefið sig við þeim. Fáir eða engir, sem ekki hafa haft á hendi kennaraembætti í norrænni málfræði og bókmentum, munu hafa afkastað jafnmiklu og hann.

Ritstörf Eiríks voru aðallega í þýðingum og vísindalegum ritgerðum. Hann þýddi mestu kynstur af íslenzku á ensku og ritaði fjölda ritgerða, stuttar og langar um íslenzkar og norrænar bókmentir. Hér eru aðeins talin helztu rit hans. Við útgáfu sumra þeirra vann hann í félagi með öðrum, svo sem þeim George Powell og William Morris, listamanninum nafnkunna, sem var honum kærastur allra vina hans á Englandi, meðan báðir lifðu. Mest af verkinu mun samt hafa lent á Eiríki við þýðingu og útgáfu rita þeirra, er þessir menn studdu að .

Með því fyrsta, sem út kom eftir Eirík á ensku, voru ritgerðir tvær um rúnir. Voru þær árangurinn af rannsóknarferð, er hann fór um Norðurlönd til þess að rannsaka rúnasteina. Þar næst komu þýðingar af íslenzkum þjóðsögnum (Legends of Iceland) í tveimur bindum. Síðan komu út þýðingar af eftirfylgjandi Norðurlanda- og Íslendingasögum: Grettissögu, Völsungasögu, Friðþófssögu, Gunnlaugs sögu Ormstungu, Hænsaþórirssögu, Bandamannasögu, Eyrbyggju og fjögur bindi af Heimskringlu, með fjölda mörgum skýringum. Einnig þýðing af kvæðinu "Lilja". Af frumsömdum ritgerðum á ensku eftir hann eru þessar einkum merkilegar: "Odin's Horse, Yggdrasill", ný skýring á Eddusögunni um askinn, þ. e. tréð, sem menn héldu að Yggdrasils nafnið ætti við. Sýndi Eiríkur fram á, að Yggdrasill þýddi sama og hestur Óðins, Sleipnir. "Edda, its derivation and meaning". Færir hann í þeirri ritgerð rök fyrir því að Edda, nafn bókarinnar, sé dregið af bæjarnafninu Oddi. "Notes on shipbuilding in the North", mjög merkileg ritgerð, er skýrir frá skipabyggingum fornmanna. Er það þáttur úr menningarsögu mannkynsins, sem skýrir frá framförum í skipabyggingum og siglingum á Norðurlöndum.

Auk þessara ritgerða eru til fjölda margar aðrar eftir hann á ensku. Eru sumar fyrirlestrar, sem hann flutti í málfræðingafélaginu í Cambridge eða The Viking Club í Lundúnum. Var hann meðlimur beggja þessara félaga og flutti oft fyrirlestra í þeim.

Af enskum ritverkum þýddi Eiríkur á Íslenzku "The Pilgrim's Progress", skáldsöguna frægu eftir Bunyan, og "Storminn" (The Tempest) eftir Shakespeare. Úr sænsku þýddi hann allmikið á ensku eftir Runeberg, þar á meðal langt skáldverk, "King Fjalar", sem hann var að ljúka við seinustu árin er hann lifði. Sálminn alkunna, "Alt eins og blómstrið eina", þýddi hann á ensku. Hann ritaði fjölda blaðagreina, bæði á ensku og íslenzku, um ýms mál, sem snertu Ísland, svo sem bankamálið, þegar stofna átti banka á Íslandi, og fleiri. Hann tók mikinn þátt í enskum málum, og ávalt með brennandi áhuga. Áhuginn var honum eiginlegur; hann var heill og óskiftur í öllum málum, sem hann lét sig nokkru skifta, annað hvort með eða á móti.

Það var ekkert smáræðis verk, sem Eiríkur afkastaði á sviði íslenzkra og enskra bókmenta, en samt var starf hans fyrir Ísland engan veginn bundið við það. Eins og tekið hefir verið fram, lét hann sig mörg mál íslenzku þjóðarinnar miklu skifta, en bezt lýsti ást hans til Íslands sér í því, hversu vel og drengilega hann brást við, þegar íslenzku þjóðinni reið mest á að fá hjálp frá öðrum löndum. Árið 1875 var mesta vandræðaár á Austurlandi, sökum öskufalls. Safnaði Eiríkur þá á Bretlandi gjöfum, sem námu 45,000 króna og fór sjálfur með féð til Íslands og sá um útbýtingu þess. Aftur 1882, þegar harðindi gengu yfir alt land, safnaði hann samskotum, er urðu yfir 86,000 krónur. Komst hann þá í óvingan við nokkra helztu menn Íslands, sem af skammsýni rituðu á móti þessum samskotum í Lundúnablaðið Times, og töldu þau óþörf. Sárnaði Eiríki, sem von var, framkoma þessara manna, og eigi var hann búinn að gleyma henni nærri þrjátíu árum síð-

ar; enda lá við að hún spilti áliti hans eigi lítið á Englandi. Aftur fór hann til Íslands í þetta sinn og sá um útbýtingu gjafanna. Var honum þá haldið veglegt samsæti í Reykjavík og næsta ár sýndi danska stjórnin honum viðeigandi viðurkenningu með því að sæma hann heiðursmerki dannebrogsmanna. Það var og Eiríki að þakka, að Jóni Sigurðssyni kom hjálp, er hann þurfti hennar mest með, og gerði honum mögulegt að halda áfram starfi sínu í baráttunni fyrir sjálfstæði Íslands. Mun hjálpin til Jóns Sigurðsonar hafa komið með þeim hætti, að Eiríkur fékk enskan auðmannn, sem var Íslandi vinveittur, til að lána Jóni fé, svo um munaði.

Eg var svo heppinn að kynnast Eiríki nokkuð árið 1910. Dvaldi eg þá tveggja vikna tíma í Cambridge og var daglegur gestur á heimili hans. Það var ekki erfitt að kynnast honum, því hann tók öllum, sem að garði komu, með opnum örmum, einkum ef þeir voru Íslendingar. Var kona hans honum samtaka í því, enda var rausn þeirra og velvild við brugðið af öllum, sem heimsóttu þau.

Eiríkur var þá orðinn aldraður maður og heilsutæpur, en þrátt fyrir það bar hann sig vel og var síglaður og skemtilegur í viðmóti. Hann var allra manna háttprúðastur og ljúfmannnlegastur í framkomu, laus við yfirlæti og tilgerð, hreinskilinn og sagði blátt áfram meiningu sína, hvað sem bar á góma. Fáir menn, sem eg hefi þekt, hafa borið sálareinkenni sín í svipnum eins og hann. Svipurinn var einkennilega hreinn og djarfmannlegur, augun skýr, ennið hátt og höfðinglegt. Að vexti var hann meðalmaður, nokkuð feitlaginn á síðari árum, en líkamshreyfingarnar báru vott um að hann hefði verið léttur á fæti og fjörmaður hinn mesti á yngri árum. Yfirleitt var hann fríður maður og framúrskarandi aðlaðandi. Það var með hann eins og Browning segir um skáldið Shelley, að það að hitta hann og tala við hann var atburður, sem manni leið ekki fljótt úr minni. Í samræðum var hann gamansamur og fyndinn og gat verið meinyrtur í garð þeirra, sem honum gazt ekki vel að eða voru mótstöðumenn hans. En sanngjarn var hann þó í þeirra garð og fús á að viðurkenna það sem þeir höfðu til síns ágætis. Um vini sína talaði hann ávalt mjög hlýlega; en ósýnt var honum um að hlaða oflofi á menn, jafnvel þótt um beztu vini væri að ræða. Vel gat hann orðið heitur og kappsfullur, þegar einhver áhugamál hans komu til umræðu, sem oft var, því hann bar áhugamál sín stöðugt fyrir brjósti og hafði mikla ánægju af að ræða um þau. Smásaga ein, sem fyrrum alþingismaður, Jón Jónsson frá Sleðbrjót, hefir sagt mér af honum, lýsir vel áhuga hans og kappi, er hann ræddi um áhugamál sín við aðra. Þeir hittust eitt sinn, Jón og Eiríkur, á Hallfreðarstöðum hjá Páli Ólafssyni. Fóru þeir að ræða um bankamálið á Íslandi, sem var eitt af mestu áhugamálum Eiríks, og urðu ekki að öllu leyti samdóma um það. Mælti Eiríkur fast fram með sinni hlið málsins, og segir Jón, að hann hafi orðið svo heitur, að honum hafi hrokkið tár af augum. Fæstir menn mundu hafa rætt um slíkt mál með jafn mikilli tilfinningu. En það var einmitt eitt af einkennum Eiríks, að honum urðu öll

áhugamál að tilfinningamálum; þau voru honum heilög mál.

Eins og fram hefir verið tekið, var Eiríkur allra manna skemtilegastur í samræðum, en það var ekki aðeins fjörið og fyndnin, sem var orsök þess, heldur einnig þekking hans, sem var afar víðtæk og risti djúpt, ekki aðeins á hans sérstöku fræðigreinum, heldur í ótal mörgu. Hann reyndi ekki að sýna mentun sína, með því að tildra henni fram; til þess var hann alt of vel mentaður maður; en hún kom sjálfkrafa og eðlilega í ljós. Manni eins og honum var ómögulegt að tala við aðra án þess að fræða. Hann vissi af því, að hann átti óvenjulega mikinn þekkingarforða og til þess hafði hann líka fullan rétt. Það var einkum hin frábæra þekking hans á málfræði, sem kom í ljós í samræðum. Eitt einasta orð gat vakið athygli hans, og kom það þá fyrir, að hann skaut langri sögu um orðið, uppruna þess og þroska, inn í samræðuna, án þess að hún slitnaði við það. Hann hafði framúrskarandi gott lag á því að útskýra og leysa greiðlega úr öllum spurningum, og hefði hann eflaust orðið afbragðs kennari, ef kensla hefði verið aðalstarf hans. Það var sem hann myndi alt út í æsar, enda hafði hann lesið og unnið með athygli. Einn dag kom eg með honum í bókhlöðu háskólans. Sýndi hann mér þar meðal annars gríska handrit af nýja testamentinu, eða einhverjum hluta þess. Fletti hann upp í því á ýmsum stöðum og benti á mismun í orðlagi í því og öðrum handritum nýja testamentisins. Og svona var með alt er laut að sögulegum fræðum, tungumálum og bókmentum, hann var jafn vel heima í öllu. Tungumálaþekkingu hans var við brugðið. Eru það litlar ýkjur, sem sagt var um hann einu sinni, að hann gæti talað tólf tungumál í einu. Hann taladi, auk Íslenzkunnar og Enskunnar, öll Norðurlandamálin, Frönsku og Þýzku. Sænsku talaði hann alveg eins og innfæddur maður. Ítölsku og Spönsku hafði hann einnig lagt stund á. Fornmálin kunni hann ágætlega og auk þess Hebresku og nokkuð í Sanskrít.

Skoðanir sínar varði Eiríkur af kappi, þegar því var að skifta, og hætti honum ef til vill við, líkt og mörgum kappsmönnum, að gera fremur lítið úr skoðunum andstæðinga sinna. Komst hann stundum í snarpar ritdeilur og hélt máli sínu ávalt fram sleitulaust. Enginn þurfti að ætla sér, að fá hann til þess að fallast á það sem hann hafði ekki hugsað vel um sjálfur eða honum fanst miður sennilegt. Er til spaugleg saga um viðureign hans og trúboða nokkurs, vestur-íslenzks, sem kom til hans og vildi ræða við hann um trúmál, eða, réttara sagt, vildi boða honum trú sína. Manninum var boðið inn í lestrarherbergi Eiríks, sem var uppi á lofti, en kona Eiríks fór að sjá um góðgerðir handa honum. Eftir nokkra stund heyrir hún að Eiríkur og trúboðinn eru komnir í allharða deilu uppi á loftinu og smáharðnar deilan, þar til trúboðinn kemur í hendingskasti ofan stigann og stekkur út, án þess að kveðja. En Eiríkur stendur eftir uppi á loftinu og hrópar á eftir honum fá orð í fullri meiningu um það, hvert hann skuli fara. Hafði hann þá orðið afar reiður vegna þess að maðurinn ætlaði umsvifalaust og með talsverðri frekju að fá Eirík til þess að fallast á sínar skoðanir. Sagði frú Sigríður, að

hún myndi ekki til þess, að Eiríkur hefði í annað sinn vísað manni á dyr; enda munu fáir hafa orðið til þess að reyna að vaða ofan í hann með öfgum og ofstæki. Annars talaði Eiríkur mjög lítið um trúmál, nema þá frá sögulegu sjónarmiði. Hann tilheyrði engum trúmálaflokki og gekk aldrei, eða sjaldan í kirkju á síðari árum. En vel lágu honum orð til allra sem börðust fyrir víðsýni í trúmálum.

Öðru máli var að gegna með stjórnmálin; um þau talaði hann gjarnan. Hann krafðist eindregið fulls sjálfstæðis fyrir Ísland. Var það bæði hagsmunalegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði þjóðarinnar, sem hann bar fyrir brjósti. Hélt hann því fram, að Íslendingar væru svo bundnir Dönum í fjármálalegum efnum, að þeir gætu eigi orðið þeim óháðir í neinum skilningi, fyr en fjármál landsins væru komin í rétt horf. Alt sem hann ritaði um bankamál Íslands var bygt á þessari skoðun. Hagsmunalegt sjálfstæði var í hans augum sá hyrningarsteinn, sem alt annað sjálfstæði varð að grundvallast á. Í enskum stjórnmálum fylgdi hann frjálslynda flokknum og mat mikils hina miklu þjóðmálaskörunga Bretlands, sem barist höfðu fyrir þjóðfrelsi og á móti afturhaldi. Yfir höfuð var hann mjög frjálslyndur og víðsýnn í öllu er að mannfélagsmálum laut.

Hversdagslega var Eiríkur gleðimaður mikill á heimili sínu, og enginn dagur leið víst svo, væri hann annars á fótum, að hann gerði ekki heimafólki sínu eitthvað til skemtunar. Þau hjónin telfdu kotru á hverjum degi nokkra stund eftir miðdagsverð. Var mér sagt að það væri gamall siður, sem þau mjög sjaldan brygðu út af. Aðrar skemtanir voru helzt spil, samræður og skemtigöngur út á landsbygðina umhverfis Cambridge. Heimilislíf hans var mjög kyrlátt, þótt margir heimsæktu hann. Þegar eg kyntist honum voru þar, auk hjónanna, 2 frænkur frú Sigríðar, Sigríður Sigurðardóttir Gunnarssonar, systurdóttir hennar, og Sigríður Einarsdóttir, bróðurdóttir hennar. Höfðu þau boðið þeim til sín til dvalar og voru þeim sem foreldrar. Mörg önnur skyldmenni þeirra hjóna höfðu dvalið hjá þeim tímum saman, og einn bróðurson Eiríks, Magnús Magnússon, sem nú á heima í Bandaríkjunum, ólu þau upp. Gestir Eiríks voru einkum útlendingar sem til Cambridge komu. Íslendingar, sem komu til Englands, heimsóttu hann oft og fjölda margir aðrir. Var öllum tekið með einstakri alúð og var Eiríkur jafnan reiðubúinn að veita útlendingum alla þá aðstoð, sem hann gat, einkum ef þeir voru námsmenn. Var það þeim mikil hjálp, að hann gat talað við þá flesta á þeirra eigin tungu, og ekki var hætt við að þeim leiddist lífið meðan þeir voru í návist við hann. Á síðustu árum tók hann orðið lítinn þátt í félagslífinu, en marga góða vini átti hann í Cambridge, sem voru tíðir gestir hjá honum. Meðal þeirra voru Dr. Dutt, indverskur læknir búsettur í Cambridge og kona hans, sænsk að ætt; Farren málari og fjölskylda hans, gamlir vinir þeirra hjóna; prestur nokkur Kermode að nafni og kona hans; tvær systur, Kennedy að nafni, kennarar og kvenmentunarfrömuðir, og fleiri. Á sumrin dvaldi Eiríkur oft um tíma á Frakklandi hjá vini sínum, Hyde að nafni, enskum manni búsettum þar.

Oft ræddi Eiríkur um skáldskap.

Hafði hann lesið fjarskann allann af skáldverkum og kunni vel að meta gildi þeirra. Hann hafði mikla ánægju af að lesa upphátt fyrir aðra kvæði eftir uppáhaldsskáld sín og oft las hann fyrir heima fólk sitt sínar eigin þýðingar og annað er hann ritaði. Af útlendum skáldum mun hann hafa haldið mest upp á Runeberg, Byron, Heine og Swinburne og af íslenzkum skáldum held eg að Benedikt Gröndal, Steingrímur Thorsteinsson og Einar Benediktsson hafi verið honum kærastir. Gröndal var fornvinur hans og þeirra hjóna beggja. Áttu þau eigin handrit Gröndals af "Tólf álna langt og tvírætt kvæði", sem hann orti til frú Sigríðar, er hún var ung stúlka og gaf henni í afmælisgjöf. Handritið var vafið upp á kefli og var tólf álna eða tuttugu feta langt. Af íslenzkum skáldsagnahöfundum þótti honum mest varið í Jón Trausta. Það lætur að líkindum að maður, sem jafn mikið hafði lesið og jafn vel var kunnur bókmentum margra þjóða og ritaði þar að auki mjög hreint og fagurt mál sjálfur, hafi haft vit á að dæma um skáldskap. Í hans augum var skáldskapurinn list, sem er næstum of háleit og fögur til þess að vera gerð að búningi nokkurra hversdags hugsana. Fór hann ómjúkum orðum um sumt, sem kallast skáldskapur, en sem honum fanst lítið hafa að geyma af því sem gefur verulegum skáldskap ævarandi gildi.

Þrátt fyrir það þótt Eiríkur væri búinn að vera nær 50 ár á Englandi, var hann þaulkunnugur öllu sem var að gerast á Íslandi og fylgdist nákvæmlega með flestum málum þar. Hann var Íslendingur fyrst og seinast. Vel kunni hann við sig á Englandi og ekki fýsti hann að flytja til Íslands, þótt hann ynni landinu. Fanst honum að sumir þar heima hefðu eigi skilið sumar tillögur sínar um landsmál sem bezt og eigi viljað unna sér sannmælis. Var honum fremur þungt í skapi til þeirra manna, en var þó fús til sátta við mótstöðumenn sína, því hann var allra manna göfuglyndastur. Á Englandi naut hann virðingar og vináttu fjölda margra ágætismanna. Hann var viðurkendur sem fræðimaður, og sýndi háskólinn í Cambridge honum þá virðingu að veita honum meistara nafnbót. Margir, sem vildu nema íslenzku og kynnast íslenzkum bókmentum, leituðu til hans og kendi hann mörgum. Þegar hann sagði af sér bókavarðarembættinu, er hann gat ekki gegnt því lengur, sökum lasleika, voru honum veitt eftirlaun, sem nægðu honum meðan hann lifði.

Frú Sigríður kona Eiríks, var stórmerk kona. Hún var honum samhent í því að gera heimilið skemtilegt og aðlaðandi. Var hún rausnar kona og vildi láta alt vera sem myndarlegast er til hennar kasta kom. Hún var dugnaðarkona með afbrigðum og fór í löng og erfið ferðalög fram á síðustu ár. Um eitt skeið lét hún sér mjög umhugað um mentun kvenna á Íslandi og átti góðan þátt í að þar var stofnaður kvennaskóli, þótt aðrir fengju mestan heiðurinn af því. Einnig var hún ópreytandi í því að útbreiða þekkingu á Íslandi og íslenzkum handiðnaði á Englandi og víðar. Fór hún til Ameríku og dvaldi þar lengi, flutti fyrirlestra um Ísland og vakti athygli fólks á því. Hún tók drjúgan þátt í kvennfrelsismálinu og ýmsum öðrum framfaramálum og vann að öllu, sem hún tók

sér fyrir hendur, með mesta áhuga og elju. Ýmsir urðu til þess að veita tilraunum hennar eftirtekt og sýna henni viðurkenningu, þar á meðal Victoría drotning, sem sendi henni ljósmynd af sér með eiginhandar kveðju. Því miður voru sumir Íslendingar heima því mótfallnir, að hún sýndi íslenzka muni í öðrum löndum, og gerði einn íslenzkur blaðamaður mjög óverðskuldaða árás á hana fyrir það. En langt er orðið síðan, og væri slíkt þröngsýni næstum óhugsandi nú á dögum.

Frú Sigríður lifði þrjú ár eftir dauða manns síns. Fluttist hún til Danmerkur og dó þar. Var hún orðin farin að heilsu, enda var hún komin á háan aldur. Systurdóttir hennar, sem áður er nefnd, var hjá henni þangað til hún dó.

Þrjú kvæði.

Eftir **Jakobínu Johnson.**

Íslenzk arfleifð.

Þú ástkæra land minna áa,
umgirt af hafinu bláa,
með kórónu jökla, sem byrgja' inni bál,
þín hugðnæmu ljóðin mig hylla
og hjarta mitt eldmóði fylla.
— Þau eru þín ódauðleg sál.

Það faðir minn forðum mér kendi,
og fast það í sál mína brendi
með kærleikans eldi' er í augum hans skein:
"Ef varðveitir arfleifð þíns anda,
þér ekkert í heimi má granda, —
— og dauðinn er dagrenning ein."

Mig langar. —

Mig langar að ferðast með vorljúfum vind,
— því vorloftið heillar mig brott:
Að leika' upp um hóla eins létt eins og hind,
og langhelzt að klifra' einhvern fjalla tind,
þar ei kendi áhyggju vott.

Eins vildi' eg setjast í sólgylta hlíð
og safna' að mér smá-barna fjöld.
Og kveða þeim kvæði um fiðrildin fríð,
og fjörugar sögur um álfheima-lýð.
— Og hugsa' ekki heim fyrir kvöld.

— — — — — — — —

Svo nálægðist hljóðlega' 'in hugþekka nótt
með hjúp sinn um skóga og grund;
og stórborgin andaði höfugt, en hljótt,
í hlíðunum náttljósin blikuðu skjótt —
— þá hneigði eg höfuð í blund. —

Samlokan.

Eg gekk fram með sjónum eitt sumardagskvöld,
— sólin var hnígin og golan var köld; —
eg sá þar að flóðaldan flutt hafði' á land
fjölmargar skeljar og barið í sand.

Eg tók eina samloku, samfelda vel,
og sýndist að þar mundi fiskur í skel.
Þá heyrðist mér rödd, eins og hverfandi lag:
"Þér hafið víst gengið í kirkju í dag,

og heyrt þar: ef skipsflaki skolar að strönd,
hve skyldan er auðsæ að rétta fram hönd.
— Æ, gætið þess betur, og gerið svo vel,
grandið ei dálitlum fiski í skel."

Eg færði' hann að sjónum. "Æ, flóðalda mín,
flyt þú hann aftur í heimkynni sín."
— Því fegin í huga eg fagna með þeim,
Sem finnur þann stað, er hann nefnt getur heim.

Tvær sögur.

Eftir **Arnrúnu frá Felli.**

Amma mín góð.

Þóranna í Kjartanshúsi sat og prjónaði — prjónaði af svo miklu kappi, að ekki sáust prjónaskil. Það var engin furða, þó hún væri alment kölluð "Prjóna-Nanna", því fáar eða engar stóðu henni á sporði. — Og svo hafði hún alið aldur sinn á Sandfirði.

"Tvær skotthúfur, tvær og fimtíu; tvær hyrnur, fimm hvor; einir fingravetlingar. — Hver er nú að koma upp stigann? — Þrjú pör af sjóvetlingum. — Kom inn!"

"Komi hún blessuð! Verst hvað eg ber mikinn snjó inn. En þú veizt hvernig færðin er á kattarhryggnum milli Glundroðans og Gummabúðarinnar. — Þakka þér fyrir! Eg ætla að stappa svolítið betur af mér. — Blessuð er hlýjan. Mikið hefir hann kakkað niður af snjónum undanfarið," sagði Geirfinna Davíðskona, um leið og hún settist fyrir framan ofninn.

"Taktu af þér hettuklútinn og sjalið, Geirfinna. Sestu á sófann og láttu fara vel um þig.." Þóranna ýtti gleraugunum framar á nefið, og hélt svo áfram að prjóna.

"Það fer vel um mig hérna, elska. Eg ber bleytu inn á skinngæruna, sem frúin að sunnan skenkti þér. Eg vildi að einhver vildi hugsa svo hlýtt til mín, þá þyrfti eg ekki að taka svona út af fótakulda eins og eg geri. — En eg held að fólk muni nú ekki eftir fátæklingum eins og henni Finnu minni."

"Ekki munu detta af því gullhringirnir, gæruskinns,greyinu, þó þú stígir á það, Geirfinna sæl. — En hvað segirðu annars í fréttum?"

"Alt heldur tíðindalítið núna í harðindunum — án þess eg viti það þó. Eg fer aldrei neitt, og enginn segir mér neitt — fólk er ekki að heimsækja kotunga eins og mig. — Eg fæ ekki heimsóknir af heldri frúm, eins og Villi volaði og Jón með nebbann. Eg geri ráð fyrir að þær rati ekki ofan í Rúnkakot, þessar fínu kvenfélags-dömur; minsta kosti lenda ekki aurarnir þeirra ofan í börnunum mínum. — Nei, eg segi ekkert í fréttum. Þú hefir auðvitað heyrt um drabbið í Holgeiri konsúls? — Nei, er það nú satt? — Það er þó á hvers manns vörum. — Eilíft fyllirí og "Bridge-parti" — rétt að eg kann að nefna það. — Maður talar nú ekki um allar sögurnar um stúlkur, sem —"

"Oft verður góður hestur úr göldum fola," sagði Þóranna hæglætislega um leið og hún mældi sokkinn.— "Þú drekkur kaffisopa hjá mér — eg held eg hafi dálítinn jólakökubita, ef eg leita vel."

"Það er nú mesti óþarfi — eg vil ekki láta þig vera að hafa fyrir því elska; eg kom ekki til að snýkja."

"Það er engin fyrirhöfn, Finna. Eg á heitt á könnunni." — Hún tók hattinn af ofninum. — "Það verður enga stund."

"Ætíð er gestrisnin þín eins, Þóranna mín. Eg segi það líka oft við fólk, að þú eigir ekki víða þinn líka — og Davíð minn segir í sama máta. Dæmalaust er þetta góð jólakaka, þó hún sé farin að þorna. — Hvernig ferðu að hita kaffi án þess að það komi upphitunarbragð að því. Eg gæti ekki fundið það, ef eg hefði ekki séð þig láta könnuna á ofninn til að snerpa á henni. — Eg þarf ekki að ætla mér að narra hann Davíð minn, hann finnur það strax og hrópar: "Kona! Þetta er upphitað!" — svo sem hann ákveður, ekki sens. — Hann er nú uppástæðilegur eins og allir, sem hafa verið á skipunum hans skipper Berg. — Nú fara þeir að róa bráðum; Davíð minn segir að þeir muni ekki þurfa að keyra langt eftir fiskinum núna, hann reki upp að landinu — norðan-garrinn. — Þú gefur ekki eftir henni móður þinni sælu með gestrisnina, — heldur ekki með iðjusemina. — Skárri er það nú bunkinn, sem þú ert búin að prjóna. Eg vildi að mín kona hefði slíka heilsu. Hvað ætlarðu annars að gera við alt þetta prjónles, ljúfan mín?"

"Selja það," svaraði Þóranna um leið og hún tók upp lykkju.

"Selja það! Gamla konan. Það er svei mér hyggilega gert." — Það hýrnaði yfir Geirfinnu. — "Þú vildir kanske selja mér eitthvað af því — mér sýnist þú hafa þarna nokkur pör af sjóvetlingum. Davíð minn fer að fara, þegar gefur. Eg býst við að þér sé sama, hverjum þú selur það, úr því þú selur það á annað borð."

"Því ekki það. Eg get alveg eins selt þér það eins og að láta það í Gummabúð. Stúlkan þar hefir selt fyrir mig hyrnur og húfur undanfarið. Eg var að hugsa um að fara ofan eftir á morgun. — Gerðu svo vel, eg hefi hérna þrjú pör — parið kostar —"

"Því miður get eg ekki borgað það eins og er — Þú veizt hvernig það er að pressa peninga út úr konsúlnum, um þetta leyti, — og þetta skitirí sem við fáum af bænum, er rétt fyrir brauði og húsaleigu. En eg skal ekki draga að borga þér það, þegar Davíð minn leggur inn fiskinn. — Hver veit nema eg geti látið þig fá lóu í soðið, svona í kaupbæti. Davíð minn er svo fiskinn. Strákarnir stríða honum á því, segja að hann sé víst í meira lagi — þú skilur! — Ha! ha! — Nei maður þarf ekki að óttast fiskileysi eftir þetta norðankast— fiskinn drífur upp að landinu."

Þóranna stundi lágt um leið og hún lagaði á sér gleraugun. — "Svona fóru þessar krónurnar," hugsaði hún. — "Í aðra átt en eg ætlaði. — Þá það — þá það."

"Eg held mér sé gott að fara að hypja mig heim; eg veit ekki hvað hann Davíð minn segir, ef maturinn er ekki til þegar hann kemur heim. — Guðlaun fyrir góðgerðirnar."

Þóranna settist við gluggann — ýtti gleraugunum lengra upp á nefið, og hélt svo áfram að prjóna með sama ákafanum. — "Undarleg breyting, er orðið hafði á Finnu síðustu tíu árin — síðan Davíð lá í lungnabólgunni,

og þau urðu að fá sveitarstyrkinn. — Alveg orðin kærulaus, hvernig hún fékk hlutina. — Farin að tala svo leiðinlega um fólk — hún, sem hafði verið svo frábærlega orðvör. — Ef til vill hefðu þau ekki farið á sveitina.— Það var annars undarlegt, hvernig flestir urðu, sem fengu sveitarstyrk. Slæmt að geta ekki fundið annað fyrirkomulag. — Hver var nú að rjála við hurðina?"

Hún opnaði hurðina og leit fram. — "Komdu inn, rýjan mín." Hún kipti Bjarnasínu Villa volaða inn fyrir hurðina. — "Hvaða ósköp ertu kuldaleg, skinnið mitt. Tyltu þér við ofninn og verndu þig."

Sína settist við ofninn, og lagði bláraudar kuldapollahendurnar utan um kaffikönnuna. Hún var föl og veikluleg, ekki stærri en átta ára barn, þó hún hefði þrettán vetur að baki sér.

"Hvernig líður heima hjá þér, tötrið mitt?"

"Sami aumingjaskapurinn. Gummi hefir kuldapolla á öllum tánum; Stína með þetta gamla hné-sár, sem aldrei ætlar að gróa; Solla með innantöku; mamma ósköp slæm í taugunum, og pabbi með gigt eins og vant er." — Hún einblíndi á jólaköku-sneiðina, sem Geirfinna hafði leift. Þóranna sá augnaráð hennar, rétti henni sneiðina, helti í kaffibolla og sagði henni að svolgra það í sig.

"Mamma beiddi fjarska vel að heilsa þér," sagði Sína um leið og hún blés á kaffið. — "Eg var nærri búin að éta ofan á kveðjuna."

"Bless'ana," svaraði Þóranna og stak hnyklinum í handarkrikann.

Stína ræskti sig: "Þú hefir vænti eg ekki skotthúfu til sölu?"

"Selja!" hugsaði Þóranna. Það var auðvitað, hvað það þýddi, þar sem Villa volaða fólkið átti hlut að máli — í beinan karllegg komið af beiningamönnum.

"Það á að jarða ömmu heitina á fimtudaginn kemur." — Sína sleikti af fingrunum og setti bollann á borðið. — "Húfan hennar mömmu er græn og melétin — eg er hérna með aura fyrir húfu, ef ske kynni að þú hefðir eina, sem ekki væri mjög fjarska lítil."

Þóranna varð svo hissa, að hún misti lausaprjóninn á gólfið. — "Eg hefi eina hérna, sem eg held að passi."

"Hún kostar krónu tuttugu og fimm. Sigga í Gummabúð sagði mömmu það." — Sína seildist ofan í vasa sinn, dró upp óhreina tusku, sem einhverntíma hafði verið vasaklútur Það var hnúður á einu horninu.

Þóranna reif fjórðapart af "Sandfjarðartíðindum, vafði utan um húfuna og fékk henni.

Sína leysti klútshornið, tók tvo tíeyringa og einn fimmeyring og rétti að Þórönnu.

"Mamma bað þig að líða sig um það, sem á vantar. Hún sagðist skyldi alveg áreiðanlega borga þér það eftir miðsvetrarferðina. Pabbi bryngjar altaf úti í skipin þegar þau koma, eins og þú veist. Og svo beiddi hún mig að spyrja þig að, hvort þú gætir ekki lánað sér eina kaffi-hitu, og duggunar litla körtu af rót. — Pabbi ætlar að reyna að krýja pund út úr konsúlnum á morgun. — Hún sagðist skyldi —"

"Því ekki það!" hugsaði Þóranna meðan hún tók til það, sem um var beðið. — "Þú þarft ekki að skila því aftur — segðu mömmu þinni það."

"Guð-laun fyrir, blíðan mín. — Mamma segir líka að þú sért einstök manneskja."

"Einmitt það," svaraði Þóranna um leið og hún lét aftur hurðina.

"Jæja, jæja," sagði Þóranna hálfhátt. "Þá það. Ekki er vert að ergja sig meira út af því. — Það er víst eins gott að fara að leggja í ofninn piltanna. — Formennirnir á "Sunnanfara" og "Vestanfara" — bátum sýsluskrifarans — leigðu hjá henni. Hún átti sem sé húsið. — Niðri bjuggu Hannes og Jófríður. Hann var utanbúðarmaður hjá konsúlnum.

Það fór að skíðloga í ofninum. — Hún heyrði að einhver kom upp stigann — byrjaði að undra sig á því, hvað piltarnir kæmu snemma.

"Enginn heima?'

"Æ! Nýja Sigurðar." Hún opnaði hvatlega hurðina.

"Komi hún blessuð — blessuð veri hún," sagði Eirný og kysti hana. — "Eg hélt þú værir ekki heima. Þú hefir verið að hugsa um piltana þína," bætti hún við hlæjandi um leið og hún dustaði pilsin.

"Nema hvað! — Komdu inn, góða, eg hefi heitt á könnunni."

"Heyri sagt að piltarnir þínir ætli að fara að gifta sig?" Eirný hagræddi sér í stólnum.

"Við hverju er að búast; báðir opinberlega trúlofaðir."

"Manni helst ekki lengi á drengjunum sínum nú á dögum; einkum ef þeir eru formenn, eða hafa von um að verða togaraskipstjórar. — Báðir drengirnir mínir eru stýrimenn í Reykjavík og báðir giftir — allra indælustu konum. Því var stungið að mér að Samúel minn væri á leiðinni að gera mig að kerlingu, blessaður. — Eg er að hugsa um að fara til Víkur með miðsvetrarferðinni."

"Þú ert ef til vill að hugsa um að setjast að fyrir sunnan?"

"Setjast að í Reykjavík? Nei! Ekki hún Nýja mín. — Á Sandfirði er eg fædd, á Sandfirði hefi eg lifað mitt fegursta, og á Sandfirði vil eg fá að bera beinin. Eg lét þá hafa bil á milli leiðanna hans Sigurðar sáluga og hans Palla litla, sem eg misti úr barnaveikinni — mig langar til að fá að hvíla mig á milli þeirra." Eirný snýtti sér og leit út um gluggann. — "En eg er ekki tilbúin," bætti hún við hálfbrosandi. — "Eg er ung ennþá, og yngri verð eg, þegar eg hampa sonar-syninum eða dótturinni. — Þú mátt ekki hlæja að mér, Þóranna; eg brenn af óþolinmæði eftir að heyra hann eða hana segja: "Amma; amma mín góð!" — Mér finst eg vera að minsta kosti tuttugu árum yngri síðan eg frétti það."

"Amma; amma mín góð!" hugsaði Þóranna um leið og hún setti tvo hrokaða kökudiska á borðið. — "Hvað ertu annars gömul — eg ætti líklega að segja ung — Nýja?"

"Hvað er þetta, manneskja! Ertu virkilega búin að gleyma, að við vorum fermdar saman hérna í kirkjunni? — Fimtíu og fimm og fjórum mánuðum betur. Illa á ár komin — sótt um leyfi. — Manstu það virkilega ekki?"

"Æ! Þarna sérðu hvað eg er gömul. — Manstu að gamli prófasturinn sneri sér undan og tók í nefið, meðan hann beið eftir svari, hjá öllum nema þér; þú varst ætíð svo fljót til svars?"

"Eg held nú það! — Mér hefir ætíð

verið vel til þín, síðan við gengum til spurninganna."

"Eg gleymi því aldrei, hvað þú varst mér góð, þegar hún mamma sáluga lá banaleguna," svaraði Þóranna um leið og hún hristi úr skúffunni ofan í könnuna.

"Mig hefir oft langað til að segja þér það, hvers vegna mér er svo vel við þig síðan — þú trúir því kanske ekki — en það var af því þú stríddir mér aldrei á Sigga í Gunnhildarbæ. Allar hinar stelpurnar — fermingarsystur okkar — gerðu það."

"Á honum Sigurði sáluga manninum þínum?"

"Já, auðvitað. Þig hefir líklega aldrei grunað það, að eg trúlofaðist þegar eg var fimtán ára? — Nei, eg hélt það. — Það er svo langt síðan, að eg get vel sagt þér, hvernig það gekk til. — Við gengum hérna út með hlíðinni, fagurt vorkvöld. Það var vorið eftir við fermdumst. Við töluðum fátt — þú manst að Sigurður sálugi var ekki margmáll. — Þegar við komum út að Gideonskoti — þar sem rústirnar eru núna — fór hann út af götunni og sneri upp til fjallsins. — "Hvert ætlarðu?" spurði eg — "við verðum að flýta okkur heim; annars verður undrast um okkur." En hann svaraði ekki, heldur tók þegjandi um hönd mína og hálfleiddi mig — þú manst það er á fótinn. — "Heyrðu! Hvað ætlarðu að gera upp í fjall?"

"Eg ætla að sýna þér lambagrasþúfu, sem eg fann í gær."

"Eg veit ekki, hvernig á því stóð; eg fékk dynjandi hjartslátt."

"Hérna er hún! Er hún ekki falleg?" spurði hann og horfði á hárið á mér. — "Og ilmurinn, fyndu!" Hann grúfði sig niður, svo varir hans snertu hálf-útsprungin lambagrösin. — "Fyndu!" endurtók hann. Eg lagðist á knén og dró að mér vorilminn. Þegar eg leit upp mættust augu okkar, og vissan um að það yrði aðeins eitt, sem aðskildi okkur, sendi blóðið upp í kinnarnar á mér. — Viltu ekki kveikja, Nanna mín?"

"Fyrirgefðu, hvað eg helti fullan bollann; eg er eitthvað svo skjálfhent."

"Ekki fer þér aftur með kleinugerðina. Hvergi fæ eg aðrar eins kleinur eða vöflur, eins og hjá þér. — Hvað eg vildi segja en ekki þegja: Hefirðu nokkurntíma prjónað langsjal?"

"Langsjal! Nei."

"Nú eru hyrnurnar að detta úr sögunni og langsjölin að verða tízka."

"Eg hefi heyrt svo sagt. — Þó hefi eg selt fjórar hyrnur í vetur, og er nýbúin að prjóna tvær, sem eg hefi von um að selja. Minsta kosti hélt Sigga í Gummabúð það, — einar þrjár spurt um hyrnur eftir að hún seldi þá síðustu."

"Á eg annars ekki að kenna þér að prjóna langsjal? Eg er hérna með eitt hálfprjónað. Þú verður ekki lengi að læra það ef eg þekki þig rétt."

— — —

"Það var eins og eg hélt, þú varst ekki lengi að læra það. — Nei! Er orðið svona framorðið — nærri kominn fundartími. Eg er varatemplar, og reyni ætíð að koma áður en fundur er settur. — Það er víst ekki til neins að nefna það, að fá þig í stúkuna? Eg er búin að gera það svo oft, en: "Eg skal aldrei, aldrei, aldrei gefast upp, nei, nei,". — Hver veit!"

segirðu! Þetta hefi eg komist næst loforði hjá þér. — Nei, nei, eg skil það. Við höfum aldrei orðið saupsáttar út úr því, Nanna mín; og það er meira en flestir "Non" og "Good" geta sagt hér um slóðir. — Heyrðu! Ef piltarnir gifta sig í vor, myndir þú vilja leigja mér vesturherbergið?"

"Því miður" — Þóranna fór dálítið hjá sér — "er eg hálf-partinn búin að lofa —"

"Jæja, jæja, góða; mér datt það aðeins svona í hug, að það væri gaman að vera dálítið nær þér."

"Mér hefði sannarlega þótt vænt um að hafa þig hérna hjá mér, ef eg —"

"Það nær ekki lengra, Nanna mín. Eg lít inn til þín áður en eg fer suður. — Eru þetta hyrnurnar, sem þú ætlar að selja? Heyrðu! Viltu ekki selja mér þessa rauðu með svarta bekknum? Eg kann ekki við þessi langsjöl; það er að segja, ekki fyrir sjálfa mig. Kristín tengdadóttir á að fá þetta langsjal, sem eg hefi á prjónunum."

"Eg held nú það. Látt'ana á þig."

Eirný lét á sig hyrnuna.

"Þú verður eins og ung stúlka! Hvaða dæmalaust fer þér vel rautt!"

"Þakka fyrir skensið! Ung stúlka nema það sem á vantar — hundrað og áttatíu — eg var næstum búin að segja kíló — þó maður taki nú ekki til greina gráu hárin og hrukkurnar. — Hvað kostar hún?"

"Ekki neitt.""

"Ekki neitt! Ertu frá þér? Nú heldur hún að hún sé að tala við Villa volaða fólkið, Finnu Davíðs eða Jón með nebbann. Talaðu í alvöru, kona!"

"Nýja mín," sagði Þóranna alvarleg. "Viltu gera það fyrir mig að þiggja hyrnuna? Þú veist ekki, hvað mér þætti vænt um að vita af henni á herðunum á þér."

"Nei, í alvöru að tala —"

"Svona, ekki fleiri orð um það."

"Eg býst við að hann herði á garðinum aftur," sagði Eirný um leið og hún nældi á sig sjalið. "Mig var að dreyma löngu dáinn mann í nótt — Hrólf heitinn Halldórsson, sem var einu sinni háseti hjá pabba þínum sáluga. Það eru víst meira en 20 ár síðan hann druknaði. Minnir mig ekki rétt: hann druknaði?"

"Það eru tuttugu og fimm ár síðan hann druknaði," svaraði Þóranna og braut saman hyrnuna, sem eftir var.

"Hvernig var það, datt hann ekki út af einni Reykjavíkur skútunni?"

"Jú. Hvað var þig að dreyma hann?"

"Eitthvað ósköp óljóst og ruglkent. Eg þóttist sjá hann á gangi með föður þínum heitnum hérna úti hjá Merkissteini."

"Úti hjá Merkissteini?"

"Einhversstaðar þar í kring, hélt eg. Ósköp óljóst, eins og eg sagði. En mér bregst það ekki, hann breytir til hins verra með veður, þegar mig dreymir dautt fólk. — Má eg kyssa þig fyrir hyrnuna og allar góðgerðirnar, og alt og alt? Guð gefi þér góða nótt."

"Bíddu! Eg ætla að lýsa þér ofan."

Úti hjá merkissteini! — Þar sem hún kvaddi hann — kvaddi hann í síðasta sinn, vissi það ekki þá, — gott að maður vissi ekkert fyrirfram. — Hugurinn reikaði yfir tuttugu og sjö

árin síðastliðnu, — tvö þau fyrstu, sem enn voru aum viðkomu—einkum fyrsta árið.—Hún hafði beðið og vonað — vonað og beðið. — Svo fregnin um giftingu hans. — Og fleiri Merkisteins-minningar komu óboðnar. — Drukknun hans — og nokkru síðar dauði ekkju hans á barnssæng.

— — —

"Gott kvöld í bæinn!"

Þóranna hrökk saman. — "Gott kvöld, Sigmar. Þú ert seint á ferð."

"Læt eg það nú vera — klukkan eitthvað átta. Má maður tylla sér?"

"Gerðu svo vel. — Hvað segir þú í fréttum?"

"Í fréttum? Hvað heldurðu að sjötugt karlhró segi í fréttum? — Hvar má eg spýta?"

"Spýttu í kolafötuna — hún er þarna rétt hjá þér."

"Eg veit þér er ekkert um tóbaksspýtandi karla gefið, það er svo hreint og snyrtilegt hjá þér — og þú sjálf eins og kirkjubúin — svo hrein og tilhaldssöm, jafnvel þegar þú gengur á reitana. Þú hlýtur altaf að vera að skúra og snurfusa. — Hm! hefir þú volgt á könnunni?"

"Þú ert ekki búinn að tapa lystinni — eg skal undireins gefa þér dropa "Hugljúf" stendur á ofninum."

"Gef mér það svart og kandísmola, ef þú hefir hann. — Nei, fyrir alla muni, gef mér ekki í þessu blola-krádéli. Ertu búin að brjóta spilkomuna, sem hann pápi þinn sálugi drakk úr?"

"Hérna er spilkoman, heillakarlinn. Og vertu nú ekki svona önugur!"

Sigmar gamli sötraði kaffið. — "Hm. Nú eru nærri tuttugu og átta vikur síðan hann pápi þinn sæli dó. Guð veri sálu hans náðugur. — Oho, oho, mér finst það vera tuttugu og átta ár. — Hum, Hum, nú erum við farnir að fækka, gömlu hásetarnir hans Skipper Berg. — Ojæja, þetta er vegurinn."

"Var ekki pabbi sálugi tólf árum eldri en þú?"

"Ellefu vetrum. — Hefirðu tóbaksfjölina hans við hendina?"

"Ertu farinn að taka í nefið?"

"Ónei, eg hefi ekki gert það í sjö og tuttugu vikur. — Hvar er fjölin?"

"Hérna!"

"Hefirðu ekki krítarmola á glámbekk?" Sigmar lagði fjölina á hvolf yfir kné sér.

"Þú ert eins og rellóttur krakki," sagði Þóranna góðlátlega um leið og hún tók krítarmola upp úr borðskúffunni. "Hvað ætlarðu að fara að kríta?"

"Refskák hérna á fjalarbotninn, og tefla við Thomsen. Hér er tófan. Hann pápi þinn sæli smíðaði hana úr ýsuklumbu. Þeir eru ekki að því núna, ungu mennirnir, — alt úr búð, alt keypt. Hérna eru kvarnirnar — bærileg lömb. Altaf mátaði pápi þinn mig. Manstu það? — Nú ætla eg að sjá hvað Tómur gerir. — Hum, hvaða fólk hefir komið hingað í dag?"

"Fyrst kom Finna Davíðskona —"

"Auðvitað til að snýkja, eins og vant er." — Sigmar Spýtti um tönn.

"Hún kom til að kaupa sjóvetlinga. — Keypti þrjú pör."

"Keypti Geirfinna Davíðs þrjú pör af sjóvetlingum? — Borgaði út í hönd? — Nú er eg viss um að það er von á stórtíðindum — konungsdauða, landskjálfta eða stórslysi á sjó!"

"Nei, hún hafði ekki peninga handbæra, greyið. Hún borgar það bráðlega," svaraði Þóranna með afsökunarkeim í röddinni.

"Þér er óhætt að setja það í dálkinn: "Tapaðar skuldir", eins og konsúllinn gerir. — Hum, hum, mig grunaði það. Komu ekki aðrir?"

"Jú, Sína litla og —"

"Sína? Þó ekki vænti eg fyrstabekkjar gersemin hans Villa volaða?"

"Jú, Bjarnasína hans Villa."

"Hvað var hún að snýkja?"

"Svo sem ekki neitt. Heldurðu að enginn komi hér nema til að snýkja?"

"Svo sem ekki neitt Segðu mér nú annað. — "Hjálpaðu mér, elska, um dullítið af kaffi og rót, dugunarlítið af grjónum og hveiti, hyrnu-skufsu og —"

"Svona hættu nú þessum ýkjum. Hún fékk kaffihitu og eina skotthúfu, sem hún að nokkru leyti borgaði — það var alt og sumt."

"Á sama ætti mér að standa, Þóranna, þó þú gæfir úr þér augun og færir á sveitina. — Það er ekki eins og mér komi það við. — Þú steinþegir. Því rekurðu mig ekki út fyrir afskiftasemina? — Hum, hum, mér datt það svona í hug, að hann Hrólfur litli og hún Þóranna nafna þín hefðu ekki gott af því, sem þú ryður í Villadótið."

"Hefirðu fengið bréf frá Þuríði?" Þóranna hætti að prjóna.

"Auðvitað hefi eg fengið bréf frá henni," svaraði Sigmar önuglega. — "Eg er ekki vanur að koma án þess að hafa erindi."

Þóranna draup höfði og brosti. Sigmar hafði verið heimagangur þar í 20 ár. "Hvernig líður Guðríði og börnunum?"

"Sæmilega — svona eftir ástæðum. Hún er að hugsa um að koma hingað með börnin."

"Koma hingað með börnin!" endurtók Þóranna, og andlit hennar ljómaði af gleði.

"Vertu nú ekki vond út af því, sem eg ætla að segja þér — viltu lofa mér því?"

"Vond!"

"Já, vond sagði eg. Það væri auðvitað eðlilegt, að þú yrðir ill. — Eg skrifaði henni með jólapóstinum — með krónunum, sem þú sendir. Eg hélt áfram, eins og gefur að skilja, að ljúga því að henni, að peningarnir væru frá mér. Eg skrifaði henni, sagði eg — og sagði henni það hreint út, að mér væri ómögulegt að hjálpa henni, þegar hún væri svona langt í burtu. Ef hún vildi að eg hjálpaði henni til að koma börnunum á legg þá yrði hún að koma hingað. — Hún skyldi samt ekki trúa því, ef einhver spýtti því í hana, að eg væri ríkur — það væri langt frá því. En ef hún kæmi, skyldi eg reyna að sjá um að þau syltu ekki. Láttu nú ekki fjúka í þig! — Eg sagði henni að Þóranna frænka mín ætlaði að lofa þeim að vera, að minsta kosti fyrst um sinn.— Hu, hum, þú ert búin að vera frænka mín í 20 ár, eða jafnlengi og eg er búinn að vera uppeldisbróðir afa hennar Guju. — Skammaðu mig nú ekki; segðu mér heldur að snáfa."

"Það má nú til sanns vegar færa — frændsemina. Við erum fimmmenningar. Þingeyingar myndu ekki hika við að kalla fimm-menninga

frændfólk. En hvar á eg að láta þau vera?"

"Hérna inni. Hún getur sofið i rúminu þínu, og haft börnin hjá sér. — Það er ekki meira en annað, þó þú leggir það á þig að sofa á gólfinu þangað til piltarnir fara. Það var bara fyrirsláttur, þegar eg var að kalsa á við þig að fá herbergið piltanna. Það er ekki meira en annað segi eg; því þú hefir gengið alls á mis í aldarfjórðung, til þess að láta Guðríði Hrólfsdóttur líða vel."

"Hvaða vitleysa, Sigmar! Eg hefi ekki farið alls á mis. Svo er ekki eins og eg þurfi að liggja á flatsæng — það getur farið alveg eins vel um mig í sófanum."

"Hu, hum, Þóranna! Hvernig ætlarðu að greiða mig út úr þessari ósannindaflækju, sem þú hefir vafið mig í?"

"Eg get keypt rúm handa börnunum; og fengið Stebba gamla til að mála herbergi piltanna, strax og þeir fara."

"Hvað er þetta, manneskja? Heyrðirðu ekki, hvað eg sagði?"

"Jú — ha — ósannindaflækju?"

"Já, eg sagði ósannindaflækju, eða réttara sagt, lyganeti."

"Við hvað áttu?"

"Eg á auðvitað við það, að eg hefi látið Guðríði standa í þeirri meiningu, að eg hafi alið hana upp, kostað hana til menta, gefið henni hundrað krónur í brúðargjöf; borgað útfarkostnað mannsins hennar sálaða; og lagt henni síðan Jóhann heitinn dó, í fyrravor. — Því þó eg sé gamall syndaselur, þá hefir mig oft flökrað við að taka á móti þakklæti, sem öðrum bar með réttu. — Það er aðeins eitt, sem eg get talið mér til gildis, og það er það að eg beiddi hana að láta telpuhnoðann heita Þórönnu — og svo bætti eg stundum nokkrum krónum við og sagði að það væri frá þér."

"Nei, gerðirðu það?" Roði færðist í kinnar Þórönnu.

"Ojæja, eg gerði það nú, þó eg sé bölvaður. — Hvað er það annars mikið, prjónlesið, sem þú ætlar að láta hofróðuna í Gummabúð selja?"

"Tvær skotthúfur, tvær hyrnur, þrjú pör af sjóvetlingum, einir fingra —"

"Komdu með það, lof mér að líta á það. — Það er ekki nema ein húfa, og einn skakki, og engir sjóvetlingar! — Hvar er rauði skakkinn, sem þú varst að kögra í gærkvöldi?"

"Eg — eg —"

"Þú hefir náttúrlega látið snýkja hann út úr þér! — Því segi eg það!"

"Nei, nei, Sigmar! Eg gaf Nýju hann; hún kom hingað í kvöld."

"Jæja, jæja. Ekki ætti eg að skifta mér af því, þó þú gefir úr þér augun og farir á sveitina. — "Lengi tekur sjórinn við, eldurinn og hún amma mín," sagði strákurinn. — Þér finst víst ekki nógu margir á bænum. Hefirðu ekki meira? Hvað viltu fá mikið fyrir allan hlutinn — þorsk, ýsu og tros upp til hópa? Eg ætla að kaupa það. Verst hvað þar er lítið. Þú berð ekki nafn með rentu, ha! ha!"

"Vertu ekki að þessari vitleysu. Sigmar! Hvað ætlar þú að gera við skotthúfu og fingravetlinga?"

"En sá dónaskapur! Spyrja fólk hvað það ætli að gera við hluti, sem það kaupir. Ekki gerir gull-goðið í

Gummabúð það. — Ertu ánægð með fimtíu krónur?"

"Fimtíu krónur! Sigmar ertu —"

"Hana! Hérna eru tíu nýjir Landsbanka-sneplar."

"Og svo sendirðu þær með símanum á morgun, svo það sé áreiðanlegt að Guðríður geti komið með miðsvetrarferðinni. — Æ, hvað er eg að segja! Það er ekki eins og mér komi það við, hvað þú gerir við aurana þína — sér er nú hver horngrýtis afskiftasemin!"

Þóranna handlék seðlana brosandi.

"Þóranna! Eg fór til sýslumannsins í morgun!"

"Sýslumannsins!"

"Já, eg sagði sýslumannsins. Lét hann krota það á blað, að eg gæfi Hrólfi litla húsown, bátskriflið, og ef eitthvað kynni að verða eftir í bókinni, þegar eg fer héðan. Þórönnu litlu gaf eg jarðarpartinn — bjóst við að þú mundir muna eftir henni, úr því hún heitir utan í þig — án þess eg ætli nú að fara að skifta mér af þínum gerðum. Hefi eg nokkurntíma sagt þér það, að Guja lætur snáðana litlu kalla okkur afa og ömmu á Sandfirði?"

"Amma! Amma mín góð!"

"Hana! Þar tókst mér að króa refinn, Þóranna — aldrei fór það svo."

En Þóranna heyrði það ekki. Hún sat og hélt að sér höndum — var að hugsa um, hvernig það mundi láta í eyrum að vera kölluð amma.

Allar leiðir enda ekki í Róm.

Alexander mikli hafði fyrir löngu safnast til feðra sinna. — Pétur mikli sömuleiðis. En nafni hans — Pétur Oddsson frá Miklabæ — af ýmsum kallaður Pétur mikli — hafði ekki komist að niðurstöðu um, hvort heldur hann ætti að stefna vissum mönnum fyrir uppnefni, eða taka sér ættarnafnið: Miklon. — Menn voru ekki á eitt sáttir, hvort telja ætti "ófriðinn mikla" á enda, því enn var barist á ýmsum stöðum í Rússlandi, og Gabríel Ítalaskáld hafði farið að dæmi Jörundar sáluga Hundadagakonungs: tekið Adríahafs-Reykjavík herskildi. — En eitt var víst: Útsalan mikla hjá Kjaldal í Reykjavík við Faxaflóa, var á enda; og Sigurður — deildarstjórinn í vefnaðarvörudeildinni — sneri lyklinum í að innanverðu, varpaði mæðilega öndinni, og beiddi "stúlkurnar sínar blessaðar" að laga svolítið til, áður en þær færu. Því — eins og hann komst að orði — búðin væri líkust því, að skollinn hefði verið á ferðinni og snúið öllu við, með öfugum klónum.

"Það er merkilegt fyrirbrigði," sagði Hansína Hermanns við Sólrúnu Daðadóttur — um leið og hún tók upp bút af stúfasirzi, sem troðist hafði niður í gólfið — "hvað fólk getur verið gráðugt í allskonar drasl, á þessum svokölluðu útsölum. Eg hefði ekki viljað eiga neitt af því, sem eg hefi selt í dag — þó eg hefði fengið það "gratís" fyrir ekki neitt, eins og hafi er eftir Grímseyjar-konunni. —Hvað heldur þú til dæmis sé hægt að gera við tæplega hálfan meter af bunkabrunnu skyrsíu stumpasirzi?"

"Það hljóta þær að vita, sem kaupa, svaraði Sólrún brosandi, um leið og hún smeygði sér úr "lastings" svuntunni.

Sigurður leit upp frá peningaskúffunni: "Þið verðið að ganga í gegn, stúlkur, nýlenduvörudeildin er opin.— Og þér, Halldóra, getið fengið kaupið fyrir þessa útsöludaga, á mánudaginn, vitjað þess á skrifstofunni einhverntíma fyrir 5. Og ef við þurfum stúlku um lestirnar, þá skal eg hugsa til yðar."

Bergþóra í leirvörudeildinni langgeispaði fyrir framan spegilbrot, sem hún hafði reist upp við þvottakönnu; hún var að enda við að laga á sér slifsið.

"Ekki svona hátt!" kallaði Leifi Jóns, um leið og hann selbitaði þráðarenda af jakkaerminni — "eg ætla að standa fyrir utan."

"Duddi minn og Simbi kóngur! hvað þú getur verið "vigtugur" yfir jafn gatslitinni fyndni; minnir að þessi skrítla væri í "Æskunni" um aldamótin."

"Varstu ekki hætt að lesa "Æskuna" þá?" spurði Leifi og sperti upp augun.

Bergþóra stokkroðnaði. — Hún hélt því leyndu hve gömul hún var — en búðarmennirnir kölluðu hana — sín á milli — "Beggu pipar-pakkhús".

"Ónei, Leifi litli, eg les "Æskuna" þann dag í dag; og þykir engin skömm að. Les hana meðan sumt fólk fer á "Gúttó skrall", til að ná sér í aðgöngumiða að Vífilsstöðum. Eg veit um fólk hér hjá Kjaldal, sem þegar er búið að leggja drög fyrir Vífilsstaða "billetti". — Ef til vill þarftu ekki að ómaka þig ofan í Templarasund, ef þú heldur áfram að vera með vissu fólki," hvíslaði Bergþóra, um leið og hún sendi Leifa ískalt augnaskeyti.

Hansína og Sólrún komu inn í þessu.

"Hvernig líður fólkinu í "letigarði", hafið þið getað haldið ykkur vakandi í dag?" spurði Sólrún hlæjandi.

"Eg hefi selt líkt og vant er, þrátt fyrir "útsöluna miklu" hjá ykkur, og Þorleifur hefir haldið sér vakandi með því að gá á klukkuna. — Eg býst við að hann sé fær um stóra og litla "rúnt" í kvöld." Bergþóra rauk fram í nýlenduvörudeildina og skelti á eftir sér.

"Liggur illa á sumu fólki í dag?" spurði Sólrún og deplaði augunum framan í Leifa.

"Hún er óþolandi, eins og allar —" hann leit í kringum sig, og sá að Hansína hafði haldið strikið fram í matvörubúðina — "óþolandi eins og öll pipar-pakkhús."

"Hansína er allra bezta manneskja; eg veit hvað hún hefir verið mér góð — nærri því eins og hún gæti verið móðir mín."

"Já, og snuprað þig þegar þú hefir komið seint heim, — rétt eins og hún væri móðir þín! Ha! ha!"

"Þú mátt ekki tala svona kuldalega um Hönsu, Leifi; hún hefir fundið að því — sem von er — þegar eg hefi komið heim eftir 12; hún er svo svefnstygg."

"Þú ættir að fá þér herbergi út af fyrir þig, eins og eg hefi marg sagt þér; mér er of ant um þig til þess að vita af því, að þú fáir snuprur og ónot En heyrðu! Þú kemur með mér Gúttó í kvöld; þar verður skemtun með dans á eftir. Ef Hansa hex hvæsir pipar framan í þig, þá segðu henni frá mér, að hana varði ekki um það

þó þú værir úti alla nóttina. — Jæja, nú verðum við víst að fara."

Þegar Sólrún kom út, beið Hansína fyrir utan dyr nýlenduvörudeildarinnar, og barðist við regnhlífina, sem vildi fyrir hvern mun snúa út á sér ranghverfunni.

Sólrún saup hveljur. "En hvað hann getur verið kaldur!" Það fór hrollur um hana, hún þrýsti sjalinu betur að hálsinum. — "Er þér ekki kalt, Hansa,"

"Nei, ónei. En það er ekki að marka, eg klæði mig með svolítilli skynsemd, er í ullarbol og tvennu. — Blessuð vertu, eg veit að það er dónaskapur, að kalla þessar flíkur annað en "undirföt". — Svo sef eg átta stundir á hverjum sólarhring, og dansa mig ekki dauð-uppgefna tvisvar í viku."

"En hvað þú getur ýkt, góða Hansa! Hvenær hefi eg dansað tvisvar í viku?'

"Eg man ekki betur en að þú værir suð'r í Firði fyrsta sunnudag í einmánuði, og á einhverju skralli hér næsta laugardag."

"Ó, bara í það eina skifti. Góða, bezta Hansa, maður er ekki ungur nema einu sinni."

"Nei, maður er ekki ungur nema einu sinni!" — Hansína hló kuldahlátur. "Og ungdómurinn getur — eins og sagan í "Fréttum" — hætt í miðju kafi."

"Þú ert svo hræðilega svartsýn og gamaldags. — Hætt í miðju kafi! Hvaða dylgjur eru það nú?"

"Eg meina bara það, að hún Hansína mín vildi ekki kaupa hlutabréf í stúlku sem aldrei fær hálfan svefn, stúlku sem svelgir skippund af ryki vikulega,, stúlku sem gengur ber ofan á bringu. sem hefir baðmullar hýalín næst sér og lérefts —"

"Amen, hallelúja!"

"Eg veit svo sem, að eg ætti ekki að vera að skifta mér af, hvað þú gerir, Rúna; en það er eins og eitthvað reki mig til þess, jafnvel þó eg viti að það endi með því, að þér verði illa við mig fyrir afskiftasemina. — Manni getur svo hæglega orðið illa við fólk, sem vill manni vel. — En eg hefi of-oft séð, hvar stúlkur lenda, sem — sem skemta sér á þína vísu. Sumar hafa farið í hundana, en aðrar að Vífilsstöðum."

"Vífilsstöðum!"

"Já, eg sagði Vífilsstöðum, þú fyrirgefur. — Ef eg hefði gengið með kvef í þrjá mánuði; ef eg þyrfti að taka sauma úr pilsstrengjunum mínum; ef eg liti út eins og ný-hefluð flaggstöng — ef eg hefði ekki hálfa lyst, og yrði gagndrepa af svita á hverri nóttu — eg myndi í það minsta gera tilraun til að ganga í sjúkrasamlagið. Já, eg meina það. — Eg vona að Guðríður hafi munað eftir að kaupa í soðið fyrir okkur," bætti Hansína við, um leið og hún gekk þunglamalega upp bakstiga á húsi við Bræðraborgarstíginn. Þær leigðu þar í sameiningu norðurherbergi undir súð.

Ofninn hafði roðabletti, og stór ýsa lá á kassanum fyrir utan dyrnar.

"Það er ekki að tala um það; eg verð að klára kjólinn á Mundu Guðríðar í kvöld. Það hefir komið sér vel fyrir mig, að eg lærði að halda á nál, áður en eg fór í Kjaldals búðina, annars mundum við oftar koma að köldum kofunum, — Guðríður er bezta manneskja, hvað sem hver segir. — Taktu af þér sjalið, farðu úr skónum og legðu þig upp, meðan eg sýð ýsuna."

"Hvaða vitleysa, góða Hansa! Þú ætlast þó ekki til að eg fari að hátta á miðjum dögum." — Sólrún tók peysuföt undan fatahenginu og lagði þau á rúmið.

"Miðjum dögum!" — Hansína reif roðið af ísunni og fleygði því í kolakörfuna. — "Mér þætti fróðlegt að vita, hvað þú kallar hádegisleytið, ef þú kallar þetta miðjan dag." — Hansína leit um öxl. — "Þú ætlar þó ekki út í kvöld?"

"Jú, hvað er á móti því?" Sólrún þurkaði rykið af gljáskóm, sem staðið höfðu undir rúminu.

"Ja, því ekki það. Á skrall í Gúttó auðvitað. Minnir eg læsi í Mogga í morgun eitthvað um skemtun með dans á eftir. Og "kavalerinn" er Leifi í leirvörunni. Er ekki svo?"

"Eg hefi tekið með þögn og þolinmæði öllum þínum ónotum og afskiftasemi," sagði Sólrún með grátstaf í kverkunum. — "En ef þú ætlar að fara að hnýta í Þorleif. — Eg ætla að láta þig vita, að eg get fengið víðar að vera en hér. — Það eru fleiri herbergi undir súð, en þetta eina."

"Það lítur út fyrir að spádómur minn ætli að rætast fyr en mig varði," sagði Hansína lágt um leið og hún skar ísuna sundur og lét stykkin í pottinn. "En ef þú kallar það að hnýta í Leifa, að eg nefndi hann "kavalera" — þá veit eg ekki, hvernig maður má tala til að firta þig ekki. Eg skal raunar játa það, að værirðu dóttir mín, myndi eg heldur kjósa að þú værir með einhverjum öðrum. En nú ertu ekki dóttir mín, svo það kemur ekki málinu við. — En það, sem eg meinti, var það, að þú ættir að fara svolítið betur með heilsuna þína, Rúna mín. Hún er hvort sem er eina fasteignin okkar."

"Eg veit það, Hansa mín," — Sólrún lagði hendur um háls henni. — "Eg veit þú vilt mér vel. — Eg hefi nú líka stundum verið góða barnið; etið járnpillur eins og harðan fisk, þangað til eg hefi fengið hvínandi magapínu, og —"

"En þú hefir aldrei viljað fara í heitt fótabað eða drekka Kamillu-te; þó eg viti að það hefði haft úr þér kvefið."

"Kamillu-te! Er það ekki það, sem sængurkonur eru látnar drekka? Ha! ha!"

"Já, hlæðu bara," sagði Hansína þykkjulega. "En eg hefi aldrei séð neinum batna kvef af því að hlæja að góðum ráðleggingum."

"Svona, svona, byrjaðu nú ekki aftur. Elskan, settu könnuna á ofninn, eg hefi ekki lyst á ýsunni núna. Úff! hún er sigin, mig flökrar við lyktinni. — Heyrðu! áttu ekki eitthvað eftir af vínarbrauðunum, sem þú keyptir í gær? — Nei, lof mér að hita krullujárnið fyrst."

— — —

Dansinn í "Gúttó" hélt stanzlaust áfram. Þorleifur og Sólrún mjökuðu sér áfram í hægum valzgangi, í gegnum allan troðninginn.

"Valz er sá dans, sem allir ættu að dansa, þegar þeir fara að þreytast. Mér þykir nú raunar meira varið í "fox trot"," sagði Leifi um leið og hann þrýsti Sólrúnu fastar að sér.

"Þú mátt ekki klemma mig svona, Leifi," hvíslaði hún. "Svei mér, ef eg get almennilega andað."

"Ó, hvaða vitleysa! Til hvers er sólskinið? Svar: Til þess að verma sál og sinni, og líkamann í kaupbót."

"Þú ert nú ætíð jafn skáldlegur og hnyttinn í svari."

"Skáldlegur! Finst þér það. Annars er nú skáldskapur yfirleitt hreinasta della, og skít og vanþakklæti fá þeir, sem leggja þá iðn fyrir sig, og finst mér það rétt mátulegt handa þeim. — Heyrðu!" — Hann þrýsti hönd hennar. "Þú ætlar að flytja burt frá norninni á Bræðraborgarstígnum? Eg get aldrei fengið að tala við þig í næði, meðan þú ert þar."

"Eg veit ekki. Hún hefir verið mér svo góð, og svo veiztu hvað herbergi eru dýr núna, og vont að fá þau."

"Já, eg veit það. Þess vegna er eg ennþá hjá gamlingunum, þó hamingjan viti að mælirinn er fullur. Eg hélt að karl faðir minn mundi berja mig hérna um kvöldið — eða réttara sagt — morguninn. Láki hafði spilakvöld, og lét klukkuna stansa, til þess að geta haldið okkur frameftir."

"Þú ættir ekki að spila fjárhættuspil. Tapaðirðu ekki?"

"Bara skitiríi. 19 kr. og 80. Næst á undan vann eg fimm grúnkur," bætti hann við hróðugur.

"Er ekki voða heitt hérna, eigum við ekki að koma snöggvast fram?"

"Heitt eins og í — hm — hinum staðnum. En eg held þú hafir ekki gott af því, að vera ýmist í þessum gríðar hita, eða þá fram í kuldanum. Þú ert búin að hafa þetta kvef svo lengi." — Hann horfði rannsakandi á hana. — "Heyrðu! á eg ekki að útvega þér hálfpela af góðu rommi; þú getur látið nornina hita þér fullan "fant" af sterku toddy; drekka það áður en þú ferð að sofa."

"Þú veizt eg drekk ekki vín."

"Vín! Meðöl segðu. Vertu ekki með neina Templara hræsni. Má eg annars ekki bjóða þér eitthvað. Eg geri ráð fyrir að það sé hægt að fá eitthvert sull uppi á loftinu, kaffi eða limonaði."

"Jú, tak. Eg vildi gjarna límonaði. Mér er svo heitt."

— — —

Og dansinn hélt áfram, og aftur voru þau í miðri þvögunni.

"Er ekki óttalega loftlaust hérna, Leifi?"

"Jú, auðvitað. En þú hefir varla búist við heilnæmu háfjallalofti hérna í "Gúttó". — En blessuð byrjaðu nú ekki aftur á því að tala um að fara fram, við komum hingað til að dansa og skemta okkur, en ekki til að rápa út og inn. — Og svo veit eg að þér versnar bara kvefið á svoleiðis flakki. Eg geri ráð fyrir að Siggi vilji að þú sért í standi til að afgreiða nýju Ameríkuvörurnar á mánudaginn. — Heyrðu! mér er alvara með rommið. Þú þarft að ná úr þér kvefinu, það getur verið hættulegt að ganga lengi með kvef."

"Leifi! Eg held eg megi til með að fara heim."

"Góða, farðu nú ekki að traktera mig á neinum Klepps vísdómi! — Heim núna! og klukkan er lítið minna en hún getur verið. Þú stendur vonandi ekki í þeirri meiningu, að það sé komið nærri messutíma! Ha! ha!"

"Eg held mér sé að verða ilt."

Leifi leit niður, og sá að hún var náföl. "Reyndu að herða þig upp," hvíslaði hann. "Þú mátt ekki láta líða yfir þig hérna." Hann olnbogaði sig fram að dyrunum. "Við skulum koma út. Hvar er sjalið þitt?"

"En hvað er gott að koma út!"

Hún sogaði að sér næturloftið. "Við skulum ganga svolítið. — Svei mér ef það var ekki nærri liðið yfir mig." Hún brosti dauflega. "Það er líka ekki furða, þegar það er þriðjungi fleira fólk en ætti að vera."

"Já, eg var dauðhræddur um að það ætlaði að líða yfir þig; eg varð svo feginn að ekki varð af því. — Það er svo sem auðvitað, hvað fólk mundi hafa sagt, ef liðið hefði yfir þig. — Eg hugsaði sem svo: Það er ilt að heita strákur, og vinna ekki til þess."

"Við hvað áttu?"

"Ó, svo sem ekki neitt.'" Hann veifaði stafnum í kringum sig. "Líður þér betur?"

"Já, þakka þér fyrir, mér líður heldur vel." Hún vildi ekki segja honum af stingnum, sem hún fann til í vinstri síðunni. — "En eg held nú samt, að það sé bezt fyrir mig að fara heim."

"Eg geri ráð fyrir því," sagði Leifi. Um leið dæsti hann mæðulega.

Svo héldu þau vestur á bóginn.

Hann tók utan um hana og kysti hana þegjandi, þar sem skuggsýnast var á Landakotsstígnum.

"Af hverju ertu svona þegjandalegur; því segirðu mér ekki að þú elskir mig, eins og þú ert vanur?"

"Þú veizt það, elsku bezta. Var eg ekki að enda við að kyssa þig? Þú veizt að eg vil láta sólina verma mig. — kýs ekkert frekar. — Eg vildi að þú værir ekki á leið heim til kerlingarinnar."

"Leifi! hvenær eigum við að opinbera?"

"Opinbera hvað?"

"Opinbera hvað? Trúlofun okkar! Sæll vertu, ókunnugur."

"Erum við annars trúlofuð?"

"Erum við annars trúlofuð! Þykistu vera að stríða mér? Erum við annars trúlofuð?" Hún reyndi að hlæja, en hláturinn storknaði, og varð að kökk í hálsinum á henni. — "Ef til vill erum við alls ekki trúlofuð, þó þú hafir ekki gert annað í allan vetur — hvenær sem þú hefir haft tækifæri — varla gert annað, er mér óhætt að segja, en að kyssa mig og segja að þú elskaðir mig; meira að segja, þú hefir þrisvar sagt að þú gætir dáið fyrir mig."

Hann reyndi að kyssa hana, en hún vatt sér undan.

"Svona, svona, elsku Rúna, þú mátt ekki láta þykkjuský draga fyrir sólina. Lof mér að lesa sólrúnirnar í blástjörnum þínum. Auðvitað erum við trúlofuð; eg var bara að stríða þér; þú getur ekki tekið spaugi, eins og gott fólk. Það ætti að vera komið inn í þitt glóbjarta höfuð, að eg er voða hrifinn af þér, og vil alt fyrir þig gera. — Ertu nú ánægð? Kystu mig þá; og vertu góð. — Eg vissi það. — Heyrðu! viltu lofa mér því, að flytja frá norninni um mánaðamótin?"

"Eigum við ekki að opinbera á sumardaginn fyrsta?"

"Ætlarðu þá að flytja? — Viltu sveija þér upp á það?"

"Þú ætlar þá að hafa hringana til á síðasta vetrardag?"

"Þó þú viljir nokkrar tylftir. Nóg af þeim í Ingólfshvoli; séð þá í gluggaanum þar. Segðu þá: Svei mér þá."

"Svei mér þá."

"Eg ætla að vara þig við því, að eg er ekki lambið að leika sér við; mér skal verða að mæta, ef Hansa hex gerir "múður"."

"Þú þarft ekki að vera hræddur um það. Góða nótt."

Rúna smeygði af sér gljáskónum, og læddist upp stigann; hún opnaði hurðina gætilega; það logaði dauflega á litlum náttlampa á borðinu. Draugabirtu brá á grafskriftina sem hékk yfir kommóðunni. Heitt og þungt loft var í herberginu. Ef hún aðeins þyrði að opna gluggann! En þá mundi Hansa vakna og þá var auðvitað, hvað klukkan slægi. — Hún smeygði sér úr fötunum, lyfti rönd af sænginni, og lagðist útaf.

En hún gat ekki sofnað. Sár hósti ásótti hana. Hún reyndi að kæfa hann með koddahorninu, en verkurinn í vinstri síðunni ýfðist við hverja hóstahviðu. — Samtal þeirra Hansínu ryfjaðist upp; mynd af Vífilsstöðum, hvítum og alvarlegum, varð að vökustaurum, sem særðu hvarmana, þegar hún reyndi að láta aftur augun og sofna "Nei, þetta dugði ekki, hún varð að opna gluggann, annars mundi hún ekki fá dúr á auga. Hún læddist fram úr; opnaði gluggann, en það hafði hvest, svo hann skeltist.

Hansína rauk upp með andfælum: "Sólrún! Ertu gengin af vitinu. Stendur þú ekki þarna á náttkjólnum frammi fyrir glugga upp á gátt og lætur "trekkinn" blása í seglin. — Viltu gera svo vel og loka glugganum, svo framarlega sem þú ert ekki að hugsa um að fremja sjálfsmorð."

"Það er svo þungt loft hérna. Það er svo mikil ýsu —"

"Auðvitað, ef þú ert að hugsa um að krækja í lungnabólgu; blessuð vertu, hafðu þá opinn gluggann. — Ef það er meiningin, þá vil eg fá að vita það; eg ætla þá sem sé að klæða mig og fara út."

Sólrún lét aftur gluggann og skreið upp í.

"Þú hríðskelfur. Er það nú líka furða!. Hansína klifraðist fram úr rúminu, kveikti á olíuvélinni, setti könnuna á hringina, og tautaði fyrir munni sér, að hún kærði sig ekki um að sjá fólk hrökkva af klakknum fyrir augunum á sér, ef hún gæti gert við því, hún skyldi samt ekki láta sér detta í hug að hún Hansína sín ætlaði að fara að drekka kaffi um hánótt.

"En hvað þú ert góð, Hansa mín. Eg held jafnvel að eg gæti drukkið sængurkonu-te. — eitthvað heitt. — Mér er svo voða kalt. — Æ, eg vildi eg vissi hvað eg ætti að gera —"

"Vildir þú vissir hvað?"

"Ekki neitt, svo sem."

— — —

Sólrún vaknaði á sunnudagsmorguninn við ylmandi kaffilykt. Klukkan var hálf ellefu. Hansína var ekki inni; hún hafði farið allra sinna ferða, án þess að Rúna rumskaði. Þetta var áreiðanlega hún, sem kom upp stigann; hún steig æfinlega svo þungt til jarðar. — Líklega farið niður á hornið til að sækja með kaffinu. — Hvernig átti hún að koma sér að því, að segja henni að hún ætlaði að flytja.

"Góðan daginn, svefnpurka. Hérna eru heitar bollur með kaffinu. Hnýttu á þig hyrnuna þína, ef þú ert að hugsa um að setjast upp; þú ert auðvitað gegndrepa eins og vant er."

"Eg held eg hafi ekki lyst á neinu með kaffinu". Hún lagði frá sér "bolluna" hálfkláraða. — "Eg er alveg nývöknuð — eg get borðað afganginn seinna — þegar eg er komin á

fætur; það kvað vera óholt að borða í rúminu. — Hansa! Eg hefi einhvern ónotaverk í síðunni — þeirri vinstri. — Það er víst annaðhvort gigt eða vaxtarverkur. — Eg hefi fundið til þess í nokkra daga."

"Verk í síðunni — verk í vinstri síðunni, alveg eins og Ísak sálugi Reimarsson; og jafngömul; 22 ára." Hansína var dálítið skjálfhent, þegar hún settti bollan á borðið.

"Ísak Reimarsson! En hvað það er spaugilegt nafn; eitthvað svo Strandalegt. Er hann af Hornströndum?"

"Nei, hann er Sandfirðingur."

"Mér heyrðist þú segja "sálugi". Er hann dáinn?"

"Já," sagði Hansína og stóð upp. "Hann dó úr tæringu, aðeins 23 ára gamall."

"Dó úr tæringu — aðeins 23 ára!" — Rúna seig ofan að koddanum, og greip höndunum um vinstri síðuna. — "Hvað varstu að segja að við værum —"

"Eg sagði ekki neitt um, að þið væruð. — Mér aðeins datt í hug, þegar þú fórst að tala um verkinn í vinstri síðunni."

"Hafði hann líka verk undir vinstri síðunni?"

"Já, brjósthimnubólguverkur var það víst. — Svona, hlustaðu nú róleg á mig. Mér hefir oft dottið í hug að segja þér sögu hans; þegar eg hvorki með illu né góðu hefi getað afstýrt því að þú færir jafn gálauslega með eina af beztu guðs gjöfum — heilsuna, — ef ske kynni, að þú létir skipast. — Hann var rétt um tvítugt, eins og þú — rjóður og sællegur eins og þú varst — þegar hann var klæðskeranemi á saumastofunni, þar sem eg vann. — Nei, hann dansaði ekki, en hann vakti og las, heilar og hálfar næturnar; og þegar við mamma sáluga fundum að því við hann (hann bjó hjá okkur frá því hann kom og þangað til hann dó), þá keypti hann bara þegjandi á tíu potta brúsa, hann hélt við sæjum eftir olíunni. Blessaður auminginn var— Það eru fleiri óráðþægir en þú, Rúna mín; en það er ekki betra fyrir það."

"Var hann lengi veikur?"

"Eg veit ekki, hvað eg á að segja um það; hann lá fjóra mánuði rúmfastur."

"Hvernig byrjaði það?"

"Byrjaði með kvefi, megrun, lystarleysi og almennum slappleika. Og svo fékk hann verk undir síðuna. — Brjósthimnubólga, sagði læknirinn."

"Brjósthimnubólga!" Rúna náfölnaði.

"Hann gekk víst með hana nokkra mánuði, og á endanum lagði hún hann í rúmið. Og eg sótti lækninn, að honum fornspurðum."

"Hvað sagði læknir —"

"Svo sem ekki neitt til að byrja með. Sló úr og í við Ísak sáluga; talaði um fiskigöngur og hákarlaveiðar; lét álit sitt í ljós um nýjustu ljóðabókina, og þar fram eftir götunum. — En þegar mamma sáluga gekk á hann með það, hvað hann héldi um bata, spurði hann hana, hvort hún héldi ekki að það væru líkur til, að sá yrði kveðinn í kútinn, sem aldrei hefði hirt um að læra bögu; með öðrum orðum: aldrei hirt neitt um heilsu sína. "En," bætti hann við, "hefði Ísak gætt heilsunnar betur, þá hefði ekki þurft svona að fara'."

Rúna grúfði sig ofan í koddann og grét.

Hansína snýtti sér harkalega, settist á rúmið og strauk um höfuð Rúnu. "Eg veit það var neyðarúrræði, sem eg greip til; veit eg muni hafa hrætt þig; en eg gat ekki horft þegjandi á, að þú héldir áfram þessu heilsu eyðileggjandi gönuhlaupi. — Þú heldur nú líklega að eg hafi gert þetta af tómri meinsemi við þig — eg geti ekki vitað til þess að þú skemtir þér — eg sé svo gamaldags og nornaleg. — En eg var einu sinni 22 ára, þó þú trúir því kanske ekki — eg veit að það er langt síðan; veit að það var löngu fyrir barnsminni sextíu krónu skónna, og löngu áður en menn yfirleitt fengu vatn í höfuðið — vatnorku, orkustöðvar — eða hvað það nú er. — Í mínu ungdæmi létu menn sér nægja með blýhatt, ef þeir vildu hafa eitthvað í kollinum." Hún tók utan um herðarnar á Rúnu, lagði grátvott andlit hennar upp að vanga sínum. "Svona, svona, þú mátt ekki örvænta, ekki að kvíða fyr en á dettur. — Þú liggur í dag og ferð svo til læknis í fyrramálið."

"Æ, nei, elsku Hansa. Eg vil ekki fara að Vífilsstöðum."

"Hver segir að þú farir til Vífilsstaða!" "Allar leiðir enda ekki í Róm," er haft eftir lækninum. Eg býst ekki við að það sé verra en það, að þú þurfir að haga þér svolítið skynsamlegar í framtíðinni; sofa 8—10 stundir á sólarhring — í stað 4—5 — og pína ofan í þig eins mikinn mat og í þig kemst."

"Hvort sem eg hefi lyst eða ekki?" Rúna þurkaði framan úr sér.

"Já, hvort sem þú hefir lyst eða ekki. En eg veit að lystin kemur, ef þú heldur ekki áfram að haga þér eins og Kleppari."

"Heldurðu annars að eg þurfi að fara til læknis? Heldurðu ekki, að hann sendi mig á hælið?"

"Eg held ekkert um að þú þurfir að fara til læknis — eg veit það. — Hvað heldurðu að læknar séu? Agentar fyrir Vífilsstaði, sem fá prósentur fyrir hvert par af lungum, sem þeir senda þangað? Nei, góða mín, þú verður ekki send á Hælið, nema að það sé óumflýjanleg nauðsyn."

"En ef eg skyldi þurfa að fara — elsku, hvað á eg þá að gera? Eg hefi enga peninga, ekki einu sinni aura fyrir þessi fyrirskipuðu föt." ("Á, ertu farin að sjá, að hýalín er ekki hollur klæðnaður?"). "Hansa! veiztu nokkurn hlut um, hvernig þau eiga að vera?"

"Mér finst satt að segja nógur tími til að brydda Vífilsstaða skóna, þegar fullráðið er að þú farir þangað. — Hvað varstu að tala um aura fyrir föt — aura! Nokkur þúsund aura, áttu við. — Og hvar er nú þessi góði vinur þinn, sem þú ert með sýknt og heilagt? Heldurðu ekki að hann muni vilja leggja eitthvað á sig, til að bæta heilsu þína? Það er auðvitað fruntaskapur að spyrja þig, hvort þið séuð beinlínis harð-trúlofuð. Þú hefir heimild til að segja að mér komi það ekki við — af þér býður svo við að horfa."

"Auðvitað erum við trúlofuð." svaraði Rúna, og mátti heyra þykkjukeim í röddinni. — "Við sem ætlum að opinbera á sumardaginn fyrsta — og að sjálfsögðu hjálpar hann mér, ef til þess kemur — hann hefir sagt, að hann vildi alt fyrir mig gera."

"Hann hefir sagt að hann vildi alt fyrir þig gera! Hm. Eg hefi ætíð illan bifur á fólki, sem segist vilja alt

fyrir mann gera. — Góða Hansa, þú ert svo svartsýn," bætti hún við, og hermdi eftir Rúnu framan í hana. — "Varstu ekki tilbúin að segja það, ha?"

— — —

Hansína hafði með blíðkun og hótunum á víxl, fengið Rúnu til að liggja í rúminu, á sunnudag og mánudag, og á þriðjudagsmorguninn hætti hún ekki fyr við hana, en hún hafði hátíðlega lofað því að fara til læknis. Hann hafði heimsóknartíma 10—11.

Rúna hafði gert sitt ítrasta til að sannfæra Hansínu um, að sér hefði ekki liðið jafn vel í margar vikur. En það var enga "miskunn að finna hjá Magnúsi". — Og nú var hún að beygja inn á götuna, þar sem læknir átti heima.

"Kvef í þrjá mánuði, hósti, næturssviti, lystarleysi, verkur undir vinstri síðu," sagði læknirinn ofur rólega, þar sem hann sat í skrifstofustólnum. Hann las það eins og heilsíðu auglýsingu í Mogga: "Nýjar vörur frá Ameríku: aðeins fyrir kaupmenn og kaupfélög: Hveiti, kaffi, sykur, niðursoðnir ávextir o. s. frv."

"Haldið þér að eg þurfi að fara til Vífilsstaða? Þér haldið þó ekki að eg hafi — hafi —"

"Hafið þér nokkurntíma verið niður á hafnargarði, þegar verið er að skipa upp? — Ekki það. — Eg hefi séð þá skipa upp mjölsekkjum; en mér hefir ekki verið mögulegt að sjá það utan á sekkjunum, hvort þeir hafa sódaköku-hveiti innan veggja, eða illmeltanlegt hrat. — Farið þér úr, eg þarf að hlusta yður."

"Hefi eg hita?" spurði Rúna með öndina í hálsinum — læknirinn hafði endað rannsóknina með því að mæla hana.

"Hita! Auðvitað hafið þér hita. Mjög líklegt að þér sætuð ekki þarna ef þér væruð hitalaus," svaraði læknirinn um leið og hann þvoði mælinn.

"Almáttugur! Eg hefi þá auðvitað — auðvitað —" Það var grátklökkvi í röddinni.

"Almáttugur! taktu dúsuna út úr barninu, læknirinn er að koma," sagði konan. — Þér hafið hita, eðlilegan líkamshita. Æskilegt að fólk hætti að gælunefna sótthitann."

Rúna tók alt í einu eftir því, að skrifstofa læknisins var hlý og vingjarnleg.

Hún fór að klæða sig. — Læknirinn sat við skrifborðið — sneri við henni bakinu. — "Þér eruð sveitastúlka, Hafið verið hér í tvö ár? Hálft annað ár hjá Kjaldal. Nánasti ættingi, föðursystir; fósturmóðir yðar — býr í sveit. Hvernig litist yður á að snúa bakinu við Kjaldalsbúðinni um hríð, segja skilið við "Gúttó"-ryk, "Iðnó"-kulda og "Bíó"-troðning, og fara upp í sveit og rifja flekk fyrir frænkuna?"

"Því miður er það ekki mögulegt — af því við skildum í fússi. Frænka vildi ekki að eg færi hingað — hún er svo gamaldags, og svo er henni illa við Reykjavík — eg veit ekki af hverju. — Hún sagði, að eg skyldi aldrei inn fyrir sínar dyr koma, ef eg færi, — og eg fór."

"Haldið þér ekki að blóðið myndi renna til skyldunnar?"

"Eg get ómögulega átt það á hættu að fara fýluferð; eg veit þér skiljið það, læknir. Frænka var voða reið. Hún sagðist ekki mundi verða hissa, þó hún frétti, að eg hefði fengið krúnuna

kembda í Reykjavíkur sukkinu, því — eins og hún komst að orði: "Það væri ekki heill að leita —". Rúna ræskti sig og roðnaði.

Læknirinn sneri sér við í stólnum. "Einmitt það! Kjarnyrt, gamla konan. Líklega Borgfirðingur? Jú, mér datt það í hug. — Þá verður maður að taka til annara bragða," bætti hann við alvarlega.

"Þér ætlið þó ekki að — að senda mig suður eftir?"

Í stað þess að svara, hringdi hann símanum, bað um númer og spurði rétt í sömu andránni eftir Stefáni frá Styrbjarnarholti. — "Sælir, Stefán minn! Þér ætlið að standa við gömul loforð? Já, já, auðvitað. Jú, sjúklingurinn er hér staddur. Nei, sussu nei. — Kvef. — Rétt til getið! "Fjallganga í nokkra mánuði. — Hvenær? — Einmitt það, fimtudagsmorguninn? — Já, helzt strax; eg þarf að vera í Landakoti kl. 12."

"Getið þér verið tilbúin kl. 8 á fimtudagsmorguninn?"

"Tilbúin? Hvert?"

"Auðvitað getið þér verið tilbúin — verðið að vera tilbúin. — Þér leggið af stað í bifreið með Stefáni í Styrbjarnarholti, í býtið á fimtudagsmorguninn."

"Stefáni í Styrbjarnarholti! — í býtið. — Eg þekki hann ekki — hefi aldrei —"

"Gerir ekkert, góða mín, þér fáið tækifæri til að kynnast honum. Eruð þér kunnug á Vífilsstöðum? — Nú, jæja. — Stefán er mesti heiðursmaður — óþarfi að geta þess; eg mundi ekki hafa trúað honum fyrir yður, ef — þarna kemur hann! — Já, komið þér inn, Stefán minn."

Rúna reyndi að láta sem minst fara fyrir sér í stólnum.

Hár maður og þrekinn — nokkuð við aldur — gekk rösklega inn og staðnæmdist rétt fyrir framan lækninn. — Læknirinn rétti honum hendina. "Jæja, Stefán minn, hérna er kaupakona handa yður." — Stefán leit hornauga til Rúnu. — "Verst ef þér hafið búist við kaupamanni. En þeir eru nú ekki á hverju strái. — Sólrún heitir hún og er Daðadóttir." — Rúna lyfti sér lítið eitt og sagði: "Sælir".

"Þér farið snemma á fimtudagsmorgun? Getið þér ekki litið hérna inn í kvöld, milli 7 og 8 — eg þarf að spyrja yður um búskapinn. — Hér er lyfseðill, Sólrún litla; hann segir til um notkun."

"Hvað skulda eg yður?"

"Þér borgið mér, þegar þér komið úr kaupavinnunni frá Stefáni. — Verið þér sæl." Hann tók í hönd Sólrúnar og klappaði á herðarnar á Stefáni. "Milli sjö og átta, Stefán; já, já, þér munið það."

Þau gengu þegjandi ofan stiginn frá læknishúsinu. Rúna rauf þögnina: "Eruð þér ekki hræddur við fólk með — sem er slæmt í lungunum?" spurði hún hikandi.

"Þú ert ekki lungnaveik, — kvef, sagði læknirinn."

"Það er meira en kvef, vinstra lungað ekki alveg frítt; verkur undir síðunni —"

"Eg veit þú hefir vont kvef. — Viltu ekki reyna að koma stundvíslega ofan að "Landi" á fimtudagsmorguninn? — Mundu eftir að búa þig vel, hann er kaldur á fjallinu."

Rúna horfði undrandi á eftir honum. Þessi Styrbjarnarholts-maður og

læknirinn voru tvær meðal almanaksgátur. Svo labbaði hún ofan á símastöð.

"Leifi? Heyrðu! Eg þarf endilega að tala við þig í kvöld. — Já, já, auðvitað er eg á fótum. — Nei, eg er ekki búin að fá herbergi. — Æi nei, ekki "Land". — Tiktúrur! Við getum nú talað um það í kvöld. — Hvar? Á horninu á "Uppsölum". — Já, Landakotsmegin — hálf 9. — Já, áreiðanlega. Sæll."

— — —

"Hvað eiga þessar vífllengjur og tiktúrur að þýða, að vilja fara að leita uppi einhverja sveitafólks kaffi-holu inni á Laugavegi?" sagði Leifi önuglega um leið og hann sneyddi fyrir poll á götunni. — "Og þú ert enn í fangelsi hjá Hönsu hex?"

"Eg fer þaðan á fimtudaginn," svaraði Rúna lágt, án þess að líta upp.

Hann þrýsti hönd hennar og hvíslaði blíðlega: "Nú, það var þetta, sem þú ætlaðir að segja mér. — Við skulum snúa við og fara inn á "Land". Eg skal traktera þig á öllu því súkkulaði, sem náunginn þar hefir."

"Það er fleira, sem eg þarf að segja þér."

"Þú getur eins sagt mér það nið'r á 'Landi'."

"Nei, eg get ekki sagt þér það niður á 'Landi'."

Þau gengu framhjá timbur-porti: "Gisting fyrir ferðamenn, hestar geymdir".

"Átti eg ekki á von! Þetta er einhver óþverra holan. Þú ætlast þó ekki til að eg fari hérna inn? Eg gæti ekki verið þektur fyrir það!"

"Dálítið lengra. — Hérna er það."

Þau komu inn í hálfkalda, dimma stofu, með þrem smáborðum, með mismunandi hreinum dúkum. Þau tóku sér sæti. Leifi sló stafnum nokkrum sinnum í borðið, eftir að hann hafði árangurslaust svipast um eftir borðklukku.

Ung kona, með barn á handleggnum, kom inn í stofuna.

"Hvað hafið þér á boðstólum? Kaffi, súkkulaði og heimabakað?"

"Nei, við höfum aðeins kaffi og Vínarbrauð — og svo límonaði og kex."

Leifi leit ásökunaraugum til Rúnu.— "Kaffi og vínarbrauð fyrir tvo. Þarf maður að bíða lengi?"

"Nei, eg hefi heitt á könnunni," svaraði konan, og skelti hurðinni á eftir sér.

"Heitt á könnunni! Það er víst dágott skolavatn. — Eg er æði forvitinn að heyra þetta merkilega, sem þú ætlar að segja mér. Þú ert eitthvað svo alvarleg. Hann teygði sig yfir borðið og ætlaði að kyssa hana.

"Uss, elsku góði, konan getur komið á hverju augnabliki."

Það var orð og að sönnu; konan kom rétt í þessu með rjúkandi kaffi og vínarbrauð, á bakka.

"Hana! Þar erum við óhult. Láttu það nú koma, alt þetta merkilega, sem þú ætlar að segja mér. — Mér finst nú satt að segja, að þú sért þegar búin að því."

"Leifi! Eg fer — fer burt úr bænum á fimtudagsmorguninn. Eg verð að fara — verð — verð —"

"Ferð — burt — úr — bænum!" Hann ýtti bollanum svo harkalega til, að dúkurinn fékk væna ágjöf. — "Sagðirðu: Fer burt úr bænum? Eða misheyrðist mér?" Hann krepti hnef-

ana svo hnúarnir hvítnuðu. — "Er þetta nú nýjasta ráðið til að forðast mig — til að svíkja það sem þú hátíðlega lofaðir og sveiaðir þér upp á — að flytja, og láta nornina vera norn, og hexið hex?"

"Leifi! elsku Leifi! þú hefir mig fyrir —"

"Elsku Leifi! Það getur nú verið "gott nokk". — En þú ert bara að stríða mér, þú ert búin að fá herbergi hérna í bænum. — Mér finst það ljótt af þér að koma mér í ilt skap."

"Eins og — það veit sá sem alt veit — eg er að segja þér eins og er. Eg verð að fara; verð að vera burtu í vor og sumar; læknir sagði að eg yrði —"

"Læknir?"

"Hann sagði að það væri svolítill aumur blettur á vinstra lunganu — þú veizt eg hefi haft vont kvef. — Nei, nei, það er ekki það, — eg fullvissa þig, það er ekki það." — Tárin streymdu niður kinnar hennar. — "Eg má bara til að vera í góðu lofti og hvíla mig um tíma — aðeins vont kvef. — Ha! hvað segðirðu?"

"Eg sagði bara asni, bölvaður grasasni!"

"Því talarðu svona um lækninn; heldurðu hann hafi ekki vit á því?" Hún fálmaði eftir vasaklút.

"Lækninn! Ha! ha! Hefi eg sagt eitt einasta stygðaryrði um nokkurn lækni, þessa heims né annars? — Nei, eg meinti ekki lækni. — En er þetta nú ekki einn hlekkurinn í útúrdúrakeðjunni? — Geturðu sannað mér að þú hafir farið til læknis?" — Hann greip harðneskjulega um úlflið hennar.

Hún fór ofan í vasa sinn og lagði lyfseðilinn á borðið.

Hann einblíndi á seðilinn og stafaði: K-r-e-o-s-o-t — Kreosot! Með öðrum orðum: Tæring! Hann var náfölur. — "Svo þetta hefirðu haft upp úr því að hlýða mér ekki; þetta hefir þér áskotnast hjá uglunni á Bræðraborgarstígnum, sem bjó með tæringarveikum manni í mörg ár — eg frétti það nýskeð. Með henni hefir þú viljað vera; en gagnvart mér hefir þú verið gaddfreðin eins og Grýlukerti."

"Elsku, hjartans Leifi! Ertu alveg búinn að gleyma því, að þú ert að tala við unnustuna þína — konuefnið þitt," sagði hún flóandi í tárum.

"Konuefnið! Ha! ha! Hvað er meira fyrir mig að enda ekki það, sem eg lofa; þegar þú hefir svikið öll þín loforð. — Eftir á að hyggja: Hefi eg nokkurntíma beðið þig að giftast mér?" hvíslaði hann út á milli tannanna.

"Leifi!" æpti Rúna.

"Já, reyndu nú að kóróna það með "uppistandi" og "skandala"." Hann greip um handlegg hennar, ýtti henni út, fleygði krónu á borðið, og skelti aftur hurðinni.

Rúna tók til fótanna.

"Hvert ætlarðu að rása?" kallaði hann á eftir henni.

"Snertu mig ekki! Ef þú vogar að snerta mig, skal eg æpa og gjöra allan þann "skandala", sem eg orka. — Gáttu hinumegin á götunni, svo þú sýkist ekki!"

"Rúna! Eg vildi gjarna hjálpa þér um peninga, ef eg hefði þá til; en þú veizt eins vel og eg, hvað tilfinnanleg dýrtíðin er."

"Til að borga húsaleigu, eins og sagt er að vissir menn geri fyrir vissar stúlkur! Nei, tak!"

"Rúna! Því segirðu þetta? Þú hefir mig fyrir óguðlega rangri sök. Mér hefir ekkert annað gengið til en umhyggjusemi. — Hvernig ætlar þú að kljúfa kostnaðinn við veruna suðurfrá?"

"Það er auðvitað dónaskapur að segja við fínan herra eins og þig, að þig varði ekki um það."

"Því ertu svona snúin? Vertu nú ekki svona; talaðu almennilega við mig."

"Eg á ekkert vantalað við þig. — Komdu ekki svona nærri mér! Við erum ekki trúlofuð; við höfum aldrei verið trúlofuð."

"Rúna! Svei mér ef eg held ekki að þú sért reið."

"Reið! Eg held það sé ekki mikil ástæða til að vera reið!"

"Vertu ekki að þessu! Komdu upp að Skólavörðu."

"Þú ert ekki húsbóndi minn. — Þú kemur mér ekkert við. — Varaðu þig! Eg þarf að hósta."

"Jæja þá, jæja þá! — Ef þú segir að eg hafi svikið þig — eg veit ekki hvað eg geri."

"Hann sveik mig ekki!" sagði Rúna svo hátt, að "par", sem gekk á undan þeim, leit við og glápti. — Leifi flúði inn í næstu götu.

— — —

"Átti eg ekki á von," sagði Hansína um leið og hún hysjaði sængina að herðunum á Rúnu. "Eg segi þér fyrir satt, Rúna mín, að tárin þín eru of góð fyrir labbakúta af Leifa tagi. — Eg veit þú átt eftir að lifa þá stund, að þakka forlögunum fyrir að hafa gripið í taumana. — Eg hefi ætíð haft illan grun á þessum gúlsopa-Gvöndum. Ekki svo að skilja, að eg hafi orðið fyrir barðinu á þeim. En eg hefi fulla sjón, heyrn, ilman, smekk og tilfinningu, — og hefi þar að auki verið í vinnumensku, búð og saumastofu í nærfelt 20 ár, — og reynsla mín er þessi: Ef hann segir, að hann vilji alt fyrir þig gera, skyrpir hann því loforði um leið og þú færð vont kvef. Segi hann, að hann geti ekki án þín lifað, gefur hann eftir eiðinn, ef á þarf að halda; en geri hann það að daglegu umtalsefni, að hann gæti dáið fyrir þig! — Helgur Hósías og allir englar, hvítir og svartir, og í öllum regnbogans litum — hjálpi þeirri stúlku! Því þá þarf ekki annað né meira en það, að hún komi of seint á stefnumót eða tali alúðlega við manneskju, sem ekki er innrituð í "herrans" kokkabók — til þess að heila gallaríið hrynji til grunna."

"Viltu gefa mér að drekka, Hansa mín?"

"Já, eg held nú það. — Svo skal eg leita að grasavatni, sem er gott fyrir brútin augu — eg held það sé einhversstaðar í koffortinu mínu. — Æ! eg var rétt búin að gleyma því — það var sannarlega gott að eg mundi það! — Styrbjarnarholtsfeðgar komu í búðina í dag; þeir beiddu mig að segja þér, að þeir gætu ekki orðið tilbúnir fyr en á föstudagsmorgun. — Stefán yngri var að koma af Hælinu; hann hefir verið þar í hálft annað ár — og er því sem næst albata. Hann var á skrifstofunni hjá Kjaldal, þangað til mánuði áður en hann fór suður eftir. Og nú er gamli maðurinn nýbúinn að láta ljúka við reisulegt steinhús. — Þú þarft ekki að vera hrædd um að það væsi um þig. — En mundu mig um, að láta ekki koma að þér "trekk" — eg hefi ekki trú á þessari nýtízku opingáttar-stefnu."

Þýðing íslenzkrar tungu fyrir Engil-Saxa.

Eftir **Percy Aldridge Grainger.**

(Ritgerð þessi er samin eingöngu fyrir Tímarit Þjóðræknisfélagsins, og er öll endurprentun bönnuð.)

Eg vil láta skipa íslenzkri tungu og bókmentum sæti við hverja einustu mentastofnun í hinum ensku-mælandi heimi, og eg vil láta hana sitja í fyrirrúmi fyrir hinum "dauðu" tungumálum, svo sem Grísku og Latínu, og hinum nýju málum, svo sem, Þýzku, Frönsku, Ítölsku, Spönsku o. fl.

Þessi löngun mín er sprottin bæði af sérstökum og alkunnum ástæðum. Hinar sérstöku eða persónulegu ástæður eru þessar: Ekkert hefir vakið mig eins til sjálfsvitundar um köllun lífsins, verið mér stærri opinberun, orðið mér gagnlegri við listanámið, ráðið jafnmiklu um athafnir mínar og ákvarðanir, verið fullkomnari mælikvarði fyrir hugsunum mínum og breytni við hið opinbera starf mitt eða skyldustörfin hversdagslegu, sem andi þjóðernis einkunnanna íslenzku, er smám saman hefir skýrst fyrir mér, með vaxandi skilningi á islenzkri tungu. Hinn skæri hetju-hreimur sem hinir lökustu jafnt sem hinir snjöllustu kappar fornsagnanna vekja, hefir mér ætíð fundist vera sá lúður-hljómur er heimti menn til hreystiverka og að eigi verði við honum eyrum lokað. Hið stál-efldu lífsfjör, er hvarvetna kemur fram í fornsögunum, færir mér ferskara loft, er hressir mig jafnvel betur en návistin við hina eðlishreinu, óspiltu, ytri náttúru. Tign háfjallanna, hin kalda ró eyðimarkanna, ægiþróttur hins brimsollna hafs, eru samandregin í örsmáa lífseining hjá hinni forn-norrænu þjóð, svo að þessi frumöfl hinnar ólífu náttúru koma þar fram í lífi gæddum andlegum myndum.

Innan um alla hina velgjulegu vesalmensku, og flatmagandi þrælslund er gætir svo víða nú á dögum, fær manni hugsunin um þessa fullafla menn og sjálfbjarga konur — sann-nefnda ofur-menn og ofur-konur — einskonar innri fagnaðar, hugarhláturs, eins og manni heilsuðu af vegamótunum, með glöðu handbragði, eilífðar gildi lífsins sjálfs. Svo mætti virðast sem lífið á Víkinga-öldinni hafi verið lagað og sniðið eftir einhverjum hinum allra spakasta orðskvið þessarar aldar: "dásamlegt er lífið ef dugur fylgir", (en sem eftir öðrum aldarhætti, fólk nú á dögum hefir í skympi), og með þau tignardæmi fyrir augum, staðfestu og jafnlyndis, sem úir og grúir af í fornsögunum — og raunar alveg eins í seinnitíðar-sögum íslenzkum — væri

það fullkomin lífssvik að bregðast svo sjálfum sér, eigi á öllum tímum ávalt að duga sem bezt.

Þessir yfirstandandi tímar eru örlagaþrungin tímamót fyrir enskumælandi tónskáld, er stund vilja leggja á ný yrkisefni, því að hinn engil-saxneski þjóðflokkur, hvort sem hann dvelur í hinum ýmsu hlutum brezka ríkisins eða í Bandaríkjunum, er nú í söngfræðilegum efnum að vaxa upp úr oddborgara-hugsunarhættinum og hreppa-kreppunni, og hinir fremstu hljómfræðingar vorir, farnir að reyna listfengi sína og gáfu við höfuð tónskáld allra alda og allra þjóða; — eigi með þeim tilgangi að keppa við þá, heldur með þeirri tilfinningu, er þrýst hefir sér inn í sálu þeirra, að hljómlistin út af fyrir sig, sé alveldis-heimur einn og óskiftur, er þá langar til að nema og auðga að sínum hlut. Þesskonar tímamót eru ávalt hin öfundsverðustu í listasögu hverrar þjóðar, og hefir mér veizt sá fögnuður, ógnþrunginn, óttakendur, að finna til hátíðleika þessara tímamóta frá því eg var drengur. En jafnt og stöðugt við hverja tilraun sem eg geri (er virða má sem vill) að hjálpa til þess að hljómlistin meðal Engil-Saxa skuli hafa þokast áfram um reit, um það að æfinni lýkur, við það sem hún var við æfibyrjunina, hefi eg spurt sjálfan mig þessara spurninga: Keppi eg að þessu takmarki með óbreytandi íslenzkri fastheldni? Eru verk mín á sviði hljómlistarinnar samboðin þeim manni er kynst hefir orðfágun íslenzkra bókmenta? Er hin opinbera framkoma mín gagnvart stéttarbræðrum mínum sú sem vænta má af manni er orðið hefir fyrir áhrifunum af hinum fornu norrænu höfðingjasiðum? Því (og eg endurtek það) hinn forn-íslenzki framkomu máti, hinn forn-íslenzki drengskapar mælikvarði, íslenzk listfágun í ljóði og sögu, eru hinar voldugustu, hreinustu, áhrifamestu og æðstu fyrirmyndir sem eg þekki.

Þá hefi eg lýst tilfinningum mínum og læt hér staðar nema. En þá eru hinar almennu ástæður, fyrir þeirri skoðun að þekking á íslenzkri tungu sé þýðingameiri fyrir engil-saxneska þjóð, en þekking sú, sem dregin verður út úr flestum námsgreinum öðrum, og eru þær rökstuddar með ýmsum rannsóknum sem gerðar hafa verið (svo sem á sviði þjóðerniseinkunnanna, stjórnmálanna, málfræðinnar og fagurfræðinnar) og skal eg leitast við að benda á sumar þeirra, í því sem hér fer á eftir.

Eigi fæ eg talið mig í flokki þeirra manna, sem álíta að gildi ákveðinna þjóðerniseinkunna fari sí-minkandi og verði æ minna og minna eftirsóknarverð. Eg get virt þá trú að mannkyninu kunni að vera ákvarðað að verða að lokum eitt allsherjar-borgarafélag, en svo virðist mér að þeir eiginleikar er mest þurfi á að halda, meðan á því ferðalagi stendur, séu hinir ákveðnu þjóðernislegu eiginleikar. Menningarkröfurnar í heiminum, nákvæmar og sundurgreindar á svo undur fjölbreytilegan hátt, krefja jafn fullkominna og fjölbreytilegra þjóðernislegra hæfileika, smekks og listfengis, er breytilegir lifnaðarhættir og lífsútvegir um órofa aldur hafa skapað með tilhjálp lofts og lands. Mér finst því þörfin miklu fremur vera sú, að í stað þess að má út öll hin þjóðernislegu sérkenni, að gera þau enn ákveðnari en þau hafa verið nokkru sinni áður. Án

þess eg haldi með nokkru því sem talist getur ásælin stórveldisstefna, þrái eg að hinar ýmsu kynkvíslir engil-saxneska þjóðflokksins verði að upplagi til og eiginlegleikum, í verki og hugsun, að mentun og menningu og fögru málistum, enn engil-saxneskari en þær hafa nokkru sinni áður verið á nokkru tímabili sögunnar. Vér Engil-Saxar, að mestu norrænir hvað ætterni snertir, erum í fæstum efnum frábrugðnir Skandínövum, hvað áhrærir þjóðmál vor, lifnaðarháttu, lífsskoðanir og fegurðarsmekk. Undir niðri eru báðir þessir þjóðflokkar fylgjandi sjálfsréttindakröfum einstaklingsins, móttækilegir mjög fyrir allar frelsiskenningar á öllum sviðum, og eigi ógjarnir á nýmæla tilraunir, hvort heldur, um landnám, vísinda rannsóknir, véla uppfyndingar, þjóðfélagshreyfingar, trúarbragðastefnur eða fagurfræði er að ræða. Eða hvaðan er sprottin hinn mikli áhugi Engil-Saxa nú á síðari árum fyrir lýðfrelsi nema upp af stofni hinnar forn-scandínavisku venju, að þjóðin tæki þátt í samningi allra laga? Hvað eru hin nýju sjálfstæðis umbrot kvenna — kvennréttindahreyfingin — í hinum margvíslegu myndum er komið hafa fram í hinum enskumælandi löndum, annað en endurvakning hinnar forn-norrænu fullveldisstöðu konunnar — endurfæðing hins forn-scandínaviska persónuhelgis konunnar, er varðveitti hana fyrir misþyrmingu og illri meðferð karlþjóðarinnar — nú einmitt þegar hin siðferðisdeyfandi miðaldaáhrif Suðurlanda-menningarinnar eru að hverfa?

Að flestu leyti, held eg megi óhætt fullyrða, að Scandínavar og Engil-Saxar séu eitt og hið sama að hugsanalífi og insta eðli. En vér megum ekki gleyma hvílík hindrun það varð engilsaxneskum hugsjónum er England var yfirunnið af Normandíu hernum, og sá straumur sem þá flæddi yfir landið af útlendum blóðsugum og baróna-lýð. Trú þjóðarinnar á sjálfri sér, að hún væri þess megnug að ráða sínum eigin örlögum, var dauðadæmd Eftir orustuna við Hastings hlaut alt hið innlenda að sæta óvirðingum, en eftirhermur alls þess sem útlent var að leiða til vegsemda og virðingar. Gegn valdi Normandíu konunganna og aðalsins, gegn normandísku dýflissunum og píslarverkfærunum, gegn normandisku kúguninni í allri mynd, hlaut engil-saxneski sjálfstæðisandinn, fróðleiksandinn engil-saxneski (sem klaustrin engil-saxnesku báru skýrastan vott um) hreinskilnin engil-saxneska, velferðarhugsunin engil-saxneska og þjóðhollustan að lúta í lægra haldi svo öldum skifti, (samskonar einkenni og í eðli sínu eigi fjarskyld, einstaklings frelsi, lærdómsfýst, yfirlætisleysi og hugsuninni um fjöldans hag scandinavisku þjóðanna nú á dögum). Þau einkenni voru ekki markaðsvara í þjóðfélaginu.

Það sem hinir normanísku yfirboðarar og hinir útlenzku skósveinar þeirra heimtuðu af undirsátunum engil-saxnesku, var þrælbundin undirgefni, hlýðni og auðsveipni fyrst og fremst og svo, að þeir í blindni féllust á og fylgdu þeim í efnisdýrkun þeirra og auðæfaleit sem meðhaldsmennirnir nefndu "æfintýralíf", og fyrirtækjum þeirra og ránsferðum, gikkshætti og hroka. Og afl höfðu þeir til þess, þótt fámennari væru, að koma fram vilja sínum á hinum undirþrykta engil-saxneska meirihluta. Dýrseðlið normandiska

(franska), grunnhyggnin, drottnunargirnin, verkaði eins og eyðandi eitur, á hina friðsömu, falslausu manndóms eiginlegleika hinnar undirokuðu þjóðar.

Fáir einstaklingar lifa svo af hina þyngri sjúkdóma að heilsa þeirra líði ekki við það. Á sama hátt lifa fáar þjóðir af, útlenda kúgun svo öldum skiftir, að hinar þjóðernislegu hugsjónir þeirra óskýrist ekki og að eigi dragi úr kröftum þeirra til að leiða þær hugsjónir í ljós. Þessvegna er það eigi nema eðlilegt, þegar vér hugleiðum hin eyðileggjandi áhrif (frá norrænu sjónarmiði) sem normandiska undirokunin hafði á hina engil-saxnesku þjóð, þótt enskumælandi þjóðin, komi nú úr þeirri eldraun með veiklaðri þjóðernismeðvitund, hugsjónasnauðari þjóðernislega, en hinar ýmsu scandinavisku þjóðir, er lausar hafa verið við útlenda áþján á þessu sama tímabili. Hernám Englands af hálfu Normandíumanna, og alt hið marga, sem upp af því hefir sprottið, gerir, að mínum dómi, fulla grein fyrir gullskúfa-tilbeiðslunni, krossadýrkaninni og uppskafningshættinum er finna má í fari alt of margra Engil-Saxa nú á dögum.[1]) Má minna á í þessu sambandi glamrið með útlenda listamenn og útlend listaverk, fyrirlitninguna á sveitasiðum og sveitavinnu, áhugaleysið með að kynna sér þjóðareinkennin sjálf og þjóðvenjur og siði og varðveita það frá gleymsku (nema þegar um einhverja söguna af einhverjum Normandíuhöfðingjanna er að ræða); eftirsóknin eftir löngum orðum [2]) af útlendum málstofnum, öllum þorra þjóðarinnar með öllu óskiljanleg, og hinn óeðlilega vöxt samkeppninnar á öllum sviðum þjóðlífsins, til tjóns og niðurdreps allri samvinnu í þjóðfélaginu.

Því verður eigi á móti mælt, að allar hinar spiltu, ósiðlegu, dónalegu og þýlyndu venjur í þjóðarhugsuninni eiga rót sína að rekja til yfirdrotnunar Normandíumanna á Englandi og þess menningarbrags sem hún gat af sér. Afleiðingarnar af stjórn Normandíumanna, afleiðingarnar af því að Normandíumaðurinn leit svo hjartanlega niður á hinn saxneska, sem óæðri veru urðu eðlilega þær, að allur lærdómur og mentun, er var í höndum Normandíu aðalsins, dró jafnt og stöðugt lífið úr öllum þjóðlegum fræðum en innleiddi útlenda menningu og leitaðist við á allan hátt að láta Saxana gleyma sjálfum sér og þjóðar uppruna sínum. Þessvegna var fyrirskipað grísku og latínu nám en forn-ensku og norrænu-

1(Hvað skyldi höf. segja um þenna sama hugsunarhátt í fari þeirra, sem ekki eru af enskum ættum, en apa þetta sem sérstaklega enskan stórveldis- og menningarmóð? Þýð.

2) Vinur minn Balfour Gardiner, enska tónskáldið fræga, skrifaði hjá sér nokkrar ambögur eftir manni, sem var veiðivörður hjá föður hans, og eru þær gott dæmi þess hve óenskuleg orð eru lítt skiljanleg almenningi. "Mr. Balfour certainly makes fine "process" (f. progress) on them there "cicycles" (f. bicycles). 'W hat with the late rains and early frosts the "consolation" (f. consequence) is the fruit ain't no good this season". "It all comes from the agricultural "pressure" (f. depression)". Þessi og þvílík orðskrípi myndast flest hjá hinum óupplýstari hluta brezku og bandarísku þjóðanna, úr orðum, sem hvorki eru af saxneskum eða skandínaviskum stofni. Það er eigi til neins að halda því fram, að eins sé farið með innlend orð og orðstofna. Sannleikurinn er, að allur þorri orða af latneskum, grískum og normandiskum (frönskum) stofni hafa aldrei náð því að verða heimilisföst í tungumálameðvitund alls fjölda hinnar enskumælandi þjóðar, þar sem aftur á móti undantekningarlítið, saxnesk og skandínavisk orð og orðstofnar lifa nær því eingöngu.

nám borið fyrir borð; því var og líka suðræn goðafræði hafin upp til skýja en norræn goðafræði vanrækt með öllu; og því var hin svonefnda Evrópusöngfræði numin af kappi en hin þýðu, látlausu, heimaöldu, ensku þjóðlög fyrirlitin, og þessvegna voru apaðir siðir og "háttprýði" Suðurlanda, en spilt smekk og skilningi fyrir hinni hreinskilnu og tígulegu ensku sveita menningu. En þrátt fyrir þessi útlendu áhrif sem runnu frá normandisku höfðingjasetrunum ,svo öldum skifti, ber saga hinnar enskumælandi þjóðar, yfir segjum síðastliðin 500 ár, vott um að þjóðin hefir með hægð verið að færast nær sínu uppruna eðli, upprunalegu hugsjónum og fyrirmyndum, verið smám saman að losa sig úr þeim fjötrum, (að mestu leyti óafvitandi) sem lagðir voru á hana með yfirdrottnun Normandíuhöfðingjanna.

Vér megum fullyrða, að eg held, að hver algengur engil-saxneskur maður, bæði í brezka ríkinu og í Bandaríkjunum sé nú um þessar mundir engil-saxneskari á svo margan hátt og síður normanskur, en menn voru fyrir öld eða nokkrum öldum síðan, (sem sýnir hin endurvakta ást hans á íþróttum, lýðveldiskröfur hans, samhygð hans með kvennréttindamálum, hin endurfædda mannúðartilfinning gagnvart skepnum og hinn nýji áhugi fyrir þjóðlegum listum), eða með öðrum orðum að hann er að hneigjast meira í áttina til hinnar scandinavisku menningar að fornu og nýju, en fjarlægjast rómverska og evrópíska hugsunarháttinn og alt sem honum fylgir — stéttabaráttu, hervaldshugsun, landakúgun, innisetur í verzlunarskrifstofum, einræðis og einokunarstjórn á öllum þjóðfélags fyrirtækjum og verzlunarsamtökum, er alt gengur í bága við scandinaviska hugsun og menningu.

Sé það satt, og eg trúi því staðfastlega að það sé satt, að þessi eðlisborna stefna í áttina til hinna norrænu þjóðlífs einkenna, hafi farið vaxandi, þó óafvitandi hafi verið, og sé stöðugt að koma betur í ljós í hinum enskumælandi heimi, hvað gæti þá verið ákjósanlegra en að sjálfar mentastofnanirnar og hinar fyrirskipuðu námsgreinar væru látnar styðja þessa þjóðernishreyfingu í stað þess að spyrna við henni fæti. Til dæmis lítum á málýzkurnar og almúgamálið. Flestar málýzkurnar ensku eru auðugri af saxneskum og scandinaviskum orðum en sjálft skólamálið enska. Almúgamálið enska er að mestu leyti óafvitandi tilraun að útrýma latneskum og suðrænum orðstofnum og talsháttum en setja hina saxnesku í staðinn[3]) En svo að sjálfsögðu bera vitringarnir sem yfir hafa að segja kenslumálum vorum og námsgreinum, sem enn eru undir áhrifum normandiskunnar, aðalstéttanna og útlenzka hugsunarháttarins, hina megnustu fyrirlitningu fyrir málýzkunum og almúgamálinu. Væri nú ekki sanni nær þegar litið er til hinnar augljósu þjóðernis hreyfingar hinnar enskumælandi

3) Þessi tilraun að útrýma ósaxneskum orðum og orðstofnum en setja þar önnur saxnesk í staðinn er einkum sýnileg í almúgamáli í Bandaríkjunum, er kemur fram í ýmsum orðatiltækjum og samsetningum, t. d. "Six-shooter" (f. revolver), "No kick coming" (f. No cause for complaint). "Make good" (f. Succeed). "Rake off" (f. profit). "Wire" (f. Telegram). "Roust-about" (f. automobile). "You said it" (f. I agree with you). "Sliphorn" (f. Trombone). "I'll say it is" (f. It certainly is). "Hard luck stories", "It's up to you", "Dead from the neck up", "Nobody home", "He put one over on me", "Let George do it" o. s. frv.

þjóða, í áttina til norrænna hugtaka, að leggja fyrir sig að nema bæði almúgamálið og mállýzkurnar og styrkja svo og efla, á æðri sem lægri mentastofnunum, þann, þjóðinni eðlisgefna orðþrótt, er í hvorutveggju kynni að finnast?

Ef mögulegt væri að koma af stað enskri málhreinsun, er svipaði til "Landsmáls" hreyfingarinnar í Noregi, yrði það að mínum dómi til hinnar mestu hollustu fyrir þjóðina. Hin enska tunga er stífluð af óenskum orðum og orðstofnum, sem algerlega eru dauð í daglegu máli og sem almenningur botnar ekki fremur í en þó það væri Kínverska, en sem eingöngu þéna til að ala og stækka stéttamun og andstæði í skoðunum. Í þessu efni væri nútíðar Íslenzka oss Engilsöxum hin fullkomnasta fyrirmynd. Eg ímynda mér að notuð séu færri útlend orð eða orðstofnar í nútíðar Íslenzku en í nokkru öðru núlifandi Norðurálfumáli. Samt sem áður mun hún mega teljast eitthvert hið áhrifamesta og gagnorðasta tungumál í heimi. Eða skara ekki bókmenta-störf íslenzku þjóðarinnar að hlutföllum við mannfjölda, svo nú sem í fornöld, jafn langt fram úr bókmentastarfi hinna enskumælandi þjóða, eftir sömu hlutföllum, sem Svíar og Finnar[4]) sköruðu fram úr í íþróttavinningum, að mannfjölda til, íþróttavinningum Breta og Bandaríkjamanna við hið nýafstaðna ólympiska leikmót. Íslenzk tunga kyndir varðelda hvað mál og mentir snertir, fram með braut þjóðernislegrar sjálfstæði. Íslendingurinn stendur öruggur á eigin fótum, laus við allan ríg eður kala til útlendra þjóða eða þjóðaráhrifa, ófjötraður af öllum milliþjóðamálaágreiningi, á sínu afmælda sviði, og nær, á alinnlendri og djúpspakri tungu, hámarki bókmentalegrar listar og fullkomnunar; hann er sannfróður um fortíð sína, **þjóðernis-sinni** en ekki **afbrýðissöm þjóðarsleikja.**

Þetta er takmarkið sem allir göfuglyndir og hugsandi menn í öllum löndum eru að stríða við að ná.

Bókmentirnar íslenzku, að minni skoðun, skipa sama bekk í bókmentum heimsins sem sönglög Bach's í tónlagasafni veraldarinnar, ólýsanlegar að meistaralegu jafnvægi og hátíðleik. Goethe segir um listina: "Man merkt die Absicht, man wird verstimmt," með öðrum orðum að þá sé töfravald listarinnar brotið ef listamaðurinn opinberar með henni fyrirætlan sína. Tilgangur höfundanna er hvergi gerður sýnilegur í beztu bókmenta listaverkunum íslenzku. Lesandinn fær aðeins getið sér til um skoðanir höfundarins og hverjar sögupersónurnar sem hann dregur fram, séu að hans skapi. Sagan gerist, breiðist út — eins rólega og hlutdrægnislaust og lífið sjálft. Svo má helzt álíta, að augnamið íslenzkra rithöfunda sé fremur að draga upp málverk af lífinu en að leggja dóm á það, og frammi fyrir svo áreiðanlegu og sannsögulu listaverki, lærist lesandanum að **skilja og þekkja lífið** í stað þess að **dæma það**. Eg þarf naumast að orðlengja það, hvaða ávinning það veitir hverjum listamanni að kynnast svo hreinskilinni list, sem þeirri, er felst í bókmentum Íslands að fornu og nýju, með því líka, hvert sem landið er, get-

4) Hér getur höf. ekki um sigurvinningar Fálkanna við hockey-leikinn, að líkindum vegna þess að þeir börðust undir kanadiskum merkjum á leikmótinu, og hann því eigi vitað að þeir voru íslendingar. Þýð.

ur hugsjón listarinnar sjaldnast leitað langt frá marki sannleikans sjálfs. Eigi verður heldur sá ávinningur of mikils metinn nú á dögum sem lesandanum veitist, þó eigi sé hann listamaður í sérstökum skilningi, þegar sem næst í hverri einustu listagrein, úir og grúir af auglýsingum eða meðmælum einnar eða annarar sér-kreddunnar og alt annað verður ofan á en að sýna hlutdrægnislaust lífið sjálft (eða svo er það að minsta kosti í hinum stærri löndum). Og eftir alt saman er eigi við öðru að búast á öld þessari, öld auðvalds samtaka og verzlunar einokunar.

Þótt eg dáist að hinum ýmsu íslenzku listaverkum og óski að þeim verði á lofti haldið þjóð minni til fyrirmyndar, óski að þær megi verða oss að eftirdæmi, finst mér eg eigi vera að hrósa eða halda fram **útlendum siðvenjum eða fyrirmyndum,** heldur miklu fremur, þeim hugsjónum sem svo eru skyldar lundarfari míns eigin þjóðflokks að þær megi álítast í alla staði oss vel samþýðanlegar, og jafnvel skoðast sem **arfhluti stofnþjóðar vorrar.**

Það er vegna þess að eg skoða nánari samband við Ísland sem **eina hina eðlilegustu leið til eiginlegs sjálfstæðis,** fyrir engilsaxneska þjóð, að eg mæli svo ákaft með því, og vegna þess að eg vonast til, að af því leiði vaxandi heilbrigði í hugsun og hegðan og æðrulaus bjartsýni sem nú auðkennir lífsskoðun þeirra andans manna þjóðarinnar engil-saxnesku er fram úr skara, sú lífsskoðun, sem eg einlæglega vona að allur þorri þjóðflokksins engil-saxneska þokist að, þó hægt fari.

Lýðveldisstjórn getur aldrei borið fullkominn ávöxt nema íbúarnir sjálfir í þeim löndum sem hún nær til, hafi öðlast vel þroskaða sjálfstæðismeðvitund (en með því á eg við að hver einstaklingur finni til sjálfsábyrgðar í allri hegðan sinni, svo að hans eigin tilfinning fyrir réttu og röngu ráði gerðum hans fremur en almenningsálitið eða valdboð meirihluta), og ennfremur, að hann finni til þess að mannkynið sé óaðgreinanleg eining (en þar á eg við að í meðvitund hans búi tilfinning um alveru-eininguna og samstæði alls mannlegs lífs, allra mannlegra athafna; sú trúarsýn sem svo vel kemur fram í orðum Walt Whitman's: "Sé það þér eigi jafn mikils virði og það er mér, þá er það einkis virði eða sem næst einkis virði".) Nái hinir drengilegu og ákveðnu sjálfstæðis eiginleikar einstaklingsins til að lifa og þroskast, hættir þjóðunum við að sökkva niður í volæði harðstjórnar eða óstjórnar (skrílmensku), og nema því aðeins, að tilfinningin sé næm fyrir því, að öll mannleg viðleitni skuli miða til sameiginlegrar velferðar; þá er markmið lýðstjórnar tapað og tilskipanir hennar hið aumasta spott. Hið sama má segja um alt annað þjóðfyrirkomulag, svo sem jafnaðarmensku, sameignar kenningu, samvinnufélag, eða þjóðvergisstjórn o. s. frv. er fram hafa komið í ýmsum löndum. Ekkert þetta fyrirkomulag getur komið að tilætluðum notum, nema þjóðirnar, sem undir því eiga að búa, eigi til að bera **persónulegt áræði,** til framfara og framsóknar og víðsýni, sem eigi er til, ef sjálfstæði einstaklingsins brestur og hugsunin um almannaheill, sem áður er að vikið, er töpuð. En flestra landa lýð virðist vera sorglega áfátt í báðum þessum efnum,

nú á tímum. Sýnir það sig einkum í ofbeldisverkum (svo sem upphlaupum gegn ýmsum þjóðflokkum, hengingum án dóms og laga, stórvelda undirokun, afbrýðissemi og tortryggni í öllum millilanda málum) er reka hvarvetna upp höfuðið hvort efni er til eður eigi; ennfremur kemur það fram í hugsunarleysi almennings um allar alvarlegar tilraunir þjóðinni til þrifa, (svo sem áfengisbann, kyngöfgun, útrýming fátæktar, neyðburðarvörn, efling líkamlegrar heilbrigði o. fl.) um að varðveita andleg afreksverk þjóðarinnar (með því að kynna sér mállýzkur almúga manna, héraðssiði, þjóðsagnir, þjóðlög og þess háttar) eða að stuðla að því að þeir hæfilegleikar er framkoma nú eða síðar fái sem bezt notið sín (með stofnun styrktarsjóða til vísindalegra og fagurfræðilegra rannsókna, er að upphæð samsvari þörfum þjóðarinnar eftir mannfjölda). Ekki bæta heldur nútíðar bókmentirnar úr, að scandinavisku löndunum undanteknum, þær draga varla fram eitt einasta dæmi er sýni persónulegt sjálfstæði, sem þó er svo afarnauðsynlegt, ef þjóðveldis-hugsjónin á að geta lifað. Í nútíðar skáldsagnaritum hugsar fólk og lifir í múgum, er háð og þrælbundið skoðun fjöldans og hleypidómum fávizkunnar, á sama hátt og fólk hegðar sér út í hversdagslífinu. Með öðrum orðum, meginhluti nútíðar bókmentanna endurspeglar líf, hugsanir og æfimið, úrkynjaðra og skoðanalega ómyndugra sálna.

Í Íslendingasögunum mætum vér alveg hinu gagnstæða. Þar blasir við oss hetju-þjóð, menn sem eru í eðli sínu aðalsmenn, menn sem fæddir eru með sjálfstæðistilfinningu (með trú á mátt og megin). Það er satt að margar þessar fornu sjálfstæðu hetjur á víkingaöldinni, voru ófyrirleitnir ofbeldismenn. En sjálfstæðisþróttur þeirra, er fyrir engu lét bugast, er svo heilsusamleg mótsetning við hið hvarflandi ístöðleysi er mjög auðkennir mannlífið nú á tímum, að í því sambandi liggur oss við að hrópa með Walt Whitman: "Eg ann þeim manni er fremur kýs að vera illur en góður af einskærum ótta eður ráðþægð."

Ef kraftur þeirra fyrirmynda, er voldugar bókmentir knýja fram, er nokkurs megandi, þá er lestur íslenzku sagnanna, eldri sem yngri, nákvæmlega það lyf er dreypa ætti á hvern engil-saxneskan mann nú á tímum, til að vekja af ómegni hina veikluðu sjálfstæðisskoðun hans, svo hann verði fær um að láta hinar engilsaxnesku (upprunalega scandinavisku) þjóðveldishugsjónir ná tökum á þjóðfélaginu þrátt fyrir hinar mörgu fjandsamlegu og mótstríðandi suðrænu þjóðfélagskenningar — sem flestar eru leifar og afturúr-slitnir taglhnýtingar hervalds og skrílvalds hins forna rómverska ríkis.

Um leið og hinn forni scandinavisk-heimur er alveg einstakt dæmi um hið ósveigjanlega viljafrelsi einstaklingsins eftir því sem sögurnar benda á, má sennilega finna það að honum, að hann skorti allan skilning á einingu mannlífsins og þar sé tæpast að finna hina guðumgefnu samúðar tilkenningu með öllu lífi, sem veitir þvílíka nautn í kenningum Buddha og ritum annara eins spekinga og H. C. Andersens, Walt Whitmans og Edgar Lee Masters. Og að þessvegna virðist sem vaði uppi, í öllum frásögum fornsagnanna einskonar köld og hlífðarlaus eyðilegging sem á

stundum vegur niður anda lesandans, þrátt fyrir hinar snildarlega dregnu myndir sögu-persónanna mikilúðlegu og aðdáunarverðu.

En þessi samúðarskortur, þetta skilningsleysi á lífseiningunni — þessi eyðileggingar-andi — nær eigi til hinna yngri íslenzku bókmenta. Scandinavia nú á dögum, í algengum skilningi og Ísland sérstaklega, sýnir dýpri skilning á sameðli lífsins, réttari aðferð við að byggja upp þjóðfélagið, fágaðri hugsun frá vísindalegu og siðmenningarlegu sjónarmiði í því sem gert er, hinu andlega lífi til viðhalds, en nokkur önnur lönd sem eg þekki. Er ekki framúrskarandi hæfilegleikamönnum veitt meiri aðstoð og örvun (með styrkveitingum úr opinberum eða sérstökum sjóðum eða öðru þesshättar) á Norðurlöndum, en nokkursstaðar annarsstaðar í heiminum? Hafa ekki Norðurlönd gengið á undan hinum mentaða heimi um lengri tíma með endurbót á stjórnarfari og öðru er horfir til þjóðþrifa (t. d. að nefna: kosningarétt kvenna, áfengisbann, ellistyrk af opinberu fé, samvinnufélagsskap o. fl)? En umfram alt sýnir sig þó þessi skilningur Íslendingsins á einingu lífsins í því hvernig hann sameinar í eitt, yngstu framfarastefnurnar við hina rótgrónustu íhaldssemi við fornar venjur; eins og til dæmis það, að þjóðin mælir á tungu er haldist hefir að heita má óbreytt í þúsund ár, en stendur þó í fremstu röð menningar þjóðanna í öllu er lýtur að hagsmunalegum og verzlegum framförum; les með jafn óblandinni ánægju, Landnámu hina fornu og sögur og ljóð hinna yngstu rithöfunda sinna.

Með því, hve óvanalega mikils hver sannur Íslendingur metur allan lærdóm, vísindaþekkingu og fagrar listir, sýnir hann að hann er hugsjónaríkari andlega, þjóðernislega víðsýnni, en fyrirmyndar-borgarar flestra hinna miklu verzlunarríkja og stórvelda eru nú á dögum.

Sökum hinna sjaldgæfu eiginlegleika, vitsmunalegra og andlegra, og lífsþekkingarinnar og lundarfarsins, er varðveitt hafa íslenzku þjóðina fram til þessa dags og gert hana það sem hún er, sökum þess hvað allir þessir eiginlegleikar hafa brent sig inn í orðalag hinnar íslenzku tungu, myndi eg, væri eg Íslendingur, telja varðveizlu þeirrar tungu hina helgustu nauðsyn.

Að lokum vil eg endurtaka það, að eg, sem Engil-Saxi, skoða Íslenzkuna sem hina dýrmætustu og mest mentandi fræðigrein, er eg hefi numið um æfina, fræðigrein er eg brenn af löngun til, að hver einn og einasti engilsaxneskur maður um allan heim, eigi kost á að nema, sökum hinna gullvægu kenninga er hún hefir að geyma, á sviði fagurfræðinnar, málfræðinnar, þjóðmálanna og heimspekinnar.

(Ritað í Des. 1920—Jan.1921)

Percy Aldridge Grainger.

Eftir **Rögnv. Pétursson**

Svo segir í Haraldar sögu Sigurðssonar er Gizur Ísleifsson biskupsefni kom á fund konungs og um var rætt að hann væri merkilegur maður, að þá hafi Haraldur konungur sagt: "Svá er sem þér segit ok af honum má vel gera þrjá menn: hann má vera víkingahöfðingi ok er hann vel til þess fenginn, þá má hann ok vera konungur af sínu skaplyndi, ok er vel til þess fengit at hann sé þess háttar höfðingi; með þriðja hætti má hann ok vera biskup". Eigi ósvipað kom oss til hugar að segja mætti um hljómfræðinginn og tónskáldið heimsfræga, Percy Aldridge Grainger.

Einhver hamingja og heill ósjen virðist hvíla yfir tungu vorri (og bókmentum) svo að hverjir, sem kynnast henni, verða hugfangnir af fegurð hennar, skírleik og gáfum. En þó er auðnan stærsta sú, að til þessa hafa þeir helzt valist, er öðrum fremur eru afburðamenn og mætastir mega teljast í hópi lista- og vísindamanna meðal erlendra þjóða. Einn þessara manna er Percy Aldridge Grainger. Hann er nú á þessum dögum talinn einn allra mestur hljómfræðingur og tónlagasmiður enskur. Listabraut hans hefir verið afar einkennileg og frægð sína og orðstír hefir hann eingöngu getið sér sjálfur með framúrskarandi hæfileikum og starfsþreki og viljakrafti. Hefir á það verið bent af ýmsum, sem um hann hafa ritað, að hann sé nýlendusonur, og komi fram fjörið, fjölbreytnin og lífskrafturinn, sem auðkenna nýlendulífið, í öllum verkum hans.

Frá því Grainger var drengur hefir hugur hans hneigst að norrænum fræðum. Hann er heitur og einlægur Íslandsvinur, og álítum vér því, að lesendum Tímaritsins muni fremur þykja

betur en eigi, að mynd hans og stutt æfiágrip fylgi hinni ágætu ritgerð hans hér að framan. Alt sem lýtur að íslenzkum fræðum og menningarsögu norrænna þjóða, hafa verið hans kærustu umhugsunarefni, næst hljómfræðinni. Er það óvanalegt með listamenn, að þeir leggi stund á annað en það, sem beint snertir þeirra sérstöku grein, en svo er Percy Grainger óvanalegur maður í öllum skilningi. Hann er í húð og hár Engil-Saxi í orðsins bezta skilningi, ann mentum og fræðum jafn heitt og innilega og sagnaritararnir fornu. Með jafnmikilli lotningu fyrir þjóðlegum listum og fræðum, sem ætti hann að nýju að rita Aldarfarsbók Beda prests eða "Kronikur" Elfráðs hins mikla, hefir hann safnað saman þjóðlögum og þjóðsöngvabrotum enskum og smíðað úr þeim hin dýrðlegustu listaverk. Fyrir það er hann sérstaklega kunnur meðal höfuð-tónsnillinga aldarinnar. Suðræn áhrif og óenskan hugsunarhátt fyrirlítur hann í fari þjóðar sinnar. Endurfæðing þjóðarinnar verður að gerast fyrir kraft saxneskrar lífsskoðunar og heimspeki. Hann er einskonar Grundtvig hinna engil-saxnesku þjóða.

Hann hefir aflað sér þeirrar þekkingar á öllum scandinavisku málunum, að hann les þau og talar, og skilningur hans á fornu bókmentunum íslenzku er einkar greinargóður, svo að þar munu eigi margir snjallari, svo sem ritgerð hans ber með sér. Er ósagt, að íslenzkir fræðimenn hafi betur kunnað að skýra, í hverju fólgið sé ágæti fornsagnanna, en hann gerir. — "Sagan gerist — vex — jafn eðlilega og hlutdrægnislaust og lífið sjálft." — Hann er mikill vin Norðurlanda, og eru það þjóðernis-einkennin, sem hann finnur hjá Norðurlandaþjóðunum, er aðallega bera til þess. Finnast honum þau heilbrigðari og hreinni, lífinu samkvæmari, "saxneskari", eins og hann myndi segja, en þau, sem heimsmenningin hefir smíðað. Að eðli og anda er hann víkingur, með bjargfasta trú á einstaklingsréttinn og frelsið að lifa og láta koma í ljós það ágæti, sem hjá manninum býr, þó eigi falli það í mót tízkunnar, eða prjálist í snöggfeldum, nýmóðins klæðum. Hreysti og drengskapur, og eðlileg óþvinguð gleði, eru honum hin háleitustu hnoss. Segja söngfróðir menn, að þetta komi fram í sönglögum hans og í þeim skóla, sem hann hefir skapað í heimi hljómlistarinnar. "Lífið er dásamlegt, ef dugur fylgir," er orðtak hans. — Eftir skoðun hans er það þessi lífsspeki, sem fram kemur í þjóðdönsum, þjóðlögum, þjóðlegum siðum, og öllu, sem að þjóðmenningu lýtur og sprottið er af anda og lífsreynslu þjóðanna, — einkum hinna norðlægari. Orð hans um Íslendinga (í ritgerðinni að framan) eru ef til vill hvað sönnust um sjálfan hann. Hann er í bezta skilningi **þjóðernis-sinni** (racialist).

Þegar vér Íslendingar hugsum um það, hverskonar menn það eru, meðal útlendra þjóða, sem mest met leggja á tungu vora og hinn þjóðernislega arf vorn, ætti það að vera oss næg sönnun fyrir því að hann sé einhvers virði; að hann sé sá kjörgripur, að meðan hann helzt í eigu vorri, megum vér teljast fullauðugir menn. Því trúa má því að þeir kunni eigi síður að meta ágæti hans, en þeir, sem fátt er til "lista" lagt, er meta hann að engu. Þegar vér hugleiðum, að það eru aðrir eins

menn og Rafn, Rask, P. A. Munch, Unger, Ibsen, Ole Bull, Storm, Björnson, Vinje, Aasen o. fl. á Norðurlöndum; Grimms-bræðurnir, Konrad Maurer, Poestion, Kuchler o. fl. með þýzkum þjóðum; Dr. Dassent, Morris, Powell, Cleasby Laing, Mrs. Leith o.fl. á Bretlandi; skáldið Longfellow, Williard Fiske, Dr. Pilcher, Dr. Andrews og Percy Grainger meðal Ameríkumanna, þá sannarlega ætti það að sanna oss, að þenna ættarkjörgrip sæmi oss ekki að fara með sem karlinn í þjóðsögunni forðum fór með gullkambinn, að selja hann fyrir fjórar skónálar.

Grainger hefir látið þess víða getið, að þjóðernishugsun sín og ást á norrænum fræðum, stafi frá einhverjum meðfæddum tilfinningum, er erfitt sé að gera grein fyrir. Blóðið rennur til skyldunnar. Bergmálið, sem fornbókmentirnar íslenzku vekja á samhljóma strengi í hans eigin brjósti. Það er saxneska eðlið, sem þekkir sínar eigin lífsskoðanir og æfiköllun, í lífsstefnu Norðurlanda. Það er eðlisskyldleikinn milli Aðalsteins konungs og Hákonar fóstra hans. Um tildrögin að því, að hann kyntist íslenzkum fræðum, getur hann í bréfi nokkuð á þessa leið:

"Um það leyti að eg var á tíunda árinu, í Melbourne í Ástralíu, var það ein mín allra helzta skemtun að lesa hetjusögur Homers. Um sama leyti las eg einnig unglingablaðið "Boys' Own Annual", og sökti eg mér svo niður í sögurnar sem það flutti um víkingana fornu og England á tímum Engil-Saxa, eða fyrir þann tíma að það var unnið af Normandíumönnum, að eg gleymdi bæði sjálfum mér og öllu öðru. Kom þetta mér til að fara að lesa sögu Freeman's af Englandi hinu forna, og upp frá því lifði eg og hrærðist í því, sem gerðist á dögum Norðmanna og Engil-Saxa á Englandi. Þá skömmu síðar barst mér af hendingu bók, er var safn af sögum frá miðöldunum og í safninu var þýðing af Grettissögu ("The Story of Grettir the Strong"). Og fanst mér þá strax það vera hin undursamlegasta saga, er eg hefði nokkru sinni lesið eða heyrt. Varð eg samstundis hrifinn af Gretti og hefi verið það til þessa dags. Eg hefi þá verið á ellefta árinu. En síðan hefir mér saga Grettis aldrei getað úr minni liðið, og hefi eg brunnið af þeirri löngun, að geta lesið hana og aðrar sögur á frummáli þeirra, Íslenzkunni. Hefi eg og jafnan síðan skoðað lífið og viðfangsefni þess — fyrirætlanir mínar og skyldustörf — í ljósi þeirra lífsskoðana og manndómslýsinga er fram koma í sögum þessum. Meðan eg var við nám á Þýzkalandi, komst eg yfir þýðingu á Vatnsdælasögu; þetta var í kringum 1898, og jók hún löngun mína um allan helming til að kynnast betur fornsögunum íslenzku. Kyntist eg þá um þetta sama leyti í Frankfurt, Herman Sandby, danska "cellistanum" og tónskáldinu heimskunna, og hlustaði á danska tungu í fyrsta sinn á æfinni, af vörum hans. Þegar eg heimsótti Danmörku í fyrsta skifti (um árið 1904), var eg kominn svo niður í danskri tungu, að eg gat lesið hana og skilið. Keypti eg þá fyrstu Íslendingasöguna, er eg hefi eignast á frummálinu — Egilssögu — og rýndi í hana og lá yfir henni án þess að nota orðabók mér til aðstoðar, nærri því árlangt. Árin 1906 og 1907, er eg komst í kynni við Edward Grieg (er

réttilega hefir verið nefndur "Litli víkingurinn"), tókst með okkur vinátta og urðu þá tengslin enn sterkari en áður, er bundu mig við Norðurlönd og menningu Norðurlanda, enda eignaðist eg þar nokkra fleiri mjög kæra vini. Samdi eg þá lög þar rétt á eftir við nokkrar færeyskar þjóðvísur, og varð eitt þeirra — lagið "Faðir og dóttir" — til þess að afla mér fyrst fullkominna vinsælda sem tónskáldi, í Lundúnum árið 1912. Hvaða þýðingu kynni mín af íslenzkri tungu hafi borið fyrir mig á lífsleiðinni, skýri eg í ritgerð minni, er eg sendi "Tímaritinu"."

— — — — — — — — — — —

Grainger er fæddur í þorpinu Brighton í Melbourne í Ástralíu árið 1882. Faðir hans var nafntogaður verkfræðingur. Eru eftir hann mörg helztu mannvirkin þar í landi, svo sem brýr og stórbyggingar, er hann var hvarvetna fenginn til að segja fyrir með. Ólzt Grainger því aðallega upp með móður sinni og hefir hún stutt hann á listamannsbrautinni og átt stóran þátt í því, að hann er kominn í tölu þeirra, er taldir verða stærstu og mestu hljómlistarfræðingar um allan aldur. Hafa þau mæðgin aldrei skilið. Er hún sögð að vera hin ágætasta kona, prýðilega vel að sér í sönglist og skáldlegum mentum. Snemma bar á hinum miklu hljómleikagáfum Grainger's, og þegar hann var tíu ára gamall ferðaðist móðir hans með hann fram og aftur um Ástralíu, en hann lék og söng fyrir almenningi. Græddist þeim á þessu það fé, að þau gátu nokkru síðar farið til Þýzkalands, þar sem hann hélt áfram hljómleikanámi sínu um næstu sex ára bil. Var bústaður þeirra í Frankfurt a. Main. Að þessum tíma liðnum fóru þau til Lundúna, og vann Grainger sig þar áfram algerlega af eigin ramleik. Varð hann brátt kunnur sem hinn áhrifamesti hljómleikari, er til höfuðstaðarins hefði komið. Orti hann fjölda sönglaga á þessum árum og barst orðstír hans óðfluga út um Norðurálfuna. Var þeim haldið fram af öðrum eins mönnum og Thomas Beecham, Richard Strauss, Willem Mengelberg, Fritz Steinbach o. fl. Það var í Lundúnum árið 1906, að fundum þeirra Grainger's og Grieg's bar fyrst saman. Var Grieg staddur þar og lét í ljós við húsráðendur sína, Sir Edgar og Lady Speyer, að sig langaði til að kynnast Grainger. Buðu þau því Grainger til sín. Meðan hann tafði þar settist hann að pianóinu og lék norræna þjóðsöngva (op. 66) og þjóðdansana norsku (Slaatter op. 72) eftir Grieg. Grieg varð frá sér numinn. Komst hann svo að orði um það seinna: "Eg samdi þjóðsöngvana norsku, en landsmenn mínir höfðu ekki lag á að leika þá. En svo kemur þessi ungi maður alla leið frá Ástralíu, og verður fyrstur til að leika þá eins og þeir eiga að vera leiknir. Hann hefir í sjálfum sér skáldskap og hljóma þjóðsöngvanna, og þó er djúpur sjór og langur milli Noregsstranda og Ástralíu.". Með fundi þessum hófst vinátta þeirra Grieg's og Grainger's, er hélzt meðan Grieg lifði. Var Grainger sumargestur hans á landsetri hans "Troldhaugen" 1907. Nokkru áður en Grieg andaðist, höfðu þeir ráðgert að ferðast saman um Norðurálfuna, en dauðinn batt enda á það. Til minningar um þessa vináttu þeirra, gaf ekkja Grieg's, Grainger úrið hans og

aðra smá gripi, er tónskáldið fræga hafði borið. Telur Grainger það sína helgustu fjársjóði.

Í sjón er Grainger fríðleiksmaður hinn mesti, hárið ljósgult, augun blá og ákaflega snör, ennið hátt og limaburður allur hinn hvatlegasti, en þó látlaus. Í samræðum er hann einkar skemtilegur og fjörugur, hispurslaus, og kemur beint að hverju efni, sem á góma ber. Yfir honum er einkennilega unglegur og hressandi blær.

Hann hefir látið þess getið, að sig langaði til að heimsækja Ísland og helzt að dvelja þar vetrarlangt — einhversstaðar upp í sveit. Er vonandi að þjóð vorri megi auðnast að verða þeirrar ánægju aðnjótandi áður en mörg ár líða.

Út úr Babýlon.

(Eftir **Isabel Ecclestone Mackey.**)

Þeir á mig augun hvessa,
Og önug veita svör —
Um öxl eg líta ekki má,
Né andvarp leiða' um vör!

Við förum burt frá Babylon
Hinn breiða steina-veg;
og enginn ber til Babylon
Neinn blíðleik — nema eg!

Mín móðir mjög er hrifin,
Ef mig ei horfir á;
Og andlit fráneygs föður míns
Nú felmtrar mig að sjá.

Þau báru hlekki' í Babylon,
En búin þraut sú er;
Þau bönd sín gáfu Babylon,
En bönd mín fylgja mér!

Um nætur svífur söngur
Frá svörtum tjalda-hring;
"Ó, Jórsalir! Ó, Jórsalir!"
Berst jafnvel fjöllin kring. —

Þeir kveða' ei brag um Babylon —
Þó bú þar ætti' í gær —
Né biður neinn fyr' Babylon.
Að biðja' eg sízt er fær!

Mig lýðsins þulur leit í gær,
Hann leyndarmál mitt fann,
Því helgur eldur augna hans
Mér inn að hjarta brann.

"Hvað. Baztu trygð við Babylon?"
(Eg blóðrjóð undan leit.)
"Til baka' hún horfir til Babylon,
Svo bregzt hún vorri sveit!"

Eg þögul áfram þramma,
Og þungt mitt hjarta slær!
Eg berst til Zions-borgar nú —
En brautin teygist fjær

Frá Babylon, frá Babylon!
Svo berst mitt hjarta þá
Æ lengra burt frá Babylon,
En bresta ekki má!

J. Magnús Bjarnason.

Sundurlausar hugsanir.

Eftir **Jón Jónsson frá Sleðbrjót.**

Það ætti nú að vera lokið deilunum um það í ræðu og riti, meðal Vestur-Íslendinga, hvort íslenzkt mál og íslenzk þjóðernistilfinning geti lifað um lengri eða skemri tíma meðal Íslendinga, sem búsettir eru hér vestan hafs. Því máli er nú svo komið, að verklegar framkvæmdir skera þar úr málum.

Stofnun Þjóðræknisfélagsins er sá prófsteinn, sem úr því sker, hvort Vestur-Íslendingar vilja halda við og reyna að viðhalda þjóðernistilfinningu sinni og móðurmáli. Efling Þjóðræknisfélagsins og almenn hluttaka Vestur-Íslendinga í félaginu. sýnir það, að V.-Íslendingar álitu að það auki menningargildi sitt sem Canadaborgara, að halda hér við máli sínu og bókmentum, og rækta og sameina við canadiskt þjóðlíf alla sína beztu íslenzku kosti. — En veslist Þjóðræknisfélagið upp, og deyi út aftur fyrir það, að Vestur-Íslendingar eða meirihluti þeirri virði það að engu og vilji ekki styðja það og efla til framkvæmda, þá sýnir það að Vestur-Íslendingar, eða meirihluti þeirra, álitu íslenzkt mál og íslenzka þjóðkosti svo lítils virði, að ekkert sé í sölurnar leggjandi til að halda því við, og bezt sé það deyi sem fyrst út, því óblönduð ensk menning og enskir þjóðkostir séu hið eina "sanna og góða", sem vert sé að keppast eftir; öll önnur mentun og menning sé eins og snýkjudýr á Canada-þjóðlíkamanum, sem nauðsynlegt sé að eyðileggja og hrista af sér sem fyrst.

Þenna dóm kveða nú Vestur-Íslendingar upp á komandi árum, með hluttöku sinni eða hluttökuleysi í efling Þjóðræknisfélagsins, því í þessu máli, eins og öðrum framtíðarmálum, gildir hið forna spakmæli: "Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér". Tilraunir fárra manna af vestur-íslenzka þjóðflokknum megna ekki að halda hér uppi til lengdar íslenzku máli og íslenzkri þjóðernisbaráttu og leiða það til sigurs, ef allur fjöldi Vestur-Íslendinga vinnur á móti þessu máli, annaðhvort með beinni mótstöðu eða með hluttökuleysi í þjóðræknisstarfinu. "Hver sem ekki er með mér, hann er á móti mér," er altaf sannmæli, þegar um framkvæmd mála er að ræða.

Enginn getur neitað því, að frá því Vestur-Íslendingar hófu hér landnám fyrst, hafa þeir stofnað ýms félög, er að því hafa miðað, að varðveita íslenzkt mál og íslenzka þjóðkosti, þó öll þau félög hafi haft einhver sérstök málefni að berjast fyrir, og ekki lýst hreinlega yfir því, að þjóðernismálið væri það, er þau væru að berjast fyrir. Þetta mun öllum verða ljóst, sem lesa vilja hina fróðlegu og prýðis vel skrifuðu ritgerð séra Rögnv. Péturssonar, er byrjar í fyrsta árgangi Tímarits Þjóðræknisfélagsins, um þjóð-

ræknisstarf Vestur-Íslendinga. Þegar hún er öll komin, verður öllum Íslendingum, sem nenna að lesa hana, ljóst frumbyggjastarf Vestur-Íslendinga í þjóðernismálinu. Enginn mun neita því, að það hafi borið árangur, haldið við íslenzku máli og tilfinningunni fyrir íslenzkum þjóðkostum. Þarf ekki annað en minna á, því til sönnunar, íslenzku blaða- og bóka-útgáfurnar, lestrarfélögin og kirkjufélögin. Að lesa vikulega íslenzk blöð, og eiga aðgang að íslenzkum bókasöfnum, hlýða á íslenzkar guðsþjónustur á hverri helgi, og eiga kost á íslenzkri kenslu á sunnudagaskólum, hefir verið mikilsvert lífsviðhald íslenzkunni hér vestan hafs, þó stofnun slíkra félaga hafi á yfirborðinu verið til að efla þekking Vestur-Íslendinga á þjóðhögum hér og innræta þeim kristindómshugmyndir.

Eg heyrði einu sinni íslenzkan mann heima á Íslandi spyrja enskan mann að því, hvernig hann ætti að fara að því, er hann kæmi til Englands (hann ætlaði þangað), að verða sem fyrst "innlifaður málinu" (hann orðaði það svo). "Farðu sem oftast í kirkju og á leikhúsin," var svar Englendingsins. Hann hafði næma tilfinning fyrir því, að það gerði málið lifandi í huga þess, er á hlýddi, þegar hann heyrði, á hverju máli sem væri, talað um það, sem mest hrifi á tilfinningarnar, og honum væri ef til vill hjartfólgnast. Og er það í samræmi við skoðun þá, er hinn mikli andans maður Dana, Grundtvig, sagði:

"Móðurmálið á hjartans hreim
sem hljómur, er útlend tala." (M. J.)

Og nú er Þjóðræknisfélagið stofnað, hefir dregið á stöng hreinan fána, lýst yfir því, að það vilji vinna að því að vernda íslenzkt mál hér vestan hafs, auka þekkingu á íslenzkum bókmentum, reyna að efla sambandið við íslenzku þjóðina heima og gera það hlýrra og víðtækara, og stuðla að því að Vestur-Íslendingar verði sem beztir Canadaborgarar, meðal annars með því, að halda við sínum beztu íslenzku kostum og beita þeim til eflingar því, sem bezt er í canadisku þjóðlífi, og jafnframt að auðga og efla rækt Vestur-Íslendinga til Íslands og hinnar íslenzku þjóðar. — Eru þeir margir í hópi Vestur-Íslendinga, sem geta sagt það af sannfæringu, að þetta hlutverk sé göfugt hlutverk?

Í ágætis ritgerð um þjóðar-arf og þjóðrækni, í 1. árgangi Tímarits Þjóðræknisfélagsins, eftir séra Guttorm Guttormsson, er svo að orði kveðið:

"Það er einmitt framtíðin, sem aðallega er um að hugsa í sambandi við þetta mál, um viðhald vestur-íslenzks þjóðernis. Fyrir hana gerum vér það, sem gert verður í þessu máli, og það ,sem vér látum ógert, verður hennar tap. .... Hvort sem fyrir oss liggur að hreppa hagstæð veður eða mótvinda, þá er svo mikið víst, að ef vér leggjum árar í bát nú og tökum ranga stefnu, þá er öll von úti."

Eg hefi leyft mér að endurtaka hér þessi orð séra Guttorms, því þau eru eins og góðu vísurnar, sem ekki verða of oft kveðnar. Ef við viljum, sem þjóðflokkur, halda við þjóðar-arfi okkar hér vestan hafs, þá verðum við að hugsa um **framtíðina**; við verðum

að horfa **áfram** og **stefna upp á við — stefna rétt.**

Og nú, þegar Þjóðræknisfélagið er stofnað, þá finst mér sú spurning ætti að vaka á vörum allra Vestur-Íslendinga: Hvað getur Þjóðræknisfélagið gert til að framkvæma hugsjón þá, er það hefir lýst yfir, að það sé stofnað til að koma í framkvæmd? Og sú spurning má ekki vera borin fram einungis af Tómásunum, sem ekki trúa á neina samvinnu, fyr en þeir hafa þreifað á því, að hún sé til hagnaðar. Spurningin verður að vera borin fram af öllum, sem málinu unna, borin fram af innilegri löngun til að geta svarað henni rétt, fyrst í orði og svo í framkvæmdum.

Við Vestur-Íslendingar höfum átt því láni að fagna, að heimaþjóðin íslenzka hefir þegar í byrjun þessa félagsskapar rétt okkur hlýja systkinahönd, og þegar í byrjun stutt þenna félagsskap okkar, ekki aðeins í orði, heldur einnig í verki, með því að senda okkur einn af ágætustu sonum Íslands, til að ferðast hér um og halda fyrirlestra um íslenzkar bókmentir og íslenzka þjóðkosti — og íslenzka málfegurð. Og það eru ekki einungis fáeinir menn, sem standa á bak við þessa styrkveiting. Öll íslenzka þjóðin hefir lýst yfir ánægju sinni yfir þessum félagsskap, og löngun sinni til að styrkja hann, með því að þing og stjórn þjóðarinnar íslenzku veitti þjóðræknisfélaginu íslenzka álitlegan styrk, og það félag var stofnað samhliða Þjóðræknisfélaginu hér, með því markmiði, að efla og glæða vináttu og systkinaböndin milli heimaþjóðarinnar og Vestur-Íslendinga.

Það hafa komið fram deildar skoðanir um það, hvernig Þjóðræknisfélag Vestur-Íslendinga ætti að haga störfum sínum, til að koma hugsjón sinni í framkvæmd. Þær raddir hafa komið fram, sem talið hafa heillavænlegt, að félagið bygði stórhýsi, sem gæti verið aðsetursstaður íslenzkra þjóðernisstarfa. Þar væru haldnar allar aðalsamkomur og fundir, sem Þjóðræknisfélagið ætti frumkvæði að að halda. Þar væru skrifstofur þess, og Íslendingar, sem að heiman kæmu, ættu þar kost allra þeirra upplýsinga og leiðbeininga, sem þeir óskuðu að fá. Og það hefir komið fram skoðanamunur um það, hvort þessi stórbygging ætti að vera í Winnipeg, eða á Gimli. — Þetta er fögur hugmynd og væri Vestur-Íslendingum til sóma, ef henni væri myndarlega í verk komið. En ekki hefi eg getað að því gert, að það hefir komið í mig dálítill kvíðahrollur um framtíð félagsins, ef byrja ætti á þessu stórvirki. Eg hefi efast um, að þjóðernistilfinning Vestur-Íslendinga væri svo samtaka, svo heil og svo vel vakandi alment, að þessu stórfyrirtæki yrði í framkvæmd komið, svo að sæmd væri að, eins og nú er högum háttað hér hjá okkur. Ef til vill er eg svona hugdeigur af því eg hefi ekki milli handa "afl þess er gera skal", og finn eg gæti ekki lagt þeirri hugmynd það lið, sem eg vildi, og eg óttast að svo sé um altof marga, að þeir myndu ekki, af ýmisleitum ástæðum, geta eða vilja leggja það lið, sem þyrfti, í þessu efni. En þó eg hafi þessa skoðun, þá skyldi það engan gleðja meira en mig, ef þeir, sem andstæða skoðun hafa, gætu sýnt það í verkinu, að auður og atorka og einlæg þjóðernistilfinning héldust svo í hendur hjá Vestur-Ís-

lendingum, að þeim væri hvorki þetta né annað ómáttugt, sem verið gæti þjóðernistilfinningu þeirra sem mestur vegsauki og styrkur. Og sjálfsagt tel eg, að þetta ætti að vera framtíðarhugsjón þjóðræknisinna Vestur-Íslendinga. En eins og nú hagar til, tel eg Þjóðræknisfélagið, með því litla afli, sem það hefir ennþá, hafa byrjað hyggilega, að reyna að auka og glæða þekkingu á þjóðhögum Íslands og bókmentum, með útgáfu Tímaritsins, og reyna að auka og glæða þekkingu á íslenzku máli, með kenslu í íslenzku, einkum í bæjunum, því þar er þess allra mest þörf.

Hlýtt vináttusamband milli einstaklinga byggist ætíð á náinni þekkingu á hvors annars manngildi. Fáir sækjast eftir nánu sambandi við þá, er þeim finst ekkert manngildi hafa, og gildir sama regla þar um heilar þjóðir sem einstaklinga. Þess vegna er svo nauðsynlegt að þjóðflokkar, sem bindast vilja hlýjum vináttuböndum, fái sem bezta þekkingu hvor á annars þjóðhögum, andlegum og verklegum, og læri sem bezt að meta hvor annars kosti. Auðsæld sú, er mörgum Vestur-Íslendingum féll í skaut eftir að þeir komu vestur, samanborið við það, sem heima var, kastaði einhverri glýju um tíma á augu margra þeirra, svo þeim sýndist alt, sem íslenzkt var, svo smátt, að það væri ekki þess vert að kynna sér það, og þó þeir bæru í brjósti rækt til íslenzku þjóðarinnar, þá var sú rækt mestmegnis vorkunnsemi, vildu hjálpa með gjöfum ættbræðrum sínum, sem ekki gætu lifað sómasamlega og byggju á því landi, sem ólifandi væri á. En þó nú vorkunnsemin væri ekki vel löguð til að vekja virðing og ást til íslenzku þjóðarinnar heima, í heild sinni, eða til að skapa óhlutdræga skoðun um kosti og ókosti Íslands, þá er hin ósérplægna hjálpsemi margra hér, við fátæka innflytjendur frá Íslandi, fagur vottur um drengskap Vestur-Íslendinga. Frá því að líta smáum augum á alt íslenzkt, voru altaf heiðarlegar undantekningar, menn, er kunnu að meta andlega og verklega kosti Íslendinga, sáu gallana á þjóðlífi þeirra og víttu þá, en kunnu líka að meta kostina og fundu, hvers virði íslenzkar bókmentir voru að fornu og nýju, jafnt fyrir Vestur-Íslendinga og heimaþjóðina. Nú hin síðari ár hefir þessi skoðun um lítisvirði alls þess, er íslenzkt heiti ber, töluvert horfið. Vestur-Íslendingar sjá nú marga kosti lands og lýðs, sem þeim voru áður huldir. Þeir sjá nú, að landið hefir ýmsa kosti og auðsuppsprettur, sem legið hafa ónotaðar fyrir framtaksleysi þjóðarinnar, sem var lömuð af óhagstæðu stjórnarfari, sem deyfði framtakssemi hennar og ábyrgðartilfinningu. Nú sjá Vestur-Íslendingar að þjóðin er vaknandi þjóð, andlega og verklega. Og þeim fjölgar óðum, er skoða heimaþjóðina sem verðugan keppinaut Vestur-Íslendinga, um það að auka orðstír íslenzka þjóðflokksins. Sú skoðun þarf að aukast og eflast, og sú hlýja löngun beggja þjóðflokkanna, að taka höndum saman í hverju því, sem kostur er á. Eg vona að þjóðræknisfélögin bæði hér og heima, verði góður liðsauki í þessu efni, ef þau fá alment og einhuga fylgi bæði heima og hér. Hlutverk þeirra verður eflaust mest að treysta andlega sambandið; en verði það sem traustast, getur af því leitt ýmislegt gott og

nytsamt í verklegum framkvæmdum. Með nánu sambandi geta Íslendingar heima öðlast héðan mikla verklega þekkingu, og til að halda við þjóðernistilfinning okkar þurfum við hér vestra mikinn andlegan forða frá Íslandi. Það verður hlutverk þjóðræknisfélaganna, að leiða þessa tvo strauma í heppilega farvegi. Og eitt af því er, að stuðla til þess, að töluvert meiri mannaskifti yrðu milli þjóðflokkanna en verið hefir.

Eg vildi benda á eina skoðun, sem skotið hefir verið fram lauslega, um aukið bókmentasamband milli Íslendinga heima og hér vestra. Og það er að Bókmentafélagið íslenzka stofnaði hér vestra útbú eða deild af félaginu. Eg ætla að það væri Þórhallur biskup, sem lauslega skaut fram þeirri tillögu, og bið eg afsökunar á, ef það er ekki rétt hermt. Eg hygg það gæti verið mikill styrkur íslenzku bókmentalífi hér vestan hafs, ef félagið sæi sér fært að stofna hér deild. Það myndu eflaust miklu fleiri ganga í félagið hér vestra, ef hér væri deild af því með sérstakri stjórn, sem ynni að því að útvega fleiri félagsmenn. Svo á félagið ákaflega mikið af ágætum bókum óselt frá fyrri árum, sem eg tel víst að myndu seljast hér að mun, ef þær væru hér á boðstólum, með því lága verði, sem á þeim er, samanborið við núverandi bókaverð. Auk þess gæti félagið þá, betur en nú er, átt þátt í því að gefa út bækur vestur-íslenzkra höfunda, sem væri mikilsverð hvatning fyrir þá Vestur-Íslendinga, sem leggja vildu stund á að rita bækur á íslenzku, því það fer ekki ætíð saman, hæfileikar til ritstarfa og auðmagn til að kosta útgáfu bóka. Eg býst við að mér verði svarað því, að það væri ekki samræmi í því, þegar Bókmentafélagið hefir efir langa baráttu, fengið félagið flutt inn í landið alveg og lagða niður deild þess í Kaupmannahöfn, að það færi þá að skapa aftur erlenda deild af félaginu. En hér til er því að svara, að það er ekki mín hugsun, að stjórn Bókmentafélagsins sleppi neinu af valdi sínu yfir félaginu. Deild sú, er hér væri stofnuð, væri að öllu undirgefin íslenzka Bókmentafélaginu, aðeins útbú þess, til að ná betri tökum á bókmentalegri sameiningu við Vestur-Íslendinga. Bókmentafélagið er og á að vera al-íslenzkt félag; og því sýnist ekki óeðlilegt, að það starfaði, sem slíkt, að einhverjum hluta, þar sem búsettur er líklega nærri fjórðungur íslenzku þjóðarinnar. Það er ríkt félag, á íslenzkan mælikvarða, og mundi vel geta efnalega ráðist í að stofna deild hér, ef að félagið áliti, að það yrði bæði til að efla félagið og til að efla íslenzkar bókmentir í heild sinni, og sérstaklega meðal Vestur-Íslendinga. Eg hefi því minst á þessa tillögu hér, ef vera kynni að þjóðræknisfélögin, bæði heima og hér vestra, vildu taka að sér að koma þessu máli í framkvæmd, ef þeim þætti tillagan þess verð, að berjast fyrir henni til sigurs; því þau myndu framar öðrum standa vel að vígi til að hafa áhrif á þetta mál; og það er samkvæmt stofnskrá þeirra, að sameina og efla bókmentalega starfsemi heimaþjóðarinnar og Vestur-Íslendinga.

Vestur-Íslendingar hafa í þjóðernismálinu skipast í þrjá flokka, og hefir skifting þessi berlegast komið í ljós við stofnun Þjóðræknisfélagsins. Í fyrsta flokknum eru þeir, sem vilja af

öllu megni stuðla að því, að viðhalda hér íslenzku máli og íslenzkri þjóðrækni, meðan kostur er á; og að þessu vinna þeir með fullri sannfæring um, að það auki menningargildi sitt sem Canadaborgara, að missa ekki sína þjóðlegu íslenzku rót. — Í öðrum flokknum eru þeir, sem telja það landráðum næst við Canada, að vera að hugsa um nokkuð íslenzkt; bezt sé að sópa því öllu burt úr huga sínum og höllum sem allra fyrst. En tiltölulega fáir eru þeir, sem koma opinberlega fram með þessa skoðun. — Í þriðja flokknum eru þeir, sem að vísu unna Íslandi og íslenzkri þjóðmenning, en hlíðra sér hjá að taka þátt í nokkrum samtökum til viðhalds íslenzku máli og íslenzkri þjóðernistilfinning, annaðhvort af skorti á nógu heitri sannfæring, eða þessari óbeit og tortryggni á öllum félagsskap, er til samvinnu horfir, sem er ættarfylgja Íslendinga, fylgir þeim sem vofa frá niðurlægingartímabili íslenzku þjóðarinnar, og sem afar örðugt er að kveða niður hjá hinni íslenzku þjóð. — Fyrsti flokkurinn, sem hér er talinn, eru þeir menn, er vinna hér að efling Þjóðræknisfélagsins, og hlutverk þeirra er, að vinna á sitt mál þá, sem taldir eru í þriðja flokknum. Í honum eru margir mætir menn hér og miklir starfskraftar, sem hjálpað gætu að leiða þjóðræknismálið til sigurs, ef þeim væri beitt í þarfir þess. — **Vestur-Íslendingar verða að skipa sér í tvo flokka í þessu máli,** vera ekki veilir og hálfir. Það er þjóðernisleg skylda þeirra sem góðra Íslendinga, er ekki vilja sýna fyrirlitning ættstofni þeim, sem þeir eru af runnir, og sem góðra Canadaborgara, er að öllu því vilja hlynna, er aukið gæti menningu Canadaþjóðarinnar, en hrinda úr vegi öllu því, er stendur í vegi fyrir menningu hennar, því það er aldrei of mikil áherzla á það lögð, að **ef** það stendur í vegi fyrir canadiskri menningu, eins og einstöku menn vilja halda fram, að læra íslenzkt mál og rækta hér íslenzka þjóðkosti og sameina þá canadiskum þjóðkostum, þá eru Vestur-Íslendingar að svíkja þjóðlega skyldu sína sem Canadamenn með þjóðernisviðhaldinu, og þá er öllu því afli, sem til þess er varið, á glæ kastað, og öllum þeim hundruðum þúsunda dala, sem verið hefir verið til íslenzkra bókakaupa og íslenzks félagsskapar, svift frá canadisku þjóðheillastarfi. En **ef** öll þessi viðleitni, að halda við íslenzku máli, íslenzkum bókmentum og íslenzkum þjóðkostum hér vestra, og færa þessa menning, þessa þjóðkosti inn í canadiskt þjóðlíf, ef hún eykur menningargildi Íslendinga sem canadiskra borgara, þá erum við að ræna canadiska þjóðlífið mikilsverðum fjársjóð og menningarafli, ef við látum íslenzkt mál, íslenzka bókmentaþekking og íslenzka þjóðkosti deyja hér út, fyrir dáðleysi og samvinnuskort. Við erum þá að svíkjast um að efla hjá okkur það, sem gerir okkur að betri Canadaborgurum. **Hér er verið að tefla um það, hvort Vestur-Íslendingar eigi nokkra þá þjóðkosti, sem einhvers virði sé að þroskist í canadisku þjóðlífi.** En þjóðkostir geta ekki lifað og orðið að starfandi afli, nema þeir fái áframhaldandi næringu frá þeirri rót, sem þeir eru af sprottnir, og andlegt samband við heimaþjóðina er það gróðrarafl, sem viðheldur og endurnýjar

starfsþolið til að halda við þjóðkostunum.

En hversu mikilsvert starf sem Þjóðræknisfélagið getur af hendi leyst til að viðhalda hér íslenzku máli, íslenzkum bókmentum og hlýju sambandi við heimaþjóðina, ef Vestur-Íslendingar styrkja það alment, þá má því aldrei gleyma, að viðhald íslenzks þjóðernis og viðhald íslenzkrar tungu hér vestan hafs á altaf styrkustu stoðina í starfi einstaklinganna og hvers heimilis, sem íslenzkt er. Ef hætt er að tala íslenzku hversdagslega á al-íslenzkum heimilum, hætt að lesa íslenzkar bókmentir, hætt að kenna börnunum að lesa íslenzku, jafnframt því að þau læri sem bezt enskuna, þá er öllum íslenzkum þjóðernistilfinningum hér bani búinn, hvað mikið sem Þjóðræknisfélagið reynir að starfa.

Og eitt vil eg að endingu minnast á. Það er, hve afar nauðsynlegt það er fyrir viðhald íslenzkrar þjóðernistilfinningar, að börnin læri íslenzk ljóð. Það er ömurlegt tímanna tákn hjá Vestur-Íslendingum, hvað óðum fjarar út sú tilfinning að læra og lesa íslenzk ljóð, ekki sízt hjá æskulýðnum, þó heiðarlegar undantekningar finnist, sem betur fer, í því efni. Ljóðlistin er skrautbúningur málsins, og sönglistin hátíðabúningur ljóðlistarinnar. Allir íslenzkir foreldrar, sem þjóðerni sínu unna, ættu, um fram alt, að kenna börnum sínum að lesa og læra íslenzk ljóð. Og hinir mætu menn hér, sem gera það að lífsstarfi sínu að kenna sönglist, gætu hér miklu um þokað, með því að láta íslenzka nemendur syngja íslenzk ljóð, jafnhliða öðrum fögrum ljóðum; og það er gleðilegt til þess að vita, að margir þeirra gera það líka. — Eitt af aðaleinkennum íslenzku þjóðarinnar frá byrjun hefir verið það, hvað hún hefir verið ljóðelsk, og þessi eiginleiki hefir átt mikinn og góðan þátt í því að gróðursetja í íslenzku þjóðlífi margt drengilegt, hreint og fagurt; og hverfi ástin til ljóða úr íslenzkri þjóðarmeðvitund, hvort heldur er austan hafs eða vestan, þá er stórt skarð höggvið í þann múr, sem verndar fagrar, hreinar og drengilegar hugsanir í þjóðlífinu. Ekkert hefir meiri áhrif á tilfinningalíf æskumannsins, en að lesa og læra fögur ljóð, og ekkert er betri vörn móti því, að sorglegar hugsanir festi rætur í huga æskumannsins. — Íslenzku þjóðinni hefir ástin til ljóða verið ómetanlegt andlegt lífsviðhald, þegar mest krepti að, og sterk lyftistöng, þegar endurreisn hennar byrjaði. Um ljóðlistina íslenzku má eflaust segja hið sama og séra Matthíias sagði um málið íslenzka:

> "Það hefir voða þungar tíðir
> þjóðinni verið guðleg móðir,
> hennar ljós í lágu hreysi,
> langra kvelda jólaeldur,
> hennar brjóst við hungri og þorsta,
> hjartaskjól, þegar burt var sólin."

Íslenzkir foreldrar! Kennið börnum ykkar öll hin fegurstu íslenzku ljóð. Lestur þeirra og söngur glæðir fagrar og hreinar hugsanir í barnshjartanu.

Það, sem mér hefir virzt vaka fyrir þeim, er barist hafa fyrir því, að íslenzku máli, íslenzkum þjóðkostum og íslenzkri þjóðernistilfinning væri haldið við meðal Vestur-Íslendinga, er í stuttu máli þetta:

Vestur-Íslendingar eiga móðurmál, bókmentir og þjóðkosti, sem gera okkur að betri Canadaborgurum, ef við höldum því við og eflum það.

Allir Vestur-Íslendingar þurfa því að læra, jafnhliða enskunni, hið íslenzka móðurmál sitt, og lesa alt hið bezta í íslenzkum bókmentum, samhliða því bezta úr enskum bókmentum.

Vestur-Íslendingar mega eigi sleppa að leggja rækt við þá íslenzku þjóðkosti sína, sem auka manngildi þeirra, og jafnframt leggja stund á að tileinka sér þá þjóðkosti Canadaþjóðarinnar, sem gera þá að nýtari mönnum.

Vestur-Íslendingar mega ekki ala í brjóstum sér fordóma, hvorki fyrir því sem íslenzkt er eða canadiskt, en reyna að gróðursetja í huga sínum alt hið bezta, er báðir þessir þjóðflokkar hafa til brunns að bera.

Stefni Vestur-Íslendingar að þessu takmarki, rennur saman í þroska þeirra alt hið bezta úr báðum þjóðflokkunum, og þeir verða góðir Canadaborgarar. Og hver er sá af hugsandi Vestur-Íslendingum, sem ekki vill að því styðja?

Kvæði og kvæðabrot.

Eftir **dr. Björn Bjarnarson** frá Viðfirði.

Við sæinn eg hvíldi.*)

Við sæinn eg hvíldi og sagði' 'onum hljótt
frá sorgunum mínum.
Hann létti mér harmana ljúflega' og rótt
með ljóðunum sínum.

Og víðförlum sagði' eg vindinum frá,
hve verkjuðu sárin.
Hann strauk mér um vangana þýðlega þá
og þerraði tárin.

*) í bréfi til frændkonu sinnar, Mrs. ó. Hallson, er lánaði Þjóðræknisfélaginu þessi kvæðabrot, segir höf. meðal annars um þetta kvæði:

"Ekki skaltu halda, að það sé skoðun mín á mönnunum, sem þar kemur fram; hún er alt önnur. Eg hefi margt gott og fátt ilt frá mönnunum að segja eftir minni reynslu. Þeir hafa verið mér margfalt betri en eg á skilið. Olnbogaskotið til þeirra í kvæðinu er augnabliks ólundarvæl, eða ef til vill öllu fremur óraunverulegt tízkuoffur.'

Frá sorginni köldu, er sveið mér í óð,
eg sólunni hermdi.
Hún hló mér í augu svo hlýleg og góð
og hjartað mér vermdi.

Og manninum hermdi' eg frá hugarins þraut,
er harðlega þjáði.
Hann gaut við mér augum og gekk þegar braut
og glotti í háði.

"Ó, mætti eg hvílast við móðurbrjóst þitt!"
eg moldina beiddi.
Hún tók mig í faðm sinn og svæfði mig blítt
og sorgina deyddi. —

Um hjúkrunarkonu.

Sigga er sem tröllin trygg,
tvistan huggar, dreifir ugg.
Hryggjarvana hér eg ligg;
horfa skuggar inn um glugg.

Andfælur.

Hvað kvað við í dimmunni, drottinn minn? —
Deyjandi skelfingarómurinn!
Ó, minn elskaði drengur.
Holskeflan stríða í hafinu skall.
Eg heyrði hans síðasta angistar kall;
Þá hrökk mér í hjartanu strengur.

Aldrei skal eg æðrast, þó að yfir taki.
skín mér sól að skýja baki.

Langt undan löndum.

Langt undan löndum, á bak við himinhring
minn hugur á sér eyjar með sólblik alt í kring.
Hamrarnir skuggbrýnir horfa' á djúpan sæ,
Þar hljóður sit eg löngum og varpa möl á glæ —
langt undan löndum. —

Um stúlku.

Þig langaði' að hnýsast um, heillin mín góð,
í hjartakytrunni minni.
Nú verðurðu að dúsa þar, forvitna fljóð,
þótt falli þér illa þar inni.

Þar geturðu yðrast syndanna' og sýnt
sannhelgan lifnað í friði.
Fyrir lang-langa-löngu' hef eg lyklinum týnt
og lásinn er stamur af ryði.

Spinn, Spinn! —

(Þýtt.)

1. Snúðfögur snældan rann,
snótin unga grét og spann.
Fjarri heyrir fuglaklið,
fossaþyt og bárunið.

2. Menn sækja mína tó,
mig vill enginn sækja þó.
Árin líða, æskan dvín,
aldrei nokkur biður mín.

3. Spinn, spinn, spinn, dóttir dýr;
dyrnar senn þinn biðill knýr.
Tárug spinnur sætan svinn,
samt kom aldrei biðillinn.

Nýjar stefnur.

(Lausir drættir.)

Eftir **Jón Björnsson.**

I.

Ef það er satt, að Guð hafi í öndverðu boðið mönnum að margfaldast og uppfylla jörðina, þá er ekki ólíklegt, að hann hafi jafnframt boðið þeim að láta aldrei stein yfir steini yfir steini standa í lífsskoðunum sínum og skilningi á sjálfum sér og tilverunni.

Mennirnir hafa hlýtt þessu mikla boði. Þeir hafa aukist og margfaldast. En það er ekki hið undursamlegasta í fari þeirra. Þeir hafa líka **fækkað sjálfum** sér við og við. Síðustu sex árin hafa þeir verið seinþreyttir við að lífláta hverjir aðra. Það er því annað en fjölgunin, sem er dásamlegt við mennina. Það eru hin eilífu umskifti í hugsanalífi þeirra, lífsskoðunum, trú.

Það er ekki nægilegt að segja, að hver öld byrji með nýrri lífsskoðun eða lífsstefnu. Hver áratugur getur talið sér það til gildis, að einhverntíma hafi fram komið á honum drög til nýrra strauma í andlegri sögu mannanna, byrjun til einhverrar óþektrar hreyfingar á trúar- eða listasviðinu, bjarmi af upprennandi sól einhverrar nýrrar lífsstefnu eða lífsskoðunar. Saga mannsins er saga umbreytinganna, umskiftanna, fæðinganna, með öllum byltingum þeim og breytingum, sem þeim fylgja.

Síðustu tímar eru, ef til vill, enn tilþrifameiri í þessum efnum en undanfarnir áratugir.

Þegar fyrir styrjöldina þóttust menn sjá, að trúar- og lífsskoðun, minsta kosti Norðurálfu-þjóðanna, væri að taka stakkaskiftum. Strax eftir aldamót fór að braka í byggingum efnishyggjunnar. Og smátt og smátt urðu þeir brestir meiri og þyngri. Og loks fór öll sú kuldalega bygging að riða til. Hver ný stefna, sem þá kom fram, gróf grunninn undan henni. Efnishyggjan hafði getað friðað menn í svip. En er verulega tók að reyna á lífsgildi hennar, máttinn til að fullnægja eilífðarþrá mannanna, reyndist hún fánýt. Og þá spruttu jafnframt fram nýjar lindir, bæði í listum og einkum í trúarefnum. Og dagar þeirrar stefnu voru þá að mestu taldir.

Svo kom styrjöldin.

Engin sex ár hafa farið jafn umsteypandi atburðum um þjóðlífin og þau. Og enginn jafn stuttur tími hefir skapað eins sára þrá í mannkyninu eftir andlegum verðmætum. Efnisverðmætin hafa brugðist svo gersamlega. Það sem tignað var mest, er nú orðið harla lítils vert. Það sem áður var álitinn grundvöllur undir þjóðskipulagi, hefir sýnt sig vera hverfult og brigðult eins og sandrokið. Lífs-

skoðanirnar hafa umsteypst. Áhugamálin hafa beinst í alt aðra átt. Beztu langanir mannanna leita sér nú fullnægju á andlegri svæðum en áður.

Aldrei hafa menn því verið fjarlægari efnishyggjustefnunni en nú. Menn eru hættir að trúa eingöngu og skilyrðislaust á hið áþreifanlega, á efnið. Hugirnir hafa sveigst frá hinu hlutræna að því hugræna, að trúnni á andann, sálina, á guð í mannsálinni yfir öllu efni og áþreifanleik.

Hvergi kemur þetta þó skýrara fram en í skáldskaparstefnu þeirri, sem nú er ríkjandi meðal nágrannaþjóðanna. Það er ekki efnisdýrkunin, sem þar situr í öndvegi. Athyglinni er allri beint að hugrænum efnum. Yrkisefnin eru straumar og bylgjubrot mannsandans, ljósblik og blæbrigði hins innra lífs — alt í raun og veru lofsöngur til andans, bannfæring á efninu og hinu ytra lífi; það er leitandi flug inn í ódáinsheima mannssálarinnar, bersýnileg þörf á einhverjum grundvelli þar.

Vitanlega tók að bóla á þessari stefnu fyr en nú á síðustu árum. Hún hefir legið í lofti um all-langan tíma. Ljóðskáldin voru að verða **lyrísk** aftur. Skáldsagnahöfundarnir að snúa sér að sálarlífinu meira en þeir gerðu meðan realisminn sat í öndvegi. Og leikritaskáldin, þau, sem nokkurs eru verð, taka nú til meðferðar mannssálina oftar en storma og byltingar þjóðlífsins.

— Það eru áhrif þessarar öldu, sem nú eru auðséð í skáldskap okkar Íslendinga; áhrif, sem gert hafa vart við sig frá því á fyrra tugi þessarar aldar.

Við komumst ekki hjá því, Íslendingar, nú fremur en áður, að fylgjast með andlegum stefnuskiftum og straumhvörfum þjóðanna. Undiröldur brimrótsins, sem svellur meðal nágrannaþjóðanna, ná altaf norður að ströndum vorum. Þær ýta við okkur og merkjast oft furðu fljótt, vegna þess hvað þjóðlífið er lítið og grunnsævið andlega mikið. Skáldskapur vor er því nú á sama ferlinum og annara þjóða. Hann er að breytast og mótast af lífsskoðununum, verða andlegri, fjarlægjast yfirborðið og leita inn.

II.

Þeir, sem veitt hafa eftirtekt yngstu ljóðabókunum íslenzku, munu hafa tekið eftir því, að í þeim kennir nokkurs annars efnis og búnings en í bókum þeirra, sem settu svip á skáldskaparlíf vort fyrir og eftir aldamót.

Stefnubreytingarnar og straumhvörfin eru oftast fyrst sýnileg í ljóðagerðinni. Ljóðskáldin boða að jafnaði fyrst það, sem á að koma og er að koma. Þau sýnast næmust fyrir öllum veðrabrigðum hins andlega lífs. Og skáldin okkar eru ekki háð neinni undantekningu í þessu efni. Ljóðskáldin okkar sýna það á undan hinum, sem fást við sögugerð, að augljóst er aðstreymi nýrra linda í skáldskapvorn, sem setur á hann nýjan blæ og fyllir hann endurfæðandi lífi.

Það er **lyrikin,** kendar ljóðagerðin, sem er að ná fótfestu í kvæðagerðinni. Þunga formið og ólistrænu yrkisefnin eru að þoka fyrir mýkra og léttara formi og listrænni og fegurri yrkisefnum.

Þó verður ekki sagt, að ættjarðarljóð, kvæði um fornaldarhetjur, náttúrulýsingar, episk ljóð og söngvar um

þjóðfélagsmál, séu ófögur yrkisefni. En þau eru of þung í vöfum til þess að umgerðin um þau verði lyrísk — hættirnir verða þungstígir og þreytandi. Og þau þurfa snildar-meðferð til þess að ná inn að hjartarótum þjóðarinnar — til þess að lifa. Þessi ljóð verða altaf dægurflugur, bundin við tímann, sem þau eru ort á, háð atburðunum, sem þau eru um. Þau hafa meira gildi sem skuggsjá áhugamála og atferlis manna fyrir nokkrum árum en listgildi.

En um þessi efni ortu skáld vor alt fram að aldamótum og lengur. Og þau voru í innilegasta samræmi við sína tíma. Ekkert þeirra sagði viðurkendum skoðunum þjóðfélagsins stríð á hendur. Bardagagnýrinn var á þeim tíma, sem hér er talað um, horfinn úr strengjum eina bardagaskáldsins, sem við höfum átt á síðari öldum. Þorsteins Erlingssonar. Þau voru öll í samræmi við umhverfið og áttu allar sínar rætur í samtíðinni. Áhugaefni hennar snerust um hið ytra líf. Yrkisefni skáldanna sveigðust að því sama.

En nú beinist athygli ungu skáldanna að ýmsu öðru. Í stað þess, að fyrirrennarar þeirra leituðu mestmegnis **út í lífið,** hið opinbera og áþreifanlega, ljóða þeir að jafnaði **um hið innra.** Þeir leita inn. Tilfinningar, ástríður, eldsumbrot sálarinnar, eru þeim tömustu yrkisefnin. Þau leggja ekki leiðir sínar um þjóðmála-akurinn. Þau troða þar engar slóðir. Jörðin er þeim ekki mikils virði. Þau kunna betur við sig á flugi um himna og heima mannlegra tilfinninga. Þau yrkja ekki eggjanaljóð eins og eldri skáldin. Alla vafninga og vafstur hins opinbera lífs láta þau afskiftalaust. Í því er, meðal annars framförin fólgin. Því ljóðagyðjunni er ekki ætlað að standa í því skarnkasti.

Ástin er og áberandi þáttur í ljóðagerð yngstu skáldanna. Þau elska svo að logar af hverju orði í ástakvæðum þeirra. Gömlu skáldin unnu að vísu konum líka. En þau lýstu þeirri ást á alt annan hátt. Þau breiddu oftast einhvern ógagnsæjan hjúp yfir hana, svo lýsingin misti einatt marks. Eldurinn, sem átti að braka og gneistra í kvæðinu, varð stundum hálf-volg eimyrja. Og myndirnar, sem brugðið er upp í þessum kvæðum, eru að jafnaði líkamlegar, holdlegar. Þær eru af þrá og þörfum líkamans. Þær eru þröngar, ná sjaldan inn til sálarinnar og rúma ekki neitt utan við augnabliks þarfir þess, sem yrkir. Kvæðin sýna sjaldan samstilling ástarinnar við aðrar lífskendir skáldsins. Það er eins og tengsl þess við aðra menn, náttúruna og guð hafi slitnað. Með þessu verður hálfsögð sagan. Því ástin þrengir ekki svið tilfinninganna.

Þetta verður ekki sagt um hin yngri skáld. Þau segja hispurslaust og ótvírætt, að þau elski. Þau einskorða ekki myndirnar og lýsingarnar við eina persónu. Þau taka himin og jörð, Guð og aðra menn með í lýsingarnar:

Ást mín fær aldrei fölnað,
því eilíft líf mér hún gaf.
Aldirnar hrynja sem öldur
um endalaust tímans haf.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, Guð, — og við.

Sig. Nordal.

Þau hlæja og gráta í sömu andránni,

þegar þau segja frá unaði þeim, er ástin veitir þeim:

Jeg var fölur og fár,
jeg var fallinn í döf.
Jeg var sjúkur og sár
og jeg sá aðeins gröf.
— — — — — — — —.
Jeg á gæfunnar gull,
jeg á gleðinnar brag.
Tæmi fagnaðar full.
Jeg get flogið í dag.

Jeg á sumar og sól,
jeg á sælunnar brunn
og hin barnsglöðu bros
og hinn blóðheita munn.
Stefán frá Hvítadal.

Og þau hvísla heilögum lotningarorðum um hana að öllum heiminum og draga ekki dulur á neitt:

Saman okkar sálir runnu.
Sama hjarta í báðum sló.
Af sama eldi augun brunnu,
en allar taugar skulfu af fró.
Heitar varir eiða unnu
í unaðsfullri sæluró.

Enginn sveinn í æsku sinni
auðugri né sælli var.
Eina nótt af æsku þinni
í örmum mínum þig eg bar.
Eg var Guð í gleði minni
og gaf þér allar stjörnurnar.
Davíð Stefánsson.

Ungu skáldin eru altaf **gagntekin** af eldi og unaði ástarinnar, hvort sem þau hlæja eða gráta, hvísla eða hrópa. En flest ástljóð sumra eldri mannanna bera vott um, að þeir hafa ekki lifað allir með í ástarlýsingunum. Það er eins og hjartað hafi ekki altaf vitað um, hvað tungan talaði. Kvæðin vantar sannleik, lit lífsins.

Þetta sést glöggast á því, að blaða í gegnum "Íslenzk ástaljóð", bók, sem Árni Pálsson bókavörður hefir safnað efni í. Hún ber vott um það, hve flestum íslenzku skáldunum hefir verið óeiginlegt að slá strengi sína til lofgerðar og lýsingar á þessari áhrifamiklu og ódauðlegu tilfinningu mannshjartans: ástinni. Og kemur þar að því, sem áður var sagt, að kendarljóðagerðin hefir aldrei átt djúp eða rík ítök í íslenzkum skáldum. Ólistrænni og hlutrænni efni hafa jafnan legið þeim nær. Þau hafa miklu fremur ort heila ljóðaflokka um hestinn sinn en ást sína. En ekkert efni er hreinni lyrik jafn tamt og skylt, samgróið og meðfætt, og samband karls og konu. Um þau efni hafa lyrísk skáld ljóðað sín guðdómlegustu og fegurstu kvæði.

III.

Nokkurnveginn skýr takmörk má draga, þar sem fyrst tók að verða vart við verulega nýjan anda í ljóðagerð okkar á síðustu árum.

Það var, þegar Sigurður Sigurðsson gaf út ljóð sín 1912. Hann mun vera sá fyrsti, sem gengur öruggur og vitandi út af þjóðveginum. Hann brýtur fyrstur af sér hlekki þungra og ósöngvinna hátta og gefur vængjunum lausan tauminn. "Hrefna" var óvanalegt ástarkvæði á þeim árum:

Söngvar hljóma, göngin endur-óma—
allar róma tungur vorsins blóma,
loftið fyllist sólarsöng og ljóma.
Kæra, máttu
kenna sláttinn,

kraft og stríð í hjarta mínu?
Berast mér frá brjósti þínu
brimhljóð, gegnum andardráttinn.

Þarna er myndin orðin víðari, hærra undir loft í huga skáldsins, fagnaðartilfinningin fyllri en í kvæðum eldri skáldanna flestra.

Þó bólar fyr á bjarma hins nýja tíma. Í kvæðum Guðmundar Guðmundssonar glampaði á brot af því gulli, sem nú skín í allri vorri ljóðagerð, þeirri, sem nokkurs er um verð. "Strengleikar" hans (1903) voru frumlegir í háttavali. Formsnilli hans naut sín vel við það efni. En að öðru leyti stinga þau ástarkvæði ekki í stúf við önnur. Þau eru blóðlítil, fölleit og fáskrúðug að hugsunum og tilfinningum.

Guðmundur er hneptur í gömlu böndin. Hann lætur leiðast til þess að yrkja um svo fjarskylt efni ljóðagerðinni og stjórnmál. Hann misbýður hvað eftir annað hörpu sinni með því að berja úr strengjum hennar köld og lífvana ljóð um flokkadrætti, sjálfstæðisbaráttu landsins, ádeilur og eggjanir ("Glámsaugun", "Eldraun" "Milli vonar og ótta", "Framsýn"). Þó er ljóðagáfa hans að eðlisfari hávaðalaus, fíngerð og innileg, og nýtur sín bezt á listrænna sviði. En aldarfarið og áhugamál samtíðarinnar afvegaleiddu hann einatt. Persónuleiki skáldsins í honum var ekki nógu máttugur til þess að standa af sér þá strauma, sem voru ljóðagerð hans hættulegir.

En með Guðmundi og á eftir honum koma fleiri, og sá flokkur sýnir gleggri og auðsærri einkenni nýrra strauma. Hulda gefur út kvæði sín 1909. Hún slær á strengi þjóðkvæðanna. Kvæði Jóhanns Gunnars Sigurðssonar eru gefin út sama ár. Margt í þeim bendir á, að þar hafi verið efni í ósvikinn "lyriker". Og enn gefur Jónas Guðlaugsson út "Dagsbrún" þetta sama ár. Og hann er hold og blóð þessarar ungu kynslóðar.

Ekkert þessara skálda er þó svo umfangsmikið, að það leggi að fullu í rústir hið gamla og byggi upp nýtt. Þau gera lítið meira en boða hið nýja. Þau eru fyrirrennarar. Á Íslandi var ekki til nema **eitt skáld** um þessar mundir, skáld, sem bar höfuð og herðar yfir öll hin og safnaði um sig í svo ríkum mæli athygli manna, að hin hurfu og gleymdust — urðu að engu í samanburði við hann. Það var Einar Benediktsson.

En þó er hann enginn boðberi nýs fagnaðarerindis í ljóðagerðinni. Hann á ekkert skylt við hinn gróandi mátt hinna. Hann stendur einn sér, með sérstaka, óháða list. Straumar gamals og nýs tíma sameinast í ljóðaelfi hans. Og undir skáldmeiði hans standa jöfnum þáttum innlendar og erlendar rætur. Ljóð hans eru, mörg hver, alt í senn: máttug, fögur og viturleg, og orðsnild hans er óviðjafnanleg. Orðsins list er honum líka alt. Hann stendur því utan við allan samanburð, þegar um framþróun eða stefnubreytingar er að ræða í skáldskap vorum. Hann skipar sitt sérstaka rúm. Hann stendur eins og laufríkur, glæsilegur og gnæfandi meiður innan um smávaxið kjarr.

En þó þetta mesta skáld vort fylti ekki flokk ungu mannanna, þá sigruðu þeir engu að síður. Einar vann lotningu og aðdáun, en áhrif hans voru lítil

og fara stöðugt þverrandi. Nýgræðingurinn vakti litla aðdáun. En nú er hann orðinn að því gróðrarmagni í íslenzkri ljóðagerð, að enginn villist á lit þess og lífs-einkennum.

IV.

"Söngvar förumannsins", eftir Stefán frá Hvítadal og "Svartar fjaðrir" eftir Davíð Stefánsson, eru merkustu ljóðabækur síðustu ára. Þær sýna breytinguna, sem á er orðin síðan um aldamót. Höfundar þeirra eru á faldi þeirrar öldu, sem hófst með þeim, sem fyr eru nefndir, og enn á eftir að rísa hærra. Í ljóðum þeirra heyrast hjartaslög hreinna kendarljóða. Þeir eiga margt, sem boðar glæsilega framtíð í íslenzkri lyrik.

Það er fróðlegt að blaða í bókum þeirra og bera þær saman við eldri ljóðasöfn. Maður verður óðara var við blæbrigðin, litaskiftin og mismun yrkisefnanna.

Eitt af því, sem maður tekur eftir, er það, að **ættjarðarljóðin** eru horfin. Hvorugt þessara ungu skálda yrkir lofeða aðdáunarkvæði um ættjörðina. Fortíð hennar og framtíð er þeim — að því er virðist — óviðkomandi. Þeir eiga ekkert föðurland — í ljóðum sínum. Annar þeirra yrkir **eitt** kvæði til landsmanna, sem hann nefnir "Hvöt" (Davíð Stefánsson: Svartar fjaðrir). Hinn ekkert. Og þessi "hvöt" er ótvíræður vottur þess, að höfundinum láta önnur yrkisefni betur. Kvæðið er ort mörgum sinnum áður af íslenzkum skáldum.

En í sambandi við þetta vakna margar hugsanir.

Er þetta sprottið af því, að nú sé þörfin horfin að hylla föðurlandið? Er ættjarðarást Íslendinga að kólna? Eru þessi ungu skáld ekki jafn góðir synir "móður sinnar" og þeir, sem áður fögnuðu sigrum og grétu ósigra hennar? Eða stafar þetta eingöngu af því, að landinu er veitt sjálfsforræði, og því óþarfi að brýna ættjarðarást landsmanna?

Svörin verða ekki og geta ekki orðið nema á eina lund.

Skáldakynslóðina ungu skortir ekki ást til lands og þjóðar. Lesa má víða milli línanna í ljóðum yngstu höfundanna, að þeir bera í brjósti sér þræðina, sem tengja "son við móður" jafn "römmum taugum" og þá, sem heitust ættjarðarljóð hafa ort. En sú tilfinning er þeim ekki aðal-atriði. Nú eru ekki þeir tímar, sem hleypa föðurlandsást ungra Íslendinga í ljósan loga. En þó er hitt höfuð-atriðið, að ættjarðarkvæði eru ekki í samræmi við skáldeðli þeirra og einkenni. Lyrisk ljóðgáfa þeirra stendur köld og skilningslaus gagnvart þeim efnum. Þeir unna landinu. En þeir geta ekki ort um það. Strengirnir liggja innar og dýpra.

Enginn, sem ann aukinni fegurð og þroska íslenzkra ljóða, mun harma þetta. Skáld vor hafa syndgað nóg á því að berja saman þessi svokölluðu ættjarðarljóð, fátæk og jafnvel gersneitt að allri list og lifandi tilfinningu, mörg þeirra, þó innan um allan þann sæg glampi auðvitað á einstaka perlu.

En það er önnur ást, sem hin yngri skáld setja í hásæti listar sinnar. Það er ástin á **draumunum**, óbundnu flugi hins víðförla mannshuga út um allar veraldir himins og jarðar. Henni syngja þeir lof og hana tilbiðja þeir. Og það er þessi drauma-ást, sem sýnir,

ein með öðru, skyldleika þeirra við lyriska stefnu. Öll lyrik er full af draumum. Þeir eru ívaf hennar og uppistaða. Mikill "lyriker" er altaf mikill draumsjónamaður. Gustav Fröding, mesti "lyriker" Norðurlanda, var líka glæsilegasti og langsýnasti draumsjónamaður allra skálda á Norðurlöndum.

Í þessum draumum er mannshugurinn máttugur eins og Guð. Hann skapar nýja heima, reisir sér himnaríki, byggir, brúar og varðar. Í draumunum kemur sköpunarþrá mannsandans bezt í ljós. Þar er hún ótæmandi og þar er henni alt fært.

— Þá er og enn eitt einkenni við ljóð yngstu skáldanna, og það ekki hið þýðingarminsta. Það er, hvað þau falla mikið í farvegi **þjóðkvæðanna** gömlu. Bæði Stefán, Davíð og að nokkru leyti Sig. Nordal, hafa allir seilst til sömu strengjanna og þjóðkvæðin eru sungin á.

Og þeir hafa allir unnið við það, að slá tjöldum sínum á akri þjóðkveðskaparins, því mörg ágætustu og blæfegurstu einkenni þjóðkvæðanna eru einmitt í fullu samræmi við anda og form þeirra ljóða, sem nú eru efst á baugi. Tvennir tímar slá þar saman instu og dýpstu straumum sínum. "Stemnings"ljóðin, er nú eru tíðsungnust, eru náskyld þjóðkvæðunum. Þau voru líka logi tilfinninganna. Ást og draumþrá glampaði í hverju orði þessara fíngerðu ljóða. Sama rótin stendur því undir hvorumtveggju. Og engin íslenzk ljóðstefna hefði fram að þessum tíma getað sótt yrkisefni og mótað kvæði sín í formi þjóðkvæðanna, nema sú, sem nú er ríkjandi. Því aldrei hefir nein verið þjóðkveðskapnum samrunnari eða skyldari.

En þó verða ung og ómótuð skáld að gjalda varhuga við, að hverfa ekki um of inn á leiðir þjóðkvæðanna. Geri þau það, er hætt við að þau missi persónueinkenni sín. En án þeirra eru öll skáld dauðadæmd. Þjóðkvæðin eiga að vera þeim endurfæðingarlaug, eins og þau urðu Goethe og hafa verið öllum snillingum, sem kunna að stýra milli skers og báru.

V.

Framsýnir menn og næmir á breytingar hins andlega loftslags, spá því, að skáldskapur Íslendinga, og þá einkum ljóðagerðin, sé að hverfa inn á þá braut, er hann muni ná miklum þroska á.

Og margt er það, sem bendir til þessa. Þjóðarandinn er að nema ný lönd. Því landnámi fylgir útrás og framrás andlegra krafta. En meðal þeirra er skáldskapurinn. Nær það ekki aðeins til ljóðanna, heldur og til skáldsagnagerðar og leikrita. Nægir í því efni að benda á Íslendinga þá, sem nú yrkja á dönsku, þó sá fremsti og frægasti sé nú liðinn.

En ljóðin eru augljósust. Breytingarnar eru þar skýrastar. Ljóðin hafa lengi skýrt margt í skapferli þjóðarinnar og verið hin greinilegasta skuggsjá þess, er lifað hefir og vaxið með henni. Og nú eru þau að leggja af sér þann ham, sem bannaði þeim alt lyriskt flug. Þeim eru að vaxa vængir. Þau hafa altaf liðið með jörðinni. Nú eru þau að lyftast upp í hvelin og leita sér bergmáls.

En þó eru auðséðar taugarnar, sem enn tengja við gamla tímann.

Eitt ungu skáldanna, Jakob Thorarensen, er grein á hinum gamla stofni. Hann á ekkert sameiginlegt með þeim, sem glöggast sýna einkenni nýrra strauma. Formið er enn þungt á kvæðum hans og efnið ekki lyriskt eða listrænt. Hann flýgur ekki. Hann ann jörðinni og talar til manns þaðan. Og þó J. Thorarensen sé áreiðanlega fæddur skáld, þá mun það hafa hamlað vexti og bundið ljóðgáfu hans, að hann mun hafa samið sig að siðum þeirra, er lítil afreksverk hafa unnið í ljóðagerð. En þó því hefði ekki verið til að dreifa, þá hefði hann samt heyrt hinum eldri tíma til. Kendarljóðagerðin er honum ekki eiginleg — fremur en eldri skáldunum. Honum láta bezt mannlýsingar. En þó skortir oft fegurstu drættina í persónur hans. Og hjartaslátt þeirra heyrir maður sjaldan.

VI.

Ef draga ætti saman í fá atriði mismun nútímaljóða íslenzkra og þeirra, sem ort eru fyrir tveim tugum ára, er munurinn þessi:

Nútímaljóðin eru **hugræn,** hin **hlutræn.** Þau yngri eru **tilfinningaljóð,** en hin **framkvæmda-** og **hvatningakvæði.** Hin nýrri beinast **inn að sálarlífinu,** hin að ytra lífi, **yfirborðinu.** Nútímaljóðin eru **hjartað,** hin **heilinn.**

Þetta skiftir litum á þeim og hinum eldri. Og þetta er framfara- og þroskamerkið. Lyrik verður aldrei lyrik, verður aldrei hold og blóð þjóðarinnar, ef hún er notuð í þjónustu stjórnmálabaráttu og til hvatninga og eggjana í opinberu lífi. Það sýnir allur sá aragrúi kvæða, sem við eigum um þessi efni, og fárra ára eru, **en þó dauð nú þegar.** Öll slík kvæði fæðast feig. Þau eru ekki helguð af innblæstri augnabliksins. En þau, sem streyma fram af fossaföllum hins innra tilfinningaróts, þau bera í sér neista af eilífu lífi. Þau skiljast altaf, því tilfinningar mannanna eru sínýjar, þó þær séu sí-endurteknar. Atburðirnir falla í fyrnsku og ljóðin með þeim, sem um þá eru ort. En tilfinningarnar eru eilífar.

ATHS.

Hinum heiðraða höf. erum vér alls ekki samdóma um margt, sem hann segir í ritgerð þessari. En sökum þess að greinin er vel rituð, og einkum vegna þess að hún var send "Tímaritinu" af hr. Baldri Sveinssyni, ritara félagsins "Íslendingur" í Rvík, þótti sjálfsagt að veita henni upptöku. Alt of mikið virðist höf. gera úr hinni "Nýju stefnu", því enn sem komið er byggir hún aðeins á þrem smákverum, er út hafa komið nýlega, eftir því sem honum sjálfum segist frá, og því óvíst, hvort hér er um stefnu að ræða, hvað íslenzkar bókmentir snertir. Þessum þrem ungu skáldum er haldið svo gífurlega fram sem spámönnum, að allir hinna eldri eiga að hafa mælt marklaus orð í samanburði við þá. Eru þettar öfgar og eigi annað. Eftir þessari "nýju stefnu" að dæma, eins og hún kemur fram í þeim sýnishornum, sem höf. tilfærir, er það stórt álitamál, hvort ísl. bókmentir biðu eigi heldur hnekki en gróða við það, ef hún næði sér vel niðri. Það má vera að hún sé **"hugræn"**, en hún bregður sér niður til jarðarinnar með köflum, þó eigi sé til annars en að "verma sig", og erfitt er að skilja, að ástakvæði þeirra Stefáns frá Hvítadal og Davíðs, séu "andlegri" en sum fornu ástakvæðin, t. d. Stgr. Thorst., Jónasar Hallgrímssonar eða Þ. Erlingssonar. Annars er dómur sá, sem höf. lætur ganga yfir eldri skáldin sannnefndur sleggjudómur. Ef ástin "til ættjarðar og þjóðar" eru of **"hlutræn"** efni fyrir hina "nýju stefnu", ef öll viðfangsefni mannanna lífinu viðkomandi eru of gróf, ef alvara lífsins er henni óviðkomandi, þá er eiginlega ekki sýnilegt, hvar þessi "nýja stefna" kemur við á flugi sínu "um himininn". Að þessi yngri skáld "bæði hlægi og gráti í sömu andránni, þegar þau segja frá unaði þeim, er ástin veitir þeim", er, sannast að segja, fremur mynd veiklaðs sálarlífs, sem er orðið "ofurselt holdsfýsninni," — eins og þeir gömlu komust að orði, heldur en vottur andlegs heilbrigðis. — Þá getur höf. um hina þunglamalegu hætti, sem eldri skáldin hafi ort undir, en þessi "nýja stefna" hafi lagt niður. Eitt sýnishornið er þó kveðið undir afgömlum hætti og undir sama tón og "Drengur nokkur átta ára", eftir gamla Jón Þorláksson á Bægisá ("Saman okkar sálir runnu"). Þessi "nýja stefna" er þess utan alls ekki ný í bókmentunum, hún er jafngömul að minsta kosti 'realista"-skólanum gamla og honum náskyld, nú vakin — en eigi nema um stund, sem undanfari og eftirköst heimsumbrotanna miklu. (Útg.)

Þjóðræknissamtök Íslendinga í Vesturheimi.

Eftir **Rögnv. Pétursson.**

(Framh. frá fyrra ári)

Um sumarið 1881 var stofnað "Hið íslenzka kvenfélag í Winnipeg". Er það að líkindum fyrsti félagsskapur af því tagi meðal Íslendinga hér í álfu. Upptökin að félagsmyndun þessari má rekja til Framfarafélagsins að nokkru leyti, og svo til þarfarinnar, að allir legðu fram krafta sína til eflingar því félagslífi íslenzku, er nú var að myndast í bænum. Þarfirnar voru margar, fátæktin og allsleysið mikið, og stöðugt hélt innflutningur áfram, inn til borgarinnar, er nú var í uppgangi, bæði frá hinum ýmsu stöðum hér í álfu, þar sem Íslendingar höfðu sezt að, og svo beina leið frá Íslandi. Tilgangur Framfarafélagsins var sá, að styðja að velferð hingað kominna Íslendinga, bæði í andlegum og líkamlegum efnum, og tók nú Kvenfélagið sér hið sama markmið fyrir hendur. Unnu félögin saman að þessu lofsverða takmarki og er eigi annars að geta en að samkomulag var hið bezta, svo að hönd studdi hendi við flest þau fyrirtæki.

Það var upphaf þessa félags, eftir því sem ein af stofnendunum hefir skýrt oss frá, að konur nokkrar og stúlkur gengu dag einn seint um sumarið vestur úr bænum, sér til gamans, vestur á grassléttuna miklu er breiðir sig svo langt sem augað eygir norður og vestur af Winnipeg. En eigi þurfti langt að ganga í þá tíð til þess að komið væri fram á sléttuna, því bærinn var þá lítt bygður þann veg, en mestur fram með árbökkunum. Þegar út á sléttuna kom settust þær niður og fóru að tala saman um ásigkomulag innflytjendanna og annara í bænum. Kom þeim þá saman um að þær skyldu stofna félag meðal íslenzkra kvenna í Winnipeg, og skyldi félagið leggja fram krafta sína til liðsinnis allslausu fólki og þeim fyrirtækjum, er verndað gæti yngri sem eldri frá því að lenda hér í sorpinu. Konur þessar voru: **Rebekka Guðmundsdóttir** (ekkja Jóns Árnasonar frá Máná á Tjörnesi, fluttu vestur 1876), dóttir hennar **Guðrún Jónsdóttir** (gift 1884 Kristni skáldi Stefánssyni frá Egilsá, dáinn 26. sept. 1916), **Kristrún Sveinungadóttir** (áður gift Birni Kristjánssyni Skagfjörð frá Brenniborg í Skagafirði, úr Kelduhverfi í Þingeyjarsýslu), dóttir hennar **Svava Björnsdóttir** (gift 1885 Birni Sæmundssyni Líndal, búa við Markland í Grunnavatnsbygð), **Þorbjörg Björnsdóttir** (kona Björns Jónssonar frá Ási í Kelduhverfi), **Signý Pálsdóttir** (kona Eyjólfs Eyjólfssonar frá Dagverðargerði í Hróarstungu), **Helga Jónasdóttir** (kona Jóns

Ólafssonar amtsskrifara) og **Hildur Halldórsdóttir** (ekkja Jóns Sigfússonar frá Stórabakka í Hróarstungu). Fund héldu svo þessar konur nokkru þar á eftir í húsi Rebekku Guðmundsdóttur og voru þá fleiri saman komnar. Var Rebekka kosin forseti, Svava Björnsdóttir skrifari og Signý Pálsdóttir féhirðir. Gengu þá strax margar konur og stúlkur í félagið, og er þessar til að nefna, er voru með þeim fyrstu: Kristrún Ólafsdóttir, er lengi var skrifari félagsins, Björg og Sigurborg Pálsdætur (systur Signýjar), Helga Gísladóttir, kona Jóns Björnssonar frá Héðinshöfða, Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm, Lára (Pétursdóttir) Bjarnason (1884), kona séra Jóns Bjarnasonar. Stefanía Jónsdóttir o. fl.

Félagið starfaði af kappi um nokkur ár að helztu velferðarmálum Íslendinga, fé hafði það saman með samkomuhöldum, beinu framlagi félagslima og gjöfum, er einstakar konur gáfu því. Í húsbyggingarsjóð Framfarafélagsins lagði það $64 strax fyrsta haustið, og auk þess $50, sem það galt Framfarafélaginu gegn því að það fengi að hafa not af samkomuhúsi þess; til skólahalds Framfarafélagsins lagði það $122, fátæklingum $60 o. s. frv.. Auk þessa, þetta fyrsta starfsár sitt, gaf ein af stofnendunum, Guðrún Jónsdóttir, er áður er getið, helming vinnulauna sinna það ár til skólahaldsins, og nam sú upphæð $7.50 á mánuði[1]). Var þetta alt saman mikið fé, þegar teknar eru til greina fjárhagsástæður fólks á þeim árum. Einkum var það mikið að gefa hálf vinnulaun, af ungri stúlku er vann í heimavist fyrir $15 um mánuðinn. Sýndi það umhyggju með þeim, er mentunar þurftu að njóta, og þá hugsun að unglingum yrði gert svo létt sem auðið væri, að komast hér til manns. Ýmsir fleiri lofuðu að leggja skólanum til á svipaðan hátt, og gerðu það um tveggja og þriggja mánaða bil, en þá hættu tillögin og guldust ekki eftir það. Auk þess, sem þegar er talið, styrkti félagið tvær íslenzkar stúlkur til söngnáms með $87 meðlagi. Gengu þær í nunnuskóla. Voru skólar þeir fjölbreytilegustu mentastofnanir í bænum á þeim árum. Árið 1879 byrjuðu Dr. Grímur Thomsen og Snorri Pálsson í Reykjavík að safna fé til minnisvarða yfir séra Hallgrím Pétursson. Hélt Dr. Grímur söfnun þeirri áfram um nokkur ár. Varð árangurinn af því sá, sem kunnugt er, að eigi eingöngu varð minnisvarðanum komið upp, heldur voru og gefnir út í mjög vandaðri útgáfu (Rvík 1887—90) sálmar og kvæði skáldsins og sá Dr. Grímur um útgáfuna. Í sjóð þenna lagði Kvenfélagið $50. Mun það vera hin fyrsta gjöf frá Íslendingum hér vestra til þjóðlegra fyrirtækja á Íslandi.

Í "Leifi" 8. júní 1883, er skýrt frá verki Kvenfélagsins. Er það þá búið að vera starfandi í tvö ár, verja nær $500 til ýmissa líknar- og hjálparþarfa, auk allrar þeirrar vinnu, sem það hafði lagt fram öldungis ókeypis og eigi kom til reiknings, og þess utan átti það í sjóði um $150. Sýnir alt þetta afar mikla starfsemi.

Í júlímánuði 1883 efndi félagið til fjölmennrar kvöldverðar samkomu.

1) Frá gjöf þessari er skýrt og fyrir kvittað, í fjármálabók skólans, af Eyjólfi Eyjólfssyni, er þá var fjarhaldsmaður skólans.

Var ágóðanum varið, og allnokkru fé úr félagssjóði til styrktar allslausum vesturförum, er þá komu til bæjarins. Unnu þá forstöðukonurnar um tveggja vikna tíma á innflytjendahúsinu, að matreiðslu handa nýkomnu fólki. Stóðu aðallega fyrir því Kristrún Sveinungadóttir og Sigurborg Pálsdóttir. "Ekkert í sögu Vestur-Íslendinga er fegurra en það, hve ant þeir hafa látið sér vera, frá fyrst til síðast, að liðsinna og leiðbeina nýkomnu fólki íslenzku, og leggja oft stórkostlega mikið í sölurnar, ekki aðeins fjármunalega, heldur og með því að ganga svo og svo nærri sér á ýmsan hátt".[2])

Veturinn eftir, 25. janúar 1884, efndi félagið til miðsvetrarsamkomu, er haldin var í húsi Framfarafélagsins. Er það talin myndarlegasta samkoman, sem Íslendingar höfðu gengist fyrir fram að þessum tíma, og fyrsta miðsvetrarmót, sem vandað er til eftir föngum[3]). Var ágóðanum. $57.50, varið til að endurbæta félagshúsið. Var það í tvennu skyni gert. Fyrst og fremst mun húsið hafa þurft endurbóta við, og svo var von á séra Jóni Bjarnasyni til baka aftur frá Íslandi, að setjast að og takast á hendur prestsþjónustu meðal Íslendinga í bænum. Var þetta eini samkomustaðurinn, er nokkur tök voru með að notaður yrði fyrir guðsþjónustur og aðrar hátíðlegar athafnir.

Um næstu tvö árin mun félagið hafa starfað á sama hátt og verið hafði, var samkomulag hið bezta og samvinna við Framfarafélagið, en úr því fer að bera á óeiningu. Fór með það eins og Framfarafélagið, að kraftarnir skiftust eftir að safnaðarstarfsemin fór að krefjast meiri tíma og fjárframlaga. Vildu sumar félagskonur, er þá höfðu fyrir skemstu gengið í félagið, að félagið sneri sér eingöngu að safnaðarstarfseminni, en nokkrar hinar eldri svo sem Guðrún (Jónsdóttir) Stefánsson, Kristrún Sveinungadóttir, Signý Pálsdóttir o. fl., voru því mótfallnar, þótti þá hinum upprunalega tilgangi félagsins vera glatað. Efldust nú þannig tveir flokkar, en kraftarnir ekki nógir til að vinna að hvorutveggja. Fór þá sem oft vill verða, að áhuginn fyrir félagsskapnum dofnaði, urðu flokkarnir brátt ójafnir og réði meirihlutinn. Þær, sem andvígar voru því, að snúa félaginu upp í safnaðarkvenfélag, ýmist sögðu sig úr eða urðu sem dauðir félagslimir. Leystist félagið þannig upp og eftir árið 1890 mun þess að engu hafa getið. Um fjárskifti var eigi að ræða, því alt sem félagið safnaði gekk jafnóðum til hjálpar nauðstöddum eða styrktar almennum fyrirtækjum. Af sundrung félagsins leiddi töluverðan sársauka fyrir þær konur, er mest höfðu barist fyrir tilgangi þess, og er eigi trútt um, að hans kenni eigi enn, meðal þeirra, sem eftir eru á lífi.

Að því hefir þegar verið vikið, að kirkjulegur félagsskapur myndaðist miög snemma meðal Íslendinga í Winnipeg, en hvenær föst safnaðar-

2) Séra Fr. J. B.: Saga ísl. Nýl. í Wpg. Alm. 1904, bls. 102.

3) Á miðsvetrarmóti þessu flutti Vilhelm Pálsson tvö kvæði: "Minni gestanna" og "Lýðhvöt". Sigurður J. Jóhannesson og Bárður Sigurðsson sitt kvæðið hvor fyrir minni Kvenfélagsins. Ræður fluttu B. L. Baldwinson, Magnús Pálsson, Jón Björnsson, Vilhelm Pálsson, Jón Runólfsson, Kristrún Sveinungadóttir og Páll Magnússon. Söng stýrði Jón A. Blöndal, þá nýkominn frá Íslandi.

myndun komst á fót, er ekki greinilega ljóst. Um það leyti sem Íslendingafélagið (Framfarafélagið) var stofnað 1877, mun sú hugsun hafa vakað fyrir stofnendunum, að félagið ynni engu síður að andlegum en veraldlegum málum. Húslestrasamkomurnar og uppfræðsla unglinga í kristilegum fræðum benda á það. Skoðun sú (sem það fyrirkomulag þjóðfélagsins er á sér stað hér í þessu landi eðlilega getur af sér) að nauðsyn beri til að stofna sérstakan félagsskap til iðkunar og eflingar trúnni, hefir að líkindum naumast þá verið farin að gera vart við sig hjá öllum þorra manna, er nýkomnir voru úr þjóðkirkju. Þess er getið, að séra Páll Þorláksson hafi heimsótt landa sína í Winnipeg haustið 1876 og aftur í októbermánuði 1877, en í hvorugt skiftið er getið um að hann hafi haldið guðsþjónustu. Séra Jón Bjarnason hefir níu daga viðdvöl í Winnipeg, á leið til Nýja Íslands, þetta sama haust. Meðan hann tefur í bænum prédikar hann (sunnudaginn 21. október 1877) í skólahúsi er átti Meþódistasöfnuður einn (Grace Church), er það fyrsta íslenzka prédikanin flutt í Winnipeg[4]). Söfnuð stofnaði hann eigi fyr en að áliðnu sumri ári síðar, 11. ágúst 1878. Höfðu báðir prestarnir gert nokkrar ferðir norðan frá Nýja Íslandi og upp til bæjarins veturinn fyrir, til að prédika, en árangurinn orðið sá, að fólk skiftist um þá og fylgdi sinn hópurinn hvorum. Söfnuður þessi var nefndur "Þrenningarsöfnuður", og voru fyrstir fulltrúar hans Jón Þórðarson, Arngrímur Jónsson og Andrea Fischer. Eiginlegan söfnuð stofnaði séra Páll eigi, en hópur sá, sem honum fylgdi, hélt sér til hans hvað öll prestverk snerti.

Fyrstu árin mun söfnuðurinn hafa verið fremur fáliðaður, og eftir burtför séra Jóns Bjarnasonar til Íslands (1880) lagðist hann að mestu leyti niður, fluttu þá og ýmsir burtu, er fyrir honum höfðu staðið, á meðal þeirra Arngrímur Jónsson og kona hans Helga Þorsteinsdóttir, Jón Þórðarson o. fl. Árið 1881 er þó söfnuðurinn vakinn við að nýju og veitti séra Halldór Briem, er þá fluttist alfarinn úr Nýja Íslandi, honum forstöðu um hríð[5]), en aðallega þjónaði hann þó söfnuðum Íslendinga í Minneota-nýlendunni. Frá því í maí um vorið 1882 og fram að byrjun ágústmánaðar um sumarið, þjónar séra Halldór söfnuði þessum, en hverfur þá að því búnu alfari til Íslands. Er getið um það í fyrsta tölublaði "Leifs", 5. maí 1883, að safnaðarmál séu í hálfgerðu dái og hafi fundir eigi verið haldnir nærri árlangt. En þá vaknar áhugi að nýju. Fundur er haldinn 8. og annar aftur hinn 22. apríl. Á fyrri fundinum er kosin safnaðarnefnd: Sveinn Björnsson, Jón Júlíus og Sigurður J. Jóhannesson, og er Sveinn Björnsson kjörinn forseti. En á hinum síðara er ákveðið, að söfnuðurinn skuli halda uppi sunnudagalestrar-samkomum í húsi Framfarafélagsins kl. 3 á hverjum helgum degi og kaupa til samkomuhalda þessara 12 sálmabækur. Nokkrir fundir eru svo haldnir þetta og næstkomandi ár, en kvartað er yfir því að fáir hafi innritast í söfnuðinn, og hafi þó verið reynt til að fá fólk til að

4) Séra Fr. J. B.: Saga ísl. Nýl. í Wpg. Alm. 1903, bls. 52.

5) Séra Friðr. Hallgrímsson: Minningarrit Ev. Lút. K.fél. í V.h., bls. 67.

skrifa sig. Standi á safnaðarskránni aðeins 130 nöfn og af þeirri tölu séu mörg þar frá fyrri tíð[6]), — en með því má skilja að það séu nöfn þeirra, er burtu hafi flutt.

Þannig stendur þá, þegar séra Jón Bjarnason kemur aftur til safnaðarins í ágústmánuði 1884, en frá þeim tíma hefst aðalstarfsemi safnaðarins. Hina fyrstu messu flytur hann 20. ágúst og leggur út af textaorðunum: "Gott er, að vér erum hér, herra" (Matth. 17, 4). Sunnudaginn 31. ágúst er haldinn fundur eftir messu, og þá tilraun gerð til að safna fólki í söfnuð. Um þetta leyti skifti söfnuðurinn um heiti og hefir síðan nefnst "Hinn Fyrsti Lútherski söfnuður í Wpg.". Á þessum fundi innritaðist 130 manns. Var þá rætt um fyrirkomulag á guðsþjónustum. Vildu þá flestir hafa messugerðina sem allra einfaldasta. "Séra Jón hafði komið með hempu sína með sér frá Íslandi og verið í henni við fyrstu guðsþjónustuna, en meginþorri safnaðarins kunni því illa og vildi hafa prest sinn hempulausan. Lét séra Jón það eftir mönnum".[7]) Þá var samþykt að stofna sunnudagsskóla, er haldinn skyldi kl. 3 síðdegis. Var skólinn stofnaður 7. sept. 1884 og hefir haldið áfram til þessa dags. Fjölda mörg ungmenni hafa sótt skólann frá ári til árs, og þýðing sú, sem hann hefir borið fyrir viðhald íslenzkrar tungu hjá yngri kynslóðinni, einkum undir stjórn séra Jóns Bjarnasonar og meðan hans naut við, og raunar altaf, verður eigi fullkomlega metin. Kensla öll hefir farið fram á Íslenzku og lexíur skólans verið á Íslenzku. Skólinn var byrjaður með 25 börnum, en hvað fjölmennastur hefir hann verið um árið 1891, því þá telur hann 399 innritaða nemendur[8]). Árið 1894 er stofnaður ungmennafélagsskapur í sambandi við söfnuðinn, er nefnist "Bandalag unga fólksins í Fyrsta lút. söfnuði í Winnipeg"[9]). Má hið sama segja um Bandalagið og skólann, að lengi framan af bar starfsemi þess drjúga þýðingu fyrir viðhald íslenzkrar tungu hjá hinni yngri kynslóð. En nú á síðari árum mun þetta hafa nokkuð breyzt, og minni rækt verið lögð við íslenzka tungu en áður var, því fundir fara flestir fram á ensku.

Eigi heyrir það þessu máli til, að rekja lengra sögu safnaðarins. Kirkju reisti söfnuðurinn sér 1887; var hún vígð sunnudaginn 18. des. þ. á.[10]), en lögð niður sumarið 1904, og önnur bygð í hennar stað og vígð 26. júní s. á.. Er það hið veglegasta hús og vönduðust íslenzk kirkja er reist hafði verið vestan hafs fram að þeim tíma. Annað félag í sambandi við söfnuðinn var stofnað 1912, er Dorcas-félag heitir. Fyrir stofnun þess gengust tvær systur, Millie og Emely Morris, dætur Jónínu Jóhannesdóttur (gift canadiskum manni, Mr. Morris að nafni, er um langt skeið var fréttarit-

6) "Leifur" 2. ár, tbl. 15. "Sam.", 2. árg. 1888, nr. 11, bls. 174. Séra Jón Bjarnason getur þess, að í söfnuðinum hafi staðið 100 manns þegar hann tók við honum 1884.

7) Séra Fr. J. B.: Saga ísl. Nýl. í Wpg. Alm. 1904, bls. 82. Varð samþykt þessi til þess að klæða alla íslenzka presta vestan hafs úr hempunni, því hvergi eru messuklæði tíðkuð við guðsþjónustur íslendinga í Ameríku.

8) "Sam." 6. árg. 1891, nr. 7, bls. 112.

9) "Sam." 10. árg. 1895, nr. 8, bls. 123.

10) "Sam." 2. árg., jan. 1888, nr. 11, bls. 166. En ekki eins og stendur í "Minningarriti Kirkjufél.", bls. 74, að það hafi verið 29. des. 1887.

ari við dagblaðið Free Press. Fyrir áhrif konu sinnar lærði hann að lesa og jafnvel tala íslenzku). Var hún ættuð úr Þingeyjarsýslu. Fyrsti forseti félagsins var Millie Morris, en núverandi forseti þess er Jennie Ólafsson, dóttir Ólafs J. Ólafssonar söðlasmiðs frá Sveinsstöðum í Húnaþingi.. Er þetta félag ungra kvenna í söfnuðinum er hefir fyrir markmið hjúkrun og aðhlynning þurfamanna og fátæklinga er verða fyrir heilsumissi. Starfsemi félagsins er eingöngu bundin við Íslendinga.

Um starf séra Jóns Bjarnasonar, nema að því leyti sem það snertir þjóðernismálið og viðhald íslenzkrar tungu, eru eigi tök að ræða, en verk hans eru bæði mörg og mikil á því sviði. Hann var einlægur íslenzkuvinur og eindreginn þjóðernis-sinni alla æfi. Hann ritaði allra manna smekklegast og kjarnmest íslenzkt mál, sem ritgerðir hans bera vott um. Hann var allra manna fróðastur um alt sem laut að sögu íslenzku þjóðarinnar frá fyrstu tímum, og allir þættirnir í þeirri þjóðar-sögu voru honum kærir. Hann mælti jafnan með því, að Íslendingar legðu rækt við tungu sína og bókmentir, kom það fram í ræðum hans, eigi síður utan kirkju en innan. Í öllu því, er ritað hefir verið um séra Jón Bjarnason, hefir lítið verið á það minst, sem ef til vill var einkennilegast í fari hans. Sjaldan mun hann hafa staðið svo á fætur til að flytja ræðu að hann eigi drægi fram dæmi úr íslenzkum sögum máli sínu til skýringar, og fór þá stundum svo, að málefni það, er um var að ræða, varð eigi annað en skýring hinnar íslenzku sögu. Prédikunarstíl kirkjunnar íslenzku breytir hann svo, að jöfnum höndum dregur hann fram dæmin til útskýringar umtalsefni sínu, úr Íslendingasögum sem úr ritningunni, og má vafasamt telja, að eigi hafi hann álitið Íslendingasögurnar jafn helgar frásögum Gamlatestamentisins. Eitt er víst, að ekkert getur eðlilegra verið fyrir íslenzka tilheyrendur en að líkingar séu sóttar í fyrritíðarsögu, eða til munnmælasagna þjóðarinnar, í stað þess að tína saman sögur og sagnir Suður- og Austurlandaþjóða, er hvorki snerta menn né málefni. Það var sem að meðfædd tilfinning hans segði honum strax til, hvort ein eða önnur stefnan beindist í þjóðernislega átt eða annað. Því setti hann sig líka ávalt eindregið á móti því, að kirkjufélag sitt væri dregið inn í hið mikla hérlenda kirknasamband, "General Council", er til umsagna kom á mörgum hinna fyrri kirkjuþinga. Var sem eitthvað segði honum, að ef af þvílíku sambandi yrði, myndi íslenzkri tungu verða hætta búin af þeim yfirgripsmikla félagsskap. Fús var hann jafnan að styðja öll þau fyrirtæki, er hann áleit að miða myndu til gagns eða sæmdar fyrir þjóðina og verður vikið að því síðar. Séra Jón andaðist, eins og kunnugt er, miðvikudagsmorguninn 3. júní 1914 að heimili sínu í Winnipeg, eftir langvarandi sjúkdóm. Meðan á veikindum hans stóð þjónaði séra Friðrik Friðriksson, forstöðumaður Kristilegs félags ungra manna í Rvík, söfnuði hans. Kom hann vestur á vegum Kirkjufélagsins, og dvaldi hér árlangt. Eftir fráfall séra Jóns var séra Björn B(jörnsson) Jónsson, forseti Kirkjufélagsins (frá 1908) kosinn prestur safnaðarins og hefir hann þjónað söfnuðinum síðan.

Haustið 1882 er stofnað einskonar fræðifélag, og gekkst aðallega fyrir því Björn Stefán Brynjólfsson (d. 1920, frá Skeggstöðum í Húnaþingi, Brynjólfssonar). Hafði hann stundað nám við mentaskóla í Greenville í Pennsylvaníuríki, með þeirri fyrriætlan að gerast prestur, en hætti við. Skóli þessi var eign kirkjufélags Lútherstrúarmanna í Pennsylvaníu. Nefndi hann félag þetta "The Oriental Literary Society" (Hið austræna bókmentafélag). Hvernig á nafninu stóð verður eigi sagt, en geta má þess til að það hafi vísað til þess, að flestöll menning álfunnar átti þá sitt aðsetur í austurhluta landsins, því Vesturlandið mátti þá heita ein eyðimörk. Einkunnarorð tók félagið sér á latínu: "per gradus".Fundi hélt félagið fyrir lokuðum dyrum. Hvað margir hafi í félaginu staðið verður eigi sagt með vissu, en alt voru það ungir menn. Tilgangur félagsins var að afla þekkingar með lestri góðra bóka, kynna félagsmönnum hérlendar bókmentir, vekja hjá þeim smekk fyrir hinum hærri hugsanastefnum, og að auka víðsýni þeirra í almennum efnum. Einn fund opinberan hélt félagið 12. maí 1883, til þess að skýra frá tilgangi sínum og markmiði. Segir skáldið Jón Runólfsson, er var einn félagsmanna, þar frá stofnun og starfi félagsins. Ýmsir fleiri fluttu þar ræður og þar á meðal stofnandinn. Við burtför Björns suður til Dakota þá um sumarið, og annara fleiri félagsmanna, mun félagið bráðlega hafa sundrast.

Árið 1884 kom til Winnipeg ungur maður austan frá Torontoborg, að nafni Frímann B. Anderson. Hann var sonur Bjarna á Vöglum á Þelamörk Arngrímssonar prests á Bægisá. Hann hafði stundað nám við háskóla þar eystra um nokkur ár. Áður en hann flutti til Winnipeg hafði hann ritað allmargar greinar í "Leif", er mörgum hafði fallið vel í geð. Eigi er hann lengi búinn að dvelja í bænum, er hann boðar til fyrirlestarsamkomu í húsi Framfarafélagsins 21. júní. Gengur fyrirlesturinn út á mentamál. Ritar hann grein um sama efni nokkru seinna í "Leif". Vill að Íslendingar komi sér upp skóla fyrir ungmenni er ganga ætli mentaveginn. Vill að þeir komi upp skólahúsi sérstöku er rúmi 100—150 nemendur og kosti um $1500, stofni skólasjóð með almennum fjárframlögum, segir 5000 Íslendinga nú búsetta í Vesturheimi og með dollars tillagi frá hverjum í þrjú ár, megi hafa saman þann höfuðstól, er svo væri settur á vöxtu, að borið gæti allan kostnað við skólahaldið í framtíðinni. Eigi voru það nýmæli að minst væri á skólahald. Hafði Framfarafélagið áður fengist við það og gefist vel, en svo stórhuga hafði enginn verið áður að vilja koma upp "Lærðaskóla". Þó fékk tillaga þessi góðar undirtektir, og var til fundar boðað í húsi Framfarafélagsins til þess að ræða um þetta mál. Fundarstjóri var Magnús Pálsson, en Baldvin L. Baldwinson skrifari. Skýrði forseti fundarefni og tóku margir til máls. Niðurstaðan varð sú að kosin var níu manna nefnd til þess að hrinda þessu máli áleiðis, en fundurinn lét í ljós með atkvæðagreiðslu, "að það væri vilji manna eindreginn að koma á fót mentastofnun íslenzkri hér vestan hafs er yrði sameiginleg

eign allra Íslendinga í Vesturheimi"[11]). Í nefndina voru skipaðir Magnús Pálsson, Sigurður J. Jóhannesson o. fl.. En þegar til framkvæmdanna kom urðu menn eigi á eitt sáttir. Þótti mörgum þessi uppástunga Frímanns B. Andersonar eigi sem hagsýnust, og að í helzt til stórt mundi ráðist af eigi fleira fólki. Var bent á að stofnfé þetta, þó það hefðist saman, hrykki skamt til að koma mentastofnun þeirri á fót, er Íslendingum gæti orðið til halds í framtíðinni. Þá létu og þær raddir til sín heyra, að það gæti verið vafamál, hvort nokkuð væri grætt við það að halda við íslenzkri tungu vestan hafs, eftir að komið væri inn í ameríska þjóðlíf. Urðu menn nú með og mót, framkvæmdir engar, en hugsun þessi hélzt þó við um nokkur ár.

Nýjan byr fær tillaga þessi á kirkjuþingi er haldið var í húsi Íslendingafélagsins (Framfarafélagsins) dagana 21.—25. júní 1887. Laugardaginn 25. júní er uppástunga borin upp, er gerð var af þeim Eiríki H. Bergmann og Friðjóni Friðrikssyni, að Kirkjufélagið greiði séra Jóni Bjarnasyni $100 laun í viðurkenningarskyni fyrir verk hans við tímarit Kirkjufélagsins. Er uppástunga þessi samþykt í einu hljóði. Tekur séra Jón við gjöfinni og þakkar, "en lýsir því yfir jafnframt, að hann þegar í stað gefi þessa peninga til þess að vera grundvöllur til sjóðs, er myndaður verði til undirstöðu æðri íslenzkrar mentastofnunar (College) hér í landi í sambandi við Kirkjufélagið og undir umsjón þess"[12]). Voru þetta fyrstu peningarnir er safnast höfðu til styrktar þessu fyrirtæki er eftir þetta féll undir umsjón Kirkjufélagsins, og hefir verið algerlega í höndum þess síðan. Skólamálið var til meðferðar lengi vel, á hverju kirkjuþingi, gekk fjársöfnun seint og tók það ýmsum breytingum. Annað veifið var ráðgert að stofna skóla er bætt gæti úr prestafæðinni, — guðfræðisskóla, en þess á milli að haldið væri við hina upprunalegu ákvörðun, að koma á fót mentaskóla (College) eða "Academy". Um aldamótin tók mál þetta þeim breytingum, eftir ítrekaðar tilraunir að hafa saman nægilegt fé til þess að koma upp skólahúsi, er allar mistókust, að samið var við forstöðumenn tveggja skólastofnana, að Kirkjufélagið skipaði kennara í íslenzkum fræðum við skóla þessa, launaði kennarana og hefði alla umsjón með kenslunni. Skólar þessir voru "Wesley College" í Winnipeg, eign Meþódistakirkjunnar í Canada, og "Gustavus Adolphus College", í bænum St. Peter í Minnesota, eign Augustana-sýnódunnar sænsku í Bandaríkjunum. Kom tilboð þessa efnis fyrst frá Dr. Wahlström, forstöðumanni Gustavus Adolphus skólans, og var lagt fyrir kirkjuþing er haldið var í Selkirk sumarið 1900. Var tilboði þessu tekið, og var séra Friðrik J. Bergmann, er þá var prestur á Garðar, skipaður kennari[13]). En einhverra orsaka vegna fórst það fyrir að hafin yrði kensla það haust. Ári síðar tókust samningar við Wesley College, með svipuðu móti, að því undanskildu að skólinn sjálfur borgaði að nokkru laun kennarans. Var nú

11) Séra Fr. J. B.: Saga ísl. Nýl. í Wpg. Alm. 1905, bls. 86.

12) "Sam." júlí—ágúst, nr. 5—6, bls. 87.

13) "Sam." 15. árg. nr. 6, ág. 1900, bls. 90.

séra Friðrik valinn aftur til kennara og tók hann til þess starfa í októbermánuði þá um haustið.[14]) Á kirkjuþingi 1901, er þessu var til lykta ráðið, skiftist nefndin, er mál þetta hafði haft með höndum, og var fjórði hluti hennar ráðstöfun þessari mótfallinn. Mun það hafa nokkru valdið, að þeir, sem búsettir voru í Bandaríkjunum, óskuðu fremur eftir að kensla yrði veitt við einhvern skóla þar syðra hjá sér. Töldu þeir sig verða varskifta með þessu. Urðu það því endileg úrslit þeirra mála, að á kirkjuþingi 1904 var ákveðið að stofna annað kennaraembætti í hinum sömu námsgreinum við Gustavus Adolphus skóla. Skýrði nefndin, sem skipuð hafði verið til þess að semja um þetta við skólann, frá gerðum sínum, á kirkjuþingi 1905, að hún hefði kallað til þessa embættis Magnús Magnússon, bróður- og uppeldisson Meistara Eiríks Magnússonar bókavarðar í Cambridge á Englandi,[15]) og tæki hann við embætti sínu þá á næstkomandi hausti.

Stóð nú þannig um nokkur ár. Kenslugreinar í Íslenzku, samkvæmt skýrslu séra Friðr. J. Bergmanns, voru þessar: skriflegar æfingar og lestraræfingar, málmyndalýsing o. fl. í neðri bekkjum skólans, í þriðja bekk Egilssaga, og í efsta bekk (í öðru ári háskólans) Eddukvæðin.[16])

Sumarið 1908 var borið fram álit frá skólanefnd Kirkjufélagsins, á kirkjuþingi er haldið var í Selkirk, þess efnis: "Að embættið við Gustavus Adolphus College verði lagt niður nú þegar vegna þess hve lítil aðsókn er að skólanum" og "að embættinu við Wesley College verði haldið áfram eitt ár með því fyrirkomulagi sem nú er, en að vegna óánægju þeirrar, sem það vekur í Kirkjufélaginu, að núverandi kennari séra Friðr. J. Bergmann, haldi þar áfram, sé væntanlegri skólanefnd falið á hendur að útvega og ráða annan mann til að taka við af honum að ári liðnu".[17]) Einn skólaráðsmanna var andstæður þessu nefndaráliti, Sveinn Brynjólfsson, en álitið fluttu þeir Dr. B. J. Brandson, séra N. Stgr. Thorláksson, séra Kristinn K. Ólafsson og Kristján Jónsson. Því, sem að er vikið í síðari hluta þessa nefndarálits, gagnvart séra Friðr. J. Bergmann, var trúmálaágreiningur sá, sem þá var upp kominn innan Kirkjufélagsins. Var séra Friðrik fylgjandi og svaramaður hinnar nýju frjálslyndu stefnu á trúmálasviðinu, en meirihluti Kirkjufélagsins henni andstæður. Um álit þetta urðu nokkrar umræður,, en að síðustu var það samþykt með þeim breytingum, að bæði kennaraembættin skuli lögð niður að ári liðnu. Og að því er Kirkjufélagið snerti voru embætti þessi lögð niður haustið eftir. Hvarf Magnús Magnússon þá til baka aftur til Englands, en fyrir tilmæli Wesley skólans sjálfs, hélt séra Friðrik áfram að kenna þar veturinn 1909—1910, en þá tók Kirkjufélagið við kenslunni aftur. Var nú séra Rúnólfur Marteinsson, er var prestur að Gimli, systursonur séra Jóns Bjarnasonar, skipaður kennari, og hélt hann því embætti þangað til Kirkjufélagið kom á fót sérstökum skóla haustið

14) "Sam." 16. árg. nr. 5, júlí 1901, bls. 74; nr. 8, okt. 1901, bls. 126.
15) "Áramót" 1905, bls. 43.
16) Gerðabók 24. ársþings 1908, bls. 32.
17) Gerðabók 24. ársþings 1908, bls. 25.

1913, að hann tók við stjórn þess skóla og hefir gegnt þar skólastjóraembætti síðan. Eftir að staðið hafði kennaraembætti í íslenzkri tungu við Wesley College um 12 ára skeið var eigi svo þægilegt að leggja það niður, með því líka að þessi námsgrein var búin að öðlast viðurkenningu sem kjörgrein við háskólann og nemendur höfðu rétt til að krefjast tilsagnar í henni. Vistaði þá College-ráðið ungan Íslending að skólanum, Jóhann G(estsson) Jóhannsson, er útskrifast hafði nokkru áður frá Manitobaháskólanum, og veitti hann tilsögn í íslenzku þenna vetur nemendum við skólann, jafnframt því sem hann hafði á hendi kenslu í öðrum greinum. Veturinn 1914—15 kendi séra Rúnólfur þar aftur, í hjástundum frá kenslustarfi sínu við Kirkjufélags-skólann, en þá tók séra Friðrik J. Bergmann aftur við embætti þessu og hélt því þar til hann andaðist, 11. apríl 1918. Síðan hefir Skúli Johnson, prófessor í fornfræðum við Wesley College, veitt kennaraembætti þessu forstöðu.

Við skóla þann, sem Kirkjufélagið nú setti á fót, voru settir tveir kennarar: séra Rúnólfur Marteinsson skólastjóri og hr. Baldur Jónsson (frá Mýri í Bárðardal í Þingeyjarsýslu, Jónssonar), d. 1917. Var hann útskrifaður úr háskóla Manitobafylkis, og hinn mesti efnismaður. Sökum vanheilsu gat hann ekki tekið til starfa við skólann fyr en á miðjum vetri, var því í hans stað settur kennari Jónas Þórlaksson, frá Grænavatni í Mývatnssveit, Jónassonar, er einnig var útskrifaður úr háskóla Manitobafylkis. Skólanum var skift í tvo bekki fyrstu tvö árin, er nefndust Almenna deildin, — var þar veitt tilsögn í almennum fræðum, miðuð við þarfir þeirra er vildu afla sér algengrar mentunar, en ætluðu eigi að leggja fyrir sig skólanám, — og miðskóladeild, er svaraði til IX. bekks í alþýðuskólunum innlendu. Íslenzka var kend við báðar deildir; eins fór fram kristindómskensla á íslenzku og morgunbænir, við setning skólans á hverjum degi. Sumarið 1914, á kirkjuþingi á Gimli (26. júní), var skólanum gefið nafn og reglugerð samin fyrir hann. Var hann nefndur "Jóns Bjarnasonar skóli"[18]), eftir séra Jóni heitnum Bjarnasyni, er þá var nýandaður. Á öðru ári skólans var bætt við tveimur bekkjum við miðskóladeildina, svo að sú deild tekur yfir sama námsskeið og miðskólar (High Schools) fylkisins. Var og bætt við þriðja kennaranum. Á þriðja ári var Almenna-deildin lögð niður, og hefir svo staðið síðan. Íslenzka er kend í öllum bekkjum frá þremur til fimm stundir á viku. Kensla byrjar með októbermánuði og stendur til maímánaðar-loka. Nemendur innritaðir við skólann voru á síðastliðnu ári 63.[19])

Frá því hefir áður verið skýrt, að síðasta tölublað "Leifs" kom út 4. júní 1886. Er þá Helgi Jónsson aðal-eigandi og útgefandi, fluttur búferlum úr bænum. Hefir þá blaðinu verið haldið úti í þrjú ár. Er þess þar getið að frestur muni nú verða á útkomu blaðsins fyrst um sinn, en það vissu flestir að þýddi hið sama og að fyrirtækið væri komið um koll. Löngu áður var það sýnt að blaðaútgáfan hafði ekki borið sig, en útgefandinn og þeir er að því stóðu samt

18) Gerðabók 30. ársþ. K.fél. 1914, bls. 23.
19) Gerðab. 36. árþ. K.fél. 1920, bls. 34.

eigi látið hugfallast. Hefðu því nokkur ráð verið fyrir hendi, hefði blaðið verið látið halda áfram. Var nú ekkert íslenzkt blað gefið út í Vesturheimi. Sem eðlilegt var gátu menn, er nokkuð hugsuðu fram í tímann, ekki unað við það til lengdar.

Til orða hafði komið að stofna nýtt blað nær því tveim árum áður en "Leifur" hætti, þó eigi yrði af. Brast því eigi áræði að efna til nýrrar blaðaútgáfu, þó svo væri komið.

Frímann B. Anderson hafði nú dvalið í Winnipeg um tveggja ára tíma, lokið námi því er hann byrjaði á austur í Toronto, og útskrifast með bezta vitnisburði úr Manitoba-háskólanum, suamrið 1885. Komst hann þá í þjónustu Canada-stjórnar, við að þýða og semja bækling um Norðvesturlandið, og fékk fyrir það nokkurt fé. Lagði hann nú fé þetta í prentáhöld og gengu í félag með honum Eggert Jóhannsson, er að mestu leyti hafði annast ritstjórn "Leifs", og Einar Hjörleifsson, er þá var kominn til bæjarins fyrir tæpu ári. Flutti hann vestur sumarið 1885 frá Kaupmannahöfn, en dvaldi nokkra mánuði í borginni Minneapolis hjá norska skáldinu séra Kristofer Janson, er þá var þjónandi prestur hjá norskum Únítarasöfnuði þar í borg. Kom Einar nokkru fyrir jól um veturinn til Winnipeg. Flutti hann nokkra fyrirlestra þenna vetur um íslenzkan skáldskap, yfir tímabilið frá 1850. Þessir þrír menn gengust nú fyrir því, að koma á fót nýju blaði, er forgöngumaður fyrirtækisins, Frímann B. Anderson, nefndi "Heimskringlu". Kom fyrsta blað hennar út 9. sept. 1886. Á öftustu síðu er birt stefnuskrá blaðsins: "Blaðið verður einkum og sérstaklega fyrir Íslendinga í Vesturheimi. Öll þau mál, er þá varðar miklu, munum vér og láta oss miklu skifta, hvort sem það eru **stjórnmál, atvinnumál** eða **mentamál.**" Þá er blaðinu ætlað að ræða þau mál, er snerta "landa vora á Íslandi", stjórnmál þeirra og bókmentamál. Blaðið er óhátt öllum pólitískum flokkum "og hefir fult frelsi til að taka í hvert mál, sem ritstjórinn álítur réttast og sanngjarnast." Það verður alls enginn "agent" fyrir Vesturheimsferðir, "en talar um útflutninga frá Íslandi og innflutninga hingað í land sem hvert annað mál". Yfir Íslendingum í Ameríku lofar það að halda hlífiskildi og hafa vakandi auga á öllu því, sem um þá er sagt. Lofað er því að blaðið skuli verða "alþýðlegt" og hafa meðferðis "skemtandi kafla, einkum **góðan skáldskap** í bundnu og óbundnu máli, frumritaðan og þýddan." Ritstjórn höfðu þessir þrír menn á hendi, en prentsmiðja blaðsins var að 35—37 King St. Prentarar voru Jón Vigfússon Dalmann og Þorsteinn Pétursson, fóstursonur Eyjólfs Eyjólfssonar frá Dagverðargerði. "Heimskringla" kemur enn út og er elzta íslenzka fréttablaðið, er gefið er út í Vesturheimi, en ritstjóra- og eigendaskifti hafa orðið mörg við hana á þessum tíma.

Í bréfi, dagsettu 17. okt. 1916 á Akureyri, er Frímann B. Arngrímsson sendi blaðinu þegar það varð 30 ára, minnist hann á hvað fyrir sér hafi vakað með stofnun blaðsins:

"Það var aldrei meining mín að "Hkr." skyldi verða flokksblað; eg vildi að hún yrði fréttablað fyrir almenning, og hlynti að uppfræðslu Ís-

lendinga í Vesturheimi og verndaði það, sem er gott og trútt og fagurt í íslenzku og norrænu þjóðerni, **málið**, söguna og skáldskapinn, dugnaðinn og hugrekkið, en ekki að hún kastaði steini á kyn vort. Þá minnist eg og þeirra vina minna, Eggerts Jóhannssonar, Jóns Vigfússonar og Þorsteins Péturssonar, er voru samverkamenn mínir fyrir 30 árum."

Í hinu fyrsta tölublaði kennir margra grasa. Þar er saga eftir Einar Hjörleifsson, "Félagsskapurinn í Þorbrandsstaðahreppi" og kvæði, "Það er svo margt að", er í eru þessi erindi:

"Er enginn sem þekkir neinn óræktar
damm,
sem átt hefði löngu að skerast fram
og skvett er í skólpi á daginn?
Hann safnar þar eitri, sem enginn sér,
og á eftir mollunni lyftir það sér
og breiðir sig út yfir bæinn. — — —

Við sögðum oss komna frá kappaþjóð
og konunga sögðumst við hafa blóð,
oss færar því flestar leiðir;
og við bárum makalaust hátt okkar
hatt —
og höfðum ei þrek til að tala satt,
nema fullir og fjúkandi reiðir."

Þá er og löng ritgerð um spurninguna: "Eiga Íslendingar að gefa sig við hérlendri pólitík?" Er bent á að ef þeir vilji vera sjálfstæðir menn, sé varhugavert að kasta sér umhugsunarlaust í faðminn á hinum og þessum pólitíska flokknum. En svo framarlega sem Íslendingar vilji vera þegnar ríkisins og álíta sig ekki óvitrari eða lakari menn en aðra, þá sé sjálfsagt fyrir þá að taka þátt í pólitík landsins. Þá eru og ritgerðir um verzlunarmál, er halda áfram í næstu blöðum.

Með 14. tölublaði er Einar Hjörleifsson hættur við meðritstjórn blaðsins. Engar ástæður eru til færðar, en að líkindum hefir efnaskortur valdið. Hættir þá blaðið útkomu um 4 mánuði og er 15. tbl. dagsett 7. apríl 1887. Er í því gerð grein fyrir þessum langa drætti, og segir Frímann að það stafi af efnaskorti. Segist hann hafa afhent prentsmiðjuna um tíma samverkamönnum sínum og verði þeir útgefendur blaðsins. Í þær 14 vikur, er blaðið kom út, hafi kostnaður numið $850, en inntektir rúmum $350, það hafi því orðið $500 tap við útgáfuna. "Eini vegurinn var því að reyna að losa sig úr skuldunum og byrja á ný". Til þess selur hann "Eggert Jóhannssyni, J. V. Dalmann, Þorsteini Péturssyni prentsmiðjuna, svo sem launum þeirra nemur, ásamt hr. Eyjólfi Eyjólfssyni, er manna bezt hefir stutt fyrirtækið". Gerir hann ráð fyrir að leysa inn prentsmiðjuna síðar. Ræðir hann í grein þessari enn um stefnu blaðsins, "að tilgangurinn hafi verið að efla mentalega og verklega framför, að útbreiða þekkingu, útvega nýlendur, að leiðbeina og hjálpa með **atvinnu** og **landnám** og efla félagslegar framfarir". Eigi örvæntir hann um þetta fyrirtæki sitt, þó að fátæktin hafi þannig þrengt að því. Segist hann treysta því að stefnu þessari verði haldið áfram af drenglyndum og dugandi mönnum. Prentstofnun, álítur hann, að sé sú eina mentastofnun önnur en kirkjan, sem Íslendingar hér í álfu séu megnugir að viðhalda. "Aðalverkin sem fyrir liggja," segir hann, "er að greiða atvinnuvegina,

stofna nýlendur og viðhalda menta-stofnunum. Stefnan er: **Áfram og upp á við.** Íslendingar verða að sameina krafta sína, til að styðja það, sem eflir framför þeirra, eykur velmegun þeirra, og ávinnur þeim sóma.". Hinir nýju útgefendur lofast til að halda blaðinu úti til ársloka, á hverju sem gangi, og við það stóðu þeir. Ritstjóri blaðsins þetta ár er Eggert Jóhannsson. Kemur hann mjög við sögu "Heimskringlu" eftir þetta, og er af og til ritstjóri hennar upp til vorsins 1897. Var hann þeim hæfileikum og kostum búinn, er gerðu hann bæði mikilsvirtan og vinsælan í þeirri stöðu — hægur og gætinn, yfirlætislaus, tilfinningaríkur og mjög samvizkusamur og ágætum gáfum gæddur og smekkvísi. Með 52. tölublaði (22. des. 1887) tekur Frímann B. Anderson aftur við blaðinu, en meðritstjóri hans er þó áfram Eggert Jóhannsson og prentarar hinir sömu. Annar árgangur byrjar með skrautlegu myndablaði á 7 tungumálum (íslenzku, Dönsku, Sænsku, Þýzku, Hollenzku, Ensku og Frönsku). Heldur Frímann nú blaðinu úti til 15. nóvember 1888, að hann selur það aftur hinum fyrri samverkamönnum sínum, og fer alfarinn frá Winnipeg um jólaleytið þá um veturinn. Er þess getið að honum hafi verið haldið skilnaðarsamsæti í húsi Guðm. Anderson 22. des. Ritar nú Eggert blaðið frá þessum tíma og upp að árinu 1890. Um þetta leyti mun það hafa komið til orða, að blaðið yrði keypt af nokkrum mönnum í Dakotabygðinni og flutt suður. Stóðu um það samningar nokkurn tíma vetrarins 1888. Ekkert varð þó úr þessu, en félaginu von bráðar snúið upp í hlutafélag, og urðu þá margir meðeigendur í fyrirtækinu sunnan landamæranna.

Upp úr áramótum 1890—1891 fór hlutafélag "Heimskringlu" þess á leit við skáldið Gest Pálsson, er þá var skrifari á skrifstofu landshöfðingja í Rvík, að hann kæmi vestur og tækist á hendur ritstjórn við "Hkr.". Var Gestur þá löngu orðinn þjóðkunnur fyrir skáldsögur sínar er komið höfðu út í tímaritum sem "Verðandi", "Iðunni" og víðar, og auk þess í sérstökum bæklingi ("Þrjár sögur", Rvík 1888). Orsökin til þess mun meðfram hafa verið sú, að félagið áleit að eitthvað þyrfti að gera, til þess að jafnast við keppinautinn "Lögberg", er pantað hafði Jón Ólafsson gagngert frá Íslandi til þess að taka þar við ritstjórn (kom hann til Winnipeg 20. apr. 1890), en eigi að nokkur óánægja hafi verið með það, hvernig Eggert Jóhannsson leysti verk sitt af hendi, enda hélt Eggert áfram ritstjórninni enn um heilt ár. Ráð þessi tókust, Gestur fór vestur og kom til Winnipeg 12. júlí 1890 og tók við blaðinu með Eggert. En hans naut skemur við en varði, því rúmu ári síðar, 19. ágúst 1891, andaðist hann á hinu Almenna sjúkrahúsi Winnipegbæjar og var jarðsettur fjórum dögum síðar. Eftir dauða hans var nú blaðið ritstjóralaust um hríð, en Jón Erlendsson Eldon (sonur Erlendar alþingismanns Gottskálkssonar í Garði í Kelduhverfi) flutti vestur 1888, d. 1911, ritaði það að mestu leyti frá þessum tíma upp til febrúar 1892. En hvorki voru hluthafar né útgefendur ánægðir með blaðið í hans höndum. Fundu allir til þess hve mikils var í mist við fráfall

Gests. Það var því um áramótin 1891—92, að tilraun var gerð til að fá annan ritstjóra að blaðinu. Um þessar mundir hafði verið stofnað prentfélag í bænum og gaf það út blað, er nefndist "Öldin"; var ritstjóri við það Jón Ólafsson; byrjaði það útkomu miðvikudaginn 7. október um haustið. Að félagsstofnun þessari stóðu skáldið Kristinn Stefánsson, Magnús Pétursson prentari, Eiríkur Gíslason (sonur Gísla Jónssonar frá Egilsstöðum á Völlum í S.-M.sýslu), Árni Þórðarson (ættaður úr Eiðaþingi í S.-Múlasýslu) o. fl. Aðeins komu 21 eintak út af blaðinu. Var nú félagi þessu steypt saman við "Heimskringlu"-félagið og blöðin sameinuð og gerðist þá Jón ritstjóri, frá marzbyrjun 1892, að hinu sameinaða blaði, er nefndist "Heimskringla og Öldin". Kom fyrsta tölublaðið út 2. marz. Fyrstu þrjú árin var stærð "Heimskringlu" 4 bls., 5 dálka breiðar og 18 þml. háar, en þá var blaðið stækkað svo það varð dálki breiðara síðan og rúmum þumlungi hærri. Eftir sameininguna var það stækkað enn, þannig að það kom út tvisvar á viku í sama broti. Var það nú stærsta íslenzka fréttablaðið. Stendur þetta ár. Er þá Öldin skilin frá og gefin út sem sérstakt mánaðarrit. Kemur fyrsta hefti hennar út í apríl 1893. Alls komu út fjórir árgangar, síðasta heftið er dagsett í desember 1896.

Við "Heimskringlu var Jón þangað til 24. marz 1894, að hann flutti alfari frá Winnipeg, fyrst til Chicago og þrem árum síðar til Reykjavíkur. Vorið 1893, hinn 22. maí, kom upp eldur í byggingu þeirri, þar sem prentsmiðja blaðsins var, og fórust öll prentáhöld blaðsins og eignir. Í eldinum misti Jón Ólafsson mestalt af upplagi ljóðabókar sinnar, er þá var fyrir skömmu gefin út. Var þetta tilfinnanlegur skaði fyrir alla hlutaðeigendur. Til prentsmiðjunnar var þó keypt að nýju, en meðan á því stóð kom blaðið út í smærra broti. Við burtför Jóns tók Eggert Jóhannsson aftur við ritstjórn og hélt henni til maímánaðarloka árið 1897, en þá var lýst þrotabúi af ráðsmanni blaðsins, og samkvæmt skipun dómstólanna allar eignir prentfélagsins boðnar upp til kaups til lúkningar áföllnum skuldum. Töpuðu nú hlufhafar öllu, sem þeir höfðu lagt í félagið og ennfremur starfsmenn blaðsins stórupphæðum í ógoldnum launum. Þyngst kom þetta niður á ritstjóranum og prenturunum, er efnalitlir voru og máttu eigi við að missa bæði laun og atvinnu.

Hinn 14. október um haustið var blaðið endurreist. Keyptu í félagi Einar Ólafsson frá Firði í Mjóafirði, fyrv. ráðsmaður blaðsins og Björn F. Walters (sonur Jósafats Sigvaldasonar á Gili í Svartárdal) útgáfurétt og prentáhöld, og er fyrsta blaðið dagsett 14. október. Ritstjóri er Einar Ólafsson. Meðan blaðið lá niðri myndaðist hlutafélag meðal Íslendinga í Norður-Dakota til þess að kaupa útgáfuréttinn og prentáhöldin og gefa svo blaðið út þar syðra. Samið var við útgefanda að ensku blaði í bænum Cavalier um skrifstofu-pláss. Ekkert varð þó af þessum kaupum og mest fyrir það, að skoðun sumra hluthafa varð sú að blaðinu væri vel borgið í höndum þeirra, er nú gengust fyrir að endurreisa það þegar hljóðbært varð, hverjir það voru; enda vildi umboðsmaður þrota-

búsins, Einar Ólafsson, eigi selja þegar til kom. Ritstjórninni heldur Einar til vors 1898 (10. marz). Tekur Björn F. Walters þá við sem eigandi og útgefandi til árgangsloka. En þá selur hann blaðið til Baldvins L. Baldvinssonar, er nú verður eigandi og ritstjóri þess, upp til 24. apríl 1913, en með því blaði tekur Gunnl. Tr. Jónsson við ritstjórninni, er verið hafði aðstoðarmaður Baldvins við blaðið frá því árið 1910. Er Gunnlaugur Eyfirðingur að ætt, fæddur á Akureyri, en flutti vestur 1908.

Þetta sama haust myndaðist hlutafélag er nefndi sig "Viking Press". Keypti það nú prentsmiðjuna og blaðið að Baldvin og hefir það verið útgefendur Heimskringlu síðan. Á þessu tímabili hafa þessir verið ritstjórar: Séra Rögnv. Pétursson, frá nóvember 1913 til októberloka 1914, séra Magnús J. Skaptason, til marzbyrjunar 1917, Ólafur Tryggvi Jónsson (frá Kolgröf í Skagafirði, Jónssonar) til 13. ágúst 1919, að núverandi ritstjóri Gunnl. Tr. Jónsson, tók aftur við blaðinu.

Sem yfirlit þetta ber með sér, hefir "Heimskringla" verið breytingunum háð. Eftir fyrsta árið tekur blaðið ákveðna landsmálastefnu; heldur það fram íhaldsstefnu í stjórnmálum innan Canada, en stefnu Þjóðveldis-sinna í Bandaríkjunum. En þannig skiftust hluthafar í þeim efnum norðan og sunnan landamæranna. — Til útflutninga frá Íslandi hvatti það fremur, framan af árum. Var það eitt helzta stórmálið um þessar mundir. Íslendingar, sem vestur voru fluttir og áttu nákomin skyldmenni eftir á Íslandi, óskuðu eftir að þau flyttu vestur og settust að hjá sér í hinum nýju heimkynnum. En jafnframt því sem fólk þetta var fýst til vesturfarar, var því ráðið til að koma á fót nýlendum þar sem íslenzk bygðarlög gætu risið upp. Var mikill landnáms- og nýlenduhugur á þeim árum, og leiddi til þess að menn voru sífelt að flytja sig stað úr stað. Landrýmindi voru nóg. Mynduðust þannig mörg bygðarlög, er öll gátu eigi orðið fjölmenn. Dreifði þetta of mjög úr hinum fáliðaða íslenzka þjóðflokki.

Mjög alvarlega mintu blöðin fólk á að halda fast við tungu sína og þjóðerni, og um þetta efni rekur hver greinin aðra lengi vel. Þá var og um að gera að sýna af sér manndóm í hverju sem var og auglýsa á þann hátt þjóðareðlið.

Árið 1888 stofnar Frímann B. Anderson "Hið íslenzka þjóðmenningarfélag". Er skýrt frá stofnun þess og tilgangi í "Heimskringlu" (2. febr. 1888): "Fyrir fáum dögum stofnuðu Íslendingar hér í bænum félag undir ofanrituðu nafni. Tilgangur félagsins er að efla verklega og bóklega mentun meðal Íslendinga. Félagið hefir eina aðalstjórn, en er skift í tvær deildir, atvinnudeild og bókmentadeild; hefir hvor deild sína embættismenn. Verk atvinnudeildarinnar er að efla verklega og hagfræðislega þekkingu, útvega atvinnu, koma upp ábyrgðarsjóð og að styðja ungmenni til að læra iðnað. Verk bókmentadeildarinnar er að koma upp skóla, bókasafni og lestrarsal". Fimtíu manns gengu strax í félagið. Eigi afrekaði félagið mikið, því þó mikið ætti að gera, var ekkert til að gera það með, nema nógur hugur og góður

vilji. Þó varð það til þess að halda huganum vakandi um stundarsakir fyrir hinu verklega og ytri afkomu manna. Það kom upp nokkru bókasafni.

Tilfinningarnar voru næmar fyrir öllu því, sem snerti Ísland og sögu þess, og þá auðvitað þjóðina sjálfa. Öll viðurkenning innlendu þjóðarinnar á ágæti Íslendinga að fornu eða nýju, var gripin fegins hendi hvaðan sem hún kom.

Um þetta leyti var allmikið rætt um Ameríkufund Íslendinga og Norðmanna, einkum austur í Bandaríkjunum. Var nú Bandaríkjaþjóðin að kynnast Scandinövum fyrst fyrir alvöru, og með viðkynningunni sögu Norðurlanda. Deilur stóðu um það milli Sögufélagsins í Boston og prófessors E. N. Horsfords við Harvardháskólann, hvort takandi væri mark á því, sem sagt væri um Vínlandsfund Leifs Eiríkssonar í fornsögunum íslenzku. Minnisvarði var reistur Leifi Eiríkssyni í Boston, og gengust fyrir því Mrs. Ole Bull (ekkja fiðluleikarans fræga), Miss Longfellow (dóttir skáldsins H. W. Longfellows), Miss Peabody og Miss Whitney er samdi uppdráttinn að myndastyttunni. Um sama leyti ritaði kona nokkur í Boston, Miss Marie A. Brown, bók um Ameríkufund Íslendinga ("The Icelandic Discovery of America", Lond. 1887), þar sem því var haldið fram, að Leifur Eiríksson, en ekki Columbus, hefði verið fyrsti Norðurálfumaður er heimsótt hefði Ameríkustrendur. Gaf hún og út tímarit þessu máli til styrktar. Komast vildi hún til Rómaborgar og fá að leita í skjalasafni páfans að skjölum, sem hún taldi sjálfsagt að þar væru, er öll tvímæli tækju af í þessu efni. Bænaskrá samdi hún til nefndar þeirrar, er stóð fyrir 100 ára afmælishátíð Bandaríkjanna (1889) þess efnis, að nefndin viðurkenni Ameríkufund Leifs. Þá barðist hún og fyrir því að koma á fót félagi, er átti að bera nafnið "The Icelandic Discovery Association", og vildi hún að það stæði í deildum út um alt land. Í þessu skyni mynduðust allmörg "Leifs-félög" meðal Scandinava í Massachusetts og víðar.

Afrit af þessari bænaskrá Miss Brown's barst í hendur ungum manni íslenzkum, er þá stundaði nám við Luther College þeirra Norðmanna í Decorah í Iowaríki, Daníel J. Laxdal (syni Gríms Laxdals á Akureyri), síðar málafærslumanni í Cavalier í Norður-Dakota (d. 1914). Sendi hann nú afrit þetta til Winnipeg, og tók "Hið íslenzka þjóðmenningarfélag" það að sér að safna undirskriftum og komu um 600 nöfn á bænaskrána á skömmum tíma. Sendi Frímann svo bænaskrána austur aftur til Miss Brown. En lítinn byr fékk þessi uppástunga hennar hjá forstöðunefnd hátíðahaldsins. Ekkert varð heldur úr Rómaför Miss Brown; giftist hún skömmu þar á eftir og datt þetta mál svo niður. En um tíma hafði það heilmikla þjóðernislega vakningu í för með sér. "Þjóðmenningarfélagið" féll og brátt úr sögu eftir þetta.

Þetta sama ár var efnt til kappgöngu í Winnipeg, og verðlaun gefin þeim, sem drýgstir yrðu á sprettinum. Fór leikur þessi fram í skemtigarði, er Victoria Park nefndist, og fyrir honum stóð innlent félag. Kappgangan var hafin 16. júní um morguninn og stóð í tvo daga, 12 stundir á dag. Þrír

Íslendingar tóku þátt í leik þessum: Jón Jónsson Hörðdal (sonur Jóns Jónssonar frá Hóli í Hörðudal), Magnús Markússon skáld (úr Blönduhlíð í Skagafirði) og Þórarinn Jónsson.

Báru Íslendingar allir saman sigur úr býtum, þannig að Jón hrepti fyrstu, Þórarinn önnur en Magnús þriðju verðlaun. Hafði Jón þá gengið rúma 101 mílu, Þórarinn 97 mílur og Magnús tæpar 86. Eigi þótti þetta fullreynt, og var því efnt til annarar kappgöngu 2. júlí, og voru nú 12 manns, er keptu í þetta skifti; þrír Íslendingar, Jón Hörðdal, Þórarinn Jónsson og Einar Markússon, hinir voru af ýmsum þjóðum, enskir, skozkir, kynblendingar og einn Rauðskinni. En svo lauk göngu þessari sem hinni fyrri, að Jón hlaut fyrstu verðlaun, en Einar Markússon hin þriðju. Síðari daginn rigndi töluvert; varð skeiðvöllurinn blautur og gáfust þá hinir innlendu upp hver af öðrum. Sýndi þessi kappganga að Íslendingar höfðu útháld á við hverja aðra og þurftu, í því efni, eigi að skipa hinn óæðra bekk, þótt lúta yrðu þeir í lægra haldi hvað atvinnu og efnahag snerti enn sem komið var. Út af sigri þessum var haldið "Göngumannagildi" í húsi Framfarafélagsins 1. ágúst. Ræður fluttu séra Jón Bjarnason, F. B. Anderson, W. H. Paulson, Einar Hjörleifsson og Eyjólfur Eyjólfsson, en kvæði Kristinn Stefánsson og Sigurður J. Jóhannesson. Jóni Hörðdal var gefinn heiðurspeningur úr silfri. "Á honum voru upphleyptar silfurmyndir, annars vegar af fálka og á umgerðinni umhverfis hann standa þessi orð: **Frá Íslendingum í Winnipeg til J. J. Hörðdals.** Hins vegar var upphleypt mynd af göngumanni og á umgerðinni þessi orð: **Þökk fyrir kappgönguna 2. júlí 1888**".[20]) Fleiri kappgöngur voru þreyttar og vann Jón að lokum heiðursnafnið "Göngukappi Canada". Urðu sigurvinningar þessir mörgu öðru fremur til þess að hvetja í Íslendinga dug og kappgirni og örfa þjóðarmetnað þeirra. Það aflaði þeim og viðurkenningar hjá innlendu þjóðinni, er fult svo vel kunni að meta líkamlegt sem andlegt atgerfi. Í kvæði því, sem Kristinn Stefánsson orti við þetta tækifæri, standa þessi erindi:[21])

"Já, smám saman — lítið er lítið.
Þeir eru að leita
og áliti' að breyta
á oss, það er skemtið og skrítið.
Og þeir fundu móð
og fjörugt blóð
og ómjúklega klappað með harðkreptum hnefa,
og hnefinn var stórskorinn, æðaber,
en hver slíkan átti — þeir hvörfluðu' í efa,
unz hissa og gramir þeir fundu
einn Íslending ofan á sér.

Og hérlenda hroka-drambs froðan
af vindinum þeytt
ei verða mun neitt,
en síga í sorpið og hroðann.
Ei kúgandi þjóð
mun kyngöfugt blóð
fá stíflað né hindrað, með straumfalli þungu
það streymt hefir gegnum svo marga braut.
Í íslenzku hjarta og íslenzkri tungu
er afl, sem að loksins mun ryðja
sér markverða minninga braut." — —

20) "Hkr." 2. ág. 1888, nr. 31, bls. 4.
21) Hkr. 2. ágúst 1888, nr. 31, bls. 2.

Þegar komið var upp að árinu 1887 voru flestir þeir, er dvalið höfðu í landinu um lengri tíma, búnir að mynda sér ákveðnar skoðanir. Í safnaðar og kirkjumálum höfðu menn skifst og eigi allir orðið á eitt sáttir. Fór á sama veg í landsmálum. Innan Canada réðu tvær stjórnmálastefnur og fylgdi sinn hópurinn hvorri. Sama var að segja um þá, sem heima áttu í Bandaríkjunum. Urðu það því fljótt margir, er eigi álitu "Heimskringlu" fullnægjandi, og vildu koma á fót öðru blaði. Leiðir höfðu skilið með þeim Einari Hjörleifssyni og Frímanni B. Anderson. Þó nokkrir væru, er gjarna vildu að Einar ætti kost á því að stjórna blaði og gefa sig við ritstörfum, mun þó hitt hafa ráðið meiru, að í skoðanalegu tilliti stóðu Íslendingar í tveim öndverðum flokkum.

Það verður því úr, að í desembermánuði 1887 er sent út boðsbréf að nýju blaði, undirritað af sex mönnum, er voru þessir: Sigtryggur Jónasson, Einar Hjörleifsson, J. Bergvin Jónsson, Árni Friðriksson, Sigurður J. Jóhannesson og Ólafur S. Þorgeirsson (hafði stundað prentun á Akureyri og flutt vestur haustið 1887) núverandi varakonsúll Dana í Winnipeg. Í boðsbréfinu er skýrt frá því að blaðið eigi að heita **"Lögberg"**, verði hvorki sparað fé né tími til að gera það sem bezt úr garði, eigi það að kosta tvo dali yfir árið og verða fult eins stórt og stærsta íslenzka blaðið, er þegar hafði verið gefið út í Ameríku, og það eigi að byrja að koma út við árslok 1887. Auk almennra frétta á blaðið að hafa meðferðis ritgerðir um almenn mál og einkum að leiðbeina Íslendingum í atvinnumálum, mentamálum og stjórnmálum. Lofað er því að það skuli verða óhátt öllum flokkum í stjórnmálum og öðrum málum og eigi formælandi sérstaks lands eða landnáms.

Fyrsta tölublað "Lögbergs" er dagsett 14. janúar 1888. Í inngangsgreininni er getið um að fyrirtæki þetta hafi sætt ákveðinni mótspyrnu en ekkert sé að óttast þó upp rísi tvö blöð meðal Íslendinga. Öll samkepni sé góð og leiði aðeins til þess að útgefendur vandi blöðin betur. Fari svo að ofraun verði að halda úti tveimur blöðum, muni það blaðið lifa, er betur sé frá gengið. Skýrt er einnig frá því, að fyrirtæki þetta sé áframhald eldri blaðafyrirtækja, prentáhöld "Framfara" og "Leifs" verið keypt og útgáfuréttur beggja þessara blaða, en áhöldin stórum aukin og endurbætt. Þrír stofnendur verið hluthafar í prentfélagi Nýja Íslands, og tveir, Sigtryggur Jónasson og Bergvin Jónsson, unnið að útgáfu fyrsta íslenzka blaðsins í Ameríku.

Í fyrstu var stærð blaðsins 4 síður, 5 dálkar á síðu, 18 þuml. háir, svo það var nákvæmlega á sömu stærð og "Heimskringla. Með þriðja árgangi er það stækkað um helming, þannig að það varð nú 8 bls. í sama broti og áður var. — Hefir það síðan verið stækkað tvívegis, árið 1904 í 6 dálka breidd, 19 þuml. háa, og síðast 1911 í 7 dálka breidd 21½ þuml. háa. Er það nú langstærsta íslenzka fréttablaðið, sem út er gefið. Blaðið var þegar fjölbreytt að efni og frá hendi ritstjórans ágætlega ritað. Er með því að blöðin voru nú orðin tvö varð flokkaskiftingin brátt ákveðnari og var eigi heldur reynt, á hvoruga síð-

una, að draga úr því að menn skipuðu sér undir merki þeirra. Í landsmálum studdi "Lögberg" framsóknarflokkinn (Liberal Party) innan Canada, en í Bandaríkjunum lýðveldismenn (Republicans); mun þar hafa ráðið hið sama og hjá útgefendum "Heimskringlu", að hluthafar félagsins skiftust í þessa flokka norðan og sunnan landamæranna. Í félagsmálum voru þau einnig á öndverðum meið. "Lögberg" studdi málstað og málefni Kirkjufélagsins, en "Heimskringla" þær stefnur er eigi áttu þar samleið. Nóg varð því til að ræða um og deila um, og hafa þessi tvö mál — landsmálin og trúarskoðanirnar — orðið til þess að skifta Íslendingum, meira en vera hefði átt. Um þetta leyti voru það eigi óalgeng heiti flokkanna: "Lögbergingar" og "Heimskringlu-menn".

Eftir því sem frá leið og árin liðu dró úr þessari flokkaskifting. Skoðanir manna breyttust, skilningur óx, sjóndeildarhringurinn færðist út og eigi lifir nú nema ómurinn eða bergmálið af háreisti þeirrar tíðar, í orðum þeirrar aldar.

Mikill styrkur varð það íslenzkum þjóðernisanda, að Einar Hjörleifsson staðnæmdist í Winnipeg og varð eigi þaðan að hverfa samstundis, en gat gefið sig við ritstörfum. Hinn 8. febrúar 1889 flytur hann fyrirlestur í kirkju Fyrsta lút. safnaðar, "Um framtíðarhorfur Íslendinga í Ameríku". Hann lagði út af því, að Íslendingar mættu ekki og þyrftu ekki að hverfa inn í hið innlenda þjóðlíf, "eins og dropi í sjóinn". Einmitt um það leyti létu talsvert margar raddir til sín heyra, að velferðarskilyrðið mesta væri, að geta losað sig við arfinn íslenzka og horfið sem fyrst inn í hið ameríska þjóðlíf. Nokkurn þátt í skoðun þessari átti hin afar harða barátta, er menn urðu að heyja fyrir efnalegri afkomu. Alt varð til innlendra að sækja, atvinnuna, peningana, ef nokkuð átti að gera, sem peninga þurfti með, vélar og varning og alt, sem lífinu heyrði til. Og viðskifti þessi voru treg og oftar með meiri afar kostum sökum þess, að hvorugur gat mælt á annars máli. Efnalegur hagur hlaut það því að verða, að geta horfið — helzt á svipstundu — inn í hið innlenda mannfélag; á hinn andlega hag var síður litið, enda voru flestir næsta ófróðir um það, hvað þar væri í boði, og hvað mikils þeir gætu orðið aðnjótandi af því, er í boði væri. Á þetta benti fyrirlesarinn. "Það væri svo langt frá að stefna þjóðlífsins hér væri í **öllu** nokkur fyrirmynd; það hefði að sumu leyti, þrátt fyrir þess mörgu ágætu kosti, svo mikla galla. að ef fólk vort gengi upp í því, hyrfi inn í það eins og dropi í sjóinn, þá yrði það mikill skaði fyrir oss. Og það **þyrfti** ekki að verða, því vér hefðum yfirfljótanlegan mátt í sjálfum oss sem þjóðflokkur, til þess að veita viðnám, nægilegan mátt til þess að halda hér í landinu öllu því í hinum þjóðernislega arfi vorum, er takandi væri fram yfir það, er hið ameríska þjóðlíf hefði að bjóða í staðinn." — Hann talaði um þetta frá almennu borgaralegu sjónarmiði. — "Íslendingar gerðu ákaflega rangt í því, ef þeir umhugsunarlaust köstuðu sér út í þjóðlífsstrauminn. Þeir ættu greinilega að sporna á móti öllum þeim lífsstefnum, sem augsýnilega væru landi og lýð til ógæfu, jafnframt því að þeir

svo fljótt sem unt væri tileinkuðu sér hina mörgu góðu eiginleika ameríska mannlífsins. Því aðeins mættu þeir renna inn í þjóðlífið, að þeir um leið létu inn í það renna alt það, sem þeir ættu bezt í andlegri eigu sinni."[22])

Kvöldið eftir fyrirlestur þenna var fjölmennur fundur í kirkjunni og rætt um sama efni. Urðu flestir á sama máli og fyrirlesarinn. Var þetta mál svo til umræðu í blöðunum eftir það.

Bæði blöðin voru mikið fremur hlynt vesturflutningum og fóru hvergi dult með, að þau álitu margan hafa breytt til hins betra með að flytja til Ameríku. Ef eitthvert móðgunarorð var sagt í blöðunum á Íslandi í garð Ameríku — og það kom eigi ósjaldan fyrir — stóð eigi á svari. Um þetta leyti kom út bæklingur í Reykjavík eftir skáldið Ben. Gröndal (Um Vesturheimsferðir, Ísafoldarprentsmiðja 1888), hin svæsnasta árás á Ameríku, Íslendinga er vestur höfðu flutt, en einkum þá er gerst höfðu vesturfara-"agentar". Urðu margir gramir, er þeim barst þessi bæklingur, og þótti málum blandað[23]). Margir voru þó, er eigi erfðu þetta við Gröndal. Svöruðu nú blöðin bæði ritlingi þessum, og í Rvík ritaði Jón Ólafsson, er þá var alþingismaður afar stórorðan bækling á móti Gröndal ("Eitt orð af viti um Vesturfara og Vesturheimsferðir. Svar og ávarp til Bjarnar ritstjóra Jónssonar upp á allan þann ósannindaþvætting, óhróður og óráðsbull, sem útbreitt er í og með "Ísafold". Benedikt Gröndal afklæddur, hirtur og settur í gapastokinn, eftir gamlan vesturfara, Jón Ólafsson alþm. Rvík 1888"). Svaraði Gröndal aftur með öðrum bæklingi, er hann nefndi "Enn um Vesturheimsferðir" (Rvík 1888). Út úr bæklingum þessum risu málaferli milli hlutaðeigenda í Rvík og varð Jón Ólafsson fyrir sektum. Gengust þá aðstandendur "Lögbergs" fyrir því, að hafin væru samskot meðal Íslendinga vestra til þess að bæta Jóni skaðann, er hann hafði beðið fyrir að taka svari þeirra. Kom saman um $300.00. Þá samdist og svo um, að Jón flytti vestur og tæki við ritstjórn blaðsins með Einari og hefði ráðsmannsstarfið á hendi líka. Kom hann vestur 20. apríl 1890. Voru þeir svo báðir við blaðið fram eftir sumri, en þá hætti Einar um tíma og var Jón þá einn. En eigi samdist með honum og útgefendum, er fram í sótti; ágreiningur kom upp í millum þeirra út af ýmsum efnum, og fór Jón því frá blaðinu með febrúarbyrjun veturinn eftir (1891). Spunnust út af því langar deilur[24]). Tók Einar þá aftur við fullri ritstjórn og var hann eftir það við blaðið þangað til hann fór alfari til Íslands. Síðasta blað Lögbergs, er út kemur undir hans stjórn, er dagsett 7. marz 1895.

Tók nú Sigtryggur Jónasson við ritstjórninni og hélt henni til 18. júlí sumarið 1901. Er þá enginn ritstjóri auglýstur við blaðið fram til 21. nóv., að Magnús Pálsson, er verið hafði ráðsmaður blaðsins tekur við. Ritar hann nú blaðið til haustsins 1905, að Stefán

22) Séra Jón Bjarnason: "Sam." 3. árg. nr. 12. Febr. 1889.

23) Aftast í bæklingi þessum "Úr bréfi frá Wpg." stóð þessi grein: "Eg er ljótur núna, ekkert nema skinin beinin og leiðinlegur; eg er orðinn breyttur frá því sem eg var; lundin er orðin köld og hryssingsleg, tortryggi hvern mann og trúi engum". Bls. 20.

24) Jón ólafsson: Til hugsandi manna, fyrirlestur, Wpg. 1891.

Björnsson cand. theol. (nú prestur á Hólmum í Reyðarfirði) tekur við ritstjórn þess hinn 9. október. Er hann svo ritstjóri blaðsins í 9 ár, eða þangað til í marzmánuði vorið 1914, að hann flytur alfarinn til Íslands. Þá tekur við af honum Dr. Sigurður Júlíus Jóhannesson, og er fyrsta blaðið undir hans ritstjórn dagsett 2. apríl. Ritstjóri er hann svo það sumar upp til 17. september, að af honum tekur við Kristján Sigurðsson cand. phil. Ritar Kristján blaðið hið næsta ár. Tekur þá Dr. Sig. Júl. Jóhannesson við aftur með blaði því, er út kom hinn 7. október 1915. Hefir hann nú ritstjórnina á hendi fram í nóvembermánuð 1917. Er svo enginn ritstjóri auglýstur það sem eftir er til árgangsmóta. En með janúarbyrjun 1918 tekur núverandi ritstjóri við, hr. Jón J. Bíldfell (sonur Jóns Ögmundssonar Bíldfells frá Bíldsfelli í Grafningi í Árnessýslu. Fluttu þeir feðgar vestur um haf árið 1887).

Síðari ár hafa og lengst af verið aðstoðarritstjórar við blaðið. Í tíð Magnúsar Pálssonar og fyrsta ár Stefáns Björnssonar er skáldið Hannes S. Blöndal aðstoðarritstjóri blaðsins, en flytur því næst til Íslands. Tekur þá við af honum Björn Pálsson (Ólafssonar skálds), er vestur kom haustið 1904, til þess að nema rafmagnsfræði við Harvard-háskóla. Er hann við háskólann einn vetur, en kemur þá til Winnipeg. Til Íslands hverfur hann aftur 1908. Cand. Baldur Sveinsson (frá Húsavík á Tjörnesi) verður þá aðstoðarritstjóri, unz hann einnig hverfur aftur til Íslands og sezt að í Rvík. Kemur þá í hans stað Kristján Sigurðsson cand. phil. Árið sem hann er aðalritstjóri er aðstoðarmaður hans Egill Erlendsson, og nú síðast frá septemberbyrjun 1917 hefir Einar P. Jónsson (Benjamínssonar frá Hárekksstöðum á Jökuldal) gegnt því starfi.

Árið 1910 reisti Lögbergsfélagið afar stóra og vandaða múrsteinsbyggingu við horn Sherbrooke og William stræta. Jók það þá prentsmiðjuna að stórum mun og hefir síðan gert allskonar prentun, auk blaðsins. Skifti félagið og þá um nafn, en fram til þessa hafði það heitið "The Lögberg Printing and Publishing Company". Tók það nú upp nafnið "The Columbia Press Ltd.", og var það löggilt með því nafni í jan. 1911.

Hve stóra þýðingu blöðin hafa haft til að bera fyrir viðhald íslenzkrar tungu í Vesturheimi verður ljóst, þegar farið er að skoða innihald þeirra og málefni, er þau hafa haft meðferðis. Naumast er það nokkuð, er Íslendinga hefir snert í þessi 34 ár, síðan að þau fóru að koma út, að um það sé eigi getið. Fregnir úr öllum íslenzkum bygðum hafa þau flutt vikulega og með því tengt saman fólk er búið hefir á hinum fjarlægustu stöðum álfunnar. Ef um eitthvert fyrirtæki hefir verið að gera, hafa blöðin orðið að bera þau mál upp til þess að samtök næðust með hinum dreifðu bygðalögum. Í þau hafa ritað þeir sem viðurkenningu hafa hlotið sem skáld, hvort heldur í bundnu eða óbundnu máli. Sem næst helmingur allra ljóða Stephans G. Stephanssonar, Kristins Stefánssonar og J. Magnúsar Bjarnasonar, birtust fyrst í Winnipegblöðunum íslenzku. Komu þeir allir hingað á unga aldri og á öndverðri landnámstíð. Flestalt, sem þeir hafa kveðið. er því kveðið vestan hafsins. Er eigi

að vita hvort það safn hefði jafnstórt orðið, ef engin hefðu blöðin verið. Þótt oft væri efnið fátæklegt, ber þess þó að gæta, að með því að koma út á hverri viku og heim á 5000 heimili var, með hverri þeirri póstferð þeirri stund frestað — um viku — að á þessum heimilum yrði eigi lengur lesið íslenzkt orð, og á meðan gat hvorugt tapast, tungan eða þjóðernismeðvitundin. Án blaðanna hefðu Íslendingar áreiðanlega eigi getað talist þjóðflokkur, eða þjóðernisleg heild í hinu ameríska þjóðfélagi. Þeir hefðu orðið aðeins ákveðin tala einstaklinga, einskonar týndar kynkvíslir, er sögur hefðu gengið um að verið hefðu til, en engar sögur gengið um að nokkru sinni hefðu lifað.

Um árið 1890 byrjaði Bandaríkjaþjóðin að undirbúa hina miklu heimssýningu, er haldin var í Chicago árið 1893. Var fyrst svo til ætlast að sýningin yrði höfð árið 1892. En þegar farið var að búa undir hana, kom það í ljós, að af því gat eigi orðið. Tóku nú ísl. blöðin í Rvík og í Winnipeg að ræða um, hvern þátt Íslendingar ættu að taka í sýningunni. Vildu sumir að eitthvað væri gert, og þá helzt að sendur væri maður vestur með heillaóskir, sem vottuðu hinn rökstudda sögurétt Íslands til Ameríkufundar, en lengra en það komust hvorki rit né ráðagerðir. Séra Matthíasi Jochumssyni var boðið að sækja sýninguna, sem erindreka Íslands, og sitja á "alþjóða þjóðsagnaþingi", er koma átti saman í Chicago. En daufar undirtektir fékk það á Íslandi og eitt blaðið, "Ísafold", lagðist algerlega á móti að hann yrði kostaður til þeirrar ferðar. Leið nú svo fram á miðjan vetur að ekkert var gert. Tóku þá nokkrir menn í Winnipeg sig til og sömdu áskorun um að Íslendingar efndu til samskota og kostuðu séra Matthías vestur. Gengust fyrir því Kristinn Stefánsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Sigurður J. Jóhannesson, Jóhannes Helgason o. fl.. Var áskorun þessi birt í "Hkr." 15. febr. 1893 og fylgdi henni löng ritstjórnargrein frá Jóni Ólafssyni; er vel rekið á eftir að gefið sé fljótt og vel og allir eitthvað. Einnig fóru þeir til "Lögbergs", en það vildi ekkert undir þetta mál taka og mælti heldur á móti. Reis nú út af þessu kapp nokkurt og deila, er flýtti fyrir samskotunum, svo að á rúmum tveimur mánuðum söfnuðust $728.91. Voru peningar þessir sendir heim, og kom séra Matthías að morgni hins 9. júlí til Winnipeg. Eftir stutta dvöl hélt hann áfram ferð sinni til Chicago, kom þangað hinn 12. s. m., en of seint til þess að ná í "þjóðsagna-þingið". Í Chicago stóð hann við 12 daga, flutti sýningarstjóra ávarp og heillaóskir fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar, hraðaði því næst ferðinni til baka aftur til Winnipeg og var kominn þangað fyrir Íslendingadag. Ræðu flutti hann á þjóðhátíðinni, og kvæði. Ferðaðist hann þá til Argyle-bygðar og þar næst til Dakota. 15. ágúst er hann kominn til baka til Winnipeg, og kveður og leggur af stað heimleiðis að tveim dögum liðnum. Þótt viðstaðan væri stutt hafði koma hans hina mestu þýðingu, og hefir aldrei vestur komið kærkomnari gestur. Íslenzkur áhugi vaknaði alstaðar, orð hans læstu sig djúpt í huga og hjörtu þjóðarinnar. Má með sanni segja, að koma hans hafi "myndað megin þráð yfir höfin bráðu".

Frh.

Landskuld.

Eftir **Guðrúnu H. Finnsdóttur.**

Meinleg örlög margan hrjá
mann og ræna dögum;
sá er löngum endir á
fslendingasögum. Þ. E.

Síðasta sunnudaginn í ágústmánuði 1916 átti minningarathöfn eftir Einar Bjarnason að fara fram í einni íslenzku kirkjunni í Winnipeg. Það hafði rignt fyrri part dagsins en var nú stytt upp og kalsa stormur og skýjafar í lofti. Það var líka dauft í huga okkar heimilisfólksins, sem bjó hjá Ingibjörgu gömlu Ólafsson. —

Okkur þótti öllum vænt um Einar, og svo vorkendum við, hvað gömlu konunni félzt mikið um, er fregnin kom um að hann væri fallinn í stríðinu. — Hún, sem æfinlega hafði mætt okkur með brosi og hlýjum orðum á kvöldin, þegar við komum heim þreytt og misjafnlega geðgóð eftir erfiði dagsins, gekk nú um þögul og alvarleg og þung í spori. Hún hafði tekið reglulegu ástfóstri við Einar. Hann hafði verið til húsa hjá henni frá því hann var unglingur, og okkur fanst öllum hann vera sama sem sonur hennar, þó þau væru ekkert skyld. Og það duldist engum að heimilið var öðruvísi eftir að Einar fór í herinn. Nú kallaði Ingibjörg sjaldan á okkur inn í setustofuna sína á kvöldin. Þar inni var æfinlega hlýtt og bjart, og svo skrítilega gamaldags, að það var eins og maður kæmi inn í aðra veröld og okkur fanst það æfinlega dálítil hátíð.—"Einar minn, takið þið nú lag og svo fáum við okkur kaffisopa á eftir," sagði gamla konan vanalega. Einar hafði fallegan róm og spilaði laglega á píanó, og var lífið og sálin á heimilinu.

En þenna sunnudag var alt tómlegt og þögult. — Við vissum að Ingibjörg hafði beðið prestinn að halda minningarræðu um kvöldið í kirkjunni, og ætluðum við öll að vera þar viðstödd.

Okkur fanst dagurinn aldrei ætla að líða. Gamla konan lúrði uppi á lofti. Var það í fyrsta sinni að hún hitaði okkur ekki síðdegiskaffið, þegar við vorum heima á sunnudögum. Svo við stúlkurnar tókum okkur til og hituðum kaffið. En engin ætlaði nú að hafa kjark til að færa Ingibjörgu það. Samt herti eg upp hugann og fór upp með bollann, en það var ekki frítt við að eg hefði hjartslátt. Eg opnaði hurðina hljóðlega. Gamla konan sat við gluggann í ruggustól og horfði út döprum og vonlausum augum. Það var eins og öll gleði og líf væri dáið og farið úr andlitinu, og ætti þangað aldrei afturkvæmt. Hún tók þegjandi við bollanum. Eg stansaði hjá stólnum hennar meðan hún drakk kaffið. Mig langaði til að segja eitthvað, sem dreg-

ið gæti úr sársauka hennar, því svo oft hafði hún strokið hlýjum höndum úr smá misfellum, sem mér höfðu mætt. En alt, sem eg kom mér að að segja, var: "Okkur þykir öllum svo mikið fyrir að Einar féll."

"Já, Rúna mín, eg veit það og finn það. En það eru fleiri en hann, sem eg hefi verið að hugsa um í dag — dánir ástvinir og dánar vonir. Það eru mörg ár síðan eg misti manninn minn, og enn fleiri ár síðan eg misti lítinn dreng, sem við áttum, sem líka hét Einar. Það hefir kanske verið nafnið, sem eg tók trygð við, því við erum stundum svo undarleg og getum ekki skilið okkar eigið hugarfar. — En stundum fanst mér eitthvað svipað í lundarfari þeirra, þó annar væri barn þegar hann dó, en hinn nærri fullorðinn þegar eg fyrst kyntist honum. — Það gerir nú í rauninni minna til, hvað okkur mætir, þessum gömlu skörum, því æfin er þá og þegar á enda, en stundum finst manni lífið strangt í viðskiftum, og margt kemur fyrir á langri leið, Rúna mín. — Eg hefði nú einu sinni svarið fyrir, að eg mundi nokkurntíma sætta mig við að missa litla drenginn minn — sætta mig við að hann dó áður en hann fékk að þroskast og vaxa og njóta alls þess góða, sem lífið hefir að bjóða, ef fólkið kann að lifa rétt gagnvart sjálfum sér og öðrum. — Nú veit eg ekki nema það hafi verið honum fyrir beztu og mér líka að hann dó ungur. — Guð hjálpi öllum mæðrum, sem missa drengina sína þessu voða stríði — já, guð hjálpi öllum sem missa sína."

Ingibjörg stundi við og berraði tárin, sem nú höfðu runnið óhindrað niður vanga hennar. Hún klappaði mér þýðlega á höfuðið um leið og hún sagði: "Þú varst væn að koma hér upp til mín, Rúna mín. Mér fanst eg vera ein stödd úti á eyðihjarni mannlífsins. En það er rangt að láta svona hugsanir fá yfirhönd í huga sér, því þegar í raunirnar rekur, þá er nú fólkið gott..

Aumingja Sigfríður, hvernig skyldi henni líða, ef hún er búin að frétta þetta?"

"Hvað — var ekki alt búið á milli þeirra, Ingibjörg?"

"Jú — búið og ekki búið. "Blað skilur bakka og egg; en anda, sem unnast, fær aldregi eilífð að skilið". Og ekki þykir mér ólíklegt, ef þeim hefði báðum auðnast að koma lifandi til baka úr þessum hildarleik, að þau hefðu yfirvegað þessi mál með meiri ró og sanngirni, heldur en þau gerðu áður en þau fóru."

"Hvað bar þeim á milli, svona alt í einu? Út af hverju kom það, að Sigfríður sagði Einari upp?" spurði eg.

"Veiztu ekki, barn, að það reis út af stríðinu."

"Er þér sama þó þú segir mér frá því?" spurði eg hikandi. — Mér datt í hug að það gerði henni gott, að tala um Einar sem lifandi; hún hætti þá að hugsa um hann dauðan — á meðan.

Ingibjörg gamla þagði við stundarkorn, svo leit hún á mig um leið og hún sagði: "Eg ætti ekki að tala um það — allra sízt nú — en ef það gæti orðið til þess að þú lærðir af því, ef eitthvað svipað kæmi fyrir þig á lífsleiðinni, að stífni og ósveigjanlegleiki við þá sem manni standa næstir, leiði sjaldan gott af sér, þá er mér sama þó eg segi þér frá því, eins og það gekk til. — Alt fór nú svona af því Einar

gekk í herinn, og Sigfríður var svo voðalega æst á móti stríðinu.

Þú manst nú hvað fólkið skiftist í flokka, sumir með og sumir móti. Æsingarnar voru svo miklar að lá við barsmíðum og ófriði, þar sem nokkuð margir voru saman komnir. Og það kom jafnvel fyrir hér í bænum, að Íslendingar lentu í handalögmáli út af því. Og satt að segja hélt eg að ekki væri til í Íslendingum annar eins ofsi og kom fram í þeim málum.

Eg var ein af þeim, sem fanst það óþarfi að Íslendingar færu í stríðið jafnvel þó mér gengi illa að verja það mál, þegar eg átti tal um það við Einar, því hann kom ætíð með tvær ástæður á móti minni einni. Eg veit nú, að svo er komið að það er ekki auðvelt fyrir menn að sitja hjá, úr því Canada lenti í stríðið á annað borð.

Eg tók oft eftir því, að Einari var órótt, t. d. þegar hann hafði lesið stríðsfréttir, lista yfir fallna og særða Winnipegmenn og alt þesskonar. Mig var farið að gruna, að það mundi enda með því að hann byði sig fram í herþjónustu. Eg var eins og á nálum; maður vissi aldrei hvaða hörmungar dyndu yfir næsta dag.

Svo var það eitt kvöld snemma í júnímánuði í fyrrasumar; eg var ein heima og sat úti á svölunum, bæði til að hvíla mig og njóta ögn kvöldfegurðarinnar og friðarins, sem himinn og jörð önduðu að manni — þrátt fyrir allan ófriðinn meðal mannanna. Mér var litið suður á götuna og sá eg hvar þau komu, Einar og Sigfríður, og gengu hægt. En hvað þau voru ung og fögur bæði og í fullkomnu samræmi við vorið og þetta blíða kvöld. —

"Gaman væri nú að vera orðin ung og trúlofuð, eins og þið eruð, börnin góð," sagði eg um leið og þau komu upp tröppurnar til mín. En mikið varð eg forviða þegar hvorugt brosti eða sagði orð. Eg sá þá alt í einu að Einar var þungur á svip og fár í fasi; það lá reglulega illa á honum. Og Sigfríður, sem er föl í andliti, var með rauða díla í kinnunum; augun ónáttúrlega gljáandi og hvöss og varirnar svo samanklemdar, að munnurinn var nærri því hörkulegur.

Þeim hafði auðsjáanlega sinnast, en eg lézt ekkert sjá og sagði glaðlega:

"Eg var einmitt að óska eftir að eitthvað af ykkur kæmi heim, mér leiddist að sitja hér ein, og var farið að langa í kvöldkaffið. Komið þið inn og segið mér eitthvað í fréttum."

Einar settist strax við píanóið og spilaði dálítið, en það var slitringur og í molum. En hvað hugblær fólks getur orðið áberandi þó ekkert sé sagt!

Eg fór svo fram í eldhús að búa til kaffið. Eftir dálitla stund kom Sigfríður fram til mín. Eg sá að hún var óróleg og lá við gráti.

"Eg hefi ekki lyst á kaffi núna, Ingibjörg. Góða nótt." Og áður en eg gat áttað mig var hún horfin út um dyrnar — farin heim ein, án þess Einar fylgdi henni. Hvað skyldi þeim hafa borið á milli? Það mun þó aldrei hafa verið eitthvað út af stríðinu, datt mér í hug. Því það er farið að verða misklíðarefni milli vina og vandamanna jafnvel foreldra og barna. Átti eg að tala við Einar eða láta sem eg hefði ekki tekið eftir neinu?

Stundum hefir afskiftasemi ilt eitt í för með sér. En mér líkaði ekki að sjá þau ósátt, svo eg fór inn til Einars.

Hann sat við borðið náfölur af geðshræringu. Eg settist niður, horfði fast á hann og sagði:

"Einar minn, eg vona að ykkur Sigfríði þyki svo vænt hvoru um annað, að þið látið enga misklíð koma á milli ykkar. Það lá illa á henni núna þegar hún fór."

Einari sýndist erfitt um mál; hann stóð upp og gekk tvisvar, þrisvar yfir gólfið, stansaði svo við gluggann og starði lengi út. Loksins kom hann aftur yfir að borðinu og settist þreytulega í stólinn andspænis mér. Hann hallaðist fram á borðið og sagði í lágum og hljómlausum róm:

"Það er alt búið á milli okkar Sigfríðar. Mér finst hún hefði átt að vera sanngjarnari og sjá, að eg gat ekki gert annað sóma míns vegna."

Það greip mig undarleg hræðsla og máttleysi um leið og eg spurði:

"Hvað hefirðu gert? Þú ert þó líklega ekki genginn í herinn?"

"Jú, eg skrifaði mig inn í gær."

"Og þú lézt Sigfríði ekkert vita um það?"

"Ó, við erum búin að tala um það aftur og aftur, og eg hefi reynt að fá hana til að sjá, að eg gat ekki lengur staðið hjá nema missa alla sjálfsvirðingu og mannskap. Ef eg mætti kunningjum mínum, einkum ef þeir voru í herklæðum, roðnaði eg og mig langaði til að sökkva ofan í jörðina. En það var ekki það versta, heldur ranglætið, að sjá aldraða fjölskyldumenn og unglinga gefa sig fram, þegar hraustir menn á bezta aldri, eins og eg og mínir líkar, draga sig í hlé. Þetta reyndi eg að sýna henni fram á, en hefir líklega tekist það klaufalega, því hverju heldur þú að hún svari öðru en því, að það sýni meiri hetjuskap og sjálfstæði, að neita að ganga út í bardaga og blóðsúthellingar og þola heldur áfrýjunarorð fjöldans. Eg sagði henni, að ef hún setti þvert nei við því, þá náttúrlega færi eg hvergi, jafnvel þó mér fyndist eg vera minni maður fyrir."

"Eg legg engin bönd á þig, Einar," svaraði hún. "Þú getur gert hvað sem þér sýnist mín vegna, en ef þú gengur í herinn, eru okkar vegir skildir." Mér sárnaði að hún skyldi setja mér nokkra afarkosti, og nú fyrst fanst mér eg mega til með að ganga í herinn, til að halda virðingu minni gagnvart henni. Eg sá engan annan veg, og inst í huga mér vonaði eg að hún mundi ekki álíta mig minni mann fyrir — hefði aðeins sagt þetta í ákafa, án þess að meina það; en mér reyndist nú annað. Eg hálf kveið fyrir að segja henni frá, að eg væri kominn í herinn. Samt kærði eg mig ekki um að hún frétti það annarsstaðar frá, svo eg símaði henni seint í dag og spurði hana, hvort hún vildi ganga með mér suður að á. — "Já!" kom í glöðum og þýðum róm í símanum; "ganga með þér veröldina á enda." Undarlegt er mannlegt eðli. Þetta svar gerði mig alt í einu glaðan og vongóðan um að öllu væri óhætt. Eg klæddi mig og puntaði, eins og eg ætlaði að setjast á brúðarbekkinn og gekk svo til móts við hana. — Hún kom þarna á móti mér, há, grannvaxin og yndisleg í hverri hreyfingu. Mig langaði til að taka hana í faðminn, en í þess stað tók eg þétt í hendina á henni og hún svaraði með brosi. Við gengum á stað og töluðum um alla heima og geima. Eg hafði enn ekki

sagt henni erindið. Var ósjálfrátt að draga tímann og njóta líðandi stundar.

Við sátum suður á árbakkanum undir stóru tré, sem við höfðum eignað okkur í gamni. Sigfríður studdi hönd undir kinn, en hinni hendi hennar hélt eg í lófa mér undir vanga mínum.

"Sigfríður, viltu segja aftur það, sem þú sagðir í símanum í dag, að þú værir viljug að ganga með mér veröldina á enda?"

Hún leit snögglega upp og svaraði:

"Já, eins lengi og þú ætlast ekki til, að eg gangi með þér á röngum vegi."

"Elskan mín, eg hefi breytt eftir beztu samvizku og sómatlifinningu úr því sem komið er. Eg gekk í herinn í gær. Eg mátti til með að gera það, eða standa uppi sviftur öllum manndómi í mínum augum."

"Þú — gekkst — í herinn í—gær?"

Hún týndi fram orðin á stangli og það var eins og hún beindi þeim ekki að mér, en horfði beint út á ána, án þess þó hún virtist sjá neitt. Hendina, sem hafði legið hlý og viljug í lófa mínum, dró hún hægt að sér og sveipaði um leið að sér fötum sínum, sem höfðu snert mig, alveg eins og hún væri að færa þau burtu frá einhverjum óhreinindum. Þessi litla hreyfing sýndi mér alt sem hún hugsaði. Enda sagði hún ekki orð, en stóð á fætur og horfði í kring, eins og hún hefði tapað einhverju.

"Við skulum koma heim, það er orðið framorðið og svalt," sagði hún um leið og við gengum áleiðis. Hvorugt okkar sagði orð alla leið hingað heim. Þegar þú varst gengin fram áðan, þá kom hún til mín, dró hringinn af hendinni á sér og lagði hann hérna á borðið fyrir framan mig, og fór út."

Eg byrjaði að malda í móinn, en Einar spratt upp af stólnum, bandaði hendinni óþolinmóðlega og sagðist hafa sagt mér þetta aðeins vegna þess, að eg hefði ávalt reynst sér eins og bezta móðir, og hann vildi ekki að eg gerði mér rangar hugmyndir um, af hverju þetta orsakaðist.

Mér varð ekki svefnsamt nóttina þá. Eg sá að eg mundi engu fá til leiðar komið, þau voru bæði stórbokkar, einþykk í lund, og alveg sannfærð um að hvort um sig hefði á réttu máli að standa, eins og æskunni hættir stundum til. Heldur hallaði eg nú á Sigfríði í huga mínum. Mér fanst hún hefði vel mátt hugsa sig betur um, og eg ásetti mér að einhvern tíma skyldi eg eiga tal um þetta við hana.

Einar fór svo í herbúðir og kom aldrei að sjá mig alt sumarið, og eg vildi ekki biðja hann þess. Sigfríður kom af og til, en stansaði aldrei lengi. Það var eins og hún verðist þess að eg gæti nokkurntíma talað við hana eina.

Seint í október í haust sem leið kom hún eitt kvöld og segir mér, að hún sé ráðin hjá Rauða kross félaginu, og fari bráðlega yfir til Frakklands, eftir að hún hafi lært nauðsynlegustu hjúkrunarreglur. Hún sagðist hafa verið að hugsa um, hvað hún gæti gert til að bæta upp að einhverju leyti þann sársauka, sem hún hefði valdið Einari, og það væri helzt með því, að draga úr sársauka annara.

"Svo þú ert þá ekki lengur reið við Einar?" sagði eg.

"Reið við Einar? — Nei, það er eg ekki. En við vorum sitt á hvoru máli, og hann mátti ekki búast við að eg breytti skoðun minni."

"Hefði þér þá líkað betur, ef hann hefði gefið eftir og setið heima? — Hefði þér þótt meira varið í hann — þótt vænna um hann?"

"Nei, mér hefir aldrei þótt vænna um hann, né meira varið í hann en þá. Og eg sá strax, að það hefði orðið að skugga á milli okkar, hvort okkar sem hefði látið undan. Við vorum komin í þetta net, sem allir virðast flækjast í nú á dögum, hvert sem litið er."

"Þú ert farin að hafa aðra skoðun á þessum hermálum?"

"Nei, eg hata stríðið og mig hryllir við því, hryllir við eymdinni og kvölunum, og tortímingunni, sem af því stafar, andlega og líkamlega. Eg má ekki hugsa um alla þá eyðileggingu og skerðing á fegurð og samræmi mannfélagsheildarinnar. Hugsaðu þér þessa vesalings hermenn! Þeim er raðað eins og peðum á skákborð. Þeir berast á banaspjótum, en eiga þó í raun og veru ekkert sökótt hverjir við aðra. Þeir verða möglunarlaust að lúta hervaldinu, sem þeim er þó sagt að þeir séu að berjast á móti. Hamingjan gefi að það verði ekki vonbrigði bjartsýnu og góðu fólki — að það verði ekki hnefarétturinn, sem situr við völdin, þegar alt er komið í kring. Við biðjum guð — heitt og innilega — um sigur, í kirkjum og heimahúsum. Sama gera óvinaþjóðirnar. Móðurhjartað þar er eins viðkvæmt og bænirnar eins heitar. Guð er algóður faðir allra manna, er okkur kent — guð er alstaðar nálægur —"

"Eg líð ekki svona skraf í mínum húsum," tók eg fram í fyrir henni í þykkju. "Þér nægir ekki að hafa orðið orsök í því, að Einar fór í stríðið, heldur snýst þú á móti þinni eigin þjóð og landi; en út yfir tekur þó, þegar þú ferð að demba guðsorði í lítilsvirðingarskyni inn í þessi mál. Viltu segja mér — hvað geta Íslendingar gert? Hingað til hafa þeir ekki staðið öðrum þjóðum að baki sem góðir borgarar þessa lands. Ættu þeir að gerast þau ómenni nú, að draga sig í hlé?"

"Ef þeir væru menn, þá mundu þeir neita að fara í stríð."

"Af því þeir eru menn, Sigfríður, þá bjóða þeir nú þessu landi líf sitt og limu, þegar því liggur á liðveizlu; landinu, sem tók þeim opnum örmum, þegar þeir áttu lítils úrkosta. Það er landskuldin, sem þeir gjalda Canada, af því þeir eru menn."

— — — — — — —

Síðan við áttum þetta samtal, er liðið nærri ár. Einar er fallinn og Sigfríður einhversstaðar yfir á Frakklandi. En eg, sem minstur mannskaðinn hefði verið að, sit hér ein eftir.

Svona eru örlögin stundum. —

Hvað er annars orðið framorðið? Viltu fara, Rúna mín, og gá að, hvort ekki er farið að líða að kirkjutíma?"

Nýlátnir merkismenn á Íslandi.

Eftir **Rögnv. Pétursson.**

Undir árslokin síðustu (15. des. 1920) barst hingað sú frétt að heiman, að andast hefði á heimili sínu á Akureyri, hinn 18. dag nóvembermánaðar, þjóðskáldið mikla og háaldraða, séra Matthías Jochumsson. Þungstíg var sú frétt — og seinstíg yfir hafið. Varð einhverjum það að orði, að ekki væri verið að gera Íslendingum aðvart um



Matthías Jochumsson.

það hér, þó merkustu menn þjóðarinnar önduðust. Nær því mánaðargömul var fréttin um lát þeirra Steingr. Thorsteinssonar og Þorsteins Erlingssonar, er hún kom vestur hingað. Og fjórar vikur líða frá því að séra Matthías deyr, og þangað til Íslendingar fá að vita um það hér. Til hvers er nú síminn?

Æfin var orðin löng og starfið mikið og mun óhætt að fullyrða, að aldrei hafi verið uppi með íslenzkri þjóð maður, er afkastað hefir meira og fjölbreyttara verki á sviði bókmenntanna en séra Matthías, og það er stórt efamál, hvort aðrar þjóðir telja nokkra er standa honum jafnfætis eða framar. Séra Matthías var fæddur að Skógum í Þorskafirði inn af Breiðafirði 11. nóv. 1835. Faðir hans Jochum var Magnússon, Magnússonar, Halldórssonar, og höfðu þeir allir feðgar búið á Skógum. Kona Magnúsar eldra var Guðlaug Bjarnadóttir frá Kollabúðum. Svo telur séra Matthías, að föðurætt sín sé norðan úr Skagafirði. Móðir séra Matthíasar var Þóra Einarsdóttir, alsystir séra Guðmundar Einarssonar á Breiðabólsstað á Skógaströnd. Var hún vitur kona og er svo sagt, að þar hafi skift með þeim hjónum. Lýsir séra Matthías henni svo: "Er mælt að hún væri föður mínum miður sinnandi í fyrstu, en smám saman greiddist þó um samfarir þeirra. Ekki var eg orðinn gamall, þegar eg þóttist skynja, að skapsmunum þeirra bar mikið og margt á milli. Þau voru eins og oft gerist bæði lík og ólík. En alt jafnaði sig, líklega mest fyrir ástríki hans, og svo fyrir viturleik hennar og yfirburði, einkum í því að temja geðsmuni sína til stillingar og göfuglyndis. Hefi eg enga konu þekt

hennar líka að þeim kostum og fleirum. Hún var að eðli mjög glaðvær í lund og gat hent gaman að öllu. Þótt hún hefði fáar bækur lesið, varð henni undarlega mikið úr öllu, sem eitthvað var nýtt í, gott eða fagurt, stórt eða satt. — — Föður mínum, þótt einhæfur væri, var líka margt vel gefið. Hann var mannvinur mikill, og svo gestrisinn, að hann jafnaðarlega gekk í veg fyrir fólk, leiddi heim fagnandi og hét á móður mína að bera óðara á borð, það eða það sælgæti, sem oftlega var ekki til! Hann var hinn mesti garpur og hverjum manni þolnari við strit og vos, tveggja maki til flestra starfa, hvort hann kunni verkið vel eða illa. — Kæmi fyrir að faðir minn skuldaði manni eitthvað, varð hann hugsjúkur, sem og oft endranær í kröggum og vanda; varð þá móðir mín að tala kjark í hann og tókst henni það venjulega svo vel, að hann lék á alls oddi; tók þá karlmenskan aftur við stýrinu, en hið barnslega sjúka hvarf fyrir borð." — Sjö voru þeir bræður, en eigi var nema Matthías einn settur til menta; bar og snemma á hinum frábæru gáfum hans, hugmyndaríki — og lífsgleði. Þakkar hann áhrifunum frá móður sinni og hinni stórfeldu náttúru hinn andlega þrótt og hugsjóna-auð, er hann eignaðist í svo yfirfljótanlegum mæli. "Minnisstæðara öllu öðru frá bernskuárunum eru hin miklu og margkynjuðu áhrif náttúrunnar á hina næmu en fávísu barnssál — eins og allir munu kannast við, er alist hafa upp á móðurskauti stórfeldrar náttúru en fjarri hégómaglaum stórbæja og margmennis. Alt var sögulegt með einskonar persónublæ og sem lifandi; gil og gljúfur voru álfheimar og ódáinslönd; lit- og veðrabrigði, kvöld og morgnar, fjörðurinn og fjaran, snjóinn, skuggarnir, fjöllin, klettar og klungur, þytur fossanna, ómur þagnarinnar á hinum skuggalegu öræfum uppi á heiðunum, og ekki sízt hinir miklu blessuðu skógar með hreiðrin og fuglasönginn á vorin; alt þetta, og hvað fyrir sig, heldur bernskunnar hugblæ meðan minni og meðvitund endist."— Þannig vakinn og undirbúinn fyrir lærdóminn og lífið og störfin, sem því fylgja, kveður Matthías sveit sína og sezt í skóla árið 1859, 24 ára gamall; var hann þá búinn að stunda sjómensku og sveitavinnu, verzlunarstörf og fara til útlanda. Hann settist í þriðja bekk og útskrifaðist 1863, en 1866 af prestaskólanum. Í bernskuminningum sínum segir hann, þegar til kom að fyrst yrði farið að kenna honum undir skóla: "Eg hafði stöku sinnum stunið því upp við guð, að gefa eg yrði prestur; hafði gömul kona spáð mér því." Og nú var hann orðinn prestur, enda tekur hann að **kenna** eftir það. Það er Matthías sem **kennimaður** íslenzku þjóðarinnar, sem lengst mun verða í minni hafður, er getið hefir sér þann orðstýr er aldrei deyr. Hann kendi þjóðinni, samtíð sinni, — lagði út af öllu og ræddi um alt, — ljóðin hans, leikritin hans, sögurnar, ritgerðirnar, þýðingarnar af útlendum málum, alt eru þetta fræði, sem hann er að útskýra fyrir þjóðinni. Hann varð læs á tungur samtíðarinnar til þess að fá lesið og fræðst, eigi fyrir sig einan, og mat hann þó fróðleik manna mest, heldur til þess að fá lesið fyrir þjóðina. Þjóðin gekk að störfum sínum, sumir heima fyrir, en nokkrir leituðu til annara landa og

erfiðuðu við að stofna nýlendur og byggja auða og ónumda staði, — en Matthías las, las henni og kvað alt, sem hann fegurst fann og kunni, og sannast, um heiminn, um mannkynsbaráttuna, um þroskann, um framförina eilífu, um guð og mannssálina, um vonina, um sigur hins góða. Heimasveitir og erlendar bygðir Ísl. urðu sem ein baðstofa, og þjóðin öll, sem fólkið á bænum, er hlýddi á lesturinn, en hann las. En það var eigi alt tóm útlend fræði. Hvergi misti hann sjónar á sögu þjóðarinnar sjálfrar, og tildraganna, þáttanna íslenzku er ófust inn í framfarasögu mannlífsins gætti hann vel, alt frá Agli á Borg og ofan til Guðbrandar í Öxnafurðu. Hún var ekki fátæk þjóð í litlu landi, þjóðin hans, afskekt, fráskilin heiminum, er hinir andlegu straumar náðu eigi til — einskonar uppidagaður, steinrunninn forngripur. Hana varðaði alt, sem var að gerast. Blærinn andlegi, sem lyftir af sálinni þokunni úlfgráu, er óskýrir myndir sannleikans, náði til hennar, engu síður en hitastraumurinn í hafinu fékk klofið sjóana upp að ströndum landsins. Fræði sína skreytti hann með myndunum af hetjum og afbragðs mönnum þjóðarinnar. Út úr æfisögum merkismanna hennar dró hann dæmin, er útskýra eðli og tilgang lífsins. Til grafa þeirra leiddi hann hana og benti henni á, hvaða opinberun henni hafði gefist með hinni enduðu æfi, sýndi henni einkenni ódauðleikans, og að hverju leyti hinn burt vikni lifði enn og tæki þátt í framsóknarstríði komandi ára. Sýndi fram á, hve dómunum hefði skeikað, því, "djúp að kanna mikilmenna, megnar aldrei fjöldinn þegna". Hæð, tign og afl andans yfir hinu efnislega í heiminum, yfirburði andlega auðsins, vitsmuna- og hugsjónalífsins yfir því líkamlega, sýndi hann flestum ef eigi öllum betur. Í einu orði sagt — "Hann lauk upp því gullna hliði" fyrir þjóð sinni, — út á það gekk æfin öll og fyrir það "lætur hún börnin sín blessa þann mann og bera sér nafn hans á munni."

Við sögu Vestur-Íslendinga kemur séra Matthías meira en nokkur annar samtíðarmaður, er eigi hefir búið hér fyrir vestan hafið. Hann heimsótti þá fyrir 27 árum síðan og er eigi enn fent í sporin. Til þeirra kvað hann hvatningarljóð: "Særi' eg yður við sól og báru, særi eg yður við líf og æru: yðrar tungu (orð þó yngist) aldrei gleyma í Vesturheimi." — Hvað er tungan? Sjálfur svarar hann því: Hún er **list** sem logar af hreysti, **lifandi sál**, andans **form** í mjúkum myndum og **minnissaga** farinna daga, **flaumar lífs** er striki halda." Til þeirra ritaði hann ótal bréf og um þá fjölda blaðagreina.

Um verk séra Matthíasar í jafn stuttu máli og þessu verður eigi rætt. Auk kvæðasafnsins í fimm bindum og leikritanna, er eftir hann sá sægur af þýðingum, sem eru hver annari betri, "Sögur herlæknisins" eftir Topelius, "Manfred" eftir Byron, leikrit Shakespeares, er ef til vill hafa haft minsta þýðingu, sálmar, blaðagreinar o. s. frv. Um hann má með sanni segja það, sem stóð um hann í Kirkjublaðinu þegar hann varð áttræður:

> Þú hefir víðförull verið
> með von þína, trú og ljóð,
> og margskonar ítök áttu
> í okkar samtíð og þjóð."

Þess vegna verður þakklætið og

söknuðurinn sameiginlegur hjá allri þjóðinni, nú þegar hann er horfinn.

— — — — — — — — — — —

Snemma á sumrinu andaðist í Kaupmannahöfn Jón sagnfræðingur Jónsson er tekið hafði sér auknefnið Aðils. Hafði farið utan sér til heilsubótar. Hann var nýkjörinn forseti við háskólann á Íslandi. Jarðarför hans fór fram í Reykjavík 20. júlí. Hann var fæddur 25. apríl 1869 og var því rúml. 51 árs að aldri. Eftir hann liggur mikið og þarft verk, aðlútandi sögu Íslands. Ein hin fyrsta heildarritgerð hans er samin 1896 og er birt í Safni til sögu Íslands (III bindi 1902): "Skúli landfógeti Magnússon og Ísland um hans daga". Var ritgerð þessi síðar aukin og endurbætt og gefin út í sérstakri bók á tveggja alda afmæli Skúla (Rvík 1911). Næsta sögurit hans er "Oddur Sigurðsson lögmaður (1682—1741), Bessast. 1902. "Íslenzkt þjóðerni", safn alþýðufyrirlestra, gefur hann út 1903. Heldur hann þar fram skoðun þeirri, er dr. Guðbr. Vigfússon kom einna fyrstur með, "að á Íslandi rann saman í eitt, andlegt fjör, hugvit og snild Keltanna og djúphygni og staðfesta og viljaþrek Norðmanna", af því myndaðist "íslenzkt þjóðerni". Hængurinn við þessa kenningu er sá, að engar heimildir eru til fyrir því, að Keltar hafi numið Ísland að nokkrum mun." Gullöld Íslendinga" kemur út 1906, og þar næst "Dagrenning", er byrjar með því að segja frá þjóðernisvakning Eggerts Ólafssonar. Er rit þetta tileinkað Ungmennafélögum Íslands og prentað 1910. En síðasta og mesta sögurit hans er "Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602—1787", er út kom 1919. Öll þessi rit hans eru hvert öðru merkara og varpa ljósi yfir það tímabil í sögu Íslands, er myrkast hefir þótt fyrir margra hluta sakir. Stór skaði er að missa hann frá þessu starfi svo ungan aldurs.

— — — — — — —

Daginn eftir jarðarför Jóns sagnfræðings, 21. júlí, deyr Jón prófastur Jónsson frá Stafafelli, í Rvík, einn hinn allra fróðasti Íslendingur um fornöld Norðurlanda, er uppi hefir verið á seinni tíð, fæddur 22. ágúst 1849. Eftir hann er fjöldi af ritgerðum um ýmisleg efni, er lúta að fornfræðinni, í "Tímariti" Bónkmentafélagsins og víðar. Árin 1915—16 gaf Bókmentafélagið út "Víkingasögu, um herferðir víkinga frá Norðurlöndum", ritaða af honum. Er þar saman safnað af hinni mestu elju og samvizkusemi og skýrri dómgreind, heimildum, gögnum og sögusögnum, frá elztu og yngstu tíð, um ferðir og orustur víkinga á tímabilinu frá því nokkru fyrir árið 800 til 1050. Úr efni þessu gerir hann hina ágætustu sögu. Getur hann þess í formála bókarinnar, að ritið eigi að skýra frá "hinu helzta af því, sem vér vitum með sanni um herferðir Norðurlandabúa á víkingaöldinni. — Verður þar oft hver að hafa fyrir satt er honum "lízt sannligt vera, því at í fornum sögum verðr mörgu saman blandat; er þat ok eigi úlíklegt, þar er menn hafa sögusögn eina til," svo sem einn af riturum Ólafs sögu hins helga kemst að orði." — Að fráfalli séra Jóns er mikill missir, þó svo megi skoða sem hann hafi verið búinn að ljúka af æfistarfi sínu. Hann var hinn iðjusamasti maður og vakinn við að fræðast og fræða.

Séra Jón var einkennilegur maður, sagður fremur dulur í skapi. Eigi var hann fríður sýnum og enginn afburðamaður að líkams-orku sem séra Matthías. Svo veiklaður var hann á sjón, að naumast greindi hann neitt nema hann bæri það fast upp að augum. Myndi slíkur maður fá miklu afkastað um æfina, var eigi ólíklegt að sumir spyrðu. Um það bera nú verkin vott. Föðurland hans og feðratunga — þjóðarsagan — voru hans ununar- og umhugsunarefni til æfiloka. Við það verða þau merkilegu undur, að nærsýni fræðimaðurinn, er naumast sá á bók nema hann bæri hana upp að augunum, verður svo fjarsýnn að hann sér yfir allar aldirnar er að baki liggja, yfir alt sögusvið Norðurlanda, frá því að fyrstu hóparnir rísa þar upp við fyrsta morgunskin sögudagsins mikla, og fram á yfirstandandi tíma; "á hring fer hann með víkingum", einum hópnum eftir annan, er sækja suður og vestur um lönd — sjálfur landnámsmaður ágætur í heimi sannleikans.

Vel er íslenzku þjóðinni, er á þvílíka menn og nú eru taldir, til að taka erfðir eftir og umráð, þeirra fjársjóða, er þeir hafa aflað. "Erat hon alls vesæl, er svá er of sonum sæl."

Fjögur ævintýri.

Eftir **Fedor Sologub.** **Einar P. Jónsson** þýddi.

I.

ÓHÁÐU LAUFIN.

Fáein lauf, er sátu á sterkum stönglum, slúttu fram af voldugri grein. Þeim fanst lífið frámunalega tilkomulítið. Það var annað en gaman að eiga að hýrast þarna um aldur og ævi. — Þau sáu daglega sviflétta söngfugla kljúfa loftið og ketlinga dansa um runnana, jafnvel skýin sýndust hafa vængi, — en þau, sjálf laufin, eins og dæmd til athafnaleysis á sömu greininni. Þau tóku á sig stóra sveiflu, í þeim tilgangi að brjóta stönglana og vinna þannig frelsi sitt.

Svo ráðfræðu þau sig hvert við annað og sögðu: "Því ættum vér ekki að geta spilað upp á eigin spítur? Vér erum þó sannarlega orðin fullþroska. Það er oss með öllu ósamboðið, að hýma hér stundinni lengur, undir verndarvæng þessarar flónsku, gömlu greinar."

Nú tóku þau á sig hverja sveifluna af annari, þar til þau losnuðu og urðu frjáls. Þau féllu til jarðar og skrælnuðu á sama augnablikinu. Svo kom garðyrkjumaðurinn og sópaði þeim burt með sorpinu.

II.

LYKLARNIR.

Þjófalykill sagði einhverju sinni við nágranna sinn: "Eg er altaf önnum kafinn, en þú liggur hér á sama stað og hefst ekki að. Eg er á þönum nótt og nýtan dag, en þú hýrist einatt heima."

Gamli lykillinn vildi helzt komast hjá að svara, en mælti þó eftir stundarþögn:

"Það eru til ramgjörvar eikardyr. Þeim loka eg einn og opna þær aftur á sínum tíma."

"Látum svo vera," svaraði þjófalykillinn, "eða veiztu kanske ekki að veröldin er krök af dyrum?"

"Allar aðrar dyr eru mér óviðkomandi," sagði gamli lykillinn. "Eg opna engar þeirra, hvað sem í boði er."

"Geturðu það ekki? Eg get opnað hvaða dyr, sem um er að ræða."

Og þjófalykillinn hugsaði með sjálfum sér að gamli lykillinn hlyti að vera fádæma flón, ef hann gæti ekki opnað nema einar dyr. Gamli lykillinn sagði:

"Þú ert alræmdur þjófalykill, en eg hefi alla mína ævi verið vandaður og heiðvirður dyralykill."

Þetta var algerlega ofvaxið skilningi þjófalykilsins. Hann hafði aldrei haft nokkra minstu hugmynd um ráðvendni eða heiðarlegt líferni, og hélt þess vegna blátt áfram að gamli lykillinn væri ekki lengur með öllum mjalla.

III.

JAFNRÉTTI.

Stórfiskur einn réðist á síli og ætlaði að gleypa það. Sílið skrækti ámátlega:

"Þetta er ranglátt. Mig langar einnig til að njóta lífsins. Allir fiskar eru jafnir fyrir lögunum."

Stórfiskurinn svaraði:

"Hvað gengur á? Eg ætla ekki að fara að deila við þig um það, hvort við séum jafnir fyrir lögunum eða ekki. Ef þú vilt komast hjá að eg eti þig, þá skaltu gleypa mig undireins ef þú getur. Þú þarft ekkert að óttast, eg skal ekki sýna nokkurn minsta mótþróa."

Sílið þandi ginið eins og frekast mátti verða og gerði hverja atrennuna annari meiri til þess að svelgja í sig stórfiskinn. Loks gafst það upp andvarpandi og sagði:

"Þú hefir borið hærra hlut. Komdu og gleyptu mig."

IV.

KERTIN.

Það logaði á tveimur kertum og mörgum veggjalömpum. Maður las upphátt í æfingabók, en nokkrir hlustuðu á steinþegjandi.

Logarnir titruðu. Kertin hlustuðu líka — þeim þótti gaman að hlusta; en einhversstaðar smaug dragsúgur inn í herbergið, — þess vegna titruðu logarnir.

Maðurinn lauk lestrinum. Það var slökt á kertunum og fólkið tíndist burtu.

Og alt var við það sama og áður.

Það logaði á grá kerti. Kona sat við sauma. Barn svaf í vöggu og hóstaði up púr svefninum. Einhversstaðar kom dragsúgur frá veggjunum. Kertið grét þungum, hvítum tárum. Tárin breyttust í frostperlur. Nú var komin afturelding. Konan, rauðeygð af vökulaginu, sat enn við sauma. Hún slökti á kertinu en hélt samt áfram að sauma.

Og alt var við það sama og áður.

Það logaði á þrem gulum kertum. Í líkkistu lá maður — gulur og kaldur. Einhver las upp úr bók. — Kona grét. Kertaljósin voru komin að dauða af sorg og ótta. Svo komu margir menn. Þeir sungu — og mistu taumhald á tilfinningum sínum. Kistunni var lyft upp. Næst var slökt á kertunum. Fólkið smátíndist í burtu.

Og alt var við það sama og áður.

Fulltrúi Fjallkonunnar.

Eftir **Rögnv. Pétursson.**

Árið 1920 er merkis-ár í sögu íslenzku þjóðarinnar, svo austan hafsins sem vestan. Á því ári eru liðin rétt 75 ár frá endurreisn Alþingis, en þann atburð má telja fyrsta sporið á hinni erfiðu braut til hins langþráða áfangastaðar, sjálfsforræðisins. Þá voru og



Kjartan Helgason.

liðin 50 ár frá því að vesturflutningar byrjuðu fyrst til Norðurríkja Bandaríkjanna og Canada. Fyrirsögn hefði það þótt fyrir 30 árum síðan, ef því hefði verið spáð, að þjóðin íslenzka myndi hingað senda fulltrúa sinn á þessu ári, til þess að draga saman hugi manna í hinum víðáttumiklu og dreifðu bygðarlögum vorum og beina athygli þeirra að hinu mesta og stærsta velferðarmáli al-þjóðarinnar, sem er verndun og viðhald íslenzkrar tungu og þjóðernis meðal þess hlutans og afkomenda hans, er býr utan Íslands. Má með sanni segja að ekkert sé þó íslenzku þjóðinni þýðingarmeira mál en einmitt það, og að á því hvíli að miklu leyti framtíð hennar, eigi áhrifa hennar að gæta að mun, utan heimalandsins, og hún að vaxa sem aðrar menningarþjóðir Norðurálfunnar. Nýlendur fá Íslendingar ekki stofnsett á annan hátt en þeir hafa þegar gert í liðinni tíð, til þess eru þeir eigi nógu fjölmennir, en til þessara bygðarlaga mun nú helzt vera þeirra von, er leita af landi burt í framtíðinni. Það er því ljóst að eigi getur á sama staðið, hvort samband fái haldist, milli þessara bygðarlaga innbyrðis fyrst og fremst, og því næst milli þeirra og heimaþjóðarinnar, eða að fólk þetta týni tungu sinni og ætterni og hverfi "eins og dropi í sjóinn".

Á þessu síðastliðna ári vill nú svo til, að maður er sendur einmitt þessara erinda — maður, er allir munu kannast við hér eftir og vér munum lengi minnast með hlýjum huga, — kostaður vestur hingað til vor af Alþingi og sjálfri íslenzku þjóðinni, séra Kjartan Helgason frá Hruna, prófastur í Árnessýslu. Komu hans eigum vér þó sérstaklega að þakka félaginu "Íslendingi" í Rvík, er stofnað var um líkt leyti og Þjóðræknisfélag vort og í sama tilgangi: að efla samúð og sam-

vinnu milli Íslendinga austan hafsins og vestan, leggja oss lið og veita oss bróðurlega hvatningu í baráttu vorri fyrir viðhaldi tungu vorrar og þjóðernis í álfu þessari. Félagi þessu veita forstöðu tveir Íslendingar, er áður hafa dvalið vestra og öllum eru að góðu kunnir, blaðamaðurinn og rithöfundurinn þjóðfrægi hr. Einar Hjörleifsson Kvaran, sem er forseti félagsins, og hr. Baldur Sveinsson, sem er skrifarinn. Auk þess standa að félaginu aðrir eins menn og Dr. Guðm. Finnbogason, Dr. Ágúst H. Bjarnason, biskup Íslands, yfirráðherra Íslands, Þorsteinn Gíslason ritstjóri, cand. S. Ástvaldur Gíslason og fleiri.

Séra Kjartan lagði af stað frá Rvík hinn 9. okt. í fyrra (1919), og kom hingað til bæjar hinn 26. s. m.; dvaldi hann svo hér til sumarmála. Á þessu tímabili heimsótti hann flestöll bygðarlög vor, og ávann sér fjölda vina yngri sem eldri, — hefði ferðast um allar bygðirnar, ef veður hefði eigi bannað — var síðastliðinn vetur með þeim allra hörðustu er hér hafa komið, — því engar vildi hann eftir skilja. Áhugi hans og alúð við þetta starf sitt sýndi sig bezt í því, hve víða hann fór þrátt fyrir hina afar óhagstæðu og köldu veðráttu. Í bréfi, sem Einar H. Kvaran skrifaði til Þjóðræknisfélagsins, segir hann að séra Kjartan fari sem "sendimaður félagsins Íslendings". "Honum veitti örðugt að ráða ferðina við sig, sem eðlilegt var, þar sem hann er farinn að reskjast, hefir ekki verið í utanlandsferðum áður, og er maður mjög hlaðinn störfum, en að lokum lét hann tilleiðast. Eg hygg að ekki geti hjá því farið að þið komist að raun um, að valið hefir tekist okkur vel". Um það munu honum allir vera samdóma, er nokkur kynni höfðu af sr. Kjartani meðan hann dvaldi hér. Fyrsta fyrirlesturinn flutti hann í Winnipeg laugardagskvöldið 8. nóv., og svo hvern af öðrum út um bygðirnar. Auk þess mun hann hafa prédikað í flestum íslenzku kirkjunum. Frá Winnipeg lagði hann af stað heimleiðis 6. apríl, átti þá eftir að koma við í tveimur bygðarlögum í Bandaríkjunum. Kvöldið áður en hann fór var honum haldið fjölment kveðjusamsæti í Winnipeg, er Þjóðræknisfélagið stóð fyrir. Var samsæti þetta haldið fyrir hönd allra Íslendinga, eins þeirra er þar gátu eigi verið, og honum afhent að skilnaði sem vinargjöf frá þeim, er bjuggu innan Canada, kr. 5000 ásamt skrautrituðu ávarpi frá félagsstjórninni. Var honum þökkuð koman, orðin sem hann hafði flutt, viðkynningin — og beðinn að skila kveðju heim.

Séra Kjartan er fæddur 21. okóber 1865, er því á svipuðum aldri og séra Matthías var þegar hann heimsótti oss fyrir 27 árum síðan. Árið 1886 útskrifaðist hann úr Lærðaskólanum með fyrstu einkunn og frá prestaskólanum 1889 sömuleiðis með fyrstu einkunn. Til prests er hann vígður 1890 að Hvammi í Hvammssveit í Dölum. Til Hruna fer hann 1905.

Hinar lipru og næmu gáfur hans, samhygðin og skilningurinn á mannlífinu, öfluðu honum vinsælda og málefni hans og vor. — Vér þökkum þeim sem hann sendu — félaginu Íslendingi —, þeim sem hann kostuðu — Alþingi Íslands — og honum sjálfum eigi sízt — komuna, veruna og vinnuna.

Fyrsta ársþing Þjóðræknisfélagsins.

Ársþing Þjóðræknisfélagsins var haldið hér í bæ dagana 25.—27. febrúar, eins og auglýst hafði verið. Utan af landsbygðinni komu færri en í fyrra og stafaði það af veikindum, sem víða voru allmikil úti í bygðunum. Þingið var sett eftir hádegi miðvikudagsins þess 25. febr. Var fyrst sunginn sálmurinn nr. 619, og því næst flutti séra Kjartan Helgason prófastur í Árnessýslu, fulltrúi félagsins "Íslendings" í Reykjavík, bæn.

